

Bændablaðið

6. tölublað 2024 • Fimmtudagur 21. mars • Blað nr. 653 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Garðyrkjustöðin Lambhagi hefur verið starfrækt allt frá árinu 1979. Upphafsmáður hennar og forstjóri er Hafberg Þórisson, sem séð hefur garðyrkjugreinina eflast og dafna. Hann stóð í árdaga fyrirtækisins í verzlunum með söluvarning sinn og brýndi fyrir fólki að salat væri ekki skraut á diskinn heldur bráðhollur og góður matur. Hann er alls ódeigur og tekur lífinu fagnandi með konu sinni, Hauði H. Stefánsdóttur, markaðs- og mannauðsstjóra fyrirtækisins. Þau eru nú farin til Argentínu, á tangónámskeið, en dansinn er þeirra lif og yndi ásamt fjölskyldu og rekstri Lambhaga. – Sjá bls. 44. Mynd / sá



Lise L. Steffensen, forstjóri NordGen.

Mikilvægasta rými jarðar

Alþjóðlega fræhvelvingin á Svalbarða hefur á sínum fimmtán starfsárum sannað gildi sitt og er að sögn forstjóra NordGen mikilvægasta rými jarðar.

Í fræhvelvingunni eru varðveitt öryggiseintök af miklum meirihluta nytjaplantna heimsins. Geymslan gegnir því grundvallarhlutverki fyrir fæðuöryggi mannkyns.

Öryggiseintök Norræna gena-bankans eru þar geymd, þar á meðal plöntuerfðaaudlindir Íslands. Auk varðveislur er hlutverk fræbanka ekki síður grundvöllur erfðaframfara.

– 20 –



Vegasjoppur

Veitingar á vegum úti hafa í gegnum tíðina helst hljóðað upp á undirstöðugóðan alþýðumat.

– 74 –

Vangreiddar stuðningsgreiðslur viðurkenndar

– Um 1.600 bændur eiga kröfur upp á rúmlega 200 milljónir króna

Bótaréttur nokkurra sauðfjárbænda hefur verið viðurkenndur eftir að þeir höfðu málgagn stjórnmálum þar sem krafist var leiðréttinga á stuðningsgreiðslum vegna ullarinnleggs á árinu 2017. Talið er að málið hafi fordæmisgildi fyrir aðra 1.600 bændur.

Forsagan er sú að bændurnir töldu sig hafa verið hlunnfarna um stuðningsgreiðslur á tilteknu tímabili vegna ákvörðunar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að breyta uppgjörstímabili greiðslna til sauðfjárbænda fyrir ullarinnlegg á árinu 2017. Um 1.600 aðrir sauðfjárbændur eru í sömu stöðu og er talið að þeim hafi samtals verið vangreitt sem nemur rúmlega 200 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að hæstu kröfurnar séu yfir ein milljón króna á verðlagi ársins 2017.

Umrætt tímabil var frá 1. nóvember 2016 til og með 31. desember 2017 og höfðu bændurnir málið í kjölfarið á hagstæðu álitum umboðsmanns Alþingis í mars 2019.

Breytingin á tímabilinu fólst í því að uppgjörstímabilið var lengt úr 12 mánuðum í 14 mánuði. Bændurnir töldu sig hafa orðið af greiðslum vegna þess að breytingin hefði haft þau áhrif að greiðslur fyrir hvert innlagt kíló ullar hefðu orðið umtalsvert lægri en ella þar sem umsamin heildarfjárhæð samkvæmt búvörusamningi hefði skipst niður á meira magn ullar en áður vegna lengra innleggstímabils. Þá hefði breytingin verið gerð með reglugerð sem hefði ekki verið birt fyrir en um tveimur mánuðum eftir að uppgjörstímabili samkvæmt eldri reglugerð lauk.

Umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að ráðherra hefði ekki haft lagalega heimild til að breyta uppgjörstímabilinu með þeim hætti sem gert var og slíkar breytingar hefði ekki mátt leiða af ákvæðum búvörusamnings. Einnig beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ráðherra að rétta hlut bæði þess sem kvartaði og annarra framleiðenda ullar sem lögðu inn ull á tímabilinu. Réttarsátt var gerð við íslensk stjórnmöld í lok nóvember sl. og telja Bændasamtök Íslands að sú sátt og fyrri yfirlýsingar stjórnvalda í málinu feli í sér viðurkenningu á rétti annarra bænda til leiðréttingar. Í tilkynningu á vef samtakanna segir að það sé vonbrigði að stjórnmöld hafi ekki brugðist við og gert upp við allan hópinn á sama grundvelli og gert var við þá bændur sem stóðu að réttarsáttinni.

„Jafnframt því að greina stöðuna hefur lögmaður samtakanna átt í viðræðum við ríkislögmann um næstu skref í málinu og hafa þær viðræður skilað því að ófyrndar kröfur félagsmanna vegna þessara greiðslna munu ekki farnast verði höfðað mál fyrir 7. júní nk. Þetta samkomulag við ríkislögmann felur ekki í sér neina viðurkenningu af hálfu ríkisvaldsins en gefur andrými til að vinna málið vel. Viðræður við ríkislögmann halda áfram og verður allt kapp lagt á að ná sátt í málinu. Náist sú niðurstaða ekki eru málaferli óumflýjanleg. Málaferli eru varla fyrsti kostur fyrir stjórnmöld í málinu þar sem slíkt myndi valda miklum kostnaði fyrir dómskerfið enda þyrfti að höfða á annað þúsund mál, nema sátt náist við ríkislögmann um að höfða prófmál“, segir á vefnum. /smh



Ný stjórn Bændasamtaka Íslands.

Myndir / ál

Ný stjórn bænda

Á nýafstöðnu Búnaðarþingi var kosið í stjórn Bændasamtaka Íslands til næstu tveggja ára. Þar höfðu 63 búnaðarþingsfulltrúar framboðs- og atkvæðarétt.

Þau sem hlutu kjör voru Axel Sæland, garðyrkjubóndi á Espiflöt; Herdís Magna Gunnarsdóttir, kúabóndi á Egilsstöðum; Petrína Þórunn Jónsdóttir, svínabóndi í Laxárdal; Reynir Þór Jónsson, kúabóndi á Hurðarbaki; Sigurbjörg Ottesen, kúabóndi á Hjarðarfalli; og Eyjólfur Ingvi Bjarnarson, sauðfjárbóndi í Ásgarði.

Kosið var sérstaklega til varastjórnar og raðast varamenn eftir fjölda atkvæða. Fyrsti varamaður er Steinþór Logi Arnarsson, sauðfjárbóndi í Stórholti. Á eftir honum koma Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, eggjabóndi á Hranastöðum; Eydís Rós Eyclóardóttir, kjúklingabóndi á Vatnsenda; Jón Helgi Helgason, kartöflubóndi á Þorustöðum; og Björn Ólafsson, sauðfjárbóndi á Kríthóli.

Áður hafði Trausti Hjálmarsson, sauðfjárbóndi í Austurhlíð, verið kosinn sem formaður í almenntri kosningu meðal allra félaga Bændasamtaka Íslands.



Trausti Hjálmarsson tók við embætti formanns af Gunnari Þorgeirssyni.

Á Búnaðarþingi tók hann við embættinu af Gunnari Þorgeirssyni, garðyrkjubónda í Ártanga, sem hefur verið formaður síðastliðin fjögur ár.

Stjórnarmeðlimirnir Jón Örn Ólafsson, nautgripabóndi í Nýjabæ; Halldóra Kristín Hauksdóttir, eggjabóndi í Sveinbjarnargerði; og Halla Eiríksdóttir, sauðfjárbóndi á Hákonarstöðum gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og viku því úr stjórn.

Á fyrsta fundi sínum skipti ný stjórn með sér verkum þar sem Herdís Magna var valin varaformaður.

/ál

Þarft að fara í saumana á styrkjakerfinu

– Bændur sitja eftir á meðan aðrar stéttir fá kjarabætur

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og starfandi matvælaráðherra, sagði á setningu Búnaðarþings að stjórnvöld og bændur eigi að þora að ræða breytingar á styrkjakerfi landbúnaðarins.

Markmiðin eigi að vera skýr, en þau séu að tryggja betur afkomu bænda og viðnámsþrótt íslensks samfélags með auknu fæðu- og matvælaöryggi. Þegar núgildandi búvörusamningar renni út árið 2027 þurfi allir að vera tilbúnir til að takast á við þau úrlausnarefni sem samfélagið standi frammi fyrir.

Bændur forsenda fæðuöryggis

„Ein stærsta áskorunin er að tryggja afkomu bænda, sem er í raun og veru mjög mikilvægur hluti af því að tryggja efnahagslegan og samfélagslegan stöðuleika. Það verður ekkert fæðuöryggi á Íslandi ef afkoma og starfsaðstæður bænda þróast í allt öðrum veruleika en samfélagið í heild.“

Á meðan aðrar stéttir séu búnar að semja um kjarabætur og styttingu vinnuvikunnar sitji bændur eftir með langan vinnudag og mikið álag. Þá hafi nýleg rannsókn leitt í ljós að streita og þunglyndi sé algengari meðal bænda en annarra á vinnumarkaði.

Því sé rétt að spyrja hvort núverandi stuðningskerfi sé að sinna hlutverki sínu með fullnægjandi hætti eða hvort aðrar nálganir væru árangursríkari.



Katrín Jakobsdóttir segir skýrar upprunamerkingar geta auðveldað upplýsta ákvörðun þegar keyptar eru matvörur.

Mynd / ál

Hefur trú á neytendum

Katrín segist hafa mikla trú á íslenskum neytendum og að þeir vilji standa með innlendum landbúnaði. Því þurfi að gera það einfalt fyrir neytendur að taka upplýstar ákvarðanir, en nú sé oft erfitt að átta sig á uppruna matvæla. „Það eru engar fánamerkingar þegar ég ætla að kaupa mér lambkjöt,“ segir Katrín. Hún gæti óafvitandi keypt erlent kjöt því það sé merkt með smáu letri og sé hvað innan um annað.

„Ef við treystum því að almenningur á Íslandi vilji standa með innlendri framleiðslu þá þurfum við líka að hjálpa þeim sama almenningi að velja innlenda framleiðslu. Það erum við ekki að

gera núna.“ Katrín nefnir í þessu samhengi upprunamerkinguna Íslenskt staðfest sem hafi verið sett á laggirnar að norrænni fyrirmynd.

Á Norðurlöndunum hafi sambærilegar merkingar skilað sér í herra afurðaverði fyrir innlenda framleiðslu en almennt í öðrum löndum Evrópusambandsins. Samt sem áður fái neytendur sjaldan að sjá Íslenskt staðfest þar sem afurðastöðvar beri því við að það kosti of mikið. Katrín segir það ekki sannfærandi rök.

Forsætisráðherra hvatti þátttakendur á Búnaðarþingi til að láta í sér heyra varðandi merkingar matvæla, því dæmin sanni erlendis frá að þær geti haft mun meiri áhrif en margar aðrar aðgerðir af hálfu stjórnvalda.

/ál

Skógrækt:

Hvatningarverðlaun skógræktar

– Alþjóðlegur dagur skóga er 21. mars

Alþjóðlegur dagur skóga er 21. mars. Hvatningarverðlaun skógræktar eru veitt í tilefni dagsins og þau hlaut Sigurður Arnarson, kennari og fyrrverandi skógarbóndi.

Skógasvið Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) heldur utan um daginn á alþjóðavísu en forkólfar íslenskrar skógræktar veita Hvatningarverðlaun skógræktar í fyrsta sinn í tilefni dagsins.

Verðlaunahafi Hvatningarverðlauna skógræktar 2024 er Sigurður Arnarson. Verðlaunin hlýtur Sigurður fyrir skrif fræðandi og áhugaverðra greina um trjátegundir, skóga og skógrækt, sem birtar hafa verið á vef Skógræktarfélags Eyfirðinga og víðar. Með því hefur hann stuðlað að aukinni þekkingu fyrir bæði almenning og fólk innan skógræktargeirans. Einnig er hann höfundur bókar um belgjurtir og hefur verið virkur í umræðu um skógartengd málefni.

Verðlaunin samstarfsverkefni

Ragnhildur Freysteinsdóttir hjá Skógræktarfélagi Íslands segir að uppruna Hvatningarverðlauna skógræktar megi rekja til ályktunar sem samþykkt var á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands (SÍ) 2022 um að á aðalfundum félagsins verði árlega veitt sérstök hvatningarverðlaun til einstaklinga eða hópa sem unnið hafa óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi.

„Eftir umræður innan SÍ var ákveðið að binda þetta ekki við



Sigurður Arnarson hefur unnið ótullega að skógrækt og fræðslu og hlaut á alþjóðlegum skógræktardegi Hvatningarverðlaun skógræktar sem veitt voru í fyrsta sinn.

Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson

aðalfundi félagsins, heldur væri upplagt að halda upp á alþjóðlegan dag skóga með því að veita slík hvatningarverðlaun á þeim degi,“ útskýrir Ragnhildur.

„Sett var á fót nefnd með fulltrúum frá SÍ, Skógræktinni (nú Land og skógur) og Bændasamtökum Íslands (Deild skógarbænda) til að móta þetta frekar. Talinn var of stuttur fyrirvari til að ná fyrstu verðlaunaveitingu árið 2023 svo sómasamlegt væri og því stefnt á fyrstu verðlaunaafhendingu í ár,“ segir hún.

Nýsköpun og tækni

Kallað hafi verið eftir tilnefningum til verðlaunanna nú um miðjan janúar og borist um á þriðja tug tilnefninga. Þrír voru svo valdir af dómnefnd til að setja í kosningu á vefnum í febrúar og lá niðurstaða úr henni

fyrir nú í mars. „Við þjófstörtum reyndar aðeins og afhendum verðlaunin degi á undan áætlun af því að Fagrastefna skógræktar fellur á alþjóðlegan dag skóga þetta árið og það hentaði betur að hafa verðlaunaveitinguna þann 20. mars. En stefnan er að til framtíðar verði verðlaunin veitt árlega 21. mars,“ segir Ragnhildur.

Á vefsíðu FAO segir að umfjöllunarefni dagsins í miðstöð FAO í Róm verði nýsköpun og tækni sem séu að gjörbylta því hvernig við verndum og notum skóga. Heimurinn standi frammi fyrir áður óþekktum áskorunum sem ógni velferð mannsins og náttúrunni.

Nýjar lausnir séu að umbreyta skógrækt. Til dæmis með nákvæmari kortlagningu og vöktun, endurheimt vistkerfa og þróun sjálfbærari skógarafurða.

/sá



Fráfarandi stjórnarmeðlimir, þau Jón Örn, Halldóra Kristín og Halla.

Íslenskt kjarnfóður í öll mál

Kjarnfóðrið frá Líflandi er íslensk framleiðsla

ÍSLENSKT

gjörð svo vel



- Úrvals hráefni og aðföng
- Framleiðsla samkvæmt ströngum gæðakröfum
- Tæknivædd og nútímaleg fóðurverksmiðja

Allar nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Líflands í síma 540 1100 eða á fodur@lifland.is

LÍFLAND

fyrir lífið í landinu



GERUM MEIRA

TOYOTA HILUX



Gerðu allt sem þú vilt með Toyota Hilux.

Verð frá: 8.990.000 kr.

KINTO langtímaleiga. Verð frá: 221.000 kr. á mánuði.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Eyrnamerki:

Endurnýting heimil til 1. nóvember 2025

Matvælaráðuneytið hefur tilkynnt um frestun á gildistöku banns við endurnýtingu eyrnamerkja í sauðfé til 1. nóvember 2025.

Áður hafði verið gefið út að núgildandi undanþága sauðfjábænda til endurnýtingar myndi renna út þann 1. júlí á þessu ári.

Breytingin á heimild til endurnýtingar merkjana er komin til vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gerði við úttekt sem stofnunin gerði á opinberu eftirliti með kjöti og mjólk og afurðum þeirra hér á landi í október árið 2019. Í athugasemdum ESA kom fram að heimild til endurnýtingar merkja sem fyrir var í umræddri reglugerð væri í andstöðu við EES-reglur sem gilda um auðkenningu landdyra í haldi. Frá því að matvælaölggjöf Evrópusambandsins var tekin upp í EES-samninginn og innleidd í landsrétt hefði í raun ekki mátt



endurnýta merki í sauðfé og nautgripi.

Matvælaráðuneytið tekur ákvörðun um frestun á gildistöku bannsins eftir fund með ESA, þar sem ljóst þykir að bændur þurfi lengri tíma til aðlögunar. Bændum verður því heimilt að nota endurnýtanleg merki einu sinni enn, í sláturtíð 2024, og til 1. nóvember 2025.

Ráðuneytið leggur áherslu á að engar frekari undanþágur verði í boði, en Bændasamtök Íslands hafa lýst því yfir að þau munu nýta tímann til að finna varanlega lausn á málinu.

/smh

Kjötafurðastöðvar:

Heimild til samstarfs

Frumvarp um breytingu á búvörulögum er komið til umræðu á Alþingi úr atvinnuveganefnd, sem gerir ráð fyrir heimild kjötafurðastöðva til frekara samstarfs og hagræðingar.

Með frumvarpinu verða kjötafurðastöðvar, eða framleiðendafélög eins og þær eru kallaðar í frumvarpinu, undanþegar ákvæðum samkeppnislaga varðandi bann við ólögmætu samráði. Lagt er til að undanþáguheimildin taki til afurðastöðva sem að hluta eða öllu leyti eru í eigu bænda eða er stýrt af bændum sem sinna slátrun og vinnslu á kjötvöru frá framleiðendum.

Sams konar frumvarp lá í lok árs 2022 í Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Það byggði meðal annars á tillögum spretthópsins frá því í júní það ár, sem ráðherra kallaði eftir vegna slæmrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi.

Samkeppniseftirlitið lagði gegn þeim hugmyndum um undanþágu frá grunnreglum samkeppnislaga sem þá komu fram. Var talið að undanþágan færi mögulega gegn ákvæðum EES-samningsins og hætta væri á að hagsmunir kjötafurðastöðva færu ekki saman við hagsmuni bænda.

Atvinnuveganefnd leggur nú til breytingar eftir að hafa fengið

athugasemdir við nýtt frumvarp og var málið tekið til annarrar umræðu á Alþingi á þriðjudaginn. Breytingunum er ætlað að stýðja við endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu, líkt og gert var gagnvart afurðastöðvum í mjólkuriðnaði.

Afurðastöðvum í kjötiðnaði verður þannig heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli afurðastöðva að því er varðar framleiðslu einstakra kjötafurða og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötværa.

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, segir að þær breytingar sem hafa orðið á frumvarpinu séu jákvæðar og sniði af flesta þá agnúa sem frumvarpið hafði, bæði hvað varðar hagræðingarmöguleika og til hvers heimildin nær. „Með því að veita kjötiðnaðinum svipaða heimild og mjólkuriðnaðinum er veitt með 71. grein búvörulaga er verið að fara þá leið sem hefur verið óskað eftir frá upphafi, en þó með ákveðnum skilyrðum. Við fögnum því þeim breytingum sem hafa orðið,“ segir Margrét.

/smh

Sláturfélag Suðurlands:

Besta afkoma frá stofnun félagsins

Árið 2023 skilaði Sláturfélag Suðurlands bestu afkomu frá stofnun þess. Íslenskt staðfest var rætt á aðalfundi samvinnufélagsins.

Hagnaður SS árið 2023 reyndist 791,7 milljónir króna samkvæmt ársskýrslu. Rekstrartekjur samstæðunnar, sem samanstendur af Sláturfélaginu og dótturfélagunum Reykjaráði hf. og Hollt og gott ehf., voru rúmí 17 milljarðar króna og hafa hækkað um 8,8% frá því árið áður. Reykjaráður hagnaðist um 370 milljónir króna en Hollt og gott skilaði tapi.

Aðalfundur samvinnufélagsins fór fram á Goðalandi í Fljótshlíð 15. mars síðastliðinn. Steinþór Skúlaason forstjóri fór þar yfir ársskýrslu félagsins. Samstæða samvinnufélagsins samanstendur af Sláturfélagi Suðurlands og dótturfélagunum Reykjaráði hf. og Hollt og gott ehf., þar sem móðurfélagið SS er með 69% af veltunni, Reykjaráður tæplega 30% og Hollt og gott um 5%. Þrjár megindeildir mynda samstæðuna; matvælaíðnaður, heildsala og afurðafyrirtæki. Steinþór sagði að deildirnar styrki hver aðra og væri lykill að sterkri stöðu og afkomu félagsins.

Samdráttur í svínaslátrun

Í ársskýrslunni er farið yfir afurðir Sláturfélagsins á árinu 2023 en heildarslátrun kjöts reyndist 7.890 tonn. Tveggja saudfjár í slátrun. Alls var slátrað 97.576 kindum á árinu sem skilaði 1.781 tonni af innvegnu kjöti frá 561 föstum innleggjanda.

Þá var 17% samdráttur í svínaframleiðslu, heildarslátrun reyndist 316 tonn af 3.932 sláturgripum. Aðeins einn fastur innleggjandi er hjá fyrirtækinu. Í máli Steinþórs kom fram að SS hafi helst flutt inn svínakjöt. Fyrirtækið tók þá sláturgripi sem því bjóðist en til að glata ekki markaðsstöðu á vörum úr svínakjöti hafi þeir gripið til þess að flytja inn.

Heildarslátrun nautgripa árið 2023 var 1.314 tonn af 6.482 sláturgripum sem var 126 gripum fleiri en árið áður. Þrátt fyrir það hafi fyrirtækið flutt inn lítið magn af nautakjöti sem Steinþór sagði að hefði verið stýrt inn á veitingamarkað. Hrossaslátrun jókst um 4,5% og var 445 tonn af 3.662 sláturgripum. Heildarslátrun kjúklinga var 4.034 tonn af



Líflegar umræður sköpuðust á aðalfundi SS sem fram fór á Goðalandi í Fljótshlíð 15. mars síðastliðinn.

Mynd / ghp

2.403.763 fuglum, og reyndist 47 tonnum minni en í fyrra.

Samkeppni við verslanir áskoron

Steinþór kom inn á góða stöðu fyrirtækisins SS á markaði. Þannig reyndist birkireykt hangikjöt félagsins mest selda hangikjötið árið 2023. Pylsur félagsins væru með ráðandi markaðshlutdeild, eða um 90% þegar horft er til sölu á vínaþylsum. Tilbúnir réttir sem félagið framleiðir væru einnig með sterka stöðu en smásöluverslanir væru farnar að sækja í sig veðrið með vörumerkin sín.

Steinþór nefndi að samkeppni við verslanir væru áskoron, en fyrirtækið væri í óþægilegri stöðu við að keppa við viðskiptavini sína. Verslanir væru í auknum mæli að bjóða upp á matvörur undir vörumerkjum verslana og var uggandi yfir því að verslunin væri þannig að reyna að ná valdi á virðisreidjunni. Í lokaorðum sínum sagði Steinþór að félagið þyrfti að vera á tánum og gefa neytendum á hverjum degi ástæðu til að velja SS þegar verslað sé.

Ætla að hefja samtal við Bændasamtökin

Líflegar umræður sköpuðust í framhaldi og sér í lagi um upprunamerkið Íslenskt staðfest og innflutning félagsins á kjöti. Einn fundarmaður kom beint af Búnaðarþingi sem samþykkti einróma tillögu um að innlendar matvælaframleiðendur í eigu bænda ættu að taka upp Íslenskt staðfest.

Allnokkrir fundarmenn stígu í pontu og lýstu yfir stuðningi við innleiðingu merkisins á vörur SS. Fundurinn vísaði því til stjórnar SS að hefja samtal við Bændasamtökin um skilmála Íslenskt staðfest.

Einnig spurði fundarmaður hve hátt hlutfall hráefna í fyrirtækinu Hollt og gott væri innlent og svarað var að hlutfallið væri um tuttugu prósent.

Arður greiddur

Tillaga stjórnar um vexti af stofnsjóði og greiðslu ards var samþykkt á aðalfundinum. Greiddar verða út rúmlega 36 milljónir króna. Jafnframt verða reiknaðir 10% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, tæplega 40 milljónir króna.

Jafnframt var ný stjórn kosin. Aðalmenn: Hallfreður Vilhjálmsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Lilja Guðrún Eyþórsdóttir, Sverrir Gíslason og Þorsteinn Logi Einarsson. Varamenn eru Áslaug Finnsdóttir, Eiríkur Jónsson, Guðmundur H. Davíðsson, Gunnar Sigurjónsson og Magðalena Karlotta Jónsdóttir.

Sláturfélag Suðurlands var stofnað árið 1907 og er rekið í samvinnufélagsformi. Fjöldi félagsaðila í árslok 2023 voru rúmlega 2.200 talsins í stofnsjóði A-deildar en 558 hluthafar í stofnsjóði B-deildar. Stærsti hluthafi í stofnsjóði B-deildar er Birta lífeyrissjóður með 33,71% hluteild. Landsbankinn hf. á 20,61%. Í árslok 2023 störfuðu 429 starfsmenn hjá félaginu.

/ghp

Nýr vefur Loftslagsvæns landbúnaðar

Á Búnaðarþingi setti Katrín Jakobsdóttir formlega í loftið nýja vefsíðu Loftslagsvæns landbúnaðar.

Verkefnið, sem hófst árið 2020, er samstarfsverkefni matvælaráðuneytisins, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) og Lands og skógar. Sextíu bú, sem stunda ýmist sauðfjárrækt, nautgriparrækt eða útiræktun grænmetis, taka þátt og vinna að því að minnka sitt kolefnisspor.

Með því að fara á vefsíðuna loftslagsvaennlandbunadur.is eða rml.is/loftslagsvaennlandbunadur er hægt að nálgast á einum stað fjölbreytt fræðsluefni fyrir bæði almenning og bændur. Þá voru settir saman bækingar sem sýna með myndrænni framsetningu



Vefsíðan loftslagsvaennlandbunadur.is er komin í loftið.

mismunandi leiðir í átt að minni kolefnislosun í landbúnaði.

Öll þátttökubúin eru merkt inn á Íslandskort og gefst fólki færi á að kynna sér hvert og eitt þeirra nánar. Berglind Ósk Alfreðsdóttir,

verkefnisstjóri Loftslagsvæns landbúnaðar, sagði í kynningu sinni á Búnaðarþingi að frá upphafi hafi markmiðið verið að segja sögu bænda sem taka þátt.

/al

FB FÓÐURLANDAN
Gæði fyrir dýrin og þig!
FB Reykjavík Korngarðar 12 570 9800
FB Selfoss Austurvegur 64 a 570 9840
FB Hvalsöllur Duftþaksbraut 1 570 9850
www.fodur.is fodur@fodur.is

ERTU AÐ FARA AÐ BYGGJA?



Sökkulkerfi fyrir allar tegundir húsa

Myglar ekki!



CE vottað



Stuttur afhendingartími




Einfalt
Fljótlegt
Endingargott
Ódýrt



- Íslensk hönnun, íslensk framleiðsla fyrir íslenskar aðstæður
- Haltu kyndikostnaði niðri með húskubbum frá Polynorth
- Eigum húskubba fyrir bæði sökklá og veggja á lager

Sjáumst á
Verk og vit 2024
18. - 21. apríl

Prófaðu nýju
reiknivélina okkar
og sjáðu strax
kostnaðinn við að byggja.
www.polynorth.is/reiknivel



2024. p.gustomar@simnet.is

 polynorth.

Óseyri 4 - 603 Akureyri - Sími 857 7799 - Kt: 660887-1649 - polynort@polynorth.is - www.polynorth.is

Bændablaðið

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublað) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279
Útgefandi: Bændasamtök Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) guðrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: 33.000 – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Pylsan og merkið

Upprunamerkið Íslenskt staðfest var mikið rætt á nýafstöðnu Búnaðarþingi. Við setningu þingsins hvatti Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og settur matvælaráðherra, þátttakendur til að láta í sér heyra varðandi merkingar matvæla.

Erlend dæmi sanna að þær geta haft mun meiri áhrif en margar aðrar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að vænka starfsskilyrði bænda. Katrín sagðist hafa mikla trú á íslenskum neytendum sem vilji standa með innlendum landbúnaði. Því ætti að einfalda neytendum að taka upplýstar ákvarðanir við matarinnkaup, en Katrín benti á að oft væri erfitt að átta sig á uppruna matvæla. Óafvitandi er nefnilega hægt að kaupa rótgróna íslenska matvöru í góðri trú, sem reynist svo innihalda innflutt hráefni. Upplýsingar, ef einhverjar eru, geta leynst í smáa letrinu innan um upptalningu á innihalds- og aukaeftum vörunnar. Einnig eru dæmi um ólöglegu notkun á fánamerkingunni, eins og ákvörðun Neytendastofu í fyrra gegn Stjórnugrís vegna merkinga á þýskum Smash-hamborgurum sanna.

Á Búnaðarþingi samþykktu bændur einróma tillögu um að innlendir matvælaframleiðendur í eigu bænda ættu að taka upp Íslenskt staðfest. Nokkrir búnaðarþingsfulltrúar voru svo mættir samdægurs á aðalfund Sláturfélags Suðurlands og kölluðu þar eftir umræðum um hvort samvinnufélagið þeirra ætti ekki að hefja þá vegferð að innleiða upprunamerkið. SS skilaði metafrömu í

„Hættan er sú að neytendur gætu orðið afhuga vörum íslenskra matvælafyrirtækja ...“

íslensku kjöti. Mátti túlka vefumræðuna sem svo að fólk finnst felast í þessu ákveðin blekking. Ef fólk upplifir sig svikið missir það traust – og í þessu tilfelli á sigildu vörumerki í eigu bænda. Hættan er sú að neytendur gætu orðið afhuga vörum íslenskra matvælafyrirtækja. Því ættu eigendur þeirra að hafa áhyggjur og í reynd að huga í alvöru að því að snúa þeirri þróun til betri vegar.

Á aðalfundi SS var því beint til stjórnar að eiga samtal við Bændasamtökin vegna Íslensks staðfests, en skv. heimildum hafa forstöðumenn fyrirtækisins lýst áhyggjum af skilyrðum og kostnaði þess að innleiða merkinguna. Árgjald Íslensks staðfests er frá 125.000 kr. fyrir lítill fyrirtæki upp í hámark 15 milljónir króna fyrir þau allra stærstu.

Upprunamerkingin Íslenskt staðfest var sett á laggimar að norrænni fyrirmynd. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa sambærilegar merkingar reynst einstaklega vel. Tugþúsundir matvara eru merktar uppruna á þann hátt og hafa þær sannað gildi sitt fyrir þau fjölmörgu fyrirtæki sem taka þátt í áttakinu. Markaðshlutdeild innlendra afurða á þeim mörkuðum hefur aukist og traust milli neytenda og framleiðenda matvæla því samhliða.

Íslenskt staðfest gæti því mögulega verið lykll að trausti neytenda til matvælafyrirtækja, aukid sölu þeirra vara sem merkið bera og þar af leiðandi orðið grundvöllur aukinnar íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og þar með bættar starfsskilyrða bænda. Er það ekki einn megintilgangur félaga í eigu bænda?

Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri.



Matvælaráðuneytið telur ekki tilefni til þess að leggja tímabundið bann á innflutning á stofnútsæði og hafnar því beiðni Bændasamtaka Íslands, sem telur að slíkur innflutningur geti ógnað íslenski kartöfluræktun. Mynd / Bbl

Beiðni hafnað um innflutningsbann

Matvælaráðuneytið hefur hafnað beiðni Bændasamtaka Íslands (BÍ) um eins árs bann við innflutningi á stofnútsæði fyrir kartöfluræktun á Íslandi.

Ástæðan fyrir beiðninni var sú að talið er að íslenski kartöfluræktun stafi ógn af erlendum kartöflurækjum vegna nýrra og skæðra myglustofna sem nýlega hafa komið upp í Evrópu.

Bann leysir ekki vandann

Í bréfi ráðuneytisins til BÍ segir að í umsögn Matvælastofnunar komi fram að samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hafi gengist undir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sé kveðið á um að ekki megi gera kröfur til viðskiptalanda aðrar en þær sem móttökuríkið sjálf getið staðið við. Matvælastofnun bendir einnig á að tiltekinn myglustofn sé kominn til að vera í Evrópu og bann í eitt innflutningstímabil leysi ekki vandann til framtíðar heldur þurfi að huga að því að efla innlenda vefjaræktun og innflutning frá öðrum löndum þar sem sé að finna yrki sem henti í ræktun hér á landi.

Matvælastofnun bendir einnig á að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hafi miðlað upplýsingum til bænda um ástandið og því ættu þeir að vera meðvitaðir um stöðuna. Í reglugerð um aðgerðir til að varna útbreiðslu plöntusjúkdóma komi fram að ræktunar- og framleiðslustöðvar garðyrkjuafurða skuli viðhafa sóttvarmir til að takmarka útbreiðslu plöntusjúkdóma. Ræktendur beri ávallt ábyrgð á sínum ræktunaraðferðum og hreinlætismálum. Í ljósi þess að þeir séu upplýstir um stöðu mála væri það meðvitað ákvörðun að velja að flytja inn frá áhættusvæði. Að mati Matvælastofnunar mætti beina tilmælum til ræktenda og innflytjenda kartöfluútsæðis að



Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda, á nýafstöðnu Búnaðarþingi. Mynd / smh

vanda innflutninginn. Bent er á að upplýsa þurfi almenning um stöðu mála, sem ekki hafi sama aðgang að varnarefnum og þekki líklega ekki eins vel kartöflumyglu í sjón og fagfólk.

Því metur Matvælastofnun beiðnina um bannið sem svo að það væri líklegt til að fresta einungis vandanum.

Bændur háðir innflutningi

Ráðuneytið leitaði einnig álits hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og þar kom fram að nokkrir bændur telja sig ekki geta verið án innflutts kartöfluútsæðis fyrir næsta ræktunartímabil og verði því fyrir tjóni ef til banns komi. Ráðgjafi mælti ekki með tímabundnu banni þar sem það myndi ekki leysa vandanum til lengri tíma.

Með hliðsjón af þessum tillögum sérfræðinga telur ráðuneytið ekki tilefni til þess að leggja á tímabundið bann. Í stað þess óskar það eftir því að BÍ brýni fyrir innflytjendum og

ræktendum hver staðan sé og áréttáð sé að ábyrgðin liggja hjá þeim.

Samstaða í Eyjafirði og Hornafirði

Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að verið sé að opna fyrir að fá inn ný mygluafbrigði í kartöflurækt á Íslandi, sem hafi betra þol gegn varnarefnum. „Þetta gæti leitt til mun meiri varnarefnanotkunar sem mun jafnvel ekki duga til. Þannig er möguleiki að þetta leiði til mikils kostnaðar hjá kartöflubændum og uppskerutjóni.“

Góðu fréttirnar eru þær að kartöflubændur í Eyjafirði og Hornafirði hafa tekið sig saman og munu ekki taka inn erlent kartöfluútsæði.

Þessi svæði hafa verið myglufrí og einnig fer fram stofnútsæðisræktun á þessum svæðum og því afar mikilvægt að samstaða hafi náðst um að verja svæðin,“ segir Axel. /smh



Pantaðu á bustolpi.is

Kraftblanda
Fiskimjölfríkt fóður





Forseti Íslands stjórnaði fjöldasöng á setningu þingsins. Lagið Fyrir var oft í koti kátt varð fyrir valinu. Guðrún Birna Brynjarsdóttir og Valur Klemmsson voru honum innan handar.

Mmyndir / ál



Allur salurinn tók undir með Guðna Th. Jóhannessyni. Fremst standa ráðherrarnir Guðrún Hafsteinsdóttir og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Mannlíf á Búnaðarþingi

Æðsta samkoma Bændasamtaka Íslands er Búnaðarþing. Í ár stóð það yfir frá fimmtudegi til föstudags 14. og 15. mars á Hótel Natura í Reykjavík. Á það mættu 63 búnaðarþingsfulltrúar úr öllum búgreinum.

Forseti Íslands og forsætisráðherra héldu erindi á setningu þingsins á fimtudeginum og voru aðrir ráðherrar og þingmenn á meðal gesta. Fyrri dagurinn fór síðan í nefndarstörf og var haldið til hátíðarkvöldverðar í lok dags. Föstudagurinn fór í afgreiðslu mála og kosningu í nýja stjórn Bændasamtakanna.

/ál



Bændurnir Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir og Reynir Þór Jónsson gera sig klár fyrir sjónvarpsviðtal í beinni útsendingu á Stöð 2.



Starfsmenn Bændasamtakanna; Daniel Ólafsson, Hlynur Gauti Sigurðsson og Valur Þorsteinsson, mættu á hátíðarkvöldverðinn á fimtudeginum.



Hafdís Sturlaugsdóttir, Halldóra Hauksdóttir, Guðfinna Harpa Árnadóttir og Ásta Flosadóttir á hátíðarkvöldverðinum.



Á föstudeginum var kosið um ályktanir. Hér stóð atkvæðagreiðslan tæpt og þurfti Rebekka Rut Leifsdóttir því að telja atkvæðin.



Jón Helgi Helgason og Óskar Kristjánsson lyftu báðir rauðum spjöldum þegar kosið var um eina af ályktunum.



Á Búnaðarþingi lét Gunnar Þorgeirsson af störfum sem formaður Bændasamtaka Íslands. Hér tekur Herdís Magna Gunnarsdóttir utan um hann eftir að hann flutti sína síðustu ræðu í embætti.



Starfsfólk Bí hverfur heim að loknu þingi. Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, og Daniel Ólafsson bera burt muni.

Vísnaðhornið

*Farið hef ég vegavillt,
vitir mig því sneypa.
líst þeim hvorki ljúft né skylt,
lygum við að gleypa* -mh

Nú er það svo með góðar vísur að margir vildu kveðið hafa. Einnig hitt, þær geta breyst í meðförum. Mér vitrari menn hafa bent mér á að vísur sem ég birti eftir **Hjört Gíslason** séu eignaðar öðrum.

Einnig mun ég hafa farið rangt með þriðju hendingu í hinni snjöllu vísu **Jóns Þorfinnssonar**. Vísan er skráð í „Skagfirsk ljóð“.

*Nótt að beði sígur senn,
sofnar gleði á vörum,
samt við kveðum eina enn,
áður en héðan förum.*

Önnur góð eftir Jón:

*Þegar veður þjóta um grund
og þreyta gleði mína,
mætti ég kveða með þér stund,
mundi geðið hlýna.*

Ingólfur Ómar Ármannsson er vafalítið einn af snjallari hagröðingum samtímans, eins og eftirfarandi vísur sanna.

*Oft ég þræði andans völl
óðs vil þræðin brýna.
Afragðs gæði, eitursnjöll
óspart kvæðin sýna.*

*Stela auði hiklaust hér
hylja þrjótar slóðann.
Fela þýfið seggir sér
sjálfum ætla gróðan.*

*Gróðan ætla sjálfum sér
seggir þýfið fela.
Slóðann þrjótar hylja hér
hiklaust auði stela.*

*Lipur flétta lyfir hug
ljóðin þéttur kvaka.
Andinn léttur fer á flug
fæðist glettin staka.*

Að gefnu tilefni orti sá snjalli **Pétur Stefánsson**:

*Þá er úti um allan frið,
engu til að hrósa.
Eftir langa langa bið
loksins fór að gjósa.*

Þessar tvær á Pétur líka:

*Í kvöld þá get ég sagt með sann
að sumir í sig skvetta.
Ef ég væri ungur mann
ég í það myndi detta.*

*Andar golan undur hlý,
allt til vorsins miðar.
Í rjómbliðu roðna ský
er rennur sól til viðar.*

Ekki klikkar **Jón Jens** í limrum.

*Á kirkjunni á Höfn eru hátumar
og hanga þar gullslegnar plátumar
en fólk sem er veikt
er fast að því eykt
að feta sig heimundir grátumar*

*Þeir handtóku krimma á Króknum
sem var kunnur í mörgum sóknum
fyrir tónviltan söng
og trúarbrögð röng
hann var teymdur í burtu á ...
hrossi.*

*Þegar Hallgrímur þurfti að
handraka
hektara þrjá varð 'ann andvaka
því búið var snaukt
búið var autt
og bara til uppþornuð sandkaka.*

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com



Katrín Jakobsdóttir, með Aðalbjörgu Ásgeirsdóttur og Eyvindi Ágústssyni, handhöfum landbúnaðarverðlaunanna. Mynd / Róbert Arnar

Bændurnir á Stóru-Mörk verðlaunaðir

Aðalbjörg Ásgeirsdóttir og Eyvindur Ágústsson, bændurnir á Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum, hlutu landbúnaðarverðlaunin árið 2024.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og starfandi matvælaráðherra, afhenti þeim viðurkenningu í tilefni af því á Búnaðarþingi. Aðalbjörg og Eyvindur hafa verið í búskap á Stóru-Mörk frá 2010 þar sem þau eru með rúmlega hundrað og tuttugu kýr og framleiða þau tæpa milljón lítra mjólkur á ári. Kýrnar þeirra voru með hæstu meðalafurðir á landinu í fyrra, eða 7.626 kílógrömm mjólkur eftir hverja ársku. Þar að auki eru þau með nautgripi til kjöframleiðslu, sauðfé og stunda ferðaþjónustu.

Þá hafa þau verið þátttakendur í verkefninu Loftslagsvænn

landbúnaður frá árinu 2020. Þau hafa meðal annars unnið markvisst að því að minnka notkun tilbúins áburðar án þess að það komi niður á magni og gæðum uppskeru. Það hafa þau gert með markvissri endurræktun túna, réttum sláttutíma og með því að sá niturbindandi fóðursmára með öðrum grastegundum.

Þau stunda öflugt landgræðslustarf á illa grónu landi og er markmið þeirra að endurheimta birkiskóg á Merkursnesi. Þau hlutu landgræðsluverðlaunin árið 2021.

Verðlaunagripurinn sem þau Aðalbjörg og Eyvindur hlutu er eftir Matthías Rúnar Sigurðsson myndhöggvara og ber heitið Þykkblöðungur. Verkið er höggið úr íslensku grágrýti sem á uppruna sinn að rekja til vesturbæjar Reykjavíkur.

/ál



Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir (t.v.) og Lovísa R. Bjarnadóttir (t.h.), bændur á Suðausturlandi, eru í hópi fólks sem myndar Sláturfélag Austur-Skaftafellssýslu og hefur skoðað að setja upp lítið þjónustuslátruhús. Mynd / Aðsend

Vopnafjörður:

Hyggur á slátrun í haust ef leyfi fæst

– Áform um minni slátruhús í kjölfar lokunar sláturfélagsins

Fyrirverandi slátruhússtjóri á Vopnafirði ætlar ekki að láta deigan síga þrátt fyrir lokun Sláturfélags Vopnafirðinga og hyggst sjálfur sækja um leyfi til að reka lítið slátruhús og kjötvinnslu.

Eins og Bændablaðið greindi frá fyrir skemmstu mun Sláturfélag Vopnafirðinga hætta rekstri og þar með verður síðasta slátruhúsinu á Austurlandi lokað.

Skúli Þórðarson, sauðfjárbóndi á Refsstað í Vopnafirði, hefur verið framkvæmdastjóri Sláturfélags Vopnafirðinga síðastliðinn áratug og á raunar sögu með félaginu allt aftur til ársins 1989. Hann er ekki af baki dottinn þó að Sláturfélag Vopnafirðinga líði nú undir lok og slátruhúsinu verði lokað, enda hefur hann sitt sauðfjárbú að sinna um. Hann er jafnframt með áform um að stofna lítið slátruhús og kjötvinnslu á Refsstað.

Slátruhús og kjötvinnsla

„Það sem tekur við hjá mér er sú vinna sem felst í að reka 400 kindu sauðfjárbú ásamt slatta af hrossum,“ útskýrir Skúli og heldur áfram: „Ég hef einnig hug á að finna mér önnur verkefni með þeim rekstri. Ég ætla að sækja um leyfi til að reka lítið slátruhús og litla kjötvinnslu (skv. reglugerð nr. 856/2016). Ef ég fæ leyfið geri ég ráð fyrir að slátra um 500–600 dilkum úr Vopnafirði í haust og er það hugsað að mestu leyti á heimamarkað,“ segir hann.

Skúli segir markmiðið að auka síðan sölu á breiðari markaði og þannig auka slátrunina jafnt og þétt næstu árin. „Ég hef hugsað mér að breyta gömlu fjósi sem ekki hefur verið notað síðustu fimm árin og er byrjaður að hreinsa innan úr því og hanna slátrurýmið,“ bætir hann við.

Geldur varhug við samþjöppun

Slátruhús var um árabíl á Höfn í Hornafirði en var lokað í sumarbyrjun árið 2019 í kjölfar þess að Norðlenska rifti leigusamningi við Sláturfélagið Búa á Höfn, eiganda um 70% hlutar í slátruhúsinu. Var það á grundvelli þess að slátrun á Höfn hefði verið um 50% dýrari en slátrun í slátruhúsi félagsins á Húsavík.

Eiríkur Egilsson, bóndi á



Skúli Þórðarson.

Seljavöllum í Nesjum og fyrirverandi stjórnarformaður Sláturfélagsins Búa svf. á Höfn, segist ekki hafa trú á að slit Sláturfélags Vopnafirðinga yti undir að opnað verði slátruhús að nýju á Höfn. Slátruhúsið sem var þar hafi verið selt og því breytt undir aðra starfsemi.

„Það er skoðun mín að það hafi verið afskaplega slæmt að slátruhúsinu á Höfn skyldi vera lokað, sérstaklega með tilliti til langra flutningsleiða og dýravelferðar. Mér finnst persónulega ekki af hinu góða ef það á að verða meiri samþjöppun í slátruhúsarekstri og tel rétt að núverandi slátruleyfishafar keppi um viðskipti við bændur,“ segir Eiríkur. Sláturfélagið Búi svf. var afskráð árið 2021.

Spyrnt við fótum

Áhugi hefur verið á að setja upp lítið slátruhús á Hornafjarðarsvæðinu. Þær Lovísa R. Bjarnadóttur og Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir, bændur á Suðausturlandi, segja að Sláturfélag Austur-Skaftafellssýslu hafi orðið til í kjölfar þess að slátruhúsinu á Höfn var lokað.

„Þetta er hópur fólks með þá sameiginlegu sýn að setja upp lítið þjónustuslátruhús,“ segja þær. „Við vildum geta þjónustað bændur betur að því leyti að auka slátrutíðni: að oftar væri hægt að bjóða ferskt kjöt. Slátrað yrði lítið í einu til að draga úr streitu og aðbúnaður slátrudýra yrði betri fyrir vikið. Bein sala til heimamanna yrði möguleiki, bæði einstaklinga og fyrirtækja. Við vildum leggja áherslu á að slátra nautum, geitum, svínum, sauðfé og hrossum,“ segja þær.



Eiríkur Egilsson.

Gert hafi verið tilboð í að taka niður búnað og innréttingar úr slátruhúsinu á Höfn sem var að loka gegn því að eignast munina. Það hafi gengið eftir. „Við sóttum um lóð undir slátruhús til sveitarfélagsins og tók sú afgreiðsla langan tíma en fór á endanum í gegn,“ segja þær enn fremur.

Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð í styrkumsóknarferli hjá ýmsum sjóðum hafi ekki fengist neitt fjármagn í verkefnið. „Þó svo að okkar leið í slátrun; nærgætni, smæð, handverk og dýravelferð væru okkar „nýsköpun“, þá var varan sem kom út úr slátruhúsinu samt áfram kjöt – sem var þá ekki ný vara,“ segja þær. Þær telja leiðbeiningar og ráðgjöf vanta þegar sótt sé um fjármagn í sjóði. Þá hafi verið farið í samtal við handverkslátruhúsið á Seglbúðum um samstarf en vegna aðstæðna var fyrir nokkru síðan ákveðið að loka slátruhúsinu þar.

Hugmyndin í biðstöðu

„Núna er staðan þannig að frá Höfn eru næstu sauðfjárslátruhús í 400 km fjarlægð eða meira eftir að lokaði á Vopnafirði: Húsavík eða Selfoss. Það voru ekki síst þessar miklu vegalengdir sem slátrudýrin þurfa að fara sem varð til þess að hugmyndin fór af stað. Uppbygging slátruhúss á Höfn er því í biðstöðu vegna erfiðs aðgengis að fjármagni og óhagstæðra lánakjara.

Hækkuð gjöld matvælaráðuneytisins á lítil slátruhús snertir okkur beint og er þýngjandi þannig að viðskiptaáætlun okkar breyttist gríðarlega með því útspli á síðasta ári,“ segja Lovísa og Anna. /sá

NC

LÁTUM VERKIN TALA!

NC tæki hafa þjónað íslenskum bændum og verkföllum í áratugi með miklu rekstraröryggi. Eigum til á lager haugsugur í nokkrum stærðum, dælur, hrætur og vagna til ýmissa starfa.



AFLVÉLAR



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aftvelar.is

Bændablaðið kemur næst út
11. apríl

can-am®

NÝJA OUTLANDER G3L 500 & 700

830KG
DRÁTTARGETA

T3B
GÖTUSKRÁNING

26CM
FJÖÐRUNARSVIÐ

VISCO-LOK
FRAMLÆSING

2024 ÁRGERÐIN ER AÐ LENDA.
SKARAÐU FRAM ÚR Á CAN-AM Í SUMAR.

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

A BRP BRAND





Guðni Th. Jóhannesson var við setningu Búnaðarþings.

Mynd / ál

Grípa þarf tækifærin

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, telur að bændur eigi að leyfa sér að horfa hjörtum augum á þau sóknarfæri sem séu í íslenskum landbúnaði. Það sé betra en að festast í misskilinni fortíðarþrá eða eftirsjá eftir tíma sem komi ekki aftur.

Forsetinn sat setningu Búnaðarþings þar sem var meðal annars lögð áhersla á loftslagsvænan landbúnað. Með honum telur Guðni að hægt verði að tvinna saman annars vegar gömul og góð gildi sem reynst hafi vel og hins vegar að fylgja ferskum straumum nýrra tíma. Á Búnaðarþingi sé einmitt vit í að horfa til þess sem gefið hafi góða raun og rýna í stöðuna eins og hún er, en reyna að grípa tækifærin sem séu fram undan.

Dreifbýlisbúum gæti fjölgað

Almennur vilji sé til að halda byggð í landinu. Þó að straumurinn hafi legið úr sveitum í þéttbýli gæti það farið svo að þeim muni fjölga sem vilji búa í dreifbýlinu. Með því opnast ýmis tækifæri, hvort sem þau lúti að hefðbundnum landbúnaði eða öðrum greinum. Aðspurður hvort hann geti nefnt eitthvað sem íslenskir bændur ættu síður að gera, svarar Guðni:

„Við getum auðvitað tínt til áhyggjur sumra af ofbeiti eða framleiðslu á afurðum sem er ekki eins mikill áhugi á og áður hjá neytendum. Ég held að það hljóti að gilda um landbúnað eins og allt annað að við verðum að laga okkur að þörfum hverju sinni.“

Tók við embætti og búskap á Bessastöðum

„Fyrsta bréfið sem ég fékk á Bessastaði, eftir að ég tók við embætti sumarið 2016, var boð á aðalfund Félags æðarbænda. Þá áttaði ég mig á því að ég hafði ekki aðeins tekið við embætti forseta, heldur var einnig orðinn bóndi.“ Dúntínsla sé að mati Guðna gott dæmi um skynsamlega nýtingu landsins gæða. Æðarvarpinu á Bessastöðum sinni tveir fedgar úr Djúpinu og hafi það gengið vel.

„Ég kveð Bessastaði með góðar minningar í farteskinu og meðal annars um þennan kafla ævi minnar sem bóndi á Bessastöðum.“ Guðni sé þakklátur fyrir þær góðu móttökur sem hann hafi fengið um land allt, en hann hafi meðal annars fengið að taka þátt í sauðburði og göngum. „Fyrir mig sem borgarbarn hefur það verið afskaplega gaman og þarft að kynna þessum þætti mannlífsins.“ /ál

Jóhanna á Grímsstöðum nýr formaður Beint frá býli

Ný stjórn Beint frá býli hefur skipt með sér hlutverkum og er nýr formaður Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir, sauðfjárbóndi á Grímsstöðum í Reykholtssdal í Borgarfirði.

Hún tekur við af Jóhönnu Bergmann Þorvaldsdóttur, Háafelli í Borgarfirði, sem fer nú í varastjórn. Varaformaður er Rúnar Máni Gunnarsson í Sölvanesi í Skagafirði og aðrir í stjórn eru Ann-Charlotte Fernholm, Gilsbakka, Þorbjörg Ásbjörnsdóttir, Lynghóli og Ísak Eyfjörð, Efstadal 2.

Félagar á 119 lögbýlum

Beint frá býli, félag heimavinnslu- aðila á lögbýlum, var stofnað árið 2008. Árið 2022 varð félagið aðildarfélag að Samtökum smáframleiðenda matvæla (SSFM). Allt félagsfólk á lögbýlum sem er í SSFM er einnig með beina aðild að BFB og þar inni eru nú 119 lögbýli.

Spurð um þróun félagsins í nánustu framtíð segir Jóhanna Sjöfn að hún sjái fyrir sér að það muni stækka og vaxa. „Það hefur mikið verið talað um hversu torvelt það hafi reynst mörgum framleiðendum að fá leyfi og margir hafa lent í erfiðleikum í samskiptum við eftirlitsaðila, en ég trúir því að þetta sé að breytast með aukinni umfangi. Að í framtíðinni verði kominn hefð fyrir heimavinnslu matvæla á íslenskum lögbýlum eins og við þekkjum í Evrópu og á Norðurlöndum.“

Anna varla eftirspurn

„Ég finn að áhugi neytenda er vaxandi og neytendur í auknum mæli farnir að velja vöru þar sem þeir geta verið vissir um upprunann.“

Beint frá býli er orðið rótgróið í huga neytenda og ég tel að við séum komin á þann stað að okkar viðskiptavinir treysta merkinu okkar og velja að versla við okkur. Þrautseigja og metnaður einkennir félagsmenn og það kemur sér einstaklega vel í félagi eins og okkar,“ heldur Jóhanna áfram.

Hún segir að meginmarkmið félagsins sé að tryggja neytendum gæðavörur þar sem öryggi og rekjanleiki vöru sé í fyrirrúmi.



Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir og Hörður Guðmundsson á Grímsstöðum framleiða undir vörumerkinu Grímsstaðaket og eru hér á bás SSFM/BFB á Landbúnaðarsýningunni 2022.

Mynd / SSFM/BFB

„Félagið skal einnig hvetja til varðveislu hefðbundinna framleiðsluáferða og kynningar á svæðisbundnum hráefnum og hefðum í matargerð. Þessu hefur félagið komið vel til skila til þessa og tel ég að ekki verði nein breyting á því í framtíðinni. Félagsmenn tala flestir um það sama, að þeir anni varla eftirspurn, svo ég held að við getum ekki haldið annað en að félagið eigi eftir af vaxa og eru nýir félagar alltaf velkomnir.“

Núna erum við að fara af stað með skipulag á næsta Beint frá býli-degi sem verður haldinn í ágúst. Hann var fyrst á dagskrá á 15 ára afmæli okkar í fyrra og heppnaðist mjög vel.“

Lambkjötið uppselt

Grímsstaðabændur reka eigið sláturhús og kjötvinnslu, eitt fárra lögbýla sem nýtti sér þann

möguleika þegar það varð heimilt með útgáfu reglugerðar árið 2021.

Þegar Jóhanna er spurð hvort hún muni hvetja aðra félagsmenn til að fara að hennar fordæmi segir hún að tvímælalaust muni hún hvetja til frekari heimavinnslu.

„Við hjá Grímsstaðaket önnum ekki eftirspurn og það er svo sannarlega pláss fyrir fleiri eins og okkur á markaðinum. Viðskiptahópur okkar hefur stækkað hratt og eigum við okkur orðið marga tryggja viðskipavini, en því miður þá er staðan hjá okkur sú að lambakjötið hjá okkur er uppselt og lítið eftir af ærkjöti svo við náum enn einu sinni ekki að reyna fyrir okkur á grillkjötsmarkaðinum í sumar. Framtíðin hjá okkur er einfaldlega sú að við verðum að stækka við okkur kæla og frysta til að geta aukið sölu. Þetta er auðvitað lúxusvandamál.“

/smh

EIGNAMIDLUN Grensásvegur 11 108 Reykjavík
Sími 588 9090 | eignamidlung.is

JARÐIR

Erum með trausta kaupendur að stórum jörðum utan hefðbundinna ferðamannasvæða.

Góðar greiðslur í boði fyrir réttar eignir.

Hafið samband við Ólaf og Rögnvald.

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA, löggiltur fasteignasali
sími 663 2508
olafur@eignamidlung.is

Rögnvaldur Örn Jónsson
Löggiltur fasteignasali
sími 660 3452
rognvaldur@eignamidlung.is

Nítján kúabú í Hrunamannahreppi

Á aðalfundi Nautgripaæktarfélag Hrunamanna nýlega voru veitt verðlaun fyrir góðan árangur bænda.

Sigríður Jónsdóttir á Fossi tók við verðlaunum fyrir ræktunarbú ársins, Ólafur Stefánsson í Hrepphólum tók við verðlaunum fyrir afurðahæsta búíð og afurðahæstu kúna, Skellu 1106 frá Hrepphólum, sem mjólkaði 13.922 kg.

Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur hjá RML, tók svo við Huppahorninu fyrir hönd Björgvins Viðars og Margrétar Hrunar Arnarsdóttur í Dalbæ 1 fyrir efnilegustu kvíguna, Drottningu 922. Að fundi loknum var félagsmönnum boðið að kíkja í fjósið í Túnsbergi.

Nautgripafélag Hrunamanna er 120 ára gamalt í ár. Stjórn þess skipa þau Fjola Ingvaldur Kjartansdóttir í Birtingaholti, Björgvinn Viðar Jónsson í Dalbæ og Marta Esther Hjaltadóttir á Kópavatni. Í Hrunamannahreppi eru nítján kúabú og af þeim eru fjórtán með mjaltþjón eða mjaltþjóna.

Þessi bú lögðu inn að meðaltali 394.434 lítra af mjólk á síðasta ári. Meðalafurðir eftir árskú voru 6.829 lítrar. /mhh



Verðlaunahafarnir með verðlaunagripina. Frá vinstri: Sigríður Jónsdóttir á Fossi, Ólafur Stefánsson í Hrepphólum og Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur hjá RML.

Mynd / Fjola Ingvaldur Kjartansdóttir.

... og rækta nýjan skóg



Milljón plöntur

Pokasjóður og Land og skógur hafa tekið höndum saman og hrint af stað skógræktarverkefni sem ber nafnið Nýmörk. Markmið verkefnisins er að setja niður eina milljón plöntur á næstu árum víðs vegar um landið og gefa þannig einstaklingum og félagasamtökum kost á að byggja upp eigin skóg þar sem áherslan er lögð á bindingu kolefnis.

Upplýsingar um styrki og ræfrænt umsóknar-eyðublað er að finna á Nymork.is



Nýmörk

SAMSTARFSVERKEFNI:



POKASJÓÐUR



Land og skógur



Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir er eigandi og framkvæmdastjóri Sólskins grænmeti ehf. Hún framleiðir grænmeti í garðyrkjustöðvunum Melum og Hverabakka í Hrunamannahreppi. Mynd / ál

Halla tekur upp Íslenskt staðfest

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, garðyrkjubóndi og eigandi Sólskins grænmetis ehf., hefur skrifað undir samning við Íslenskt staðfest. Það er eina íslenska upprunamerkingin á matvælu sem krefst vottunar óháðs aðila.

Halla segir merki eins og Íslenskt staðfest gefa neytendum færi á að sjá hvort vörurnar séu íslenskar eða ekki á skjótan og auðveldan hátt. Ferskt grænmeti ræktað hér á landi sé nær alltaf merkt framleiðanda og er því auðvelt fyrir neytendur að átta sig á uppruna þess. Íslenskt staðfest-merkið muni hins vegar skipta meira máli ákveði hún að vinna afurðirnar sínar frekar.

Mikilvægi samræmdrar upprunamerkingar

Samband garðyrkjubænda eigi fánaröndina sem prýði stóran hluta íslensks grænmetis. „Íslenskt staðfest er sérstakt merki að því leyti að það á að ná til allra búgreina og afurða,“ segir Halla. Henni finnst brýnt að styðja við uppgang þess.

„Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur öll sem heild að vera með samræmda upprunamerkingu á íslenskum landbúnaðarvörum,“

bætir hún við. Það myndi styrkja vörumerki frá öðrum búgreinum, sérstaklega þegar matvælin eru unnin.

Í vor hefst sala og dreifing á grænmeti frá garðyrkjustöðvunum á Melum og Hverabakka í Hrunamannahreppi undir merkjum Sólskins grænmetis ehf. Íslenskt staðfest mun í fyrstu prýða tómata, gúrkur og útiræktað grænmeti.

Búnaðarþing einróma um upptöku merkisins

Til að mega bera Íslenskt staðfest-merkið þurfa matvörur að vera unnar og pakkaðar á Íslandi. Minnst 75 prósent innihaldsins þarf að vera íslenskt, en kjöt, mjólk, egg og fiskur þarf að vera 100 prósent íslenskt. Plöntur, blóm og matjurtir þurfa að vera ræktaðar á Íslandi og má grænmeti sem hráefni ekki vera unnið eða blandað annarri vöru. Vörur sem innihalda skorðið grænmeti þurfa að innihalda minnst 75 prósent íslenska afurð.

Á Búnaðarþingi samþykktu bændur einróma tillögu um að innlendir matvælaframleiðendur í eigu bænda ættu að taka upp Íslenskt staðfest. /ál-ghp

Suðurland:

Kornræktarfélag gengur í endurnýjun lífdaga

Kornræktarfélag Suðurlands verður endurvakið sem viðskiptavettvangur ræktenda og kaupenda korns.

Björgvin Þór Harðarson er svína- og kornbóndi í Laxárdal og formaður undirbúningsnefndar fyrir stofnun kornsamlags á Suðurlandi. Á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands (BSSL) var samþykkt tillaga með hvatningu um að stjórn félagsins styðji við endurvakningu kornræktarfélagsins og haldi utan um félagið.

Aðalfundurinn fór fram í Hótel Fljótshlíð, Smáratúni þriðjudaginn 5. mars síðastliðinn. Þar fór Björgvin yfir það helsta sem undirbúningshópur um stofnun kornsamlags á Suðurlandi hefur lagt til. Það er meðal annars að endurvekja Kornræktarfélag Suðurlands.

„Hugmyndin er að gera Kornræktarfélagið aðildarfélag að Búnaðarsambandi Suðurlands. Þau félagsamtök munu vera notuð til að tengja saman bændur, bæði þá sem rækta korn og kaupa korn,“ segir Björgvin, sem vonast til að félagið geti skapað tengingar og ramma utan um viðskipti með korn.

Nýta fyrri fjárfestingar

Fyrsta skrefið verður að halda fund í vor og endurvekja félagið undir hatti BSSL.

„Þá mun fólk geta skráð sig í félagið ef það er ekki þegar aðili að því. Búin verður til félagskrá og stjórn kosin. Í framhaldi mun stjórnin setja saman verðskrá og gæðastaðla, sem tilgreina hvernig korn þarf að vera til að vera söluhæft. Þá verður mótuð verðskrá og svo hugsanlega gerðir samningar við þær þurrkstöðvar sem eru nú þegar starfandi á svæðinu og geta tekið á móti korni við næstu uppskeru.“

Þrjár kornþurrkstöðvar eru starfandi á starfssvæði BSSL; á Þorvaldseyri, í Gunnarsholti og í Birtingaholti. Björgvin segir þær geta annað um 2.000 tonn af korni en auk þess séu til staðar fleiri



Björgvin Þór Harðarson, svína- og kornbóndi, er formaður undirbúningsnefndar fyrir stofnun kornsamlags á Suðurlandi. Mynd / Aðsend

tæki sem hægt væri að ræsa aftur án mikils tilkostnaðar ef vilji er til. „Menn geta þá nýtt þá fjárfestingu sem þegar er til ef menn vilja, til þess að byrja að þurrka og kenna bændum að selja og kaupa.“

Þegar fram líða stundir segir Björgvin að félagið geti mögulega gert samninga við fóðurfyrirtæki. „Bændur gætu þá lagt inn korn og haft fyrirsjáanleika um verð miðað við gæði.“ Þá séu einnig stærri hugmyndir um stofnun kornsamlags sem yrði í hlutafélagsformi.

Fjárfestingastyrkir forsenda

Kornræktarfélag Suðurlands var stofnað árið 2012 og eru Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri, og Birkir Arnar Tómasson, bóndi á Móeðarhvoli, skráðir eigendur þess. Það ár stóð félagið fyrir fundi um korn og repjurækt þar sem kynnt

var hagkvæmnisathugun um að reisa þurrkstöð fyrir korn á Suðurlandi. „Engin stór skref voru tekin í þá átt en félagið snerist meira um að miðla þekkingu á kornrækt. Nú er stefnan að tengja bændur saman á forsendum viðskipta,“ segir Björgvin.

Hann hyggur að frá og með næstu kornuppskeru geti bændur gengið að samningum milli þurrkstöðva í gegnum Kornræktarfélag Suðurlands. „Fjárfestingastyrkir í kornrækt eru forsenda þess að hægt sé að yta þessu af stað.“

Á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands kom fram að staða sambandsins og dótturfyrirtækja þess væri góð. Rekstrarafgangur félagsins væri í heild rúmar 24 milljónir króna sem skapast af góðum rekstri dótturfyrirtækja og sterkri eiginfjárstöðu að því er fram kemur í frétt BSSL. /ghp

EINSTÖK UPPLIFUN

MF 6S 135-200 HP
EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR

ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ
Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradius- aðeins 4,75 m

EINSTÖK UPPSKRIFT HVAD VARÐAR AFL Á MÓTI ÞYNGD
Eyðslugrannur en eldsprækur 4,9 Ltr 4 strokka mótör og 500 kg léttari heildarþyngd

STYRKUR MEÐ STÖÐULEIKA
Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxla

BÚVÉLAR
Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is

Val kynbótahrossa á Landsmót hestamanna

Sami fjöldi kynbótahrossa verður dæmdur á Landsmóti hestamanna í sumar og hefur verið síðastliðinn áratug. En nú verður eingöngu stuðst við aðaleinkunn samkvæmt ákvörðun Fagrads í hrossarækt.

Árið 2016 var hætt að notast við einkunnalágmark í hverjum aldursflokki við val kynbótahrossa á Landsmóti og var fjöldi þeirra takmarkaður. Ákveðinn fjöldi hrossa er í hverjum aldursflokki og hefur þátttökurétturinn miðast við stöðulista við lok vorsýninga. Síðan 2018 hafa 170 hross haft þátttökurétt í kynbótasýningu Landsmóts og er fjöldinn í hverjum aldursflokki misjafn (sjá töflu).

Mismunandi aðferðum hefur einnig verið beitt við valið á hrossunum inn á stöðulistann. Fyrir Landsmót árin 2016 og 2018 var tíu stigum bætt við aðaleinkunn klárhrossa (sem eru með skráð einkunnina 5,0 fyrir skeið) þegar verið var að raða hrossunum í sætaröðun á stöðulistann fyrir mótin.

Flokkur	Fjöldi
7 vetra og eldri hryssur	15
6 vetra hryssur	30
5 vetra hryssur	30
4 vetra hryssur	20
4 vetra stóðhestar	20
5 vetra stóðhestar	20
6 vetra stóðhestar	20
7 vetra og eldri stóðhestar	15
Samtals:	170

Þátttökufjöldi í hverjum flokki á Landsmóti hestamanna 2024.

Markmiðið var að auka hlut klárhrossa á mótinu sem hafði minnkað með upptöku stöðulistans. Hlutfall þeirra áður en stöðulistinn var tekinn upp sem dæmi var 26% á Landsmóti 2014. Árið 2016 var hlutfall þeirra 18% og 2018 var hlutfallið 24%. Á síðasta Landsmóti var hlutfall klárhrossa 46%, eða rétt tæpur helmingur hrossanna.

Þessa aukningu má helst rekja til þess að árið 2020 ákvað fagråd að við val inn á Landsmót væri farin

sú leið að 75% hrossa í hverjum flokki væru valin eftir aðaleinkunn og 25% hrossa eftir aðaleinkunn án skeiðs.

Þá urðu einnig breytingar á vægisstuðlum kynbótadóma gerðar árið 2020 þar sem vægi á brokki og feti var hækkað, auk þess að hægt stökk fékk vægi í heildareinkunn hrossa.

Fagråd skoðaði sögulega hvert hlutfall klárhrossa væri af heildarfjölda kynbótahrossa á stöðulista við lok vorsýninga ef eingöngu væri valið eftir aðaleinkunn á síðustu árum og var hlutfallið allt að 30% árin 2020–2023.

Fagråd í hrossarækt ákvað því á fundi sínum í febrúar að val kynbótahrossa á stöðulista fyrir Landsmót 2024 muni eingöngu fara eftir aðaleinkunn og að sami fjöldi hrossa hafi þátttökurétt á Landsmótinu í sumar eins og hefur verið frá 2018. Einnig mun sami fjöldi hrossa vera í hverjum aldursflokki. /hf



FYRIR
UMHVERFIÐ

Í SÁTT VIÐ
SAMFÉLAGIÐ

BETRI
HEIMUR

ÁBYRG
FRAMLEIÐSLA

AUGLJÓS
UPPRUNI



Betri heimur með hverju páskaegg

Gleðilega sjálfbæra páska!

Ábyrg framleiðsla alla leið

Það er löngu orðið ljóst að páskaegginn okkar frá Nóa Sírius eru ómissandi hluti af páskahátíðinni. Kakóbaunirnar sem verða að uppáhalds páskaegginu þínu eru ræktaðar á Fílabeinsströndinni, í Vestur-Afríku.



Með því að velja páskaegginn okkar þú styður þú við sjálfbæra og ábyrga kakóbaunaræktun.

Framleiðsla í fjarlægum heimshluta fylgir mikil ábyrgð og rétt eins og við leggjum áherslu á að tryggja okkar eigin starfsfólki gott vinnuumhverfi, þá viljum við stuðla að bættum lífskjörum kakóbænda og kakóræktar-samfélaga. Með því erum við hluti af því

verkefni að tryggja sjálfbærni kakóræktunar til framtíðar og komum í veg fyrir beiskt eftirbragð misnotkunar á vinnuafli og slæmrar umgengni við náttúruna.

Betri heimur með hverju páskaegg

Þannig gleður þú ekki bara bragðlaukana þegar þú færð þér uppáhalds Nóa páskaegg þitt, þú bætir líka heiminn örlítið með hverjum bita. Frá árinu 2013 hefur allt súkkulaðið okkar verið vottað af samtökum



Cocoa Horizons samtökin hafa staðið að valdeflingu kvenna á þeim svæðum þar sem þær stunda kakórækt.



sem nefnast Cocoa Horizons. Það þýðir að kakóhráefnið í súkkulaðið er ræktað á ábyrgan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi.

Enn betra súkkulaði

Þú átt þá kröfu að það hráefni sem fer í uppáhalds páskaegg þitt sé ræktað við mannúðlegar aðstæður sem ógna ekki lífríki jarðar. Hafðu það í huga næst þegar þú færð þér bita af gómsætu Nóa páskaegg – við erum sannfærð um að það muni smakkað jafnvel enn betur.



Sprettur

ÁBURÐUR

VERÐSKRÁ 2024

Áburðartegund	Kg CO2 pr. kg	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	Na	B	Vatns uppl. P	Greitt fyrir 15. apríl 3% afsl.	Greitt fyrir 15. okt
Sprettur N27 + S	0,66	27			5,7		4,0					82.900	85.464
Sprettur ⁺ OEN N42+S+Selen	1,03	42					2	0,0015				114.900	118.454
Sprettur 23-5+Sweet-Grass+Selen	0,55	23	2,2		3,0	1,2	2	0,0015	3,7		92%	99.900	102.990
Sprettur 25-5	0,66	25	2,2				2,5				92%	93.900	96.804
Sprettur 25-8+Selen - NÝTT	0,59	25	3,5		4,0		2,5	0,0015			92%	99.900	102.990
Sprettur ⁺ OEN 38-8+Selen	0,97	38	3,5				3,0	0,0015			92%	121.900	125.670
Sprettur 23-6-6+Selen	0,56	23	2,6	4,9	3,0	1,2	2,0	0,0015			92%	105.900	109.175
Sprettur 22-6-3+Avail+Selen+Sweet Grass	0,61	22	2,6	2,6	2,8	1,2	2	0,0015	3		92%	102.900	106.082
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	0,61	20	2,2	11	2,4	1,2	2,5	0,0015			92%	106.900	110.206
Sprettur 20-6-7+Avail+Selen+Sweet Grass	0,58	20	2,6	5,8	2,5	1,2	2	0,0015	3		92%	103.900	107.113
Sprettur 20-10-10+Selen	0,67	20	4,4	8,3	2,2	1,2	2,5	0,0015			92%	106.900	110.206
Sprettur ⁺ OEN 25-12-12+Polysulphate+Selen	0,76	25	5,2	10	1,6	0,5	3	0,0015			92%	119.900	123.608
Sprettur 27-6-3+Selen	0,96	27	2,6	2,6	1,4	0,6	2	0,0015			92%	102.900	106.082
Sprettur ⁺ OEN 27-8-3+Poly+Selen+Sweet Grass	0,78	27	3,5	2,6	2,6	0,8	4	0,0015	3,7		92%	110.900	114.330
Sprettur 27-6-6 - TILBOÐ	0,94	27	2,6	4,9			2				92%	89.900	92.680
Sprettur 16-15-12	0,56	16	6,5	10	1,4	0,5	2,5				92%	107.900	111.237
Sprettur ⁺ OEN 20-18-15+Polysulphate	0,68	20	7,8	12	1,4	0,4	3				92%	121.900	125.670
Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór	0,47	12	4,8	17	4,3	1,2	6,7			0,04	92%	119.900	123.608
Sprettur DAP	0,70	18	20								92%	150.900	155.567
Calciprill	0,24				36,4	0,1						55.900	57.629

NUTRI-CO2OL er kolefnisspor Sprettis áburðar gefið upp sem kg af vöru og nær yfir alla bætti framleiðslunnar, umbúða og flutninga til bænda á Íslandi. Kolefnisspor framleiðslunnar hefur verið staðfest af óháðum aðila, ADAS samkvæmt PAS 2050.

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. - Birt með fyrirvara um prentvillur - Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju



Sölustjóri
Lúðvík Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is



Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Vernharðsson
Gsm: 862 0166
jonbvernhards@gmail.com



Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067 / Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



Borgarfjörður og Snæfellsnes
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com



Hornafjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjánsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is



Norðurland vestra
Þorgils Sævarsson
Gsm: 787 3994
1967duddi@gmail.com



Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurarbaki@gmail.com



Eyjafjörður
Karl Heiðar Friðriksson
Brekku, Dalvík
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvalsvíllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is



Eyjafjörður
Reynir Sverrir Sverrisson
Eyjafjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com



Búnaðarþing 2024:

Uppfærsla á stefnumörkun Bændasamtaka Íslands

Fjöldmörg mál voru til afgreiðslu á nýliðnu Búnaðarþingi 2024, úr fimm nefndum, sem í grunninn er uppfærsla á efni stefnumörkunar samtakanna.

Úr allsherjarnefnd var samþykkt tillaga um að deildarfundir búgreina og Búnaðarþing verði sameinað í einn þriggja daga viðburð sem beri heitið Búnaðarþing. Lagt er til að starfshópurinn skili fullmótaðri tillögu ásamt kostnaðargreiningu til afgreiðslu á Búnaðarþingi 2025.

Gætt að hæfi við meðferð mála

Úr allsherjarnefndinni var einnig samþykkt viðbót við eigendastefnu stefnumörkunar samtakanna. Að félagsmenn sem sinni trúnaðarstörfum innan samtakanna – og séu jafnframt starfsmenn fyrirtækja í eigu samtakanna – skuli gæta að hæfi sínu við meðferð mála. Tryggja þurfi að þátttaka þeirra í forystusveit samtakanna hafi ekki áhrif á hlutlægni og trúverðugleika starfa þeirra hjá fyrirtækjum Bændasamtakanna.

Að efla úmynd kvenna sem bændur

Nefnd um innri starfsskilyrði landbúnaðar hafði til umfjöllunar nokkra kafla stefnumörkunar Bændasamtakanna. Breyting á kafla um velferð og réttindi bændur var samþykkt þar sem gert er ráð fyrir að Bændasamtökin leggi áherslu á að tryggja andlega og líkamlega velferð bændur, samtökin vinni að því að koma upp skipulagðri afleysingaþjónustu fyrir bændur og að þau efla jafnréttisfræðslu í landbúnaðarnámi í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í kaflanum er einnig kveðið á um að samtökin vinni áfram að því að stuðla að jafnrétti þeirra sem koma að búrekstri og efla úmynd kvenna sem bændur, auk þess að efla fræðslu um ólík rekstrarform og lífeyrismál.

Nefndin lagði til breytingu á kaflanum um regluverk og framleiðslukerfi sem samþykkt var, þar sem gert er ráð fyrir að Bændasamtökin haldi áfram samtali við stjórnvöld um hvaða leiðir skuli fara og hvernig aðkoma ríkisins skuli vera í að tryggja starfsskilyrði og afkomu landbúnaðarins í heild.

Í kaflanum um byggðamál



Fulltrúar á Búnaðarþingi 2024 greiða atkvæði.

Mynd / smh

var samþykkt tillaga um viðbót við kaflann, þess efnis að skilja þurfi á milli opinbers stuðnings við byggðamál annars vegar og landbúnaðar hins vegar – og gæta þess að stuðningur við byggðamál sé ekki tekinn með þegar reiknaður er stuðningur við landbúnað.

Landbúnaðurinn stuðli að byggðafestu, en byggð stuðli ekki endilega að eflingu landbúnaðar.

Nauðsynlegar afkomutryggingar

Samþykktar voru viðbætur við kafla um öryggi og tryggingar.

Mælt er til þess að Bændasamtökin, í samvinnu við búnaðarsambönd, vinni áfram að verkefninu „Búum vel“ en markmið þess er að bæta öryggis- og vinnuverndarmeningu í sveitum, fækka slysum í landbúnaði og stuðla að góðu vinnuumhverfi og bættri

ásýnd bæja. Starfið hafi meðal annars falist í heimsóknum til bændur, fundum og fræðslu.

Í kaflanum er mælt til þess að Bændasamtökin, í samstarfi við hagsmunaaðila, haldi áfram átaki í eldvörnum í landbúnaði til að tryggja öryggi dýra og lífsviðurværi bændur.

Þar kemur enn fremur fram að nauðsynlegt sé að skilvirkt og áreiðanlegt tryggingakerfi sé til staðar fyrir bændur.

Ef stjórnvöld vilji að ákveðnar greinar eflist, eins og kornrækt og útiræktun grænmetis, sé ekki ásættanlegt að einstaklingar taki alla áhættuna og því þurfa einhvers konar afkomutryggingar að koma til.

Síðasti kaflinn nefndar um innri skilyrði landbúnaðar fjallaði um nýliðun, sem er nýr kaflinn í stefnumörkuninni. Þar er mælt til að Bændasamtökin beiti sér fyrir breytingum á skattalögum líkt og þekktist í Noregi og löndum Evrópusambandsins (ESB), samhliða því að koma á fót gjörbreyttu og bættu lánaumhverfi. Mikilvægt sé að leita leiða til að halda áfram ábyrgð á jörðum, það þarf að vera hagur bændur að selja til áframhaldandi landbúnaðarnota en ekki bara hæstbjóðanda.

Landbúnaður hjóðhagslega mikilvægur innviður

Í nefnd um ytri skilyrði landbúnaðar var samþykkt breyting á málsgrein í kafla um afkomu og velferð bændur í stefnumörkun Bændasamtakanna. Þar segir að lausnin á afkomuvanda bændur verði ekki fundin á einum stað heldur sé mikilvægt að rýna í virðiskeðjuna alla og regluverkið sem umlykur hana.

Í kafla um fæðu- og matvælaöryggi var samþykkt sú breyting að biðlað verði til stjórnvalda um að íslenskur landbúnaður verði skilgreindur sem þjóðhagslega mikilvægur innviður. Tryggja þurfi að jarðir í eigu ríkisins sem henta vel til búrekstrar eða

annarri landbúnaðartengdri starfsemi standi nýliðum í landbúnaði til boða. Leggjast þarf í skipulagt átak til að koma jörðum í landbúnaðarnot og ábúð, hvort sem er með sölu eða útleigu.

Loks var samþykktur nýr kaflinn í stefnumörkun samtakanna, sem fjallar um varnir gegn nýjum sjúkdómum í landbúnaði. Þar segir að til að tryggja heilbrigði innlendrar matvælaframleiðslu verði gerð sama krafa um heilnæmi og heilbrigði innfluttra landbúnaðarafurða og gerð er til innlendrar framleiðslu. Ísland geti verið í lykilstöðu gagnvart sjúkdómastöðu á heimsvísu vegna hnattrænnar stöðu sinnar. Með hertum kröfum á innfluttum landbúnaðarafurðum og nauðsynlegum kynbótum hér á landi verði hægt að tryggja heilbrigði og hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða til framtíðar.

Ísland staðfest verði innleitt

Nokkrar ályktanir voru einnig samþykktar úr nefndinni. Samþykkt var að Bændasamtökin og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins leiti allra leiða til að finna framtíðarlausnir og fjármagn til að efla stofnútsæðisframleiðslu fyrir kartöflubændur, svo mögulegt verði að hætta innflutningi á erlendu útsæði sem ógnar ræktun á Íslandi vegna hættu af sjúkdómum eins og „kartöflumyglu“.

Samþykkt var sú ályktun að Búnaðarþing beini því til innlendrar matvælaframleiðenda að taka upp merkið „Íslenskt staðfest“. Mikilvægt sé, líkt og gert hafi verið í nágrenni löndunum, að taka upp upprunavottun innlendrar framleiðslu til þess að aðskilja greinilega íslenskar vörur frá innfluttum vörum. Neytendur vilji íslenskt en umbúðir séu oft og tíðum villandi eða illa merktar. Verkefnið sé því gríðarlega mikilvægt skref í hagsmunagæslunni.

Ályktun um tollvernd var samþykkt, þar sem ítrekaðar eru fyrri áhyggjur bændur varðandi verklag og regluverk tengt eftirliti og úthlutun tollkvóta en einnig gjöld tollskrár sem staðið hafa óbreytt síðan 1996.

Uppfærsla umhverfisstefnu

Umhverfisnefnd lagði til að skipaður yrði vinnuhópur um endurskoðun og uppfærslu umhverfisstefnu Bændasamtakanna sem samþykkt var af fulltrúum á Búnaðarþingi.

Til viðbótar fyrirliðgjandi kafla um loftslags- og umhverfismál var samþykkt ákvæði um lífrænan landbúnað.

Þar kemur fram að markmið um aukna útbreiðslu vottaðs lífræns landbúnaðarlands verði sjálfstætt markmið í umhverfisstefnu Bændasamtaka Íslands. Í lífrænum landbúnaði sé unnið samkvæmt markmiðum um sjálfbæra þróun og lífræðilegan fjölbreytileika með skiptiræktun og nýtingu lífræna áburðarefna.

Markmið um aukna dýravelferð sé útfært með reglum um betri aðbúnað, takmörkun sýklalyfja og aukna útivist. Ýmis tækifæri blasi við bændum í að tvinna lífrænan landbúnað saman við fullvinnslu afurða eða ferðaþjónustu. Lagt er til að unnið verði í takt við markmið og aðgerðaráætlun sem stjórnvöld setja.

Bætt upplýsingagjöf og efling fræðslu

Úr félags- og fjárhagsnefnd voru samþykktar tillögur meðal annars um bættu upplýsingagjöf til félagsmanna Bændasamtakanna og eflingu fræðslu í félagskerfi bændur.

Fleiri tillögur og breytingar á köflum stefnumörkunarinnar voru samþykktar á þinginu, en þær má allar nálgast fljótlega á vef Bændasamtaka Íslands (bondi.is).

/smh

#fruforseti

Meðmælasöfnun er hafin!



Smelltu á kóðann til að veita Sigríði Hrund meðmæli.

LÝÐRÆÐI TJÁNINGARFRELSI JAFNRÆÐI

www.sigridurhund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum #fruforseti





Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó




Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR**, **Happier GUTS** og **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Bíldudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ 
- GeoSilica kísill frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði



Olgeir Engilbertsson

mælt með **Active JOINTS**, hef reyndar gert það við marga sem ég hitti og hef fengið þakkir fyrir,” segir hann. „Það er undarlegt að ég er eiginlega búinn að gleyma þessum óþægindum, ég þurfti því oft áður að taka inn verkjalyf.“

Olgeir segist hafa talið að liðskipta-aðgerð væri eina lausnin. Núna segist hann ekki hafa neina þörf fyrir slíka aðgerð. Honum finnst ekki verra að **Active JOINTS** frá Eylíf er unnið úr íslenskum hráefnum og framleitt hér á landi. „Það er virkilega gaman að hægt sé að þróa svona góða vöru hér á landi. Ég hef mikla trú á íslenskri nýsköpun,” segir hann.

Bændastarfið getur verið erfitt og lýjandi þótt Olgeir segi það mun auðveldara en í gamla daga. „Þegar bindivélar komu til sögunnar bundu þeir lítila bagga en að koma þeim af túnum í hlöðu var erfitt, sérstaklega ef heyið var illa þurrt. Ég átti ekki baggatínu til að koma böggunum á vagn og því var þetta handvirk vinna. Mikil framför varð þegar rúlluvæðingin kom og létti mikið á erfiðsvinnunni,” útskýrir hann.

Olgeir var með kúr í 25 ár eða þar til 1984 þegar hann gerðist húsvörður í Laugalandsskóla í Holtum með bústörfunum. „Við vorum með kindur fram yfir 1991 en eftir það voru bara nokkrar eftir sem eins konar hobby. Það var alltaf nóg að gera hjá manni en nú er ég hættur að vinna og sinni bara fjölmörgum áhugamálum,” segir hann en Olgeir er fæddur 1936. „Svo þarf að huga að girðingum og þess háttar en maður fær góða hreyfingu út á þá vinnu,” bætir hann við.

Olgeir hefur útbúið stikur í rúma 100 km. Þar af er Hellismannaleiðin frá Leirubakka um Skarfanés og inn í Landmannalaugar um 80 km og svo eru aðrar leiðir styttri eins og Klukkugilsleiðin frá Hellinum upp í Hrafninnuskur og fleiri. „Ég hafði ágætis vinnuaðstöðu í fjósinu til að gera stikurnar,” útskýrir hann. Olgeir hefur í gegnum tíðina farið í 58 ferðir með trússa þar sem fé er smalað af fjalli. Núna hef ég gaman að því að sortera gamlar myndir,” segir Olgeir sem mælir heilshugar með **Active JOINTS** frá Eylíf.

Frábært að finna fljótt góðan árangur



Olgeir Engilbertsson, bóndi og fyrrum húsvörður, var farinn að finna til í mjaðmaliðum við gang og sérstaklega var erfitt að fara upp tröppur. Eftir að hann byrjaði að taka **Active JOINTS** frá Eylíf fann hann fljótt mikinn mun til betri vegar.

Olgeir segist hafa lesið viðtal við sveitunga sinn sem sagði frá því að líðan sín væri allt önnur eftir að hann byrjaði að taka **Active JOINTS** frá Eylíf. Hann ákvað að prófa líka. „Þetta var fyrir ári og ég hef tekið **Active JOINTS** á hverjum degi síðan, sleppi því aldrei,” segir hann. „Ég hafði prófað annað fæðubótarefni fyrir liðina en fann þá engan mun. Það var því stórkostlegt að finna árangur svona fljótt, bara strax fyrstu vikuna. Ég get vel





Mælt er með að kolefnisspor sé reiknað út frá nægjanlegum fjölda framleiðenda í hverri búgrein.

Mynd / ghp

Matvælaframleiðsla:

Skortur á gögnum til að fullreikna kolefnisspor

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Í nýlegri skýrslu sem unnin var fyrir matvælaráðuneytið, um mat á kolefnisspori íslenskrar matvælaframleiðslu, kemur fram að ekki hafi verið hægt að fullreikna kolefnisspor allra helstu framleiðslugreinnanna vegna skorts á gögnum.

Í skýrslunni eru einnig tillögur að aðferðum sem stjórnvöld geti notað, til gagnaöflunar og úrvinnslu, við mat á kolefnisspori matvælaframleiðslunnar.

Hvernig má draga úr óvissunni?

Skýrslan var unnin af Birnu Sigrúnu Hallsdóttur umhverfisverkfræðingi auk þess sem Stefán Gíslason hjá Environice kom að verkefnum.

Í inngangi er útskýrt að verkefnið hafi snúist um fimm meginþætti;

skilgreina aðferðafræði við mat á kolefnissporinu, gera grein fyrir þeim gögnum sem þarf til að meta það, gera grein fyrir helstu áhrifaþáttum losunar gróðurhúsalofttegunda vegna matvælaframleiðslu, reikna losun helstu framleiðslugreina og gera grein fyrir óvissuþáttunum í útreikningum og hvernig megi draga úr óvissunni.

Mikilvægt hlutverk matvælageirans

Í inngangi segir einnig að landbúnaður sé mikil uppspretta gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og loftslagsbreytingar hafi mikil og vaxandi áhrif á greinina. Um leið standi landbúnaður frammi fyrir þeirri áskorun að þurfa að standa undir matvælaframleiðslu fyrir hratt vaxandi mannfjölda í heiminum.

Matvælageirinn muni gegna mikilvægu hlutverki í fyrirsjáanlegri framtíð í því að draga úr losun

gróðurhúsalofttegunda, til að mynda með breyttri orkunotkun og bættri nýtingu náttúruauðlinda og aðfanga. Landeigendur margir hverjir hafi mikla möguleika á að draga úr losun frá landi og auka bindingu með aðgerðum á sviði landnotkunar.

Talsverð óvissa í niðurstöðum um kolefnisspor

Í niðurstöðum skýrslunnar um áætlað kolefnisspor íslenskra búgreina gætir talsverðar óvissu, en tekið er fram að líta beri á útreikningana sem fyrsta skref við það mat. Útreikningarnir hafi verið háðir þeim takmörkunum sem tiltæk gögn settu. Til að fá fyllilega marktækar og samanburðarhæfar niðurstöður um kolefnisspor helstu greina matvælaframleiðslunnar er mælt til þess að farið verði í mun ítarlegri gagnaöflun og greiningar en unnt var að ráðast í innan ramma verkefnisins. Þar á meðal varðandi losun vegna



Þegar ákveðið hefur verið hvaða uppsprettur verði teknar með í reikninginn þarf að velja matsaðferðir, safna gögnum og reikna út losun.

Ábendingar um aðferðafræði

Í kaflanum um aðferðafræði við mat á kolefnisspori matvælaframleiðslu eru dregin saman aðalatriði kaflans og settar fram ábendingar.

Aðferðafræðigrunnur

Mælt er með því að alþjóðlegum og evrópskum stöðlum og leiðbeiningum sé fylgt.

Mat á losun, losunarstuðlar og hlýnunarmáttur

Mælt er með því að nota sömu aðferðir og losunarstuðla og í landsbókhaldi Íslands alls staðar þar sem því verður viðkomandi. Að öðrum kosti verði notaðar viðurkenndar aðferðir frá milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og alþjóðlega viðurkenndar reiknivélar. Þar sem nota þarf aðrar aðferðir sé greint skilmerkilega frá heimildum. Notaður sé sami hlýnunarmáttur fyrir allar gróðurhúsalofttegundir og gert er í landsbókhaldinu.

Kerfismörk aðgerðaeining

Lagt er til að kolefnisspor matvæla sé reiknað „frá vöggum að dreifingarstöð“ í kg koldíoxíðsígilda á hvert kg af ætum mat (beinlaus biti þar sem það á við). Það einfaldar samanburð við sambærilegar greiningar í öðrum löndum.

Uppskipting á framleiðsluþætti

Aðferðir við uppskiptingu verða að taka mið af aðstæðum í hverju tilviki. Almenn er mælt með að frekar sé miðað við fýsiska þætti (svo sem vigt eða næringargildi) en peningalega, en engin leið er að mæla fyrir um eina aðferð sem gilt geti fyrir allar tegundir matvælaframleiðslu.

Landnotkun

Mælt er með því að byggja útreikninga á losun/bindingu vegna landnotkunar á áætlaðri nettóbreytingu kolefnisforða (t.d. í tonnum CO₂/ha/ár).

landnotkunar og uppskiptingu losunar á framleiðsluþætti og framleiðsluvörur.

Mælt er með að kolefnisspor sé reiknað út frá nægjanlegum fjölda framleiðenda í hverri búgrein, í stað þess að reikna það út frá áætluðum tölum á landsvísi eins og gert sé í skýrslunni. Matvælaframleiðsla geti verið mjög breytileg eftir framleiðendum, jafnvel innan sömu greinar. Þess vegna sé einfaldara að reikna kolefnisspor hjá einstökum framleiðendum en fyrir framleiðslugreinar í heild; meðal annars vegna þess að þannig sé hægt að afla réttari gagna um framleiðsluna, til dæmis raunverulega notkun ýmissa aðfanga og um meðhöndlun úrgangs.

Viðeigandi losunarstuðlar

Í samantekt skýrslunnar er bent á að afla þurfi margs konar gagna fyrir útreikninga á kolefnisspori, enda ráðist gæði útreikninga algerlega af þeim gögnum sem þeir byggja á. Einnig þurfi viðeigandi losunarstuðla, sem helst verði að vera opinberlega viðurkenndir.

Ef vel eigi að vera þurfi meðal annars að afla gagna um framleiðslu, fjölda búfjár ef við á, jafnvel eftir aldri og kyni, framleiðsluaðferðir, notkun aðfanga og hvaðan aðföngin

koma, hvernig þau eru flutt á framleiðslustað, hvað sé gert við afföll og úrgang og svo framvegis.

Breytingar munu leiða til minnkunar

Þegar um landbúnaðarvörur er að ræða þurfi gjarnan einnig að afla gagna um landnotkun og breytingar á landnotkun. Veruleg óvissa sé enn varðandi losun frá landi og því er horft fram hjá áhrifum landnotkunar og breytinga á henni í skýrslunni. Þörf sé á að uppfæra kolefnissporsútreikningana þegar fyrir liggja niðurstöður úr átaksverkefni í tengslum við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, sem snýr að bættu bókhaldi varðandi losun og bindingu vegna landnotkunar. Mikilvægt sé að gögn sem nýtt eru í kolefnissporsútreikninga séu samræmd og aðgengileg.

Skýrsluhöfundur bendir líka á að í nánustu framtíð verði ýmsar breytingar sem muni leiða til minnkunar á kolefnisspori matvælaframleiðslu; orkuskipti, útfösun HFC-kælmiðla, framþróun varðandi umbúðir, breyttar aðferðir við meðhöndlun úrgangs og væntanlegt átak við endurheimt vistkerfa og bindingu koldíoxíðs úr andrúmslofti með landgræðslu og skógrækt

Laugarvatn:

Umferðaröryggi á oddinn

Umhverfisnefnd Bláskógabyggðar lagði áherslu á að nauðsynlegt sé að bæta umferðaröryggi gangandi vegfarenda á Laugarvatni á fundi á dögunum.

„Það er ýmsu ábótavant, sem þarf að laga t.d. gangstéttir, gangstéttarkanta, bæta við gangbrautum og gera þær sýnilegri svo dæmi séu nefnd. Einnig vantar nýjan umferðarspegil við gatnamót við Bláskógaskóla á Laugarvatni. Nefndin biður um að sveitarfélagið pressi á verktaka og fyrirtæki að laga frágang eftir unnin verk á svæðinu. Töluvert er um rusl og afganga af efni eftir unnin verk á svæðinu sem verktakar hafa skilið eftir sig, sem leiðinlegt er að horfa á í náttúrunni,“ segir m.a. í bókun nefndarinnar. /mhh

Bændablaðið
www.bbl.is



Kastalar & klettastrendur Suður-Englands

10. – 17. ágúst 2024

Fararstjórn: Gísli Einarsson

Verð 369.800 kr. á mann í tvíbýli

Voldugir kastalar, stórskorar strandlengjur og strandbærinn Torquay við sjávarsíðu Suður-Englands eru meðal þess sem hægt er að njóta í þessari spennandi ferð. Upplifðu sögur og sjávarþorp, landslag og lystigarða, mannlíf og menningu, te og skonsur í þessari fjölbreyttu ferð.

bænda
FERDIR

Allir geta bókað sig í Bændaferð - baendaferdir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



VOR
SPRENGJA
VATT!



ÞÚ FÆRÐ MILLJÓN FYRIR GAMLA BÍLINN UPP Í NÝJAN 100% RAFMAGNAÐANN AIWAYS!

TEGUND OG ÁSTAND SKIPTIR EKKI MÁLI,
BÍLLINN ÞARF EINGÖNGU AÐ VERA Í ÖKUHÆFU ÁSTANDI
OG Á NÚMERUM. AKTU INN Í VORIÐ Á NÝJUM
OG GLÆSILEGUM 100% RAFKNÚNUM AIWAYS



EKKI MISSA
AF ÞESSU
FRÁBÆRA
TILBOÐI!

GILDIR
MEÐAN
BIRGÐIR
ENDAST

VERÐ KR 6.690.000

KR 5.790.000

Verð með styrk frá Orkusjóði
allt að kr. 900.000

BJÓÐUM 100% LÁN AF UPPHÆÐINNI SEM UPP Á VANTAR
BORGÐU FREKAR AF LÁNI Á NÝJUM BÍL Í STAÐINN FYRIR BENSÍNKOSTNAÐ!

AIWAYS U5 100% RAFKNÚINN LÚXUSJEPPLINGUR, ENGINN BENSÍNKOSTNAÐUR



Akstursdrægnin er 400 km á fullri hleðslu



Hröðun 0 -100 km / klst 7,8 sek.
Afkastageta:150 kW (204 hð)



Erfðaauðlindir:

Mikilvægasta rými jarðar

Stærsta innlögn nýrra fræsafna í Alþjóðlegu fræhvelvinguna á Svalbarða átti sér stað við hátíðlega athöfn í lok febrúar síðastliðins. Heimsendahvelvingin hefur á sínum fimmtán starfsárum sannað gildi sitt og er, að sögn forstjóra Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar, NordGen, mikilvægasta rými jarðar.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Í daglegu tali er þetta mannvirki á hjara veraldar oft kallað dómsdagshvelvingin. Fræhvelvingin á Svalbarða (e. Svalbard Global Seed Vault) inniheldur fágætan varasjóð í formi fræja af nytjaplöntum

frá öllum heimshornum, sem komið er haganlega fyrir svo þau varðveitist í lengri tíma. Tilgangur frægeymslunnar er að tryggja tilveru þeirra plöntuerfðaauðlinda sem grundvallar matvælaframboð heimsins og þjónar því sem baktrygging fyrir fæðuöryggi mannsins. Fræhvelvingin á Svalbarða var opnuð í janúar árið 2008 og er í eigu norska ríkisins en rekið í

samvinnu við alþjóðlegu samtökin Crop Trust og NordGen, Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar, sem sér um starfsemi hvelvingarinnar.

Fræhvelvingunni er ætlað að geyma varasjóð fræsafna. Varðveisla þeirra baktryggir önnur fræsöfn og fer þeim ört fjölgandi. Í dag eru yfir 1,2 milljón fræsafna geymd á Svalbarða. Þarna leynast erfðaauðlindir frá 111 genabönkum í fimm heimsálfum af yfir 6.000 tegundum. Enn er nóg pláss í hvelvingunni sem rúmar um 4,5 milljón fræsafna.

Fræin eru læst inni í geymslu í átján stiga frosti djúpt inni í fjalli í sífrera. Þannig munu fræin halda

kælingu jafnvel þótt rafmagn bresti. Aðstaða hvelvingarinnar tryggir litla efnaskiptavirkni og halda fræjunum því lífvænlegum í langan tíma. Fræin eru innsiglið í sérsniðnum álpappírspökkum inn í kassa sem geymdir eru í hillum og er raðað eftir þeim löndum sem innleggjendur tilheyra. Á vefnum seedvaultvirtualtour.com má fara í stafræna skoðun inn í heimsendahvelvinguna.

Starfsemi Nordgen

Lise Lykke Steffensen er forstjóri Nordgen sem sér um fræhvelvinguna. Sá rekstur er eingöngu lítill hluti af starfsemi stofnunarinnar, sem Lise Lykke lýsir sem þekkingarmiðstöð. Hún er staðsett í Alnarp, steinsnar frá Malmö í Svíþjóð, og þar starfa 35 manns allt árið.

„Við sinnum rannsóknnum á erfðaauðlindum fyrir plöntur, skóg og búfé ásamt því að halda utan um norræna genabankann og sinna Fræhvelvingunni á Svalbarða. Stofnunin stendur á tveimur stöðum, fyrir rannsóknir annars vegar og varðveislu hins vegar. Nordgen á sér yfir fimmtíu ára sögu, en Norræna genabankanum var komið á fót árið 1979. Flest lönd eiga sér þjóðargenabanka en Norðurlöndin ákváðu að eiga slíkan banka saman, sem er einsdæmi og nokkurt afrek. Þetta skapar samlegðaráhrif og sameiginleg verðmæti.“

Norræna genabankann, sem hýstur er í Svíþjóð, telur Lisu Lykke vera mikilvægasta rými Norðurlanda. Þar er aðalgenabankinn. Varagenabanki er staðsettur í Danmörku. Fræhvelvingin í Svalbarða þjónar svo sem þriðja stöð – eins konar vara-vara-geymsla. Þar eru frá af um 90% af safni Norræna genabankans varðveitt til langs tíma.

„Það átta sig kannski ekki allir á því að Norræni genabankinn er íslenski genabankinn. Hér geymum við því plöntuerfðaauðlindir Íslands, þó listinn sé ekki ýkja langur.“

Tegundafábreytni íslenska vistkerfisins leiðir til þess að fræsafn Íslands í bankanum er með minnsta móti. Þrátt fyrir að hlutfall Íslands sé ekki hátt í Norræna genabankanum er rétt að undirstrika að bankinn



Lise Lykke Steffensen.

er sameign allra Norðurlandanna. Þannig hefur Ísland jafn auðveldan aðgang að erfðaeftum frá samstarfslöndunum og sínum eigin, sem sé mikla úttektaheimild þrátt fyrir litla innlögn.

Lise Lykke segir þó að átak hafi verið gert í söfnun fræja villtra plantna sem geta blandast nytjaplöntum. „Vilttar plöntur hafa þrífist á Íslandi í þúsundir ára og þolað hinar ýmsu breytingar og áföll. Þótt þær séu jafnvel óætar getu þær borið dýrmæta eiginleika þegar fram í sækir,“ segir Lise Lykke.

Þrátt fyrir að plöntubáttur Íslands í Norræna genabankanum sé lítill, segir hún að Ísland geti lagt mun meira af mörkum í starfsemi Nordgen. Íslenska ríkið mætti skapa grundvöll fyrir söfnun og varðveislu erfðaauðlinda á Íslandi, bæði fyrir plöntur, skóg og búfé. Þá þurfi ekki síður að stuðla að notkun erfðaeftisins og nefnir hún þar sem dæmi að styðja mætti betur við nýtingu á íslensku rötargrænmeti og stuðla þannig að hærri sjálfsafhlutdeild þjóðarinnar.

Enda talar það til ýmissa áherslumála heimsins í dag þegar kemur að fæðuöryggi þjóða, meiri grænmetisneyslu á kostnað kjötneytslu sem og varðveislu menningararfs.

Henni er einnig tíðrætt um grös. „Ísland treystir mjög á gras fyrir uppeldi búfjár. Því er það þjóðinni mjög mikilvægt að eiga heilsteypt safn af grastegundum. Hafið þið greint hvort varðveisla grastegunda sé nógu góð og innihaldi nóg af erfðafjölbreytileika? eru einhver göt í safninu?“

ALLT FYRIR BÍLSKÚRINN OG VERKSTÆÐIÐ FÆST HJÁ OKKUR



FÁLKINN ÍSMAR
IÐNVEÐLAR

FÁLKINN ÍSMAR EHF | DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI: 510 5100 | FALKINNISMAR.IS



Fræhvelvingin á Svalbarða geymir varasjóð fræsafna frá öllum heimshornum. Myndir / Svalbard Global Seed Vault

Fræin sem líftrygging

En aftur að Svalbarða. Finna má 499 fræsöfn frá Íslandi í fræhvelvingunni, aðallega grastegundir, en einnig gulrófur, bygg, burnirót, blóðberg, vallhumall og kúmen svo eitthvað sé nefnt.

Í ár eru fimmtán ár frá því heimsendahvelvingin var standsett. Hún er opnuð þrisvar á ári fyrir nýjar innlagnir og í febrúar síðastliðnum var stærsta innlögn í sögu hennar. Stærsta sendingin kom þá frá stofnun plöntufræða og plönturannsókna í Leibniz, Þýskalandi. Hún afhenti 2.679 sýni af 267 tegundum nytjaplantna. Landbúnaðarstofnun Malí var með næststærsta framlagið, með 1.601 sýni af ýmsum baunum, dúrru, fingragrasi, hirsu og staðbundnum hrísgrjónategundum sem fara halloka gagnvart afkastameiri afbrigðum.

BOLD (Biodiversity for Opportunities, Livelihoods and Development) heitir verkefni sem miðar að því að auka getu genabanka til að varðveita fjölbreytileika ræktunar í lágtekjulöndum. Í febrúar var Bold atkvæðamikill

milliliður nýrra stofnana sem lögðu inn erfðaefti. Þar á meðal var Vísindarannsóknarstofnun um landbúnað og plönturækt í Kasakstan sem lagði inn til varðveislu fræ í fyrsta sinn. Vísindastofnun í Madagaskar sendi rúmlega þúsund sýni af hrísgrjónategundum.

Einn stærsti háskóli Afríku, Ahmadu Bello í Nígeríu, lagði inn erfðaefti af kúabaunum og hrísgrjónum. Háskólinn í Sarajevo í Bosníu og Hersegóvínu sendi fræ af maís og baunum. Þetta eru dæmi um framlag að frumkvæði BOLD sem fagnar áratugs starfsafmæli í ár.

NordGen lagði meðal annars inn fræ af dönsku grænkáli, finnskum blaðlauk, norskum smára, sænsku byggi, vallhumli frá Færeyjum og íslensku grasi.

Lise Lykke segir innlagnir á borð við þá sem fór fram í febrúar oft afar tilfinningabrunnar. Fulltrúar þjóða sem koma með sínar fyrstu sendingar fella oft tár enda innlögnin ekki eingöngu táknræn.

„Þeim finnst eins og þeir séu að bjarga þjóð sinni á einhvern hátt. Enda eru fræin líftrygging, eins konar öryggisafrit fyrir lífsskilyrði



landsins. Öll þessi fræ hafa þá getu að geta vaxið á tilteknu landsvæði. Við erum háð þessum fræjum og þeirri erfðafjölbreytni sem í þeim liggur.“

Hryllingurinn nálægur

Um 1.700 fræbanka er að finna um allan heim en þeir geyma birgðir af fræjum til varðveislu eða tilrauna, oft í eigu rannsókn- og menntastofnana, opinberra stofnana eða hagsmunafélaga. Aðstaða slíkra fræbanka er misjöfn og tilvera þeirra oft fallvölt. Þannig geta þeir orðið undir vegna náttúruhamfara á borð við þurrka, elda og flóða, eins og gerðist t.d. á Filippseyjum árið 2006 þegar fellibylurinn Xangsane eyðilagði stærsta fræsafn landsins.

Einnig geta rekstrarerfiðleikar orðið til þess að þessum mikilvæga málaflokki er ekki sinnt sem skyldi. Stríðsátök hafa einnig orðið til þess að eyðileggja fræsöfn og útrýma þar með mikilvægum erfðaaudlindum.

Fræg er sagan af grasafræðingum Valilov-stofnunarinnar í umsátrinu um Leníngrad í seinni heimsstyrjöldinni sem kusu frekar að deyja úr hungri en að hrófla við fræsöfnum stofnunarinnar sem var þá það stærsta í heiminum.

Fræbankinn í Leníngrad átti ekki öryggishólf í öðrum fræbanka og fólkíð áttaði sig á að fræbanki stofnunarinnar væri brýn nauðsyn til að byggja upp innlenda matvælaframleiðslu aftur eftir styrjöld.

„...styðja mætti betur við nýtingu á íslensku rôtargrænmeti og stuðla þannig að hærri sjálfsaflahlutdeild þjóðarinnar ...“

Þessu tengdu segir Lise Lykke að fræhvelvingin á Svalbarða geymi lítið af plöntuerfðaeftum frá Úkraínu sem ljóst sé að sækja þurfi í þegar enduruppbygging landsins getur hafist aftur. Varasafnið sé því miður lítið. Aðalfræbanki Úkraínu sé staðsettur í borginni Kharkiv sem hefur mátt þola sífjalldar sprengjuárásir og því er staða plöntuerfðaaudlinda sérlega viðkvæm fyrir þetta mikla landbúnaðarland.

Ein stök úttekt

Aðeins einu sinni hefur innleggjandi þurft að taka út úr heimsendahvelvingunni. Það var árið 2015 þegar 90.000 fræsöfn í eigu Sýrlendinga voru tekin út til endurræktunar eftir að fræsafnið í Aleppo var eyðilagt í stríðsátökum. Í Sýrlandi voru meira en 135.000 afbrigði varðveitt og mörg af útdaudum tegundum, að því er fram kemur í pistli Torfa Jóhannssonar á vef norræna samstarfsins, Norden, frá 2018. „Fræin hafa gífurlegt sögulegt og menningarlegt gildi vegna þess að vagma landbúnaðarins er einmitt á slóðum Sýrlands hins forna. Mikilvægastir eru kannski erfðaeiginleikar hinna fornu nytjaplantna á Sýrlandi, það er viðnámsþróttur gagnvart hita og þurrki. Svo vel vildi til að varaeintök af fræsöfnum hvelvingarinnar í Aleppo voru varðveitt í Alþjóðlegu fræhvelvingunni á Svalbarða.“

Framhald á næstu síðu.



Stjórn NordGen við innlögnina í febrúar. Efsta röð fv: Geir Dalholt, Tróndur Gilli Leivsson, Mette Kjobek Petersen, Tove Jern, Katrin Vilhelm Poulsen og Hrannar Smári Hilmarsson. Í miðjunni fv. Katleena Lohtander-Buckbee, Lise Lykke Steffensen. Neðsta röð fv. Anne-Mette Hjortebjerg, Birgitte Jacobsen og Ulrika Carlson-Nilsson. Mynd / HSH



20% afsláttur af öllum innréttingum til páska

FRÍFORM
2000 - 2024

Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11—15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.

Fræin voru notuð til ræktunar í Líbanon og Marokkó og úr þeim urðu til ný fræ sem send voru aftur til varðveislu á Svalbarða.

„Þannig starfa erfðabankar. Þeir halda utan um hina gríðarlegu fjölbreytni plöntuyrkja sem bændur rækta um heim allan. Við erum sem betur fer farin að átta okkur á þeim verðmætum sem felast í fjölbreytilegum matvælum. Fólk um allan heim er að uppgötva bragð og áferðir á ný sem leynast í ýmsum afbrigðum plantna.“ segir Torfi jafnframt í pistli sínum, „Þess vegna skiptir Alþjóðlega fræhvelvingin máli“, sem nálgast má á vef Norden.

Grundvöllur mikilvægra erfðaframsara

En hlutverk fræbanka eru ekki síður grundvöllur erfðaframsara og þá spilar varðveisla sögunnar stóra rollu.

Í aldanna rás hafa menn hagnýtt sér kynbætur til að koma sér upp afkastameiri afbrigðum nytjaplantna. Við slíka framþróun hafa erfðauðlindir einnig glatast. Varðveisla eldra erfðafnis, í nafni menningargildis, gæti nefnilega falið í sér bjargráð í framtíðinni. Ef þær afkastamiklu arfgerðir sem notaðar eru í framleiðslu í dag breyta eru einhverjum ástæðum, t.a.m. vegna sjúkdóma sem á þær herja, gætu reynst úrræði í eldra erfðafni. Í söfnunum geta því leynst uppsprettur sjúkdómsvarna eða eiginleikar sem viðbragð við ófyrirsjáanlegum breytingum á ræktunaraðstæðum.



„Mér finnst þetta alveg ótrúlega fallett og hræðilegt í senn. Þarna hefur mannkynið komið sér saman um að geyma fræ nytjajurtanna í sameiningu og í einhvers konar sameign, vegna þess að það treystir ekki sjálfu sér. Við vitum að við getum orðið til þess að glata þeim. Það er hræðilegi hlutinn. Fegurðin er að þetta sé allt saman; Bandaríkin, Rússland, Norður-Kórea og Íran eiga öll kassa í hvelvingunni saman í hnapp,“ segir Hrannar Smári.

Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri í jarðrækt hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, er varaformaður stjórnar Nordgen.


„Til þess að geta stundað kynbætur á nytjajurtum þarftu erfðabreytileika. Uppsprettu erfðabreytileikans er ekki að finna í afkastamestu yrkjunum á markaði.“

Það þarf kannski heldur ekki að varðveita yrki á markaði, því þau eru til úti um allt í nægu upplagi. En um leið og notkun yrkja hættir þá vaknar spurning um hvort eigi að geyma þau. Yrki á markaði eru kynbætt fyrir aðstæður í dag. Þegar þær aðstæður fara að breytast rosalega mikið þá þurfa kynbótafræðingar að leita til erfðabreytileika sem er ekki virkur, en gæti verið geymdur í fræbönkum.“

Mótstaða fannst við sveppasjúkdómi

Nýlegt dæmi um þetta er nýr sveppasjúkdómur sem fór að herja á salat í Evrópu fyrir fáeinum árum. Óværan lýsir sér í svörtum og ólystugum blöðum sem stórskadað hefur salatframleiðslu álfunnar. Lise Lykke segir að rannsakendur hafi leitað lausna í genabönkum. Í Norræna genabankanum fundust fjórar villtar salattegundir sem voru með mótstöðu gegn sveppinum og nú er unnið að krossræktun þeirra við framleiðslutegundir sem munu skapa nýjar arfgerðir sem eru ónær fyrir hinum nýja sveppasjúkdómi.

„Árið 2018 voru miklir þurrkar í Evrópu, þá rigndi stanslaust á Íslandi. En þurrkatíðin varð til þess að fóðurjurtir uxu ekki sem skyldi og grípa þurfti til niðurskurðar á búfé í Svíþjóð og Noregi vegna þessa. Á



Hrannar Smári Hilmarsson.

nokkrum litlum lífrænum búgörðum var hins vegar notuð gömul hveititegund, sem við geymum í genabankanum. Þessi tegund er mjög há og leggst auðveldlega í vindi, þá passar hún ekki í vélar sem notaðar eru í dag. En þetta ár reyndist þessi hveititegund skila sömu uppskeru og alltaf. Hún óx vel í þurrkunum, því tveggja metra planta er með tveggja metra rætur.“

Þetta segir Lise Lykke annað dæmi um mikilvægi varðveislu gamalla tegunda sem gætu reynst dýrmæt auðlind þegar bregðast á við loftslagsbreytingum.

Undir það tekur Hrannar Smári. „Á Íslandi eigum við engan stofn af hveiti fyrir íslenskar aðstæður. Ef hveiti á að fara að hefja innreið sína inn í íslenskan landbúnað, eins og áætlanir standa til um, þá þurfa íslenskir kynbótafræðingar að leita að efnivið sem gæti sýnt einhvers konar aðlögun að aðstæðum hér. Önnur kynbótafyrirtæki í heiminum eru ekki að fara að gefa Íslandi aðgang að sínum stofnum. Þannig að eina leiðin fyrir okkur að leita að breytileika er í gegnum Norræna genabankann. Það sem stendur til er að planta eins stóru safni og við mögulega ráðum við úr bankanum til prófana á Íslandi, sem verða svo foreldrar hins nýja íslenska hveitistofns. Það sem er áhugavert í því sambandi er að gömul yrki geta reynst góður upphafspunktur. Ef kynbótasaga hveitis í Noregi undanfarna hálfu öld er skoðuð, þá hefur vaxtartími hveitisins lengst,



Hvelvingin rúmar 4,5 milljón fræsafna.



Fræin eru innsigliuð í sérsniðnum álpappírspökkum.

þ.e.a.s. nýtt hveiti í Noregi þroskast seinna en gamalt hveiti. Ef ekki hefði verið fyrir varðveislu á gömlum norskum hveitirykjum þá hefðum við þurft að byrja á að kynbæta fyrir flýti í nýju hveiti. Það tekur óratíma – en í stað þess ætlum við að byrja með eldra efnivið og leita þar að erfðabreytileika fyrir flýti.“

Dystópían

Hrannar Smári segir það eingöngu tímaspursmál hvenær heimsendahvelvingin á Svalbarða fái friðarverðlaun Nóbels.

„Mér finnst þetta alveg ótrúlega fallett og hræðilegt í senn. Þarna hefur mannkynið komið sér saman um að geyma fræ nytjajurtanna í sameiningu og í einhvers konar sameign, vegna þess að það treystir ekki sjálfu sér. Við vitum að við getum orðið til þess að glata þeim. Það er hræðilegi hlutinn. Fegurðin er að þetta sé allt saman; Bandaríkin, Rússland, Norður-Kórea og Íran eiga öll kassa í hvelvingunni saman í hnapp. Við höfum ákveðið að geyma þessar erfðauðlindir þar sem enginn nær til þeirra og enginn getur tortímt þeim. Þetta er því svolítið dystópískt.“



Fræhvelvingin er opnuð þrisvar á ári til að leggja inn fleiri fræsöfn. Úttekt hefur aðeins einu sinni farið fram.

Byggsafn Jónatans í óviðunandi aðstæðum

Ekkert stórt fræsafn er til staðar á Íslandi en Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri í jarðrækt hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og varaformaður stjórnar Nordgen, þætti æskilegt að góð aðstaða til geymslu fræsafna væri til staðar hér á landi.

„Norræni genabankinn getur ekki geymt allt sem mögulega gæti verið okkur mikils virði. Á tímabili var mikið yfirálag á stofnuninni og hún fjársvelt. Þó það sé búið að vinda ofan af því þá er margt, sem við hefðum kannski átt að geyma, ekki til staðar. Stórt kynbótaverkefni eins og á sér stað núna í byggi mun gefa af sér þúsundir nýrra arfgerða sem engin geta er til að halda utan um eða geyma. Mörgu af því efni er hent eða geymt við svo ömurlegar aðstæður að við getum alveg eins hent því. Alvarlegra mál er að ævistarf Jónatans Hermannssonar er geymt við fullkomlega óviðunandi aðstæður í núverandi Jarðræktarmiðstöð, í leku, mygluðu húsi þar sem mýs geta gætt sér á fræjunum.“

Jónatan Hermannsson, jarðræktarfræðingur og fyrrum tilraunastjóri við Lbhí, er handhafi fálkaorðu fyrir framlag sitt til kornræktar og íslensks landbúnaðar. Hann var aðaldrifkraftur í byggkynbótum á Íslandi síðustu áratugi og eftir hann liggur stórt safn byggerfðauðlinda aðlagð íslenskum aðstæðum, s.s. þegar kemur að flýti og strástyrks. Sá efniviður er nú notaður til áframhaldandi kynbóta á byggi til eflingar kornræktar á Íslandi.

Núna er rétti tíminn til að grisja skógin



PÓR

Með þér í meira en 60 ár

Reykavík, Akureyri og Selfossi
Thor.is s: 568 1500

VELDU RÉTTA HURÐ Í VERKIÐ

Kynntu þér **Lindab** og **Krispol**
iðnaðarhurðir frá Límtré Vírnet



- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Krispol hurðir eru traust og hagkvæm lausn fyrir skemmur og geymslur.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Uppsetning í boði sem tryggir rétta virkni og endingu hurðanna.

Kynntu þér úrvalið á [Limtrevirnet.is](https://limtrevirnet.is)

Málþing:

Áskoranir og tækifæri í matvælaframleiðslu

– Íþyngjandi blýhúðað regluverk smáframleiðandans

Á málþingi sem Landbúnaðarháskóli Íslands stóð fyrir á Hvanneyri 7. mars, talaði Oddný Anna Björnsdóttir um áhrif íþyngjandi regluverks á smáframleiðendur matvæla – sem hún kallaði „blýhúðun“ og hamláði framþróun.

Oddný er framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) og Beint frá býli (BFB), félags heimavinnsluáðila, en það varð aðildarfélag að SSFM í apríl árið 2022. Félag eru alls 208, 55 prósent þeirra eru rekin á lögbýlum, 25 prósent á höfuðborgarsvæðinu og 20 prósent í þéttbýli á landsbyggðinni. Hún segir hugtakið blýhúðun meira lýsandi en „gullhúðun“, sem hafi þó sams konar merkingu, vegna áhrifanna sem séu íþyngjandi.

Hamlandi áhrif á framþróun

Talsverður vöxtur hefur verið í starfsemi smáframleiðenda á Íslandi á undanföllum árum, bæði í fjölda fyrirtækja og veltu. Oddný segir að fram til 2022 hafi félagsmönnum fjölgað hratt en síðan hafi fjöldinn haldist svipaður. Veltan hafi aukist um 62 prósent á milli árána 2021 og 2022 vegna jákvæðra breytinga í ytra umhverfi. Þannig hafi blýhúðun regluverksins ekki komið í veg fyrir



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, ávarpaði gesti í upphafi málþingsins. Myndir / smh

þennan mikla vöxt, en þó örugglega haft hamlandi áhrif á að enn hraðari framþróun á ýmsum sviðum framleiðslu og þróunar.

Í erindi Oddnýjar tilmál hún nokkur dæmi um birtingarmyndir blýhúðunarinnar. Eitt tilvik sneri að kröfum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þess efnis að smáframleiðendur matvæla þyrftu formlegt starfsleyfi til að reka verslun, vegna þátttöku á matarmarkaði. Eftir áralöng mótmæli SSFM/BFB breytti matvælaráðuneytið loks reglugerð í fyrri. Annað dæmið var af banni við framleiðslu á ógerilsneyddum ostum, sem þó er leyft á öllum öðrum Norðurlöndum og víðs vegar í Evrópu að sögn Oddnýjar og fluttur inn í stórum stíl. Þriðja dæmið var af lögum sem sett voru um starfsemi skeldyraræktar árið 2011, sem í raun voru svo íþyngjandi að greinin aflagdist í kjölfarið. Síðasta dæmið sem Oddný tók var af framleiðendum villibráðaafurða sem sættu óeðlilegum kröfum og gjaldtökum eftirlitsaðila.

Oddný segir dæmin byggja á reynslusögum sem hún byrjaði að safna þegar hún skynjaði hversu alvarlegt vandamál væri á ferðinni. Hún segir SSFM/BFB hafa um árabíl bent á að vandamálin séu ekki öll vegna regluverksins á Evrópska

efnahagssvæðinu (EES) sem Ísland hafi innleitt. Vandinn sé að stórum hluta heimatilbúinn. Oft megi rekja íþyngjandi áhrif regluverksins einfaldlega til geðþóttaakvarðana íslenskra eftirlitsaðila. Mikíð ósamræmi sé gjarnan á milli þeirra sem taki út starfsemi smáframleiðenda sem hafi óeðlilega mikíð persónulegt vald.

Nýleg könnun meðal félagsmanna staðfesti að þetta sé viðhorf flestra smáframleiðenda, en þar kemur



Guðmundur Stefánsson.

einnig fram að langflestir telja sig vera fórnarlömb blýhúðunar og telja mjög miklu máli skipta ef eftirlitið yrdi einfaldað og gert skilvirkara.

SSFM/BFB hafa skorað á Katrínu Jakobsdóttur, starfandi matvælaráðgjafa, að ráðast í sambærilega úttekkt og gerð var í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Þar kom í ljós að á árunum 2010 til 2022 hafi reglurnar sem innleiddar voru til Íslands verið meira íþyngjandi í 41% tilfella en EES-samstarfið kveði á um.



Erla Sturludóttir.

væri í boði yfir lengri tíma og samstarf frumkvöðla og fyrirtækja við rannsóknasamfélagið.

Rannsóknir í landbúnaði skipta máli

Erla Sturludóttir, deildarforseti ræktunar og fæðu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, fjallaði um rannsóknir í landbúnaði á vegum skólans. Skólinn rekur þrjár deildir; ræktun og fæðu, náttúru og skóga auk skipulags og hönnunar. Í máli Erlu kom fram að rannsóknir í landbúnaði og frumframleiðslu matvæla fara mest fram á sviði ræktunar og fæðu. Þar undir skiptast rannsóknarsviðin niður í jarðrækt, búfjárrækt, erfðarannsóknir, umhverfisrannsóknir og nútækni. Sagði Erla að margvísleg skörun væri í rannsóknum á milli þessara sviða.

Mörg áhugaverð verkefni væru í gangi sem miðuðu að framförum í landbúnaði. Í jarðrækt væru nokkur verkefni í gangi um kynbætur á byggi og hveiti og prófanir á hafrayrkjum. Í ylraekt stæðu yfir rannsóknir á áhrifum mismunandi lýsingar í gróðurhúsum á vöxt og uppskeru. Markverðar rannsóknir á lífrænum áburði stæðu yfir, þar sem skoðuð væru gæði mismunandi áburðarefna.

Í búfjárrækt nefni Erla sem dæmi, að verið væri að rannsaka erfðalegar orsakir kálfadauda í íslenskum kúm og burðarferðileika, áhrif skilvirkrar skiptibeitar mjólkurkúa í mjaltþjónafjósnum og hvort aðgengi að útisvæðum hafi áhrif á mjólkurframleiðslu og gæði hennar.

Þá væri verið að skoða leiðir til að auka fallþunga og verðmæti sláturlamba.

Einnig væru loftslagsverkefni unnin við skólann og ýmis hagræn verkefni í gangi, til dæmis greining á stuðningskerfi landbúnaðarins og mat á hagrænum áhrifum af nýju mjólkurkúakyni.

Landbúnaður verði arðsamur

Fjögur önnur erindi voru flutt á málþinginu, en þegar þeim var öllum lokið voru umræður þátttakenda sem síðan samþykktu eftirfarandi ályktun málþingsins:

„Fulltrúar málþingsins eru sammála um að íslenskur landbúnaður búi yfir miklum tækifærum enda ein af undirstöðuáttvinnugreinum þjóðarinnar. Hættumerki eru á lofti sem ungir bænder, hagsmunasamtök bænda og fleiri hafa bent á og mikilvægt er að grípa til aðgerða strax. Vandinn er þegar viðurkenndur og fjármógnunar þörf. Málþingið skorar á hagaðila og stjórnvöld að taka höndum saman og tryggja góða aðstöðu til rannsókna, menntunar og nýsköpunar og styðja við tækniframfarir og nýliðun. Þannig er tryggt að íslenskur landbúnaður sé arðsöm og eftirsóknarverð atvinnugrein. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir íslenska þjóð.“ /smh



Oddný Anna Björnsdóttir.



Margrét Gisladóttir.

KLÁRARIR Í BÁTANA!

Þurrir AGM eða síru rafgeymar fyrir tæki og rúllur

Hleðslutæki 12 eða 24 volt

Öflugur start rafgeymar í mörgum stærðum

Traust og fagleg þjónusta • Vefverslun www.skorri.is

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Íslenskar ullaryfirdýnur í mörgum stærðum

Lopidraumur.is

Frí heimsending innanlands



Matarmarkaður smáframleiðenda:

Geitapylsur, ærkjöt, geitaostar og sauðamjólkurís

Matarmarkaður smáframleiðenda matvæla var haldinn á 1. hæð aðalbyggingar Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri 7. mars. Þar sem gestir gátu nælt sér í margvíslegar krásir úr smíðju matarfrumkvöðla úr þéttbýli og af landsbyggðinni. Markaðurinn var haldinn í kjölfar málþingsins Landslagið í landbúnaði og matvælaframleiðslu, þar sem Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla, fór yfir stöðu og horfur fyrir sína félagsmenn. Íþyngjandi regluverk utan um þessa tegund matvælaframleiðslu er talin vera helsta ógnin og hamlar frekari framþróun.

Samtök smáframleiðenda matvæla voru stofnuð árið 2019 og þar innanborðs eru bændur úr félagsskapnum Beint frá býli sem stofnaður var árið 2008. Af þeim 208 framleiðslufyrirtækjum sem eru í samtökunum eru 75 prósent á landsbyggðinni en 25 prósent á höfuðborgarsvæðinu.

Á markaðinum mátti meðal annars finna geita-, lamba- og ærkjöt í ýmsum myndum, pylsur, paté, kæfur, ostar, sinnep, síróp og hlaup, krydd, hvítlauksalt, sveppasalt, harðfisksnakk, sultur og marmeláði, te, drykkir úr íslenskum jurtum og skógararfurðum, sælkerapoppkorn, frostpurkað sælgæti, bakkelsi, konfekt og ís. Bændur og smáframleiðendur eru með ýmislegt annað handverk á sínum þrjónum en matvæli og á markaðnum mátti einnig finna sápur, krem, gærur, sauða- og geitaband, uppskriftir og þrjónapakka. /smh



Sælkerapoppkornið Ástríkur Poppkorn. Ásthildur Björgvinsdóttir þróaði það heima hjá sér í eldhúsinu en færði sig svo yfir í Matarsmíðu Matis fyrir framleiðsluna.



Guðrún Sigurjónsdóttir, sauðfjárbóndi á Glitstöðum í Norðurárdal, er hér með gærur sem eru seldar undir merkjum Brákareyjar en vinnsla á þeim fer fram hjá Sláturhúsi Vesturlands, þar sem einnig er handverksframleiðsla á kjöti.



Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir frá Grímsstöðum í Reykholtssdal með sitt Grímsstaðaket, en þau eru með eigið sláturhús og kjötvinnslu heima.



Merete Rabølle á Hrauni á Skaga var með ýmsar kjötvörur úr eigin framleiðslu.



Vörulína Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur, geitabónda á Háafelli í Hvítársíðu, er myndarleg; geitapylsur, geitaostar, sápur, sultur og síróp svo dæmis séu tekin.

SJÓNAUKAR mikið úrval **Frí sending**

Bushnell H2O 10x42 kr. 34.900

Alpen Apex XP 8x56 ED kr. 89.900

NOBLEX NZ6 inception 5-30x56 kr. 159.500

Simmons ProTarget 6-24x44 kr. 39.900

Simmons 20-60X80 kr. 57.900

Bushnell Legend 10x42 kr. 47.900

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is



Konfekt og handverksís úr sauðamjólku úr smíðju Sauðagulls. Ann-Marie Schlutz á Egilsstöðum í Fljótssdal kynnir hér vörur sínar.



Rúnalíst er vörumerki Sigrúnar Helgu Indriðadóttur, handverkskonu og bónda á Stórhóli í Skagafirði.



Karólína í Hvammshlíð í Skagabyggð kom með ostafremleiðslu sína, en hún framleiðir úr kúamjólk og notar krydd og villtar jurtir í ostagerðina.



NÁTTÚRULEGA GÓÐIR PÁSKAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjötið er ómissandi hluti af íslenskum páskum. Í meira en þúsund ár hefur læri, hryggur, lund eða fillet með kjarngóðri sósu fært okkur ómælda gleði um hátíðina – en möguleikarnir til að galdra fram ljúffengan páskamat úr íslensku lambakjöti eru í raun óendanlegir.

**Skoðaðu uppskriftirnar
á islenkslambakjot.is**





Eydis Rós Eyglóardóttir, kjúklingabóndi á Vatnsenda í Flóahreppi. Hún segir að enn séu fyrirtæki sem þjónusti landbúnaðinn karllæg, þótt hún skynji að viðhorfið sé að breytast. Myndir / AL

Konur í landbúnaði:

Bjóst ekki við að verða kjúklingabóndi

– Upplifir sig jafnmikinn bónda og eiginmaðurinn

Eydis Rós Eyglóardóttir er kjúklingabóndi á Vatnsenda í Flóahreppi. Hún er fædd árið 1984 í Vestmannaeyjum og alin upp á Leifsstöðum í Austur-Landeyjum. Aðspurð hvernig hún leiddist út í þennan búskap segist hún hafa kynnst manninum sínum, Ingvari Guðna Ingimundarsyni, árið 2005 og flust til hans í Flóann þar sem foreldrar hans ráku kjúklingabú.

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



„Ef þú hefðir sagt mér það árið 2000 að ég væri alifuglabóndi í Flóanum

árið 2024 hefði ég bara hlegið,“ segir Eydis, en hún var búsett í Reykjavík þangað til fyrir tæpum tuttugu árum. Árið 2016 tóku Eydis og Ingvar við búi tengdaforeldra hennar, en fram að því höfðu þau tekið virkan þátt í búrekstrinum.

„Við erum með gagnabanka af visku með okkur á kantinum,“ segir hún, en foreldrar Ingvars stofnuðu Kjúklingabúið Vor fyrir fjörutíu og sex árum, eða árið 1978, og búa enn þá á bæjartorfunni. „Fyrir okkur var einfalt val að taka við kjúklingunum og halda því áfram og reyna að gera enn betur,“ bætir hún við.

Stækkuðu búið

Árið 2021 tóku þau í notkun tvö ný hús og með því þrefölduðu þau

framleiðslugetuna. Eydis segir það hafa verið nauðsynlegt til að búið yrði í þeirri mynd sem hjónin sáu fyrir sér þegar þau tóku við. Þegar vel gangi geti alifuglarækt gefið ágætlega í vasann, en undanfarin ár hafi verið mögur þar sem heimsfaraldur og stríð í Evrópu hafi hækkað allan aðfangakostnað. Í framhaldi af því hafi opnast fyrir hömlulausan innflutning á kjúklingakjöti frá Úkraínu sem hafði mikil og slæm áhrif á innlendan kjötmarkað. Eftir stækkunina eru samtals fjögur eldihús á bænum sem skiptast niður í fimm einingar og geta allt að fjörutíu þúsund fuglar verið í eldi hverju sinni. Mest allur þeirra kjúklingur er seldur í verslunum undir merkjum Holta, en þau hafa einnig selt heilan frosinn kjúkling heima á bæ í litlu magni.

„Það hefur svo til allur búfénaður verið á jörðinni á einhverjum tímamarki,“ segir Eydis. Eitthvað er um hross á Vatnsenda og þangað til fyrir rúmlega tveimur árum voru þau með nautaelði. Þá hafa þau verið með geitur ásamt því sem tengdaforeldrar Eydisar voru á sínum tíma með sauðfé og kýr.

Þarf ekki pung

„Ég upplifi það að ég er alveg jafnmikill bóndi og hann, þó að hann sé með pung en ekki ég,“ segir Eydis.

„Ég upplifi það að ég er alveg jafnmikill bóndi og hann, þó að hann sé með pung en ekki ég ...“

Þau standi að mestu leyti jafnfætis í búrekstrinum, en Ingvar hafi ákveðið forskot þar sem hann ólst upp í kjúklingarækt á meðan Eydis flutti á bæinn fyrir tæpum tuttugu árum.

„Ég sé alveg fyrir mér að ég gæti haldið utan um búið ein ef ég vissi að ég gæti hringt í hann og fengið smá pepp og leiðsögn.“

Eydis hefur orðið sér úti um réttindi til að keyra vörubíla og vinnuvélar. Það hafi ekki verið af því hún neyddist til þess, heldur af því hún vildi það. „Við erum með annan rekstur og þurfum að sækja alls konar til Reykjavíkur. Það er fátíðlegt ef það er bara hann sem má keyra vörubílinn.“ Hún geti því gengið í nánast öll verk á bænum til jafns við eiginmann sinn.

Veit hvaða glussa þarf

Spurð um viðhorf til kvenna í landbúnaði segir Eydis mörg fyrirtækjanna sem þjónusta bændur karllæg. Á nokkrum stöðum hafi hún fengið það viðmót að þar sem hún sé kona geti hún ekki vitað hvaða glussa þurfi að kaupa, eða einhverja aðra sérhæfða vélarhluti. Hennar upplifun sé þó sú að viðhorfið sé að breytast samhliða því sem hennar kynslóð verður æ meira ráðandi í bændastéttinni og eldra fólk stígur til hliðar. Breytingarnar séu líka samfélagslegar þar sem jafnrétti kynjanna er að aukast.

Eydis telur óþarft að konur í landbúnaði taki sig sérstaklega saman, enda sé markmiðið ekki að búa til dilk fyrir þær, heldur eigi að stefna að því að gera eina heild fyrir alla.

Framhald á næstu síðu.

Kæli og frystiklefar

settir saman úr einingum - stækkanlegir

VERSLUN.IS

OPIÐ 24/7



MAXI LÍNAN FRÁ JKS

Einingar eru fáanlegar úr 6,8,10 og 14 cm þykku frauði, mjög sterkt yfirborð sem þolir vel allan núning.

Mismunandi þykar einingar verja mismunandi tegundir matvæla. Einingarnar eru festar saman með öflugum krókfestingum. - Öndun í gólfíð er með sérstakri „T“ öndun til þessa að jafna loftstreymi í klefanum. Þéttlisti á hurð er mýkri og einangrar betur.

TIL Á LAGER

Hurð á lómum með læsingu



Rennihurð með læsingu



PVC strimlagardína mismunandi litir



JKS

Sýningarsalur
Draghálsi 4
Sími: 535 1300
verslun@verslun.is

VERSLUNARTÆKNI

geiri

STÓRELDHÚS



Eydis vill að fólk geti séð inn í eldissalinn, enda hafi þau ekkert að fela.



Kjúklingarnir eru aldir í 33–35 daga og seldir undir merkjum Holta.



BK HÖNNUN

MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR



BANKIRAI 28X145

Rásað og slétt yfirborð

Lengdir frá 290 cm og upp í 490 cm. Einnig til í 21x145 mm.

2200 kr. meterinn



GAGNVARIN FURA 28X145

Rásað og slétt heflað

Lengdir 300 cm og 400 cm. Einnig til í öðrum stærðum.

640 kr. meterinn



THEMO VIÐUR 26X140

Slétt heflað, bakaður viður

Lengdir 300 cm og 480 cm.

1500 kr. meterinn



SALATBARINN

Stjálfvirk vökvun, hitun og lýsing

Fullkomið á svalirnar eða í garðinn.

299.900 kr



KRAKKAHÚS

Öll krakkahús á tilboði út apríl.

Margar gerðir í boði. Sjá vefsíðu.

10% afsláttur



SAUNA TUNNUR

250, 300 & 350 cm langar

Fást í greni og thermowood.

10% afsláttur



SÓLSTOFUR

Sólstofur frá Jansses, hert öryggisger, rennihurðir og gluggar.

Svart á lit
Margar stærðir í boði

10% afsláttur



MODERN GRÓÐURHÚS

Modern 34 er 14,2 m glerhús. 4 mm hert gler

Svart á lit
Utanmál 310x458 cm

1.825.000 kr



MASTER GRÓÐURHÚS

Master 34 er 14,2 m² glerhús m. 4mm hertu gleri.

Svart, grænt eða állitað.
Utanmál 310x458 cm

949.000 kr

WWW.BKHONNUN.IS - 571-3535 - SALA@BKHONNUN.IS
SUNDABORG 5, 104 REYKJAVÍK

5 hlutir sem Eydís þarfnast í sínum búskap




1. Tölvuskápurinn í nýju húsunum: „Ég hef aldrei á ævinni séð svona marga víra og tengingar.“ Þar er stýringin á öllum tækjabúnaði sem viðkemur fóðrun, loftræstingu, lýsingu og fleira.

2. Síminn: Hægt er að fylgjast með tækjabúnaðinum og fá upplýsingar um allt sem viðkemur líðan fuglanna með appi í símanum. Þá gefa myndavélar yfirsýn og þau fá tilkynningar ef eitthvað er að.



3. Bobcat skotbómulyftari: „Ég myndi aldrei geta gert þetta ef ég ætti ekki Bobcat.“ Það séu mikil forréttindi að eiga slíkt tæki.



4. Vatnskranar: „Maðurinn minn myndi örugglega segja að við gætum ekki verið í okkar búskap ef það væri ekki til fyrirbæri sem heitir krani.“



5. Viftur: „Ég held að það séu nítján viftumótorar í einum eldissalnum.“ Vegna öflugrar loftræstingar er nær engin lykt hjá kjúklingunum.



Stærsta einingin á Vatnsenda getur rúmað allt að fjórtán þúsund fugla.

„Opnið bara eyrun – hlustið – ef konan vill segja eitthvað. Þótt hún sé kona þá getur hún verið bóndi og hún hefur skoðun og það eru allar líkur á því að það komi einhver frábær hugmynd út úr samtalinu.“

Hefur ekkert að fela

Oft er talað um alifuglarækt sem verksmiðjubúskap, en Eydís segir ekki hægt að flokka neitt kjúklingabú á Íslandi á þann hátt í samanburði við þær stærðareiningar sem þekkjast erlendis. „Búið mitt er bara upp í nös á ketti. Stærsta húsið mitt tekur fjórtán þúsund fugla á meðan venjuleg stærð á húsum úti er að taka þrjátíu þúsund.“

Vegna öflugra sóttvarna er alifuglaræktin mjög lokuð og er það í huga Eydísar möguleg skýring á að stundum sé neikvætt umtal. Það skiptir hana miklu máli að sýna fram á að þau hafi ekkert að fela og því útbjuggu Eydís og Ingvar stóran glugga í anddyrinu að nýju eldihúsunum svo fólk gæti séð fuglana án þess að af því skapaðist sýkingarhætta. Sóttvarnir og einangrun Íslands hefur að mati Eydísar skilað sér í afar hreinni framleiðslu því ekki þurfi að nota lyf eða bólusetningar eins og tíðkast í flestum öðrum löndum.

Geta ekki farið án ráðstafana

Dagsdaglega eru engir starfsmenn

ádrir en Eydís og Ingvar sem sinna búrekstrinum. Þau eiga góðan nágranna sem aðstoðar við ýmis verk þegar þarf og þar að auki kemur flokkur vinnumanna til að sækja kjúklinginn þegar kemur að slátrun.

Þau geta ekki brugðið sér af bæ án þess að gera ráðstafanir, því það þarf alltaf að vera hægt að grípa í taumana ef eitthvað kemur upp á. Þá eiga þau ekki auðvelt með að fara í lengri frí þar sem í nánast hverri viku klárar einn hópur sitt eldi og þá þarf að þrifa og gera klárt fyrir næsta sem er svo alinn í 33–35 daga. Álagið er stöðugt og er enginn árstíðarmunur í búskapnum.

Fuglarnir hafa aðgang að vatni og fóðri allan sólarhringinn. „Þeir eru alveg sjálfbjarga án okkar ef allur búnaður virkar eins og til er ætlast, en við fylgjumst með mörgum smáatriðum til að þeir dafni og líði vel. Ef við hugsam ekki um þá, þá hugsa þeir ekki um okkur,“ segir Eydís og vísar til þess að með aukinni velferð dýranna eykst hagnaðurinn af rekstri búans.

Grípur í verk í smiðjunni

Samhliða kjúklingabúinu er Vélsmiðja Ingvars Guðna (VIG) rekin á Vatnsenda. Ingvar er menntaður vélsmiður og hefur verið í þessum rekstri síðan um aldamótin. Þar er nú framleiðsla á



Eydís hikar ekki við að taka að sér verk í smiðjunni.



Tvö ný kjúklingahús voru tekin í notkun árið 2021 sem þrefaldaði framleiðslugetuna.

hliðum, hliðgrindum, gjafagrindum, þvottasúrum og ýmsum verkfærum.

Eydís hikar ekki við að sinna verkum í smiðjunni, þótt hún taki fram að hjónin séu ekki alveg jafnvíg á því sviði. Ingvar sé ótrúlega þolinmóður að sýna henni og kenna og því eru ákveðin verk sem hún getur hlaupið í með litlum fyrirvara.

Að auki við að laus tími frá bústörfum fari oft í vinnu í stálsmiðjunni, þá skiptir það hjónin miklu máli að eiga gæðastundir með fjölskyldu og vinum, en þau eiga þrjú börn.

Dísillinn á Instagram

Eydís vakti nokkra athygli þegar hún gaf innsýn í búskapinn sinn í byrjun árs í gegnum Instagram Bændablaðsins. Á þeim vettvangi ber hún notendanafnið „disillinn“



Einkanúmer með gælunafni Eydísar.

sem hún segir vera eitt af hennar gælunöfnum.

Aðspurð út í uppruna þess segist Eydís vera kölluð Dís en á fyrstu árum sambúðarinnar hjá henni og Ingvari kom nafnið Dísill fram í gríni. Hún sannfærði svo eiginmanninn um að þau fengu sér einkanúmer með þessu gælunafni, sem þau settu fyrst á smábíl með bensínvél, en nú hafa þau fengið sér dísilbíl sem ber númerið Dísill.



Eydís og Ingvar Guðni tóku formlega við búinu árið 2016.



Speedfit® hraðtengi



SJÁ NÁNAR
Á LOFT.IS

Fjölbreyttar lausnir í lagnakerfum þar sem enginn sérhæfð verkfæri þarf til uppsetningar

John Guest Speedfit lagnakerfið er með hraðtengjum sem einfaldlega er smellt sama. Lagnakerfið hefur verið vinsælt meðal bænda um allan heim vegna þess hve fljótlegt og hagkvæmt það er í uppsetningu.




Hjallabrekka 1 - Dalbrekkumegin | S: 564 3000



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Vortilboð

Steinar úr graníti.

Tilboð 1-5, val um grátt eða svargrátt.

Allt innifalið samkvæmt myndum,

uppsetning á höfuðborgarsvæði

og Norðurlandi fylgir eða

frí sending um allt land.

Geymum steina ef óskað er.

Tilboð 1

640.000

án blómaramma

530.000



Tilboð 2

565.000

án blómaramma

455.000



Tilboð 3

460.000

án blómaramma

360.000



Hægt að setja 2 nöfn

Tilboð 4

185.000

230.000

með lukt og ledljósi



TILBOÐ 6

Demantur - passar líka á duftleiði

149.000 (199.000 með lukt)



Svartur



Paradiso

Tilboð 5

185.000

230.000

með lukt og ledljósi



Blár



Grár

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is
Verzlun Njarðarnes 4, 603 Akureyri

Hrossarækt:

Glittir í kynbótamat keppnisgagna

Undanfarin ár hefur af og til verið rætt um það að bæta eigi keppnisgögnum við kynbótamat íslenska hestsins. Nú glittir í að það gæti orðið að veruleika, því undanfarið ár hefur verið unnið markvisst að því að undirbúa kynbótamat hrossa byggt bæði á metnum eiginleikum í kynbótadómi og keppnisgögnum.

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is



Uppruna þess að nýta keppnisgögn inn í kynbótamatið má rekja aftur til ársins 2010 þegar dr. Elsa Albertsdóttir varði doktorsverkefni sitt. Sameinað kynbótamat fyrir kynbótadóma og keppnisgögn, þar sem hún sýndi fram á það að hægt væri að nota keppnisgögn í kynbótamati hrossa.

Í lok árs 2022 veitti Fagråd í hrossarækt styrk úr stofnverndarsjóði með það að markmiði að fullvinna verkið. Gísli Guðjónsson var settur verkefnastjóri og hans helstu samstarfsmenn eru þau dr. Þorvaldur Árnason og dr. Elsa Albertsdóttir. Þorvaldur var fyrstur til að koma fram með BLUP-aðferðina sem við notum enn í dag til að meta kynbóttagildi hrossa.

„Af ýmsum ástæðum hefur þetta ekki orðið að veruleika fyrr og þar má kannski helst nefna að keppnisgögn hafa ekki verið jafnaðgengileg og þau eru í dag. Elsa leitaði til mín síðla árs 2022 með það að markmiði að klára þessa vinnu og í dag má segja að nýtt kynbótamat sé tilbúið og nú á í raun bara eftir að taka ákvörðun um hvort eigi að nota það eða ekki,“ segir Gísli.

Fleiri upplýsingar auka öryggið

Í þessu nýja kynbótamati bætast við keppnisgögn frá árinu 2006 við núverandi gögn úr kynbótadómi. Ástæða þess að 2006 er upphafsár þeirra gagna sem eru notuð úr keppni, er sú að það ár var FIPO leiðarinn innleiddur í íþróttakeppni og reglur voru samræmdar milli aðildarlanda FEIF. Notast er við keppnisgögn frá WorldRanking íþróttamótum, gæðingakeppni á stórmótum og skeiðgögnum á viðurkenndum mótum.

„Með því að bæta keppnisgögnum við núverandi kynbótamat fást ekki eingöngu mikilvægar upplýsingar um notkun hestsins og árangur í keppni heldur einnig aukid öryggi, því fleiri gögn sem liggja að baki útreikningum, því meira öryggi. Kynbótamatið mun svo að sjálfsögðu byggja á þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi um hvern einstakling byggt á kynbótadómi og keppnisárangri eða hvort tveggja.

Vegna sterkrar erfðafylgni milli keppniseiginleika og þeirra eiginleika sem dæmdir eru í kynbótadómi, er greinilegt að veigamiklar upplýsingar um ræktunartakmark íslenska hestsins munu bætast við núverandi kerfi með þessari viðbót,“ segir Gísli.

Nýju eiginleikumunum bætt við núverandi viðmót

Hvað varðar upplýsingagjöf um þessa nýju eiginleika mun notendaviðmótið í WorldFeng vera eins og við þekkjum það í dag nema til viðbótar verður birt kynbótamat fyrir keppniseiginleika í fjórgangsgreinum, fimmgangsgreinum, skeið- og töltkeppni. Innan töltkeppninnar verða gögn úr töltkeppnisgreinum T1, T3, T2 og T4. Í fimmgangi verða gögn úr F1, F2 og A flokki. Í fjórgangi er V1, V2 og B flokkur og í kynbótamatinu fyrir skeiðkeppni verða gögn úr 250 m, 100 m og gæðingaskeiði.

„Notendaviðmótið verður mjög auðlæsilegt ræktendum, byggt á þeim gögnum sem við höfum um hrossin, hversu líkleg þau eru til að gefa af sér keppnishross og/eða hvernig þau munu koma til með að standa sig í keppni sjálf.

Hestur sem mætir í kynbótadóm mun auka öryggi sitt í keppniseiginleikumunum, sem dæmi fái hann 10 fyrir tölt, 9,5 fyrir hægt tölt og fegurð í reið er hann líklegur til að vera hár í kynbótamati sem keppnishestur í tölti. Þetta mun allt vinna saman,“ segir Gísli.



Gísli er sannfærður um að hið nýja kynbótamat gæti orðið gagnleg viðbót við núverandi kerfi. Það gæfi hrossaræktendum ennþá öruggari upplýsingar til að styðjast við, sem yrði mikil lyftistöng fyrir íslenska hrossarækt. Mynd / hf

Horft til næsta hausts

Þeir Gísli og Þorvaldur kynntu verkefnið fyrir Fagráði í byrjun árs og eru því næstu skref í þeirra höndum.

„Verkefninu sjálfu er í raun lokið af okkar hálfu og nýtt kynbótamat tilbúið til notkunar. Við erum þó

tílbúinir að fylgja því lengra og halda áfram að velta við steinum og skoða það hvað þessi breyting hefur í för með sér.

Fagråd hefur fengið kynningu á verkefninu og það stendur til að stofna rýnihóp sem samanstendur af Fagráði og völdum aðilum til að skoða þetta nánar og í kjölfarið taka ákvörðun um hvað gera skal. Við teljum þó einnig mikilvægt að kynna þetta vel fyrir hrossaræktendum og fá þeirra sýn á málin. Samtalið við sjálfa ræktendurna verður oft til þess að spurningar koma fram sem þarf að svara og skoða nánar.“

Aðstandendur verkefnisins vonast til þess að hægt verði að bæta við þessum viðbótarupplýsingum í lok þessa árs eftir að kynbótasýningum er lokið og búið er að verðlauna afkvæmahross.

„Það er alltaf þannig að ekkert er fullkomið og það má rýna betur í hlutina en við höfum, að eigin mati, vandað vel til verka. Þorvaldur hefur séð um alla útreikninga í þessu



Gísli Guðjónsson.

verkefni og er hann búinn að vanda hvert einasta skref í útreikningum eins og honum einum er lagið. Ég er sannfærður um það að þetta yrði frábær viðbót við núverandi kerfi og gæfi hrossaræktendum enn þá öruggara og meira upplýsandi kynbótamat að styðjast við og gæti orðið mikil lyftistöng fyrir íslenska hrossarækt,“ segir Gísli.



LYKLAKLÁR GÆÐAHÚS Á GÓÐU VERÐI

Glæsileg hús með mikla möguleika

Framleidd innandyrá við góð skilyrði, koma fullbúin í einingum tilbúin til notkunar. Vistvæn viðarhús framleidd úr bestu fánlegum hráefnum. Fjöldmargir möguleikar í stærðum, húsgerðum og frágangi; frá kofum til hóteleininga, tilvalið fyrir starfsmannagistingu. Afhendingartími 6-12 vikur.

Traust, þjónusta, áreiðanleiki

Modularhus.is

info@modularhus.is

Bæklingur með verðum:



Plokkað 28. apríl

Stóri plokkgalurinn verður haldinn um allt land sunnudaginn 28. apríl næstkomandi.

Rótaryhreyfingin á Íslandi hefur undirritað samstarfssamning til þriggja ára við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Landsvirkjun um Stóra plokkgalinn.

Dagurinn var fyrst haldinn árið 2018 en á síðasta ári tók Rótaryhreyfingin þátt í að skipuleggja plokkiðburði hjá nokkrum Rótaryklúbbum á landinu.

Í kjölfarið var ákveðið að gera daginn að lykilumhverfisverkefni starfsársins. „Landsvirkjun og ráðuneytið hafa frá upphafi stutt Stóra plokkgalinn en með samstarfssamningnum hefur deginum verið tryggt bakland til næstu þriggja ára og með aðkomu Rótaryhreyfingarinnar verður til kraftmikil umgjörð og heildarskipulag á landsvísu,“ segir Einar Bárðarson, yfirplokki Íslands.

Stóri PLOKK DAGURINN #PLOKK2023

/mhh



LANDSINS MESTA ÚRVAL AF SÁÐVÖRU

Sáðvara fyrir íslenskar aðstæður!



BELGJURTIR

Þú getur minnkað niturþörf með notkun á smárum og ertum í tún- og grænfóðurrækt



GRASFRÆBLÖNDUR

Smáratúnsblöndur, Ísáningarblanda, Vallarfoxblanda og fleiri úrvals túngrasablöndur fyrir íslenskar aðstæður



BYGG

Gott úrval og nægt framboð af gæðabyggsáðkorni



GRÆNFÓÐUR

Sumarhafrar, rýgresi, vetrarrepja o.fl. í úrvali

Kynntu þér sáðvöruúrvalið í nýjum sáðvöruhlusta Líflands og leitaðu til sölufólks okkar með þínar fræparfir www.lifland.is/sadvara

Skannaðu QR kóðann með myndavélinni í símanum og skoðaðu sáðvöruhlustann sem er fullur af áhugaverðum valkostum!



HEYVERKUN

Búskapur er heyskapur!

Lífland býður upp á fjölbreytta valkosti þegar kemur að rúlluplasti, rúlluneti, stæðuplasti og öðrum heyskaparvörum. Þegar heyforði vetrarins er undir borgar sig að velja vel. Lífland býður upp á vörur sem gefið hafa góða raun á Íslandi um langt árabíl.



AgraStretch 2S rúlluplast

- Nýjung hjá Líflandi!
- Frá BSK & Lakufól í Þýskalandi
- Fimm laga plast 75cm x 1500m
- 25 míkron að þykkt
- Fæst í þremur litum



MegaStretch rúlluplast

- Íslenskir bændur þekkja MegaStretch
- 15 ára reynsla!
- Fimm laga plast 75cm x 1500m
- 25 míkron að þykkt
- Fæst í þremur litum



ecoAGRO 100% endurunnið rúlluplast

- Gæðaprófað við íslenskar aðstæður!
- Enginn marktækur munur á verkun og geymslu í samanburði við vel þekkta tegund á markaði
- 75cm x 1500m
- 25 míkron að þykkt
- Fæst í hvítu

Bandaríkin:

Ræktaði stökkbreytt risasauðfé sem veiðibráð

– Hlýtur fangelsisdóm og háa sekt fyrir genafikt og dýranið

Bóndi nokkur í Montana í Bandaríkjunum á yfir höfði sér fangelsisdóm fyrir áætlanir um að rækta stökkbreytt og risavaxið sauðfé sem veiðibráð fyrir skotveiðimenn.

Bandaríska dómsmálaráðuneytið greindi frá því um miðjan mánuð að bóndinn, Arthur Schubarth, sé sakaður um að hafa ræktað mikið stökkbreytt sauðfé og haft áform um að selja dýrin sem veiðibráð til veiðimanna fyrir gríðarlegar fjárhæðir. Játáði Schubarth, áttæður bóndi og búgarðseigandi í Vaughn, Montana, á dögnum sök í réttarhöldum í Great Falls.

Saksóknarar sýndu fram á að Schubarth hefði stundað ólöglega starfsemi með því að nýta erfðafni úr Marco Polo argali-sauðfé (Ovis ammon polii), tegund sem upprunnin er í Mið-Asíu og nýtur alþjóðlegrar verndar sem tegund í útrýmingarhættu, til að rækta blendingsfé í viðskiptalegum tilgangi. Marco Polo argali-sauðfjártegundin er talin einstök vegna mikillar stærðar og tilkomumikilla horna.

Flutti inn vefi og eistu

Lýsa dómskjöl leynilegu verkefni, sem spannað hafi árin 2013 til 2021, og tengir Schubarth og að minnsta kosti fimm aðra við áætlun um að rækta mjög stórvaxnar blendingskindur og græða stórfé á að selja þær sem veiðibráð.

Hinn 215 hektara búgarður Schubarths, sem sérhæfir sig í viðskiptum með og ræktun á „úrvalsúfú“, ekki síst sem bráð fyrir veiðimenn, er sagður hafa verið miðstöð þessa ólöglega laumuspils. Saksóknarar segja sannað að Schubarth hafi ólöglega flutt inn vefi og eistu úr Marco Polo argali-sauðfé, stærstu sauðfjártegund í heimi. Sendi hann erfðafni til rannsóknastofu til að búa til klóna fósturvísna. Hann græddi svo fósturvísana í ær



Sannað þykir að erfðafni úr Marco Polo argali-sauðfé, hinu stærsta og hornprúðasta í heimi, hafi verið notað til að rækta stökkbreytt Montana Mountain King-sauðfé, með algerlega ólöglegum hætti.

Mynd / Montana Fish Wildlife and Parks

á búgarði sínum og varð m.a. úr því blendingshrútur sem nefndur er Montana Mountain King (MMK). Sæði hans var notað til að búa til afkvæmi með tæknifrjóvgun ýmissa ærtegunda, sem allar eru óleyfilegar í Montana.

Verslaði með erfðafni fleiri tegunda

Dómstóllinn tók jafnframt fyrir ásakanir á hendur Schubarths um milligöngu við að selja afkvæmi MMK fyrir háar fjárhæðir.

Til að sniðganga lagalegar hindranir höfðu Schubarth og félagar hans m.a. falsað skoðunarvottorð dýralækna. Aukinheldur mun Schubarth hafa selt sæði úr MMK til sauðfjártegunda í öðrum ríkjum, og þannig enn frekar bitíð höfuðið af skömminni.

Schubarth er harkalega gagnrýndur fyrir að stofna upprunalegum sauðfjártöfum Montana í hættu og brjóta jafnt

alþjóðleg lög sem alríkislög, sem ætlað er að vernda tegundir í útrýmingarhættu. Bandarísku Lacey-lögin, hornsteinn löggjafar um verndun villtra dýra, banna með öllu viðskipti með villt dýr sem fengin eru með ólöglegum hætti.

Ólögleg starfsemi Schubarths var ekki einskorðuð við Marco Polo argali-sauðkindina. Dómskjöl leiða einnig í ljós þátttöku Schubarths í verslun með erfðafni úr Rocky Mountain Bighorn-sauðfé, annari verndaðri tegund upprunninni í Norður-Ameríku. Yfirmaður dýravelferðar í Montana hefur í kjölfar málsins lýst þungum áhyggjum af afleiðingum slíkrar glæpastarfsemi á stofna villtra dýrategunda í ríkinu.

Fyrir hvern ákærulið á Schubarth, að sögn bandaríska dómsmálaráðuneytisins, yfir höfði sér fimm ára fangelsisvist, rúmlega 34 milljóna króna sekt og þriggja ára skilorð undir eftirliti.

/sá



Um síðustu aldamót var vitað um eina úlfahjörð í Þýskalandi. Í fyrra voru þær nær tvö hundruð.

Mynd / Thomas Bonometti

Uggandi yfir fjölgun úlfa

Fjölgun úlfa í Evrópu er orðin raunveruleg ógn við bændur á meginlandinu.

Úlfahjörðum hefur fjölgað jafnt og þétt í Evrópu á síðastliðnum árum eftir að þeir hlutu lagalega vernd í Evrópusambandslöndunum. Hefur það haft í för með sér að útbreiðsla þeirra er að aukast aftur en til dæmis hefur sést til úlfa bæði í Danmörku og Belgíu sem höfðu ekki sést þar í meira en 150 ár. Eru þeir nú orðin mikil ógn við landbúnað, sérstaklega á ákveðnum svæðum í Evrópu.

Ein af helstu ástæðunum er talin vera sú að endurheimt villtrar náttúru hefur verið víða á stefnuskránni innan Evrópusambandsins. Samkvæmt Kjörlandstilskipuninni frá 1992 og Bernarsáttmálanum frá 1979 hljóta gráulfar sérstaka vernd (e. strictly protected) og er alla jafna bannað að veiða þá.

Í dag er talið að meira en 20.000 úlfar séu á meginlandi Evrópu og fari ört fjölgandi. Eins og áður sagði var Holland nær laust við úlfa í nokkur hundruð ár en nú finnast þar í landi nú úlfapör sem talið er að hafi komið á legg 39 yrðlingum á síðasta ári. Talið er að á síðasta

ári hafi verið um 184 úlfahjarðir í Þýskalandi en um síðustu aldamót er talið að ein úlfahjörð hafi verið þar í landi. Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, hefur varað við þeim ógnum sem stöðja af fjölgun úlfa í Evrópu. „Styrkur úlfahjarða á sumum svæðum í Evrópu er orðin raunverulega hættu, sérstaklega fyrir búfænað,“ lét hún hafa eftir sér og hefur hvatt bæði ríkisstjórnir og sveitarstjórnir til að grípa til aðgerða eftir því sem þurfa þykir.

Talið er að smáhestur von der Leyen, Dolly, hafi orðið fyrir úlfarárás árið 2022 og málið standi henni því nærri. Þó er ekki um einkaframtak hennar að ræða en bændur víða um álfuna hafa kallað eftir auknum heimildum til að veiða úlfa. Framkvæmdastjórn ESB hefur nú lagt fram tillögu um að lagalegri vernd úlfa verði breytt þannig að bændur og sveitarstjórnir fái aukin réttindi þegar kemur að því að verja búfænað sinn. Talsfólk endurheimtar villtrar náttúru hafa mælt með því að í stað þess að breyta lagalegri vernd úlfa eigi bændur að þetta rafmagnsgirðingar sínar. /hf



Kjöt pýpöngslanga mun bragðast eins og kjúklingur. Mynd / Tontan Travel - Flickr

Kyrkislöngubúskapur vænlegur kostur

Framleiðsla á kyrkislöngukjöti er talin geta bætt fæðuöryggi. Þessi búskapur er loftslagsvænni leið til framleiðslu á kjöti samanborið við hefðbundið búfé.

Sérfræðingar telja framleiðslu kyrkislöngukjöts raunhæfan kost í sunnanverðri Afríku þar sem búfé hefur verið að dreypast vegna þurrka. Þá er ekki talið ólíklegt að slíkur búskapur geti gengið vel í Asíu þar sem fólk er óhrætt við að borða kyrkislöngukjöt. Frá þessu er greint á vef The Guardian.

Nokkrar tegundir kyrkislöngu eru taldar hentugar til landbúnaðarframleiðslu. Þar má nefna búrmönsku kyrkislönguna, möskvakyrkislönguna og suður-afrísku klettakyrkislönguna. Þessir snákar geta lifað í heilan mánuð án þess að komast í annað vatn en morgundöggina sem sest á hreistrið.

Þá geta slöngurnar þraukað í heilt ár án þess að neyta fæðu. Skepnurnar yrðu ekki fangaðar í náttúrunni, heldur látnar klekjust úr eggjum á ræktunarbúum.

Ekki er talað um að leysa hefðbundið kjöt af hólmi með þessari framleiðslu, heldur sé snákakjöt góð viðbót til að efla fæðuöryggi.

Mun loftslagsvænna er að framleiða prótein úr kyrkislöngukjöti en rauðu kjöti, kjúklingakjöti eða laxi. Það má rekja til þess að kyrkislöngur þurfa mun minna vatn, framleiða umtalsvert minna af gróðurhúsalofttegundum, eru þolnari við öfgum í veðurfari og eru ekki smitberar á sóttum eins og fuglaflensu og Covid-19.

Gagnrýnendur segja nærtækara að framleiða prótein úr jurtaríkinu í staðinn fyrir ræktun kyrkislöngukjöts. /ál



Þú færð Kubota hjá okkur



PÓR!

Með þér í meira en 60 ár

Reykavík, Akureyri og Selfossi
Thor.is s: 568 1500

Vísindi:

Þokast í sýklalyfjarannsóknum

Vísindamenn hafa uppgötvað nýjan flokk sýklalyfja sem mögulega drepa eina af þeim þremur sýklalyfjaónæmu bakteríum sem taldar eru vera meiri háttar ógn við heilsu fólks vegna mikils lyfjaónæmis.

Sýklalyfjaónæmi er skilgreint meðal tíu helstu heilbrigðisógná í heiminum í dag.

Á vísindafréttavefmiðlinum Livescience segir að nýja lyfið, Zosurabalpin, beinist að CRAB (Carbapenem-ónæmum Acinetobacter baumannii), sem sýnir ónæmi fyrir flestum núverandi sýklalyfjum. Zosurabalpin vinni bug á CRAB með því að nota árársaðferð sem hafi aldrei sést áður í sýklalyfjum. Lyfið er sagt hafa unnið á afar ónæmum undirgerðum CRAB í músnum sem þjáðust af lungnabólgu og sýklasótt. Zosurabalpin er nú í fyrstu prófunum á mönnum.

Ein af þremur negld

„Kosturinn við nýjan flokk fullkomlega tilbúinna sýklalyfja er að bakteríur hafa aldrei komist í kynni við þau,“ segir Kenneth Bradley, einn af þróunaraðilum lyfsins og yfirmaður smitsjúkdómarannsókna hjá svissneska lyfjafyrirtækinu Roche, við Live Science. Þannig geti núverandi varnir sem CRAB noti til að verjast sýklalyfjum ekki hindrað árársir nýja lyfsins.

Bradley og samstarfsmenn við Roche og Harvard-háskóla birtu tvær greinar laust eftir áramót í tímaritinu Nature þar sem lýst er uppgötvun og virkni nýja sýklalyfsins.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint CRAB í hæsta varúðarflokk baktería sem nauðsynlegt sé að rannsaka og þróa ný lyf gegn, ásamt tveimur til viðbótar: umhverfisbakteríum (Pseudomonas aeruginosa) og þarmabakteríum (Enterobacteriaceae).

Þá hefur CRAB verið skilgreint sem veruleg ógn í Bandaríkjunum vegna mikillar mótstöðuhæfni. Örveran veldur sýkingum í blóði, þvagfærum, lungum og sárum og stafar sérstakri hættu af henni fyrir fólk með veikt ónæmiskerfi og þá sem þurfa á aðaleggjum eða öndunarvélum að halda, svo sem inni á heilbrigðisstofnunum.

Engin ný sýklalyf gegn umræddum bakteríum munu hafa komið á markað sl. 50 ár.

Mun ekki uppræta sýklalyfjaónæmi

Segir Andrew Edwards, sérfræðingur í sameindalíffræði við Imperial-háskólann í London, í samtali við Guardian um málið, að CRAB sé hættulegur sýkingarvaldur á sjúkrahúsum. „Þótt CRAB sé ekki ágeng baktería er hún ónæm fyrir mörgum mismunandi sýklalyfjum og því erfitt að meðhöndla hana,“ segir Edwards.

„Þróun nýrra meðferða gegn bakteríunni hefur því miður verið mjög krefjandi þar sem hún er lagin við að hleypra sýklalyfjum ekki gegnum ytra frumulag sitt, varnarmúr sem er m.a. gerður úr fitufjölsykrum (LPS), sem gerir bakteríunum bæði kleift að komast af í fjandsamlegu umhverfi og forðast atlögur ónæmiskerfisins. Þessi nýja uppgötvun er því mjög áhugaverð og gefur vísbendingar um að þær aðferðir sem notaðar eru til að finna ný sýklalyf geti orðið árangursríkar,“ sagði Edwards.



Acinetobacter baumannii.

Zosurabalpin hindrar fitufjölsykruna í að berast í varnarmúr bakteríunnar sem gerir það að verkum að hún deyr. Uppgötvunin er ekki talin eiga eftir að uppræta sýklalyfjaónæmi

en sé mikilvægt lóð á vogarskálar í þróun nýrra lyfja gegn fjölmörgum bakteríum.

Því er við að bæta að þverfaglegur starfshópur skipaður af stjórnmöllum skilaði fyrir skömmu af sér tillögum sem fela í sér fimm ára ítarlega aðgerðaáætlun um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi hérlandis.

Gangi þær eftir munu þær snerta menn, dýr, umhverfi og matvæli og einkum verða í formi fræðslu, gagnaöflunar og að minnka og straumlínulaga sýklalyfjanotkun til að varðveita virkni þeirra sýklalyfja sem til eru. /sá



Mótmælt í Færeyjum

Færeyskir bændur fjölmenntu til Þórshafnar á þrjátíu og þremur dráttarvélum til að mótmæla.

Þeir vildu lýsa yfir andstöðu sinni við lagafrumvarp Högna Hoydal vinnu- og atvinnuáráðgjafarinnar um sjálfbæra ferðaþjónustu. Mótmælin fóru fram þegar frumvarpið var tekið til fyrstu umræðu í lögbæinginu að morgni þriðjudagsins 19. mars. Frá þessu er greint á vef Kringvarp

Føroya. Bændurnir fóru ekki erindisleysu til höfuðborgarinnar, en þegar þingfundi lauk um kvöldið var búið að leggja til breytingar á frumvarpinu.

Erhard Joensen, formaður atvinnuveganefndarinnar, tjáir fjölmiðlum að lagafrumvarpið verði tekið til ítarlegrar endurskoðunar áður en það verði sent til næstu umræðu. /ál

ER KOMINN TÍMI
Á NÝTT GLER ?

VIÐ FRAMLEIÐUM GLER
EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

- EINANGRUNARGLER
- SÓLVARNARGLER
- HLJÓÐVARNARGLER
- ÖRYGGISGLER
- HAMRÆÐ GLER
- HERT GLER
- LAKKAÐ GLER
- STURTUGLER
- SPEGLAR



SMIÐJUVEGI 7
200 KÓPAVOGI
SÍMI 54 54 300
ISPAN.IS

Njarðvík eystri:

Furðuskepnan lifir góðu lífi

– Tveir hrútar í einum og sá einhyrndur í þokkabót

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Í Njarðvík, norðan Borgarfjarðar eystri, býr bóndinn Andrés Hjaltason. Hann hugar að sauðfjárrækt og ýmsum uppfinningum auk þess sem hann hefur furðuskepnu á húsi.

„Veturinn hefur verið ágætur, heldur verið vindasamt, og svo kemur þetta í köflum, gott og vont,“ segir Andrés bóndi í Njarðvík og bætir við að reyndar hafi á þörtum verið byljasamt og mikið af lausamjöll á ferðinni. Snjóalög þó ekki veruleg.

Hann segir samfélag bænda á svæðinu mjög gott. Samstaða sé mikil og góð hjálp sé milli bæja í öllu sem snúi að bústörfum, hvort heldur í fósturtalningu eða öðru. Vel gangi að smala. Þá hafi arfgerðamálin verið mönnum hugleikin, þar eins og víðar. Sem betur fer hafi verið til staðar allnokkrir lambhrútar. „Ég fór með einar tólf rollur milli bæja til kunningja, reyndar ekki í sæðingar, ég ætla að láta þetta duga til að byrja með. Einn var með um fimmtíu ær undir svoleiðis og sá gæti fengið ein hundrað lömb,“ segir Andrés.

Tveimur skepnum skeytt saman

Erindið var þó að spyrja um furðuskepuna. Andrés á frægan hrút á heimilinu.

„Hann heitir Helmingur, fæddur 2021 og þykir stórmerkileg skepna,“ útskýrir hann. „Helmingur er tvískiptur á lit: grár öðrum megin og ljós hinum megin. Það er bara skorin rák eftir honum endilöngum, þú gætir skorid hann í tvo jafna hluta eftir litahelmingunum. Þetta er mjög sérstakt þó að þekkt séu einstök tilfelli þessa í heiminum. Hann er ekki fjárhúrur, nema bara settur á út af þessu, það koma ágætis lömb undan honum en þau voru bara svört og hvít.“

Annað er það að vorið sem hann fór á fjall var hann kollóttur en þegar hann kom heim um haustið til réttar þá var horn öðrum megin en kollótt hinum megin. Hann er sem sagt bara með sitt hvort genið, held ég,“ segir Andrés.

Foreldrar Helmings voru bæði kollótt og hvít en hann birtist svo helmingaður: Dökkur og ljós; einkum frá snoppu og aftur á dindil eru skilin hnífskörp en ekki eins á bakinu og fram á haus.

Andrésí finnst heldur lítill áhugi á að rannsaka hann betur og botnar ekki alveg í því. „Ég er búinn að senda mörg sýni úr honum og meira að segja alla leið til Nýja-Sjálands. En ég hef fengið óskaplega lítið út úr því nákvæmlega hvað hann er merkilegur. Ég tími allavega ekki að lóga honum og var að hugsa um að bjóða þeim í Húsdýragarðinum hann. En Helmingur er mjög sérstakur, eiginlega dýrvitlaus. Bæði leiðinlegur og vondur,“ bætir hann við. Helsta kenningin um furðulegt sköpunargæði er að farið hafi af stað tvö frjóvguð egg, þau svo runnið saman í móðurkviði og myndað eitt fóstur. Mun það ferli kallað kímara í erfðafræði, er afar sjaldgæft en þekkt þó í dýraríkinu. Þá renna tvær okfrumur saman og mynda fóstur með erfðaeftni tveggja einstaklinga.

Rannsaka efnainnihald sauðamjólkur

Dóttir Andrésar, Heiða Sigrún, stundar nám við Landbúnaðarháskóla Íslands. Í mörg ár hefur það verið draumur hjá Andrési að rannsaka innihald mjólkur í sauðfé og mjólkurlægni, nánar tilgreint hverju þar munar milli áa. Hann vonast



Andrés Hjaltason, bóndi í Njarðvík eystri, með hrút sinn Helmingur. Er sá kynjaskepna og sjaldgæft tilfelli. Sökum sérstöðu sinnar fær Helmingur að lifa og er nú þriggja vetra.

Myndir / Aðsendar

til að Heiða Sigrún taki þetta sem útskriftarverkefni. „Þetta held ég að hafi aldrei verið gert á Íslandi,“ segir Andrés og bætir við til útskýringar: „Spurningin er af hverju sumar rollur eru alltaf með þyngri lömb en aðrar og ýmislegt svoleiðis. Við ætludum að taka sýni úr rollu, broddmjólk, og svo aftur eftir fjóra, fimm daga, og senda í rannsókn á Keldur til að vita innihald mjólkur; hversu mikið prótein væri, fita og annað. Okkur féllust svo eiginlega hendur af því að það kostaði 25 þúsund krónur að rannsaka eitt svona sýni.“

Þau feðgin séu að vinna í þessu máli og leiti styrkja í verkefnið. „Þá ætlum við að taka fimm ær sem alltaf skila góðu og svo einhverjar lufsur sem skila minna. Eins er það líka með stærð júgra. Maður hefur alltaf haldið að rollur með stór júgur væru að skila betri lömbum en í gegnum tíðina er það samt bara ekki þannig. Rollur með lítill og falleg júgur geta verið að skila betra heldur en einhver rolla með beljujúgur.“

Ég hef sem sagt ekki heyrt af því

að þetta hafi verið rannsakað og held að mál sé komið til hvað nákvæmlega þetta varðar,“ segir Andrés jafnframt. Einhverjar rannsóknir hafi þó farið fram í tengslum við að nota sauðamjólki í ostagerð.

„Þetta er stórmerkilegt, kúabændur eru búinir að lifa á mjólkurinnihaldi í fjörutíu, fimmtíu ár en ef við lítum á það þannig þá er þetta nákvæmlega sama hjá okkur sauðfjárbændum þótt á annan máta sé. En okkur langar sem sagt að vita hvort þarna sé einhver munur,“ segir hann.

Ferskur þari fyrir fengitíma eykur frjósemi

Andrés hefur verið að gera tilraunir með að fóðra ær sínar á þara til að auka frjósemi.

„Ég fór í Hjartarstaði í haust og náði mér í sýru, sem þeir nota til að súrsa bygg, því ég fór út í smá tilraunaverkefni. Ég fór sem sagt að gefa þara fyrir fengitímann. Í gamla daga var talið að það hefði



Andrés bóndi sýnir hvernig Helmingur er skipt frá puna á haus, þráðbeint eftir skepnunni endilangri, í svart og hvítt. Ljósá hliðin er hrynd, hin kollótt.



Hér sýnir hrúturinn Helmingur þrúður og einhyrndur sinn fegursta svip en eigandinn segir hann þó jafnan dýrvitlausan.



Njarðvík á Austurlandi. Þar er ágætt land og náttúran fögur.

Mynd / al

góð áhrif. Skúli Kristinsson, sem var fæddur og uppalinn í Húsavík, sagði að frjósemin á vorin hefði byggst á því að verið hefði þari í fjörunni fyrir fengitímann.“

Andrés fór út í það árið 2020 að kaupa þangmjól frá Reykhólum og segir það hafa alveg hreint svínvirkað. „En nú er ég að safna þara sjálfur, fór með gröfu niður á bryggju og mokaði þara upp á kerru og gaf svo bara á garðann. Ég byrjaði á að ná í nýjan og góðan þara og þær voru vitlausar í þetta!“

Ég var að gefa um það bil 200 kg á garða þara sem voru 80 ær. Svo náði ég reyndar seinna í þara sem var eldri og þær fengu hann niðursaxaðan, eins og salat bara. En þær voru ekki eins hrifnar af honum. Svo setti ég þara í sýru og þá átu þær það miklu betur. Ég sá það svo í talningunni núna um mánaðamótin að ferski þarinn fyrir 76 rollur skilar sex lömbum umfram tvö, svo það kom vel út að gefa hann á garðann,“ segir hann enn fremur. Sýruþarinn hafi þó litlu eða engu skilað í hækkaðri frjósemi.

Engar ansvítans kálrollur

Andrés er með um 320 fjár og hleypir út eins oft og gefur yfir veturinn. Hann er með fyrirmálsrollur og hefur verið í mörg ár.

„Þetta eru milli 70 og 80 rollur sem bera 23. apríl eða þar um bil,“ segir hann og útskýrir nánar: „Þá er ég laus við þær þegar sauðburðurinn byrjar og hef svo verið að lóga þeim fyrstu dagana í sláturhúsi af því að þær ganga allar á sama svæði og það tekur svona tvo til þrjá tíma að smala þeim á haustin. Þær

eru bara herna hinum megin við Njarðvíkurskriðurnar, Snotrunes og þar. Ég er ekki með mikið pláss í fjárhúsunum og hef gert þetta til að létta á mér á sauðburði. Sömuleiðis á haustin því vandamálið er að við erum lengi búin að vera seinust í röðinni hjá Norðlenska. Þá losnaði ég við þessi lömb því fóru utan kvóta; þetta voru frjalsir dagar. Ég var að lóga milli 100 og 140 lömbum og þá er ég ekki að liggja með þau lömb hér á haustin því þá hef ég bara ekki nóga beit hér á túnunum. Nema þá bara að þurfa að sleppa þessu út fyrir girðingar og ég er ekki með kál, ég er á móti því.“

En hví skyldi Andrés vera á móti kálinu? „Nú af því að þetta er bara ekki ætt kjöt,“ svarar hann að bragði. Það viti allir. „Þú getur ekki auglýst fjallalömb sem eru búin að vera á káli í sex, átta vikur! Ég segi að þessi kállömb eigi að vera með 20–30% minna verð og að auglýsa beri þau sem kállömb, sem þau eru. Þetta kemur fram í bragðinu. Eins og á sumum búum, t.d. á Suðurlandinu, þar sem bóndi var að státa af mestum afurðum eftir kind, hann hefur lógað öllum þessum lömbum á tveimur síðustu dögumum í sláturtíðinni og þá búinn að vera með þau á káli í átta vikur,“ segir Andrés með þunga og bætir við: „Og ábyggilega komið hrútabragð af hrútunum.“

Í hrútakaupum hjá Indriða á Skjaldfönn

Andrés er því ýmislegt að spekulera. „Ég lenti einhvern tímann í hrútakaup til Indriða á Skjaldfönn og við vorum þrjár eða fjórir að spjalla saman,“ segir hann og heldur áfram með sögunum: „Þegar við höfðum komið að bænum lá þar afvelta við hliðið og Indriði sagði að þetta væri mikið vandamál hjá sér. Ég sagði að hann ætti að reka niður tvo girðingarstaura og negla borð á þá. Þá þyrftu hann ekki að hafa neinar meiri áhyggjur af því að rollur færu afvelta. Og þetta er alveg sannleikur. Þær vantar eitthvað til að klóra sér á og yfirleitt fara þær yfir þegar þær eru að klóra sér, fara of langt.“

Einhverjar fleiri hugmyndir hafi komið til tals daginn þann á Skjaldfönn. „Ég fór líka að segja Indriða frá því að ég bjó til klaufsnýrtistól. Úr lítilli blárri tunnu sem ég bjó út þannig að þær sitja bara á rassinum í tunnunni og ég hef greiðan aðgang að fótunum.“

Á vorin klaufsnýrti ég, bóluset, skoða júgrað og gef ormalýf kannski í leiðinni fyrir sauðburðinn: geri þetta sem sé allt í einu. Indriði sagði sem svo við mig að ég væri fjölfróður gáfumaður,“ segir Andrés kíminn og hnýtir við að endingu: „Ég sagði nú við hann að ég væri bara barnaskólalenginginn.“

vfs.is

ALLT Í VORVERKIN

Á TILBOÐI TIL 16. APRÍL
... fyrir bílinn, pallinn og garðinn



VERKFÆRA
SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

ERTU ÚTI Á TÚNI MEÐ
SKIPULAGIÐ?



HAFÐU SAMBAND OG LÁTTU OKKUR
AÐSTOÐA PIÐ.



Ísold

SELHELLU 3, 221 HAFNARFJÖRÐUR

Stjórnvöld:

Horfið frá framleiðslutengdum stuðningi

– Stuðningskerfi íslensks landbúnaðar skoðað í samanburði við nágrannalönd

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Fyrirkomulag landbúnaðarstuðningskerfis á Íslandi mun taka miklum breytingum ef farið verður að tillögum sem fram koma í skýrslunni „Stuðningskerfi íslensk landbúnaðar: Markmið og leiðir“.

Skýrslan var unnin af Landbúnaðarháskóla Íslands að beiðni matvælaráðuneytisins og kom út þann 12. mars síðastliðinn. Höfundar hennar eru Torfi Jóhannesson, Jóhanna Gísladóttir og Þóroddur Sveinsson. Í tilkynningu matvælaráðuneytisins segir að skýrslan sé mikilvægt innlegg í þá umræðu sem fram undan er, en við endurskoðun búvörusamninga, sem lauk í janúar síðastliðnum, hafi verið samhljómur milli samningsaðila um að þörf væri á að hefja viðræður sem fyrst um starfsumhverfi landbúnaðar til framtíðar. „Horft er til meginmarkmiðs landbúnaðarstefnu Íslands til ársins 2040, að efla og styðja við íslenskan landbúnað og styrkja stöðir til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“, segir í tilkynningu matvælaráðuneytisins.

Stuðningur tengdur stefnumarkandi aðgerðum

Skýrsluhöfundar leggja til að allur landbúnaðarstuðningur verði skilgreindur með heildstæðum hætti í lögum og reglugerðum, að hann hverfi frá framleiðslutengdum stuðningi og að aðkoma hagsmunaaðila verði tryggð með öðrum hætti en lokuðum samningsfundum.

Lagt er til að stór hluti stuðningsins verði tengdur skilgreindum aðgerðum sem stuðla að uppfyllingu stefnumörkunar stjórnvalda á sviði land- og vatnsverndar og loftslagsmála og að fjárfestinga-, nýsköpunar- og



Skýrsluhöfundar leggja til að allur landbúnaðarstuðningur verði skilgreindur með heildstæðum hætti í lögum og reglugerðum, að hann hverfi frá framleiðslutengdum stuðningi og að aðkoma hagsmunaaðila verði tryggð með öðrum hætti en lokuðum samningsfundum.

Mynd / ghp

nýliðastuðningur verði stóraukinn. Þá verði horfið frá opinberum afskiptum af verðlagningu mjólkur og mjólkurafurða og að mótuð verði skýr stefna um hvernig tollvernd tengist öðrum landbúnaðarstuðningi, bæði hvað varða umfang og upphæðir.

Ráðast ætti í greiningarvinnu til að leggja mat á fýsileika svæðisbundinna stuðningsgreiðslna, bæði hvað varðar grundvöll svæðaskiptingar og stuðningsfyrirkomulags. Samkvæmt tillögum á einnig að móta skýra stefnu um hvernig stuðningskerfi landbúnaðarins geti

stuðlað að fæðuöryggi landsins og setja upp reglubundið mat á þróun fæðuöryggis.

Minni búgreinatenging í samanburðarlöndum

Skýrslunni er ætlað að vera heildargreining á árangri stuðningskerfis íslensks landbúnaðar, þar sem horft er til þeirra markmiða sem sett hafa verið, bæði í lögum og landbúnaðarstefnu. Þá er styrkjakerfið hér borið saman við landbúnaðarkerfi nokkurra erlendra ríkja sem talin eru

samanburðarhæf við Ísland er varðar landfræði, loftslag og samsetningu landbúnaðarframleiðslu. Fjallað er um styrkjaumhverfið í Evrópusambandinu, þar sem skoðað er sérstaklega Finnland, Svíþjóð og Austurríki, þá er landbúnaðarstuðningur í Noregi, Bretlandi og Nýfundnalandi í Kanada borinn saman við íslenskar aðstæður.

Í dag byggir stuðningskerfið á Íslandi á fjórum samningum samtaka bænda og ríkis, ásamt nokkrum öðrum styrkjaleiðum og fyrirgreiðslum. Í skýrslunni kemur fram að sambærilegt fyrirkomulag finnst ekki í samanburðarríkjunum. Næst kemst samningsfyrirkomulag í Noregi en þar gildir einn heildarsamningur.

Þar að auki væri ekkert samanburðarríkjanna með eins umfangsmikla búgreinatengingu og Ísland. „Búgreinatenging er mjög mikil en fleiri innlendir og erlendar skýrslur hafa bent á að búgreinatenging drægi úr sveigjanleika og aðlögunarhæfni“, segir í lokaorðum skýrslunnar.

Þá er komist að þeirri niðurstöðu að ekkert samanburðarríkjanna sé með eins lágt hlutfall stuðningsgreiðslna eyrnamerkt fjárfestingar- og nýliðunarstuðningi. Takmörkun á slíkum stuðningi hér á landi sé sérstaklega bagalegt þar sem búfjárhald á Íslandi krefst mikilla fjárfestinga og vaxtarstigið sé hátt.

Tenging stefnu og stuðnings óljós

Síðustu ár hefur átt sér stað mikil stefnumörkun innan málaflokka sem tengjast íslenskum landbúnaði, svo sem nýlega samþykkt landbúnaðarstefna og matvælastefna til ársins 2040. Í skýrslunni er skoðað hvernig markmið stjórnvalda endurspeglast fyrirkomulagi landbúnaðarstuðningsins eins og hann er núna. Meðal annars er skoðað hvernig styrkjakerfið styður við stefnu stjórnvalda í umhverfismálum, byggðarstefnu og nýliðun, auk stefnu stjórnvalda í fæðuöryggismálum og komist að því að tenging núverandi styrkjakerfis við gildandi stefnumarkanir sé óljós. Þannig séu umhverfistengdar

Hvað vilja bændur til framtíðar?

„Það er ágætt að fá fram þessa skýrslu Lbhí. Hvort það sé ástæða til að ætla að stuðningskerfi framtíðarinnar verði með því sniði



sem að skýrsluhöfundar leggja til er einfaldlega ekki tímabært að svara. Mikil vinna er fram undan og það skiptir öllu máli að gera sér grein fyrir hvað það er sem bændur vilja gera til framtíðar,“ segir Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

greiðslur mjög takmarkaðar og verulegur hluti þeirra liggur utan við þá fjóra samninga sem stuðningskerfið byggir nú á. Þrátt fyrir það sé lögð mikil áhersla á umhverfislega þætti í landbúnaðar- og matvælastefnunni, svo sem kolefnishlutleysi og kolefnisjöfnun framleiðslu, sjálfbæra landnýtingu og verndun vistkerfa. Skýrsluhöfundar segja samanburðarlöndin með mun umfangsmeiri stuðning tengd umhverfismálum og fela þau oft í sér reglulegt árangursmat. Þannig mætti flokka 37% heildarlandbúnaðarstuðnings Austurríkis sem umhverfistengdan stuðning.

Innan við eitt prósent heildarstuðnings landbúnaðar á Íslandi fer til eflingar nýliðunar samkvæmt útreikningum skýrsluhöfunda á meðan að stuðningur til nýliða í Evrópu skal svara til þriggja prósentna af heildarþinggreiðslum. „Sambærilegt hlutfall á Íslandi myndi svara til 450–500 milljóna á ári, eða nær þrefalt hærri upphæð en eyrnamerkt er nýliðastuðningi í endurskoðuðum búvörusamningum.“

Útfösun greiðslumark


Bent er á að framseljanlegt greiðslumark í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu dragi úr skilvirkni stuðningsgreiðslna og torveldi nýliðun. Skýrsluhöfundar segja að sambærilegt fyrirkomulag finnst ekki í samanburðarríkjunum. Þá þekkist opinber verðlagning á mjólkurvörum á heildsölustigi ekki í samanburðarríkjunum. „Opinber lágmarksverð á afurðaverði til bænda þekkist í Noregi og Kanada en hafa ekki leitt til sambærilegs munar á innanlandsverði og á Íslandi.“

Hvað varðar mjólkurframleiðslu benda skýrsluhöfundar á að meðalnyt íslenskra kúa sé afar lágt í alþjóðlegu samhengi og munurinn haldi áfram að aukast nema gripið verði til aðgerða sem tryggja að erfðaframarir héraendis fylgi því sem gerist í nágrannalöndum.

Til viðbótar við þá möguleika sem felast í kynbótum á íslenska kúastofninum, má ætla að útfösun greiðslumarkskerfisins, og þar með opinberri verðlagningu á mjólk, geti falið í sér umtalsverða möguleika á hagræðingu fyrir greinina.

„Þetta stuðningsform er að mörgu leyti óheppilegt, bæði vegna þess að bændur þurfa að kaupa sig inn í kerfið og vegna þess að þegar bændur hætta framleiðslu og selja sitt greiðslumark þá færast andvirði nokkurra ára stuðningsgreiðslna út úr greininni,“ segir í skýrslunni.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Besti vinur blóma og berja

Ylplast fyrir sólskála, gróðurhús og þakglugga

Siǵna

Fášt



Létt og meðfærilegt efni



Veitir vörn gegn UV geislum



Fjölbreyttar þykktir og stærðir



Siǵna ehf

Bæjarflöt 19-o, 112 Rvk

www.siǵna.is

544 45 45

siǵna@siǵna.is

Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14"
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400
LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna Rammer
Hopperi LT6005
230mm Plata, 69 kg



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

„Svo dansaði ég“

– Olla í Nýjabæ hefur aldrei slegið slöku við

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Undir fallegum himni vorsólarinnar, í Bæjarsveit Borgarfjarðar, blasa við grösugar lendur þar sem stendur þyrping húsa. Meðal þeirra má finna bæði jarðirnar Bæ og Nýjabæ II þar sem kjarnakonan Ólöf Kolbrún Guðbrandsdóttir hefur alið manninn nú á nítugasta ár.

„Foreldrar mínir, þau Kristín Sveinbjarnardóttir og Guðbrandur Júlíusson, hófu búskap á Nýjabæ ári eftir að ég fæddist,“ segir Ólöf, betur þekkt sem Olla, en hún er fædd í Bæ. „Faðir minn og bróðir hans keyptu jörðina Bæ ásamt afa mínum, og henni var svo skipt í Nýjabæ, Laugabæ og Bæ. Ég var einkabarn foreldra minna og snemma farin að taka þátt í öllu sem á gekk enda sveitastelpa af lífi og sál. Við vorum með kindur, kýr, hross eins og þurfti – vinnuhross – en áhugi minn á hrossarækt sem slíki kemur frá frumbersku enda farin að ríða út óhrædd þriggja, fjögurra ára. Ung eignaðist ég mína fyrstu hryssu og áttaði mig fljótt á því að til þess að fá góðan hest þurfti maður að eiga góða meri sem er grunnurinn. Afi gaf mér svo, þegar ég var 11–12 ára, óskaplega góða, ótamda hryssu sem er grunnurinn að allri minni hrossarækt, enn þann dag í dag. Það var hún Draugsa.“

Olla segist ekki hafa verið gömul þegar hún áttaði sig á hversu karllægur hrossabransinn var. „Þetta er karlaveldi og mjög óréttlátt. Þetta hefur breyst auðvitað aðeins síðan ég var, við vorum bara tvær konurnar hér í Borgarfirði sem tömdum og sýndum hross – og mögulega á landsvísu. Það þótti ekki tilheyrilegt að konur stæðu í svona löguðu. Enda menn ekki sátir þegar konurnar unnu verðlaun.“

Dansinn dunar og hjartað slær

Olla var í farskóla og svo í Reykholti og á Laugarvatni auk Húsmæðraskólans á Blönduósi einn vetur. „Ég fór svo að vinna að vetrarlagi í Reykjavík yfir nokkur ár og því ekki í hestunum yfir háveturinn. Ég vann meðal annars á hótélum, í verslunum og á saumastofum, sem var sérstaklega gott því þar var hægt að vinna í akkorði og þannig vel útborgað. Svo dansaði ég,“ segir Olla dreymin.

„Það var það skemmtilegasta sem ég gerði, að dansa, þá helst sex kvöld vikunnar, meðal annars á Hótel Borg, þar sem Raggi Bjarna var oft, svo í Þjóddansafélaginu og bara hvar sem var enda er ég mikið danssiffl. Alveg yndislegur tími. Maður fann staði sem hægt var að komast inn á á hverjum degi ef maður smeygði sér aðeins fyrir horn. Þarna var ég rúmlega tvítug og þetta var góður tími. Ekkert nema vinna og að skemmta sér.“ Olla bætir við að þar sem hannyrðirnar hafi alltaf legið vel fyrir henni átti hún það til að sauma sér nýja flík úr efnisbút, eftir vinnu og fyrir dansskemmtanir kvöldsins!

„Maðurinn minn kom svo inn í myndina aðeins seinna, hann hét Reynir Guðmundsson en við áttum því miður ekki langan tíma saman.



Olla um tvítugt situr hér fyrstuverðlauna hryssuna Áshildi, sem er þarna 6-8 vetra að aldri.



Olla hefur alla tíð þótt ákaflega gaman að dansa og næsta víst að hún hafi skellt sér á dansleik Þórscaffis sem þarna er auglýstur. Mynd/ timarit.is



Einn eftirlætishrútur Ollu hlaut fyrstu verðlaun á hrútasýningu, ársгамall, lappastur og sterklegur.



Þau eru myndarleg barnabörnin, þau Ólöf Kolbrún, Kristín Finndís, Þórdís Selma og Reynir Ágúst, sem þarna standa með ömmu sinni.

Hún Ólöf Kolbrún Guðbrandsdóttir hefur aldeilis ekki slegið slöku við í lífinu og leikið vel úr öllum þeim gjöfum sem henni voru færðar í vöggugjöf. Hún er hress í lund og vel ern, kona af bestu gerð.

Mynd / SP



Stóðhesturinn Nói hlaut m.a. efsta sætið á Fjórðungsmótinu Faxaborg árið 1975, en hér tekur Olla við verðlauninum.



Kvígurnar á bænum hafa oftast en einu sinni fengið verðlaun fyrir góða nyt í gegnum tíðina.

Myndir / Einkaeign

Með verklagni og listfengi í blóðinu

Aðspurð segir Olla rosalega byltingu hafa orðið í sveitastörfunum frá því að hestar hafi einungis verið notaðir og þegar traktorarnir komu til sögunnar. Árið 1951 keypti faðir hennar svo bíl, sem hún segist þó aldrei hafa fengið að keyra nema á túnunum fyrstu árin, ekki vegunum, og hlær að minningunni. Vel hafði verið passað upp á það. Pabbi hennar var hagleiksmaður bæði á járm og tré auk þess að vera uppfinningasamur, en Olla minnst þess er hann setti upp súgurrúku í hlöðunni árið 1955, einna fyrstur bænda.

Faðir Ollu, Guðbrandur, kenndi dóttur sinni ungru að smíða skeifur og þær smíðaði hún og járnaði öll sín hross. Var Guðbrandi fleira til lista lagt en lagni við smíðar en hann hlaut meðal annars silfurpeninga fyrir bestu hrútana í Andakílshreppi tvisvar sinnum í röð.

Þau verðlaun voru veitt með fjögurra ára millibili og segir Olla að bú þeirra Reynis hafi einnig hlotið tvær slíkar. „Að vísu er mitt nafn á silfurpeninga hvergi skráð, enda áttu konur



Einn silfurpeninganna sem merktir eru Heiðursverðlaun fyrir besta hrút og skeifa sem Olla hefur smíðað á góðri stund.



Listakonan Josifina Morell málaði myndir af verðlaunahestunum og höfðingjunum, þeim Aðli, Skálmari og Skjanna, með glæsibrag. Gaman er að segja frá því að Aðall verður 25 vetra nú í ár og enn í fullu fjöri. Hann hefur náð hvað lengst í metorðunum enda þess gætt að hann sé af toppættum. Mynd / Snorri Ólaf

Weckman stálklæðningar


30 ára reynsla á Íslandi



H. HAUKSSON EHF.

Bárujárn

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.




Stallað stál

Verð kr. 4.900 m2 með vsk.



Trapisustál

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.



H. Hauksson ehf. Ögurharfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN

Þarft þú að láta bora??

Við hjá Finni ehf. búum yfir tækjakosti af allra nýjustu gerð.

Við borum niður allt að 500 metrum með beltabor sem auðvelt er að koma á torfæra staði.

Fyrir frekari upplýsingar, sendið á bor@finnurehf eða hringið í síma 897-1490

**Heitt vatn??
Kalt vatn??
Varmaskiptir??**

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA



Þverárhjón með verðlaunagripinn, þau Daníel Atli Stefánsson og Berglind Heiða Guðmundsdóttir, með Eyrúnu Dís, yngsta barn þeirra. Mynd / Aðsend

Verðlaunahrúturinn Lokkur

Hrúturinn Lokkur frá Þverá hlaut verðlaun Félags sauðfjárbænda í S-Þingeyjarsýslu á dögunum.

Lokkur 22-330 vann sér það til frægðar að hafa hlotið hæstu heildareinkunn veturgamalla hrúta í stigakerfi því sem félagið notar, eða 39,6 stig. Lokkur var með 24 sláturlömb, fallþungi þeirra reyndist 19,3 kg með 10 fyrir gerð. Búsmeðaltal sláturlamba á Þverá var 17,2 kg. Bændurnir á Þverá veittu verðlaunum Lokks viðtöku á aðalfundi Félags sauðfjárbænda í S-Þingeyjarsýslu sem haldinn var að Yðlum 29. febrúar sl. /ghp

Bílskúrsmeistarar leysa Bændablaðsgátur

Mánaðarlega útnefnið Félag íslenskra bílskúrseigenda meistarar mánaðarins.

Slíka nafnbót hlotnast félagi sem leysir myndagátu sem óformlegur formaður félagsins leggur fyrir félagsmenn á Facebook-síðu þess. Gátan tengist Bændablaðinu og felur í sér að félagsmenn þurfa að glöggva sig vel á síðum þess. „Það er svo ótrúlega margt sem félagsmenn sjá sniðugt í þessu frábæra blaði. Verkfæri, snjóblásara, bifreiðar, tæki og tól. Í raun svo ótrúlega margt sem bóndinn og bílskúrseigandinn eiga sameiginlegt. Bóndi er eðalbrasari. Það er líka góður bílskúrseigandi. Bændablaðið er stútfullt af fróðleik og skemmtileg lesning. Svo eru líka bara frábærar auglýsingar þar inni. Mjög bílskúrsvænar,“ segir Hjálmar Friðbergsson, stoltur bílskúrseigandi og ókjörinn formaður Félags íslenskra bílskúrseigenda.

Hjálmar birtir mánaðarlegar myndagátur úr Bændablaðinu. Þeir sem fyrst leysa gátuna fá heiðursfélagakort. „Heiðursfélagakortið er búið til í bílskúr, af honum Sverri Tryggvasyni hnífasmíð. Kortið inniheldur mjög bílskúrsvæn tilboð handa



Hjálmar Friðbergsson veit fátt betra en að brasa í bílskúrnum.

félagsmönnum.“ Facebook-hópur Félags íslenskra bílskúrseigenda telur nú um 5.500 manns en hópurinn er ætlaður einstaklingum sem hafa gaman af því að brasa í bílskúr og vilja halda þar góðu skipulagi.

Tilgangur hans er að sögn Hjálmars að deila fróðleik og reynslu af skipulagi í bílskúrnum. „Hver og einn félagsmaður notar sinn bílskúr á sinn hátt. Einhverjir eru í bílaviðgerðum, aðrir í snjósléða-eða fjórhjólsporti. Aðrir bara til að brasa og smíða. Einhver breytti sínum skúr í líkamsræktarstöð. Bílskúr er dýr fjárfesting og ætti að reyna að forðast að breyta honum í geymslu. Bílskúrinn á að nota.“ /ghp

Ferðapjónustan á Brekkulæk til sölu

– Frumkvöðull í skipulögðum hestaferðum

Jörðin Brekkulækur í Miðfirði og ferðapjónustan þar hefur verið sett á sölu. Arinbjörn Jóhannsson hóf uppbyggingu á starfsemi þar árið 1979 og einbeitti sér að skipulögðum hestaferðum til að byrja með.

Síðar bætti hann við gönguferðum og hefur hann einnig boðið upp á rútuferðir í seinni tíð. „Ég segi gjarnan að ég hafi aldrei unnið heiðarlega vinnu.“

Lengri hestaferðir nýlunda

Þegar Arinbjörn byrjaði með hestaferðirnar hafi enginn annar aðili boðið upp á slíkt með sama sniði. Þar að auki hafi fyrirkomulag hans á gönguferðunum verið nýlunda, en þær byggðust á því að vera með birgðastöðvar í hálandisskálum. Þá fór hann með matarbirgðir á snjósléðum á veturna í leitarskála á Arnarvatnsheiði og leiðsögumennirnir sáu svo um að elda. „Þetta er mikið praktíserað í Ölpunum, en ég held að ég sé sá eini sem er með þetta hér á landi.“

Þegar komi að hálandis-göngunum hafi Arinbjörn ekki séð um leiðsögn, heldur sinnt skipulagningu og utunumhaldi. Sjálfur var hann mest í hestaferðunum og var síðast fararstjóri í slíkri ferð haustið 2022. „Ég er hættur að fara á hestbak sjálfur. Ef karl á mínum aldri hlunkast af baki einhvers staðar þá er ekki víst að maður standi upp aftur.“ Allar hestaferðirnar hjá honum eru vikulangar og segist Arinbjörn aldrei hafa farið með fólk í stutta útreiðartúra.

Litlar breytingar hjá Arinbirni

Aðspurður segist hann ekki vera maður til að dæma hvort miklar breytingar hafi orðið í bransanum í hans tíð, því hann hafi meira og



Arinbjörn Jóhannsson er orðinn sjötíu og fjögurra ára gamall og hefur staðið fyrir hestaferðum í áratugi. Nú segist hann ekki fara á hestbak lengur.

minna alltaf verið í því sama. Helst sé það verðlækkun á flugi, en áður hafi flugið eitt og sér kostað jafn mikið og fjórir dagar í ferð hjá honum. Nú sé það ekki dýrara en einn dagur. „Ég álit að það sé orðið of ódýrt.“ Þá er hann mjög gagnrýnn á takmarkaðar almenningssamgöngur sem ferðamenn geti nýtt sér. Áður fyrr var auðvelt að fara um landið í hópferðabílum en núna vill hann meina að Strætó leggi ekkert upp úr því að þjónusta túrista. Margt af því fólk sem komi hingað hafi lítinn áhuga á að ferðast með bílaleigubíl.

Sendi mörg þúsund bæklinga

Hann hefur safnað heimilisföngum viðskiptavina sinna síðan 1994

og sent sex til sjö þúsund manns útprentaðan bækling í pósti. Þetta hafi virkað sérstaklega vel því hann gat almennt gert ráð fyrir að minnst fjórutíu prósent þeirra sem kæmu í ferðirnar væru ekki að koma í fyrsta skipti.

„Ég er að skipta við nánast allar ferðaskrifstofur í Þýskalandi sem bjóða upp á Íslandsferðir,“ en hann hefur gefið sig út fyrir að vera með þýskumælandi leiðsögn.

Arinbjörn veit ekki hvað tekur við hjá honum ef salan á Brekkulæk gengur eftir. „Ég er orðinn sjötíu og fjögurra ára og löngu kominn á eftirlaunaaldur.“ Hann segir ferðapjónustubýlið hafa verið á sölu í nokkurn tíma í gegnum Fasteignamiðstöðina. /sl



pebe®

Slitsterk sætisáklæði
Sérsumuð fyrir þín sæti

Atvinnubílar
Vinnuvélar
Vörubílar

779 1886

skralli@skralli.is

skralli.is



Passíusálmar sr. Hallgríms

Passíusálmarnir verða fluttir í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa.

Flutningur sálmanna á sér áratuga venju sem rekja má til fyrsta flutnings Eyvindar Erlendssonar leikara á verkinu í heild sinni árið 1988. Í ár ber föstudaginn langa upp á 29. mars og flutningurinn hefst klukkan 13.00 í Hallgrímskirkju og er áætlað að honum ljúki um kl. 18.30.

Í fréttatilkynningu segir að Passíusálmarnir séu dramatískt, trúarlegt verk, samið af sjaldgæfri leikni og valdi á viðfangsefninu á hátíndi skáldferils Hallgríms Péturssonar. Þeir hafi fljótt orðið eitt helsta íhugunar- og huggunarrit íslensku þjóðarinnar og haldi ótrúlega vel gildi sínu á því sviði. Því þyrpist hlustendur ár hvert til að hlýða á sálmana í Hallgrímskirkju, sem og í aðrar þær kirkjur sem bjóði upp á flutning verksins. Flytjendur að þessu sinni verða fimm: Einar Örn Thorlacius, sr. Irma Sjöfn

Óskarsdóttir, Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Steinunn Jóhannesdóttir, sem hefur umsjón með flutningnum.

Árið 2024 er þess minnst að 350 ár eru liðin frá andláti Hallgríms Péturssonar, 27. október 1674. Af því tilefni er ýmislegt á dagskrá í Hallgrímskirkju og víðar til þess að heiðra minningu skáldsins. Passíusálmalesturinn verður því að þessu sinni skreyttur söng milli þátta verksins, m.a. í útsetningum Smára Ólasonar tónlistarfræðings. Stjórnendur verða Björn Steinar Sólbergsson, organisti kirkjunnar, og Steinar Logi Helgason kórstjóri.

Umsjónarmaður með flutningnum, Steinunn Jóhannesdóttir, er rithöfundur, leikkona og leikstjóri. Hún hefur oft áður stjórnað flutningi Passíusálmanna, bæði í Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti, Hallgrímskirkju í Saurbæ og víðar. /sl



Husqvarna - feel the power



Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm



Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m² - 20% halli



Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m² - 45% halli



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m² - 40% halli

MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurharfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is

Landbúnaður




Limtréshús



Bogahús



Bogaskýli



Yleiningar, skrúfur og áfellur



Stálgrindarhús

Hýsi-Verkheimar ehf. | Smiðjuvegi 5, Kópavogi | Sími 497 2700 | hysi@hysi.is | hysi.is



BYGGJUM BETUR

Garðyrkja:

„Sókn er alltaf besta vörnin“

– Engin áform um sölu Lambhaga – meiri uppbygging í Úlfarsárdal

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Garðyrkjustöðin Lambhagi verður ekki seld að svo stöddu og forsvarsmenn hennar hyggja á frekari uppbyggingu. Þau nota nú upprunamerkið Íslenskt staðfest, eru að byggja upp eigin moldarframleiðslu til að verða sjálfbær um jarðveg og velta fyrir sér hver verði framtíð garðyrkjustöðvar þeirra í Lundi í Mosfellsdal.

Hafberg Þórisson garðyrkjumaður stofnaði Lambhaga árið 1979 og rekur fyrirtækið með konu sinni, Hauði H. Stefánsdóttur markaðs- og mannaútsjóra.

„Mér finnst gaman af þessu!“ segir Hafberg þar sem þau hjónin sitja í látlausri kaffistofu fyrirtækisins við Lambhagaveg í Reykjavík. Hann hafi heyrt um voða skyrbjúgsins frá Aðalsteini Símonarsyni, garðyrkjumanni á Laufskálum í Borgarfirði, og haft að hugsjón æ síðan að vinna á C-vítamínskort landsmanna. „Ég fór til Noregs að læra garðyrkju sextán ára gamall og kom heim á þrítugsaldri,“ segir hann.

Gekk á með skini og skúrum

Hafberg fór að framleiða salat árið 1979. Hann segist hafa fengið ögn skrítnar viðtökur til að byrja með. „Það voru samt nokkrir að framleiða salat á hverju sumri á þeim tíma. Ég var þó um áratug að ná hljómgrunni,“ segir hann. Hann byrjaði á að sá salati í Hafnarfirði en var búinn að tryggja sér lóðina í Lambhaga og tilbúinn með byggingarefnið í gróðurhúsin. Hann hófst handa með 2.600 plöntur í fyrstu atrennu og náði að selja þriðjunginn í verslanir. Í kjölfarið vann hann upp allt landið sem var undir og leitaði hófanna hjá erlendum fræfyrirtækjum. Fyrstu húsin í Lambhaga voru byggð 1979–1982. Skjólbeltarektun fór fram frá fyrstu tíð og eru trén nú orðin yfir 20 metra há.

„Svo ég fór að rækta og gekk bara ansi vel. Nema að ég uppgötvaði að þegar ég fór neðar í landið þá óx minna. Það var svo mikill vatnsagi og jarðvegskuldi,“ segir Hafberg. Daginn sem hann varð þrítugur keypti hann vatnsinntak hjá Hitaveitu Reykjavíkur og skrúfaði frá heita vatninu. „Þá samdi ég við hitaveituna og þeir sögðu þar að ég mætti nota eins mikið vatn og ég vildi á sumrin. Svo ég fór að hita upp löndin hér niður frá, sem eru eitthvað í kringum 1–1,5 ha. Þetta hitaði ég upp með leiðslum sem ég gróf niður á nokkurt dýpi og ég náði alveg hreint undravæðri uppskeru,“ segir hann.

Rabarbari nóg og brokkolí ljótt

Hafberg byrjaði með kínakál undir plastdúk og uppskeran gekk ágætlega í landsmenn. Ekki gekk eins vel með höfuðsalatið og markaðurinn tók ekki við sér strax. Hann skrapp til



Hafberg hér á þrettán tónna valtaranum sínum. Hann kaupir öll sín tæki ný og Sara, dóttir hans, segir hann aldrei glaðari en þegar hann er að atast á gröfunni eða valtaranum, það sé hans jóga.

Myndir / SÁ

Noregs, þar sem hann hafði ungur verið í garðyrkjunámi, til að athuga hvað Norðmenn væru að gera í garðyrkjunni, og sá þar m.a. smíði sjálfvirkra véla fyrir greinina. Hann keypti fyrstu vélina 1991 og sú er enn í notkun.

„Það var samt ekki auðvelt að koma salati og öðru grænmeti ofan í fólk þarna 1979. Fólk sagði oft og tíðum við mig að það væri alveg nóg að hafa rabarbarann á haustin ásamt gulrótum, rófum og kartöflum. Pabba mínum, Þóri, þótti til dæmis dálítill vitleysa að vera að þessu en móðir mín ræktaði nú salat úti í garði og til að koma því ofan í okkur stráði hún sykri yfir það! En í dag megum við helst ekki vita að nokkur í okkar húsi noti sykur.“

Hafberg segist oft og íðulega hafa staðið í búðum og kynnt grænmetið fyrstu árin og allir hafi tekið sér vel. Hann hafi m.a. reynt að selja brokkolí, sem hann hafi lagt áherslu á að rækta vegna hollustu þess, en það aldrei náð verulegri sölu. „Brokkolífið var nú heldur ljótt en óskaplega hollt. Hollustan dugði þó ekki til. Ég var með margt fleira en mest af kínakáli. Þegar ég var við kynningar í búðum var ég að sýna fólki að þetta væri ekki skraut á disk heldur matur og var með yfirlit yfir vítamíninnihald og fleira, enda var ég enn að hugsa um C-vítamínið og skyrbjúg!“

Fyrst í Sölufélaginu

Hafberg fór strax árið 1979 til Sölufélags garðyrkjumanna með sína

dreifingu. „Þorvaldur Þorsteinsson, þáverandi forstjóri, tók mér mjög vel,“ segir hann og heldur áfram: „Þetta gekk vel þar til Þorvaldur fór að ljýst og aðrir koma inn í reksturinn. Þá kom upplausn í Sölufélagið en ég hékk áfram inni að mestu leyti. Um 1990 var þó farið að þrengja að mér þarna, ég varð var við dálitla öfund og eftir smá rímu fór ég bara að selja sjálfur.“

Lambhagi er með sitt eigið sölu- og dreifingarnet en Hafberg segist vera í góðu sambandi við Sölufélagið. „Þetta er dreifingarmiðstöð fyrir bændur sem komnir eru langt að með sína framleiðslu og ég fagna því að Sölufélag garðyrkjumanna sé til og að það dafni,“ bætur hann við.

Stukku á Íslenskt staðfest

Lambhagi hefur nú tekið upp upprunamerkið Íslenskt staðfest. Hafberg hafði verið að skoða skandinavíska grænmetismarkaðinn og hjó eftir að Norðmenn tóku fyrir skömmu nýtt upprunamerki í notkun. „Ég hafði í kjölfarið samband við Bændasamtökin og spurðist fyrir um notkun á merkingu, til dæmis fánaröndinni eða einhverju álíka, en komst þá að því að búið væri að koma Íslenskt staðfest á laggirnar fyrir vöru sem væri framleidd og henni pakkað hér á Íslandi. Við stukkum á þetta og munum eftirleiðis merkja allt okkar með Íslenskt staðfest.“

Við viljum bara sýna fólki að það er hægt að rækta svo miklu meira á Íslandi en við gerum og að við þurfum

ekki að flytja inn allt þetta grænmeti. En af því að við erum svo lítið þróuð í þessu þá koma oft svona labbakútar til landsins og spjalla við fólk sem veit lítið, um að hægt sé að búa til einhver stór ver fyrir tómata eða gúrkur og svona. Þetta er bara hluti af gamansemi lífsins því það er engin alvara í þessu! Lífið þarf að vera fjölbreytt. Stór iðnaðarbúskapur til útflutnings verður aldrei hagkvæmur því virðisbætur frá upphafi til enda býður ekki upp á það,“ segir hann.

Lambhagi hefur ekki flutt út vöru nema til Grænlands en Bananar ehf. og Sölufélag garðyrkjumanna sjá orðið um þann útflutning. Lambhagi pakkar þó vikulega grænmeti sem fer til Grænlands eftir þeim leiðum. Fyrirtækið er með rúmlega 80% markaðshlutdeild af fersk-ræktuðu höfuðsalati en þau hjónin segjast ekki endilega keppa að einhverju slíku enda séu fleiri framleiðendur á markaðnum.

Aðspurður um hvort Íslendingar geti á endanum orðið alveg sjálfbærir með sitt grænmeti segir Hafberg leika á því vafa. „Við erum ekki það mörg hér á Íslandi. Og ekki borðum við öll salat. Það er sáralítið af sumum tegundum í sölu sem er ekki hagstætt að vera að rækta. Það myndi ekki borga rafmagnið því við erum að keppa við lönd sem geta verið með mjög ódyrt vinnuafli. Og þau eiga sólarljósið og þurfa ekki að borga rafmagnsreikning af því,“ segir hann.

Lambhagavöllur og -höll

Lambhagi hefur hin síðari ár veitt

„Þegar ég var við kynningar í búðum var ég að sýna fólki að þetta væri ekki skraut á disk heldur matur ...“

árlegan styrk til afreksmanna í íþróttum og góðra málefna. Hið nýjasta í þeim efnum er að fyrirtækið verður nú einn aðalstyrktaraðili íþróttafélagsins Fram í Úlfarsárdal. „Hér í Úlfarsárdalnum er að byggjast upp ansi fallett og mjög vel þróað samfélag og hluti af því er íþróttasvæði fyrir börnin,“ útskýrir Hafberg. „Þótt ég sé ekki mikill íþróttálfur sjálfur hef ég alltaf stutt barnahreyfingar í íþróttamálum. Mér finnst það vera hluti af því sem fyrirtæki, sem komin eru sæmlega á legg, eigi að gera. Ég gekkst inn á að styrkja Fram á þann veg að völlurinn þeirra mun heita Lambhagavöllur og keppnishöll þeirra hér eftir Lambhagahöllin,“ segir hann.

Það verða að teljast nokkur tíðindi að íslenskt garðyrkjufyrirtæki sé aðalstyrktaraðili íþróttafélags. Þau hjónin eru á því að þetta sé bara eitt dæmi um að garðyrkjan sé á einhverjum hátt að fá hljómgrunn meðal þjóðarinnar. Grænmetið verði enda æ stærri hluti þeirrar fæðu sem við látum ofan í okkur.

Framleiða eigin mold úr affallinu

Fram undan eru viðgerðir á húsunum við Lambhagaveg. „Við ætlum að fara í að lagfæra húsin; gólf og þök, yfirfara vatnslagnir og búa til betri aðstöðu fyrir fólkið sem vinnur hér hjá okkur. Við erum á fullri ferð áfram,“ segja hjónin. Nýjasta verkefni Lambhaga sé þó moldargerð.

Hafberg segir blíkur geta verið á lofti varðandi innflutning á mold. „Við höfum flutt okkar mold inn frá Ríga, sphagnum (torfmosi), 500 tonn á ári, en flytjum okkur nú yfir í eigin moldarframleiðslu. Nú erum við komin með fyrstu gerð af tækjum til að taka allt affall, svo sem rætur, lauf og pappírspottana og búa til mold úr þessu með hjálp ensíma. Moldin verður til á einni viku, síðan þarf hún að fá loftun í um tvo mánuði og þá er hægt að nota hana. Moldargerðin er þegar hafin hjá okkur og fyrsta vélin í gangi. Við ætlum að framleiða 500 tonn af mold árlega.“

Þegar sphagnum brotnar niður losnar úr því koltvísýringur og með því að taka eigin mold í notkun í staðinn fyrir innflutt sphagnum minnkar Lambhagi því kolefnisspor sitt. Þau segjast því vera eitt fyrsta garðyrkjufyrirtækið til að ráðast í eigin moldargerð hér á landi. Tvö önnur fyrirtæki séu að hefja eigin jarðgerð; Innes ehf. matvöruheildsala og innflutnings- og dreifingarvaxtarkerfið Bananar ehf.



Allt byrjar það með fræi í frjórri mold.



Plönturnar vænu og grænu. Hér spretta græðlingarnir.



Lóðrétt rafmagnsbirtu-vaxtarkerfi.



Á tímabili voru uppi vangaveltur um að flytja alla starfsemi Lambhaga í Lund í Mosfellsdal. Nú ríkir hins vegar nokkur óvissa um framhald starfseinnar þar að sögn Hafbergs Þórissonar. Línur ættu að skýrast á vormánuðum.



Lambhagi er með lokað vatnsnýtingarkerfi í Lundi. Þar er gríðarlegt magn af vatni í lokaðri hringrás. Í það er bætt 4% af næringarefnum eftir hreinsun og því svo veitt aftur á plönturnar. Þannig mallar það hring eftir hring.



Hauður H. Hafsteinsdóttir, markaðs- og mannaútsjóri Lambhaga, Hafberg Þórisson forstjóri og dóttir hans Sara, sem jafnframt er rekstrarstjóri Lunda. Hún stundar nám í áburðarfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.



Lambhagi í tölum

- Lambhagi er einn stærsti framleiðandi á salati og kryddjurtum á Íslandi, stofnað árið 1979.
- Hjá Lambhaga ehf. vinna 32 starfsmenn.
- Heildarframleiðsla Lambhagagrænmetis á ári er um 450 tonn.
- Ársvelta fyrirtækisins um 1,5 ma.kr.
- Lambhagi tók upp Íslenskt staðfest í byrjun ársins. Í reglum um Ísland staðfest er tiltekið að það megi nota til að merkja grænmeti og plöntur ræktuð á Íslandi út frá fræjum, lauk og útsæði. Það eigi við um allt hrátt grænmeti, líkt og salat, tómata, gúrkur og paprikur.
- Þrátt fyrir að vel gangi með ræktun í nýjum gróðurhúsum í Lundi í Mosfellsdal lítur mögulega út fyrir að Lambhagi fái ekki að byggja þar upp moldarframleiðslu. Hún verður því að líkindum starfrækt í Úlfarsárdalnum og áhersla lögð á uppbyggingu Lambhaga þar.
- Lambhagavegur 23 á 11.944 fermetra gróðurhúsi í Úlfarsárdal í Reykjavík auk íbúðarhúsnæðis. Laufskálar eiga lóð og fasteign í Lundi í Mosfellsdal, sem er 6.821 fermetri auk 14.300 fermetra byggingarheimildar. Í atvinnuhúsnæði félaganna fer fram grænmetisrækt Lambhaga ehf. Bæði félögin eru að fullu í eigu Klappar-eignarhaldsfélags ehf. Verðmæti allra fasteigna Lambhaga var í fyrra metið á rúma 1,3 milljarða króna.
- Lambhagi var til sölu um tíma og stefndi allt í Fjárfestingafélagið Eik myndi kaupa fyrirtækið fyrir rúma fjóra milljarða króna. Það gekk þó til baka haustið 2022. Var orsök þess, að sögn forsvarsmanna Lambhaga, að „sá aðili sem hugðist kaupa reksturinn stóð ekki við sitt en fasteignafélagið var með sitt á hreinu“. Búið er að leggja söluáform á hilluna að svo stöddu en eigendur segja að falast hafi verið eftir fyrirtækinu síðan.

Uppbygging í Mosfellsdal

Í Lundi í Mosfellsdal framleiðir Lambhagi daglega á milli 1–1,5 tonn af salati, auk rucola og pak choi blaðkál. Uppbygging þar hófst árið 2019 og er Sara Hafbergsdóttir rekstrarstjóri í Lundi ásamt því að vera í Landbúnaðarháskóla Íslands að læra áburðarfræði.

„Við erum þar með mjög fallega og skemmtilega smálaufaræktun,“ útskýrir Hafberg. „Ræktunartæknin þar byggir á hugmyndum sem ég fór að skissa upp fyrir um tuttugu árum. Við fengum danskt fyrirtæki til að vinna með okkur og framleiðum vélarnar okkar á eigin gólfi þarna í Mosfellsbæ. Þær hafa náð þeirri athygli að fleiri vilja koma og skoða og m.a. fólk erlendis frá. Ég er opin fyrir því og vil þá bara að fólk betrubæti mínar hugmyndir, ég er ekki áhugasamur um einkaleyfismál.“

Hauður segir þetta vera snilldarkerfi. Aðeins vinni fólk í helmingi gróðurhússins, hinn helmingurinn sé alsjálfvirkur.

Ekki ljóst með Lund

Á tímabili voru vangaveltur um að flytja alla starfsemi fyrirtækisins í Lund í Mosfellsdal. Meðal annars átti moldarverksmiðja Lambhaga að rísa þar og fyrir liggur leyfi vegna byggingar fleiri gróðurhúsa í Lundi, 22.000 fm að stærð, auk átta íbúðarhúsa sem ætluð eru fyrir fjölskylduna og starfsfólk. „Eftir síðustu fundi með Mosfellsbæ þá virðist sveitarfélagið þannig sinnað að vilja ekki standa með uppbyggingu Lambhaga í Lundi. Ég get því miður ekki séð að þar ríki góðvilji í okkar garð,“ segir Hafberg. Þau séu búin að fjárfesta þar upp frá fyrir um 2,2 ma.kr.

„En við ætlum sem sagt að verða sjálfbær með mold. Nú er ætlunin að byggja utan um þetta og stækka hér í Úlfarsárdal og þar verður þessi moldarframleiðsla. Hún átti að vera í 2.000 fm húsi í Lundi, á landi rétt neðan við gróðrarstöðina okkar þar, í samvinnu við laukaræktun Dalsgarðs, en Mosfellsbær vill ekki láta mig

hafa land undir hana og virðist ekki hafa neinn áhuga á atvinnuskapandi rekstri inn í sveitarfélagið. Það er ekki skilningur á því hvar aurarnir verða til! Þeir verða dálítið til hjá okkur sem erum í landbúnaðinum. Við erum ekki að naga fjöllin og drepa gróður, við fáum okkur fræ og sáum og erum að búa til góða fæðu sem er holl. Ósprautuð og full af vítamínum,“ segir Hafberg með þunga.

Sókn besta vörnin

„Sókn er alltaf besta vörnin,“ segir Hauður. Þau eigi meira land við Lambhagaveg og Reykjavíkurborg hafi þegar veitt leyfi fyrir frekari byggingum. Reykjavíkurborg virðist hafa áhuga á að garðyrkjustarfsemi haldist í borginni. Þau séu með 1.300 fm hús á teikniborðinu sem byggja eigi í vor á svæðinu og óvíst að þau byggji nokkuð frekar upp í Mosfellsdalnum að svo komnu máli.

Hafberg segist kannski bara munu selja vélarnar úr gróðurhúsunum og nýta húsin sem til staðar eru sem hjólhýsageymslur. „Ég get selt það allt á einu bretti úr landi, ég er með tilboð og kaupendur, það er þess vegna hægt að fara að pilla vélarnar niður í næsta mánuði. Ég er 75 ára gamall og get bara vel haldið áfram með það sem er hér við Lambhagaveg, ef því er að skipta,“ segir hann. Í þeim töluðu orðum taka þau sér stund til að skoða nýja uppskeru af rucola, handfjatla laufin, lykta af þeim og smakka. Þau eru aftur að koma rucola á markaðinn eftir nokkurt hlé og einnig stendur til að koma íssalatínu í nýjar umbúðir undir nafninu Krispí.

Á tánum í umbúðarþróun

Hafberg hannaði ekki einungis eigin tækjabúnað heldur vann hann með dönsku fyrirtæki að þróun pappapotta sem notaðir eru utan um salatið.

„Við notum tuttugu og tvær milljónir potta á ári. Plastpottar eyðast kannski á tíu til tuttugu þúsund árum en pappapotturinn á að eyðast á viku þegar við notum jarðgerðarvélna

okkar,“ segir hann. Umbúðamál fyrir grænmeti hafa verið Hafberg hugleikin allt frá árinu 1990. Hann segir auðvitað búið að prófa ýmislegt og er sannferður um að próað verði plast úr trjákoðu.

„Nú er kominn á markaðinn pappi sem inniheldur 4% plast og jarðgerðarstöðvar ná að eyða því. Nokkrir aðilar eru farnir að framleiða umbúðir úr þessu og við erum að skoða að taka þetta inn hjá okkur,“ segir hann.

Snýst um að vakna snemma

Þau Hauður og Hafberg telja framtíð garðyrkjunnar fulla af tækifærum. „Ef menn læra bara að vakna snemma á morgnana þá er hægt að gera ýmislegt!“ segir Hafberg ábúðarfullur. Hjónin eru vakandi yfir rekstrinum alla daga og nætur því þrátt fyrir mikla tæknivæðingu þarf að hafa auga með að ekkert fari úrskeiðis.

Þau eru nú farnir til Argentínu á tangónámskeið, en dansinn er þeirra líf

og yndi. Þess utan sinna þau Lambhaga og ganga þar í öll verk eins og þarf, halda yfirbyggingu í skefjum og huga þess betur að jarðveginum og græðlingunum.

Þau vilja einnig leggja sinn skerf til samfélagsins og halda því sama verði á framleiðsluvörum fyrirtækisins í ár.

Þegar heim er komið frá Argentínu verður tekin ákvörðun um framhaldið í Mosfellsdalnum. Hvað sem gerist í þeim efnum er ljóst að Lambhagi er með kúrsinn á fulla ferð áfram.



Lambhagi ræktar ýmsar salattegundir og hér má sjá rauðrófusalat.

STIHL

VERIÐ VELKOMIN Í NÝJA STIHL FAGMANNAVERSLUN VIÐ ÁLFABAKKA 6

Opið frá 8-16 alla virka daga

GARÐHEIMAR


Umboðsaðili STIHL á Íslandi

Íslensk tunga kveikir elda

– Jóna Hlíf Halldórsdóttir listakona fær orðið

Undir Eyjafjöllum skín alltaf sól segja sumir. Tíðarfarir, eins og víðast annars staðar á landinu þó farið upp og ofan, en mönnum ávallt hugleikið. Bókin *Veðurfræði Eyfellings* eftir Þórð Tómasson frá árinu 1979 lýsir vel stórbrotinni veðráttunni, allt frá ofsavæðrum sem geisa, yfir í lygnan blíðskapardag. Er bók Þórðar tileinkuð fólkinu hans, þeim sem kennda honum íslenska tungu.

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Listakonan og prestsdóttirin Jóna Hlíf Halldórsdóttir sleit barnsskónum á bænum Holti undir Eyjafjöllum og skyldi því engan undra að ofsi og umbrot veðursins hafi skotið rötum í hjarta hennar og tendrað þar sköpunarkraftinn sem síðar átti eftir að láta á sér bera.

Lá leiðin í The Glasgow School of Art í Skotlandi þar sem Jóna útskrifaðist með MFA gráðu árið 2007, auk þess sem hún hlaut meistara gráðu í listkennslu frá Listaháskóla Íslands árið 2013. Verk Jónu einkennast af bæði grafískum og hugrænum upplifunum en hún vinnur með mismunandi miðla; pappír, ljósmyndir, myndband, skúlptúra og innsetningar. Notkun rýmis og lýsingar á stóran þátt í verkum Jónu, sem með notkun texta gefur þeim sem njóta, sterk hughrif/upplifun eiginlegrar innri hugveku. Þessa dagana stendur hún fyrir sýningunni **Verða varð urðum orðið** í Neskirkju sem samanstendur af völdum textaverkum undanfarinna ára, orðum sterkra upplifana. „Ég var mjög spennst þegar mér barst boð um að halda sýningu hérna í Neskirkju, segir Jóna. „Þabbi minn var prestur til margra ára undir Eyjafjöllum og tengingin því sterk. Ég vinn mjög mikið með samfélagið og íslenskuna sem tungumál og fannst spennandi að verkin mín fengu hér rými því kirkjan fjallar svo mikið um samfélag.“

Tíll sýningarinnar kom nær strax til mín, Orðið. Þetta er mjög sterk tenging

bæði við kirkjuna – Í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði – og svo hughrif íslenskrar tungu sem ég vinn hvað mest með. Orðið getur einnig haft þá merkingu að þýða það sem var og það sem verður, og þarna sýni ég gömul verk í nýju samhengi sem er mjög skemmtileg tenging. Sýningin heitir *Verða varð urðum orðið* og ég valdi verk sem ég hef sýnt síðastliðin tvö ár. Verkin á álplötunni eru bein tenging í veðurfar sem ég rek beint í mín æskuár undir Eyjafjöllum enda veðrið mér mjög hugleikið. Jón afi minn er mér minnisstæður í þessum efnum, hlustaði aldrei á veðurfréttir en var hins vegar sannspár veðurfræðingur. Það var nóg fyrir hann að líta til himins og hann hafði alltaf rétt fyrir sér.“

Veðurbækur og annálar

Jóna segir frá því að fólk í sveitinni hennar hafi áður fyrr haldið veðurbækur yfir tugi ára sem svo hann Þórður heitinn í Skógum (Tómasson) fékk gefins. „Hann gaf í kjölfarið út æðislega bók með þessum upplýsingum. Það er ótrúlegt hvað við Íslendingar eigum mörg orð yfir veður og hvað þau orð eru falleg. Tungumálið okkar er einstakt og t.a.m. eigum við yfir 100 orð yfir snjókomu á meðan á enskunnari er nánast bara eitt, snow,“ segir Jóna hlajandi. „Ég hef unnið með hugtakið veður í mörg ár núna enda tengi ég svo sterkt við upplifun mína sem barn.“

Jóna minnst ævintýralegs ofsavæðurs í æsku þar sem traktorinn á bænum fauk marga metra, brakaði og gnast í húsum auk þess sem rafmagnsleysi gat staðið yfir í viku.

ÞRAGA FRAM LÍFIÐ
FRAMFLEYTASÉR
BALA STEYRA
HJABA

KOMAST AF
TÓRA LAFA
SKRÖLTJA
BRAUKA

HANGA NABA
BLAKTA Á SKARI
SKRYKKJA
SKRIMTA
LIFA AF

Lygna var þó yfir þeim árum sem Jóna var búsett á Akureyri, en hún hélt þar m.a. sýninguna *Veðrarlogn* í desember árið 2021 og segir hún þann titil vera Akureyri fyrir sér, snjór yfir öllu, blankalogn og akkúrat öfugt við Eyjafjöllin þar sem ofsinn er meiri.

„Ég fór að skoða gamla annála,“ heldur Jóna áfram. „Þar má finna, í flestum tilvikum, stuttorðar lýsingar á veðurfari, á borð við setninguna:



Jóna Hlíf Halldórsdóttir listakona skapar hugrænar upplifanir. Mynd / sp

ÞÁ BRAUT VEÐUR KNÖRR
UNDIR EYJAFJÖLLUM
TÓK UPP HOLTAVAIN
OG BAR ALLT Í BROTT
ÞETTA VAR KALLAÐ
UNDRA AB

Setning úr gömlum veðurannál, nú skorin út í ál og pólyhúðuð. Myndir / Aðsendar

„Þá braut veður knörr undir Eyjafjöllum. Tók upp Holtavatn og bar allt í brott. Þetta var kallað undraár.“

Þetta er falleg setning sem ég ákað að skorin yrði út í ál og pólyhúðuð því mér fannst svo geggjúð tilhugsun að verkið gæti staðið úti. Væri varanlegt. *Jökulvetur hinn mikli. Hafísar allt sumar.* Þessi setning er annað dæmi sem verkar sterkt á mig. Eitthvað sem gerðist í fortíðinni og getur vel gerst í framtíðinni ef Golfstraumurinn hverfur og við umlukin hafís á sumrin. Þarna tengjast fortíð og framtíð. Eitthvað sem var en verður.“

Tenging landshluta við list

„Hvað varðar ástríðu mína á íslenskunni þá er hún mér hugleikin því ég tel hana á sinn hátt hverfandi í dag. Auðvitað teljum við íslenskuna alltaf verða til, en hún er breytingum háð og að mér finnst heldur meira en áður. Ég hygg mikilvægt að vinna með arfinn okkar, tungumálið og gefa gömlum orðum vægi á ný. Við höfum svo góðan orðaforða og mættum nota meira af þeim fallegu orðum sem til eru þó auðvitað nýttist okkur þau kannski ekki öll í dag líkt og áður því samfélagið hefur breyst. En við skulum ekki gleyma þeim.“

Hluti sýningarinnar eru verk sérstaklega ætluð Siglufirði þar sem Jóna sýndi fyrir um ári síðan.

„Í þeim er tíminn mér hugleikinn og tenging fjarða og jökla mjög sterk. Áhrif jökuls á myndun fjarða og sá tími sem líður á meðan umbrot jarðar á sér stað. Jökklar bráðna og steinar verða að sandkornum. Í verkum Siglufjarðar eru því sandkorn í bland við textann, en þar kaus ég að velja sem fæst orð sem samt ættu að lýsa einhverju risastóru. Útkoman varð sterk sjónræn upplifun þegar textinn er lesinn. Sem dæmi „Fyrstu sólar dagar eftir flóðið“ og „Laufblöð meitluð í stein“ – við veltum fyrir okkur hversu mörg ár það tekur

fegurð steingervingsins að myndast,“ segir Jóna. Hún vinnur að eigin sögn í raun öfugt við flesta myndlistarmenn sem margir kjósa að vinna með liti og þrívídd á meðan hún skapar tilefni til þess að virkja hugarflug þeirra sem njóta listar hennar – velta orðalagi og setningum vel fyrir sér.

„Auðvitað eru sumir hfrinæmari en aðrir og unna íslenskri tungu fremur en aðrir,“ segir Jóna. „Þetta er oft fólk sem hefur gaman af ljóðum eða að grúfa sig niður í frásagnir, sögur og ævintýr. Mér þykir svo mikilvægt að vinna með þennan miðil og hef gert það í hartnær 20 ár. Stórbrotin, áhrifamikil orð og setningar er eitthvað sem ég leita alveg uppi, fell fyrir og vil leyfa öðrum að njóta að sama skapi.“

Af jörðu ertu kominn

Jóna bendir á horn sýningarinnar þar sem verkin eiga sameiginlegt öll orð þess efnis að lífa af, en henni telst til að í íslenskri tungu séu þau þrettán talsins. Skrimta, lafa tóra, steyra og svo má áfram telja, segir hún.

„Reyndar eigum við mun fleiri orð yfir það að deyja, eða um fjörotitú talsins, sem gefur til kynna hversu sterkur þáttur dauðinn er í tilveru íslensku þjóðarinnar gegnum tíðina. Það er svo stutt síðan að fólk vissi ekki hvort það lifði eða dó. Einnig er svo áhugavert að þegar þessi verk eru komin hingað í kirkjuna þá gefur það þeim enn dýpra vægi. Dramatískara en falletta þar sem við tökum á móti sorginni innan veggja helgidómsins.“

Skúlptúrar eru mikilvægir Jónu sem tenging við textaverkin og má sjá bæði steingervingu og þurrkaðar plöntur, enda náttúran uppspretta allra hennar hugmynda. „Það er svo mikilvægt, líkt og með tungumálið, að halda vægi náttúrunnar á lofti því hvort tveggja er á sinn hátt hverfandi ef við gætum ekki vel að,“ lýkur Jóna máli sínu.

Allt fyrir búreksturinn!

120 ÁRA
1904 - 2024

Lamba- og kálfafóstrur
Vinnusamfestingar
Sauðburðarvörur
Fóður og bætiefni
Undirburður og margt, margt fleira!

SJÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR OG VERÐ Á
WWW.KB.IS

KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ

TYROLIT
kjarnaborar



TYROLIT steinsagarblöð



TYROLIT DME20PU
kjarnaborvél.
180mm

TYROLIT DME33UW
kjarnaborvél.



TYROLIT

TYROLIT FSG513P
gólfsg.
Sögunardýpt: 19,5cm



TYROLIT WSE1621
veggsög.
20kW
Sögunardýpt: 70cm



Víkurhvarfi 8 - 203 Kópavogi
Sími 544 4656 - mhg.is
Nýr umboðsaðili TYROLIT á Íslandi

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir

Vistbyggingar:

Áratugum á undan eigin samtíð

– Sextíu ára ævistarf Jóns Kristinssonar að vishugsun og sjálfbærni

Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is



Jón Kristinsson arkitekt tók á dögunum við riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir frumkvöðlastarf í vistvænni húsagerðarlist á alþjóðavettvangi.

Jón Kristinsson, prófessor emeritus, ólst upp í Reykjavík og Lundarreykjadal. Hann hefur búið í Hollandi langa ævi, lagt drjúgan skerf til sjálfbærnihugsunar og haft áhrif langt út fyrir landsteina. Hann hefur iðulega verið langt á undan sinni samtíð í hönnun og hugmyndum, óhræddur við að feta ótroðnar slóðir.

Jón nam byggingaverkfræði og arkitektúr við Tækniháskólann í Delft (Faculteit Bouwkunde-TU Delft) sem talinn er einn af bestu háskólum heims á sviði m.a. arkitektúrs, byggingaverkfræði, véla-, flug- og framleiðsluverkfræði, sjávar/hafverkfræði og efnaverkfræði.

Á tímabilinu 1992–2001 gegndi Jón prófessorstöðu við TUDelft. Hann var frumkvöðull í stofnun og þróun nýrrar deildar við háskólann: deildar samþættrar sjálfbærrar hönnunar, sem nú heitir „Climate Design and Sustainability“. Hann kenndi, ásamt teiknistofuvinnu sinni, byggingareðlisfræði við háskólann í tvo áratugi.

Árið 1966 stofnuðu Jón og kona hans, Riet Reitsema arkitekt, arkitekta- og verkfræðistofu í Deventer í Hollandi og er hún enn starfandi. Riet lést árið 2015. Þau hjónin gáfu m.a. út bókina Samþætt sjálfbær hönnun. Eftir að upplag hennar eyðilagðist í bruna lét eftirmaður Jóns við háskólann, prófessor Andy van den Dobbelen, snara bókinni yfir á ensku (e. Intergrated Sustainable Design) og endurrita í ár. Bókin nýtist sem kennslubók í meistaranámi í vistvænni hönnun. Félagi Jóns í dag er Ineke Evenblj-Lubsen.

Besta loftræsting í heimi

Sem kennari og arkitekt ruddi Jón nýrri tækni braut, þ.á m. í einangrun bygginga, nýtingu sólarorku, varmageymslu í jörðu, rafkveikju á gastækjum og loftræstingu með varmaendurvinnslu og sjávarorkuvirkjunum, svo eitthvað sé nefnt.

Meðal þeirra uppfinninga hans sem vakið hafa athygli er loftræstieiningin Andandi gluggi (Breathing Window.com, Fresh-r.eu) sem valin var besta loftræsting í heimi í München árið 2018 (Passiv Haus Congress/World Champion Ventilation).



Jón Kristinsson arkitekt hefur iðulega verið langt á undan sinni samtíð í hönnun og hugmyndum, óhræddur við að feta ótroðnar slóðir. Sumt af því sem hann hannaði fyrir áratugum er í dag gripið á lofti.

Mynd / sá

Jón var sá fyrsti til að hljóta hin konunglegu Shell-verðlaun, árið 1998, og notaði verðlaunaféð til að þróa alveg nýtt loftræstikerfi. Loftræsting reynist oft vera veikasti hlekkurinn þegar kemur að heilsu, góðu andrúmslofti og orkusparnaði bygginga, að sögn Jóns.

Þróun öndunargluggans, í samvinnu við dr. Noor van Andel sem nú er látinn, tókst til hlýtar en um tuttugu ára langt ferli var að ræða.

Andandi gluggi var vinnuheiti á sjálfstæðu og sjálfbæru loftræstitóli, sem nú ber nafnið Fresh-r, og sem Jón sér fyrir sér að geti nýst stórum hluta mannkyns. Ekki er um eiginlegan glugga að ræða, heldur er kjarni hans loft/loft-varmaskiptir tvinnuð af 6 km af 1/10mm koparþræði sem vinnur kulda úr hita og öfugt og hefur að sögn Jóns sennilega bestu varmaskipti í heimi, með 90% varmaendurvinnslu.

Jón segir andandi glugga geta

hentað vel Íslandi. Hann vari t.d. við ef hann teppist af laufblöðum eða snjó, afþíði sig sjálfur í frosti, sé lúsmýs-þéttur og fáist með frjóefnasíu.

Koparvirkjarni í kassa sé settur í útvegg og geti verið í ýmsum stærðum og þykktum; þessa stundina séu framleiddar í Hollandi tvær stærðir af tækinu. Þá hafi það góða, hljóðlausu jafnvægisloftræstingu með sjálfvirkum loftraka- (H₂O) og koltvívinnsmæli (CO₂).

Þetta er þannig ný tegund sjálfstæðrar loftræstingar sem kallar hvorki á niðr hengd loft né fyrirferðarmiklar loftstokkarásir heldur er hún lítil, einföld heilsusamleg, orkusparandi og ódýr framhliðarloftræsting. Jón segir reynsluna af öndunarglugganum sýna 20–25% lækkun á hitakostnaði íbúðarhúsa í Vestur-Evrópu og tveggja ára langar mælingar í Reykjavík hafi sýnt allt að 50% sparnað á vatni til húshitunar.

„Það verður að setja einangrun utan á útveggi. Þú þarft að setja allavega tvo þriðju af einangrun utan frá miðað við innan á, til að fá ekki myglu. Ég sagði frá því á þeim tíma að öll hús hér væru í sjálfu sér ranglega byggð ...“

„MIT (e. Massachusetts Institute of Technology) í Bandaríkjunum var að kaupa öndunargluggana til að setja upp í stúdentahúsnæði hjá sér,“ upplýsir hann.

Einkaleyfi sitt hafi runnið út á tuttugu ára þróunarferlinum svo hann hafi þó ekki grætt krónu á uppfinningunni.

Hannaði vistvænustu byggingu Hollands

Jón er m.a. þekktur fyrir að hafa hannað vistvænustu byggingu Hollands. Það er alþjóðlega blóma- sýningahöllin Villa Flora, á Floriade í Venlo, sem byggð var 2011. Hún var nýjung í svokallaðri Holcon-steinsteypu-tækni, í nákvæmni og styrkleika, með tvöföldum gólfplötum og innsteyptum lögnum. Forsmiðaðar súlur og gólf voru flutt á fljótabát frá nágrenni Bonn í Þýskalandi. Villa Flora er 43.500 m² að stærð, var byggð á ellefu mánuðum án úrgangs, með þurri samsetningu s.s. mekkano. Byggingin hefur lághita-sólarkerfi og varma- og kuldageymslu í jarðvegi.

Byggingin skiptist í tvo hluta; 4.000 fermetra skrifstofubyggingu sem þarf sáralitla loftkælingu og 10.000 fermetra gróðurhús að sunnanverðu. Byggingin nýtir sólarorku til hins ýrasta til upphitunar og útgeislunar að næturlagi og geymir umframorku í varmageymslu undir byggingunni. Hitinn geymist í jarðveginum og nýtist á vetrum. Rafmagn er að auki unnið með sólarcellum og metan úr lífrænum úrgangi svo annarra orkugjafa er ekki þörf. Umframorkan er það mikil að byggingin sér húsum í grennd fyrir orku.

Að Jóns sögn þarf aðeins tvo hektara af gróðurhúsum til að sjá átta hekturum af húsum fyrir hita og því geti Villa Flora auðveldlega séð litlu bæjarhverfi fyrir orku. Að sögn hans kostaði Villa Flora aðeins um tvo þriðju af því sem hefðbundin bygging hefði kostað því byggingarmassinn sé mun minni. Bygginguna megi einnig taka algjörlega í sundur og endurreisa annars staðar, sé vilji til.

Hitinn geymdur í leir

Meðal fyrstu sjálfbærnihugmynda Jóns, frá 1976–7, er hönnun ráðhúss í Lelystad. Þar hannaði Jón fyrstu árstíðabundnu hitageymsluna í jarðvegi, fleygboga-sólorkusafnara, jafnvægisloftræstingu með endurheimt hita, rakagjöf með plöntum og lindum, einangrandi gluggahlera o.fl. Með þetta hefur hann unnið alla tíð síðan.

„Hugmyndin var að nýta sólarljósið og búa til varmageymslu í jarðvegi,“ útskýrir Jón. „Húsið byggði á sólarorku, með sólarsofnunarpánellum sem gátu hitað upp allt hverfið, grænum plöntum á gaffli, góðum hljóðburði og í miklu sólarljósi verða rúður mattar. Vardandi varmageymsluna þá er eigin varmi vatns mjög hár, 3–4 sinnum meiri en jarðvegs. Blautur leir geymir um 40% af þeim varma sem unnt er að geyma í vatni. Settar eru vatnspípur í leirinn í mótstöðumodeli og byggður upp varmi kringum kjarnann í varmageymslunni. Varminn vill alltaf fara upp þannig að það eina sem þarf að gera er að einangra að ofanverðu. Þannig er búin til varmageymsla með allt að því sjóðandi heitu vatni og varminn geymdur í leirnum.“

Varmanum er svo miðlað með hringrásarvatnsflæði og er því alveg sjálfbær. Þetta er betri hugmynd en það sem almennt er notast við í dag og ég er ekki einn um þá skoðun,“ segir hann. Hugmynd Jóns sigraði samkeppni um ráðhúsið en þegar til kom voru ráðamenn smeykir við hinar byltingarkenndu nýjungar í hönnuninni og nýttu hugmyndina ekki. „Pólitikussar skilja ekki tækni,“ hnýtir Jón við.

Teikningarnar að ráðhúsinu urðu, nánast óbreyttar, grunnur að byggingu Villa Flora árið 2011, 35 árum síðar, og þannig má segja að Jón hafi verið áratugi á undan sinni samtíð. Bygging 184 lágorkuhúsa í Schiedam skv. hugmyndum Jóns, á árunum eftir 1980, breytti byggingatækni í Hollandi varanlega og var Jóni boðin prófessorstæðan við TUDelft í kjölfarið. Lágorkuhúsin eru loftþétt, með utaneinangrun á útveggjum, grunni og þaki.

„Ef þú tekur hús og bætur gluggaeinangrun með betra gleri, einangrar þak, býrð til varmaskipti fyrir loftræstingu og einangrar líka sökkul hússins, þá geturðu búið til hús sem eru næstum því sjálfbær. Þau kosta um 10 þúsund evrur (1,5 m.kr.) og þú þarft ekki að hafa neinar hitaleiðslur í húsinu. Öll orkunotkun lækkar þá undir áttunda hluta þess sem væri ella,“ segir hann.

Jón hefur sagt ástæðu þess að vistvænni og ódýrari byggingar séu ekki algengari en raun beri vitni vera að byggingageirinn og stjórnmálafólk sé almennt hrætt við tækni og hið sama megi raunar segja um marga arkitekta.

Framhald á næstu síðu.



Villa Flora í Venlo í Hollandi, byggð 2012, er umhverfisvænasta bygging landsins og byggð á hönnun Jóns frá 1976. Byggingin býr m.a. yfir lághita-sólarkerfi og varma- og kuldageymslu í jarðvegi. Á toppi þaksins eru sex metra háir sólfangarar sem eru notaðir til að hita upp jarðvegin undir byggingunni. Jarðvegurinn virkar þá líkt og orkuforðabúur sem nýtist til upphitunar yfir vetrarmánuðina.

Mynd / Jón Kristinsson



SOLIS

ÞEGAR KRAFTURINN SKIPTIR MÁLI



SOLIS 26

SOLIS 90XL



🌐 vallarbraut.is
☎ 454 0050

SOLIS 60
Ný hönnun
sama góða verðid



SOLIS 26 beinskipt frá 1.620.000+vsk
SOLIS 26 HSTverð frá 1.900.000+vsk
SOLIS 26 með húsi 2.750.000+vsk
SOLIS 50 verð frá 4.980.000+vsk
SOLIS 90XL verð frá 6.7000.000+vsk

Með ámoksturstækjum 2.300.000+vsk
Með ámoksturstækjum 2.640.000+vsk
Með ámoksturstækjum 3.490.000+vsk
Með ámoksturstækjum 6.180.000+vsk
Með ámoksturstækjum 9.985.200+vsk



delta
forest



Professional Tree Planting Services

Delta Forest is a company that has planted over 2 million trees in France, UK and Iceland since September 2022. Our management team has over 20 years experience and we are committed to providing a high quality service for all.

What we offer:

- A crew of 4/5 planters led by an experienced foreman
- Each crew can plant between 12,000-25,000 trees a day (on good ground)
- A quad and trailer (suited to Icelandic terrain) to layout the trees
- Planting and fertilising in spring (May-July) or planting in fall (September-October)

For more information
contact us on katylily@delta-forest.com





Jón Kristinnsson.

Mynd / Aðsend



Jón hannaði við annan mann fjölhæfan lághitaofn sem byggir á vatns/lofts-varmaskiptum. Ofninn er með nítján lóðréttum Spirox-varmaskiptum og fimm smáviftum. Hann segir ofninn þann besta sem völ sé á og leitar íslensks framleiðanda.

Mynd / Aðsend



Jón þróaði aðferð til að geyma varma í leirjarðvegi undir húsum. Hér sýnir hann hugmyndina sem nýst hefur í byggingu lágorkuhúsa í Hollandi.

Mynd / sá

Leitar framleiðanda á Íslandi

Jón hefur þannig alla ævi unnið við að bæta orkunýtingu við hitun og kælingu húsa og beitt til þess nýstárlegum aðferðum. Eftir starfslok árið 2001 hefur Jón, auk tímakenntu, unnið á stofu sinni í Deventer. Hann vinnur ásamt öðrum að endurskoðun og útgáfu Samþættar sjálfbærrar hönnunar, bókarinnar með hugmyndum hans að vistvænni hönnun og orkumyndun. Þar má m.a. sjá hugmyndir Jóns um sjávarorkuvirkjanir.

Nú síðast hefur Jón, ásamt Koos Slootweg, lokið þróun lághitaviftuofns og leitar framleiðanda á Íslandi. Um er að ræða fjölhæfan lághitaofn sem bæði hitar og kælir og byggir á vatns/lofts-varmaskiptum. Vinnuheiti ofnsins er HCCV-19, eða HeatCoolCleanVentilate19-varmaskiptar.

Jón segir mikilvægan eiginleika hitakerfisins að það geti verið ódýr kostur í loftkælingu. Hann telur að sleppa megi gashitun og lækka kostnað við rafmagnshitun í Hollandi um 50-75% með því að innleiða bæði lághitakerfi og andandi glugga með góðri vatn/vatn-varmadælu. HCCV gæti einnig komið að góðum notum á Íslandi, ekki síður en annars staðar. HCCV sé með nítján lóðréttu Spirox-varmaskipta ásamt fimm smáviftum. Mælingar á frumgerðum sýni að með 35°C vatnshitastig og 600 m³ lofthringrás á klukkustund skili ofninn 1 kW af varma, sem sé mun lægra vatnshitastig en venjulegir ofnar í húsum noti.

Þá sé til sérstök útgáfa HCCV-lághitaofnins sem henti sérstaklega fyrir þá sem þjást af ofnæmi því hann hreinsi ryk, reyk og frjókorn úr

innilofti. Tilraun á Íslandi hafi leitt í ljós helmings lækku á hitakostnaði.

„Ef þú vilt fá bestu nýtingu á heitu vatni á Íslandi getur þú þrefaldað hana ef þú notar góða ofna,“ segir Jón. „Mig vantar ofnaverksmiðju til að búa til lághitaofninn, kaupanda og framleiðanda, og það er ekki dýrt að framleiða þetta. Stofnkostnaðurinn væri ca 200.000 evrur og framleiða þarf að minnsta kosti 3.000 ofna á ári. Íslendingar gætu bara gert þetta og haft sína eigin verksmiðju úti í Hollandi! Það er sannað að tæknin virkar en okkur Koos vantar eiganda að þessu; ég er ekki að fara að setja upp verksmiðju 87 ára en ef ég væri yngri hefði ég gert það,“ segir hann.

Spáði fyrir um myglu í húsum

„Hollusta og heilsugæði eru mikilvæg í nýtingu bygginga,“ segir Jón og bætir við að almennur vankantur í byggingum á Íslandi sé mygla í útveggjum. Besta heildarlausn fyrir Ísland í mygluvörnum og orkusparnaði sé að einangra hús að utan.

„Í öllum útveggjum húsa eru daggarmörk fyrir hlutfallslega rakt inniloft þéttust og almennt sést þetta sem móða á rúðu eða hrím að vetri,“ segir Jón og heldur áfram: „Veikasti hlekkur í keðju ákveður styrkleika hennar. Þetta gildir einnig fyrir einangrun þar sem dögg eða raki er. Um aldaraddir var það einfalda glerið. Strax og gott tvöfalt gler er sett í glugga færast daggarmörkin ósýnilega frá gleri og inn í útvegg, sem leiðir til raka og til lengdar, myglu.“ Hann segir járnþenta steinsteypu standast jarðskjálfta og rok en lengi hafi vantað rakafræðilega réttan frágang og utan-einangrunartækni. „Við vitum betur



í dag og sumir byggingafræðingar hafa raunar verið meðvitaðir um þetta í áratugi. Til að útiloka raka er öruggust þétt utan-einangrun og mun minna máli skiptir einhver minni háttar innan-einangrun á útveggi.“ Jón hefur sett fram aðferð við utan-einangrun sem hann segir einfalda í framkvæmd, hagkvæma og henti bæði nýjum og eldri byggingum, með hámarksárangri.

Hann segir útreikninga á daggarpunkti, varmatapi og



Loftræstieiningin Andandi gluggi var verðlaunuð árið 2018 sem besta loftræstikerfi heims. Jón heldur hér á varmaskipti gerðum úr 6 km af 1/10mm koparþræði, sem er kjarni einingarinnar.

Mynd / sá

hitabreytingum í sökkli, gólfi, útveggjum og þaki, þekktum atriðum í byggingareðlisfræði, jafnan vanta í byggingarsamþykktir. „Það sama gildir um hljóðeinangrun og hljóðburð sem almennt gleymist, jafnvel í byggingu stórra veitingahúsa. Og einnig ákvæði um lágmarks loftræstingu í húsum og CO₂-mælingu á loftgæðum og rakamælingu. Viturlegt væri að bæta í almenna byggingarsamþykkt nýjum ákvæðum um heilsutengda þætti og orkusparnað,“ segir hann.

Jón ritaði fyrir allmörgum árum bæklinginn Leiðbeiningar um hleðslu húsa, sem hann segir mætti nýta oftast á Íslandi og komi í veg fyrir daggarmyndun í einangrun eða innvegg.

„Árið 1968 skrifaði ég pása fyrir mátsteinsframleiðendann Jón Loftsson hf. Ég skrifaði, teiknaði og reiknaði út daggarmörk og sýndi rakamyndun með rangri innan-einangrun húsa. Þú færð bleytu inn í alla vegg og ef þú einangrar að innanverðu færðu miklu meiri bleytu. Það verður að setja einangrun utan á útveggi. Þú þarft að setja allavega tvo þriðju af einangrun utan frá miðað við innan á, til að fá ekki myglu. Ég sagði frá því á þeim tíma að öll hús hér væru í sjálfru sér ranglega byggð. Þetta á síðan að ræða á málþingi, nú hálfri öld síðar!“ segir Jón kankvís.

Málþing um sjálfbærar lausnir

Málþingið sem Jón getur um, er haldið í Veröld Vigdísar og fjallar um lífsstarf Jóns að sjálfbærni, verk hans og hugmyndir. Umhverfis- og byggingarverkfræðideild HI, Arkitektafélag Íslands og

Grunnur vishugsunar

Jón Kristinnsson fæddist 7. maí árið 1936 á Stýrimannastíg í Reykjavík. Hann ólst upp í borginni en var iðulega einnig hjá ömmu sinni og afa að Hóli í Lundarreykjadal. Hann segir að þar hafi vélvæðing verið nær engin. Á Hóli hafi verið mjólkurskilvinda og útvarp, hestafll og langur vinnudagur. Sjálfspurftarbúskapur með gjörnýtingu án nokkurs úrgangs. Þetta hafi orðið sér góður upphafspunktur vinnu á umhverfissviði síðar á ævinni.

Hann man svo þegar byggt var nýtt íbúðarhús, vegur var lagður inn dalinn, túnið stækkað og dráttarvél kom til sögunnar ásamt sláttuvél og herjeppa. Síðan sveitarsími og 32 volta vindmylla með rafhlöðum og þar með rafhljós. www.kristinnsson.nl

samtökin Grænni byggð standa fyrir málþinginu 21. mars og stíga nokkrir frummælendur á stökk og síðan verður umræðupanell. „Þarna á að fjalla um orkusparnað, hollar byggingar og síðast, en ekki síst, bestu lausn við myglu í útveggjum húsa,“ segir hann.

Árið 1998 hlaut Jón Koninklijke/Shell-verðlaunin fyrir sjálfbærni í arkitektúr. Hann er handhafi Ljónsorðu Niðurlanda vegna deildar samþættar sjálfbærrar hönnunar við TUDelft, sem Hollandsdrottning veitti honum á 40 ára afmæli Architecten- en ingenieursbureau Kristinnsson. Forseti Íslands sámdí Jón svo Fálkaorðu í upphafi þessa árs, fyrir frumkvöðlastarf í vistvænni húsagerðarlist á alþjóðavettvangi, og veitti Jón henni viðtöku á Bessastöðum 12. mars.



STÖÐLUÐ STÁLGRINDARHÚS

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

Það er stutt í ferðalagið og líka í Nesdekk! Nú á sjö stöðum!

Rétta dekkinn draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Breiðhófi 13
110 Reykjavík
590 2080

Skeifan 9
108 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 41
101 Reykjavík
561 4110

Lyngás 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

Dalsbraut 1
600 Akureyri
460 4350

Austurvegi 54
800 Selfoss
590 2095

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200



Það má með sanni segja að í öllum hornum, skúmasketum og á hillum leynist lífandi gróður, en hér teygja rifblaðka og gúmmitré makindalega úr sér.



Myndir / sp

Fræ í frjóa jörð

– Samstarfsverkefni almenningsbókasafna

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Fræbankar hafa á síðustu árum skotið upp kollinum hér og þar, en Svanhildur Halla Haraldsdóttir hjá bókasafni Gerðubergs í Breiðholti telur samfélagið æ áhugasamara varðandi skref í átt að sjálfbærni.

„Þetta er allt í áttina,“ segir hún. „Martyna Karolina Daniel heitir sú sem hefur umsjón yfir verkefni fræbankanna í heild sinni, en við

hjá bókasafni Gerðubergs höfum auk þess mikinn áhuga á öllu sem viðkemur hringrásarkerfinu.

Við höfum staðið fyrir ýmsum uppákomum, meðal annars tilraunarræktun af ýmsu tagi og höfum kallað eftir því að fá að ætteleiða plöntur. Oft á fólk úr sér vaxnar og allt of háar stofuplöntur sem fá nægt rými hér í Gerðubergi, enda hátt til lofts og vítt til veggja.“

Fræbanki er nú staðsettur í bókasafninu og segir Svanhildur frá því að falleg kommóða, merkt fræbankanum, sé úr geymslu safnsins,

áður ætluð undir skjöl, en tilvalið að geyma þar ýmislegt smálegt.

Í skúffum hennar leynast því haganlega brotin fræumslög úr blöðum sem starfsmenn hafa, til gamans, gert úr úr sér gengnum plöntubókum. Nýtt þannig blaðsíðurnar, enda hringrásin þeim ávallt ofarlega í huga.

Framtíðarsýn grænna málefna

Deildarstjóri Gerðubergs, Ilmur Dögg Gísladóttir, segir hugmyndina að fræsafni hafa komið frá fræ-



Þessi kommóða hefur fengið nýtt hlutverk og hýsir nú fræbanka Gerðubergs.

bókum almenningsbókasafna í Osló. Starfsfólk bókasafnanna hér hafi verið afar duglegt við að sækja sér endurmenntun og fræðslu á norrænum ráðstefnum bókasafna þar sem gegnumgangandi áhersla á græn málefni er dæmi um framtíðarsýn.

„Við höfum velt fyrir okkur hvernig við getum stutt grænan lífsstíl og þar innan, til dæmis, hvernig við getum auðveldað fólki að hefja ræktun. Við í Gerðubergi erum í samstarfi við Seljagarð, grenndargarð og gróðurhús við Jaðarsel í Seljahverfi, en þau útvega okkur fræ frá sér auk þess sem við kaupum fræpoka og deilum út. Einn fræpoki getur þannig nýst mörgum. Þetta er einfalt verkefni sem gefur samt svo mikið, enda sterk sýn um sjálfbært og sjálfbjarga samfélag,“ segir Ilmur.

Fræsöfn sem þessi má einnig finna á amtmannsbókasafninu á Akureyri, og nú í fjórum söfnum Borgarbókasafnsins; í Gerðubergi, Grófinni, Sólheimum og Úlfarsárdal. Öllum er frjálst að ná sér í fræ án endurgjalds en einnig má koma með afgangfræ og gefa í fræsöfnin.

„Við lítum annars á þetta sem hluta af stærra þema hjá okkur, og það er *Græna bókasafnið*,“ heldur Ilmur áfram. „Hugmyndin er einnig innblásin frá Norðurlöndunum þar sem áherslan er lögð á græn málefni, hvernig hægt er að vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í gegnum grænar áherslur og upplifunin, þegar fólk heimsækir bókasöfn, að það fái vísbendingar um lífsstíl. Við í Gerðubergi sýnum til dæmis gestum að hægt er að rækta plöntu af avokadósteini og svo settum við í mold poppbaun sem spíraði, við vinnum með afleggjara



Haganlega brotin fræumslög, gerð úr blaðsíðum annars ónýtjanlegra bóka safnsins.



Það leynist margt forvitnilegt í fræsafninu, sem ætlað er öllum.

af hinu og þessu og erum með plöntuskiptamarkað. Einnig höfum við verið með viðburði tengda því að planta fræjum, endurnýttum mjólkurfurnum í pottana sem fræin fara í, við höfum kynnt gestum okkar hversu mikilvægir ormar eru við gerð moutu og fengið í heimsókn sérfræðing þess efnis.“

Markaðir og fræðsla

Ilmur segir að til viðbótar hafi þau verið með ýmiss konar skiptimarkaði og nú, eftir fyrstu vikuna í apríl, er stefnt á að halda skiptimarkað þar



Martyna Karolina Daniel.




Svanhildur Halla Haraldsdóttir.



Ilmur Dögg Gísladóttir.

STÁLGRIND TIL SÖLU!

495 fm² (18x27,5m)



Verð: 4,5 m. án vsk.

Nánari upplýsingar veitir

Gísli Már 842-5462 | gisli@veritas.is

VISSIR ÞÚ AÐ:

Úlfarsárdalssafnið býður upp á hljóðver sem bæði einstaklingar og hljómsveitir geta nýtt sér til upptöku. Einnig er hægt að leigja sal með hljóðkerfi, skjávarpa og tjaldí, minni sal með stórum skjá fyrir námskeið eða fundi og svo herbergi þar sem 5 manneskjur geta setið við tölvuskjái. Nettenging er að auki á staðnum.

Grófin býður upp á tónlistar- og myndvinnsluver á 5. hæð Borgarbókasafnsins Grófinni. Vissirðu að þar er að finna græjuparadís margmiðlunar? Hvort sem þú þarft að klippa afmælisvídeó fyrir ömmu þína eða taka upp stef fyrir nýtt hlaðvarp.

Munasöfn bjóða upp á sjálfsafgreiðsluskápa fulla af gagnlegum tækjum og tólum sem finna má í bókasafni Kópavogs, í safni Grófarinnar, Gerðubergi, Kringlunni og í Úlfarsárdal, enda hringrásarsöfn, samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Munasafnsins RVK Tool Library.





Gott er að hafa í huga jákvæða þætti hringrásar og nýta sér markaðsdaga bókasafnanna. Fræðslu og frekari upplýsingar má finna á vefsíðu þeirra.
Mynd / Borgarbókasafnið Gerðubergi - S.H.H.



Starfsmenn Gerðubergs eru svo sannarlega með græna fingur.
Mynd / Borgarbókasafnið Gerðubergi - S.H.H.

sem óskað er eftir eldhúshöldum, bollum, pottum eða þvíumlíku.

„Fólk á oft yfrið meira en það þarf á að halda, á meðan suma vantar ýmislegt og því upplagt að líta við og koma á markaðinn. Við höfum nægt húsrými í Gerðubergi og því vel hægt að setja upp ýmiss konar markaði enda eru þeir undantekningarlaust vel sóttir, endurgjaldslausir og öllum ætlaðir. Sólheimasafnið hefur einnig verið mjög virkt hvað varðar markaði og upplagt að kynna sér þessa starfsemi okkar safnanna betur.

Af öðrum viðburðum má nefna upplýsingar um gámadýfingar, sem fara nú misvel í fólk, en þetta var innlegg í þágu þess að sporna við matarsóun. Þetta er tiltölulega viðkvæmt málefni, en kemur að mismunandi lífsstíl hvers og eins og við sem bókasafn viljum veita innblástur, enda deiliahagkerfi, ræktun og fræðsla okkur hugleikin og gámadýfingar eiga þar vel við. Sjálf fáum við hvata frá öðrum söfnum, fyrir hvað þau standa og hver þeirra sýn er. Við viljum vera hjartað í hverfinu og höfða til ólíkra hópa á meðan við höfum samt okkar grunnildi eða rauðan þráð sem er græn stefna,“ segir Ilmur.

Margþætt munasafn

Munasafn má einnig finna innan veggja bókasafns Gerðubergs, en áskrift þar er hægt að samnýta í munasöfn annarra bókasafna og eru afar vel sótt. Það segir Ilmur annan vinkil, enda upplagt að geta náð sér í vöfflujárn, snjóskóflu eða annað þegar þess þarfnast.

Þarna séu munir sem eru ekki notaðir dagsdaglega og því óþarfi að að eiga. Bókasöfn höfuðborgarsvæðisins bjóði öll upp



Endurvinnsla höfð í hávegum.

á nýtsamlega þjónustu af ýmsu tagi og þótt munasafn sé ekki að finna í safni Árbæjar er þar aðstaða til að taka upp snið og sauma enda í boði tvær saumavélar auk einnar overlock-vélar fyrir þá sem vilja.

Ráðgjöf og kennsla á vélarnar er svo einu sinni í mánuði, auglýst í viðburðardagskrá safnsins. Á vefsíðu bókasafnanna er ýmislegt nýtsamlegt í boði, hvort sem eru markaðir, fræðsla eða annað og um að gera að leita eftir því sem áhugi er fyrir eða þörf er á.

„Svo er rétt að geta þess að margir hafa sjálfsgat tekið eftir bókasafnstöðunum okkar þar sem má ná sér í ókeypis bækur. Þær er að finna víða núorðið, ekki bara á söfnunum heldur oft í grennd við sundlaugar eða matvöruverslanir sem styðja við hringrásarkerfið.

Við erum bókaþjóf og dýrmætt að halda í það. Með tilliti til þess verður að benda á bókasafnið sem stofnun, sem dæmi um hringrás, enda mikil og góð nýting bóka og ársgjald bókasafnskorts jafnvirði einnar skáldsögu í raun,“ segir Ilmur að lokum.

Næturbrölt?

Glímir þú við tíð þvaglát?

Hvönn er:

- Bakteríudrepani
- Bólguþandi
- Styrkjandi

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

100% hrein íslensk hvönn
KRÖFTUG & NÁTTÚRULEG
60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

TENWAYS AGO X

Fyrir sveit og borg

Bafang M410 80Nm motor
504Wh LG rafhlaða
Shimano Deore 10 girar
Tektro M275 vökvabremsur
Verð 369.900 kr

t2 hjól ehf
Vesturás 36
110 Reykjavík
896 8076

MAGNA

L Ö G M E N N

MAGNA veitir alhliða lögfræðiráðgjöf og lögmannsþjónustu, s.s. á sviði skipulagsréttar, útboðs- og verktakaréttar, fyrirtækja- og samningaréttar, vinnuréttar, auk fjölskyldu- og erfðamála.

Hafðu samband og við skoðum málið með þér.
logmenn@magna.is www.magna.is



Deoxymyoglobin

Oxymyoglobin

Metmyoglobin

Þrjú meginlitarefni stjórna lit kjöts; myóglóbín þeirra mikilvægast og er um 80–90% af litarefni kjötsins. Notaður er spjaldaskali fyrir litaviðmið og einnig litmælir.

„Það eru margir þættir sem ákvarða kjötgæði og þeim má til einföldunar skipta upp í skynræna-, efnafræðilega-, tæknilega- og öryggisþætti ...“

Mýóglóbín-hlutfall er breytilegt eftir tegund, aldri, kyni og milli vöðva. Rautt kjöt er með meira mýóglóbín en ljóst kjöt augljóslega minna. Hlutverk mýóglóbíns er að binda súrefni og skila því inn í vöðvaþræði. Þannig að vöðvar sem vinna meira/lengur og þurfa meira súrefni, eru þar af leiðandi með hærri hlutfall mýóglóbíns og verða dekkri. Þegar vöðvi verður að kjöti þá klárast súrefni inn í vöðvanum út af ensímvirkni. Mýóglóbíninn inni í miðjunni á kjötinu er þá á skertu formi og binst veikum tengjum við vatnssameind eða er stöðugt með hemóglóbín en þá er liturinn fjólurauður og heitir deoxymýóglóbín. Þegar hann kemst í tæri við súrefni verður hann skærrauður og kallast oxýmýóglóbín. Meðan rauða kjötið gæti oxast og orðið brúnt þegar það kemst lengi í tæri við súrefni þá verður hvíta kjötið meira brúngrátt,“ segir hún enn fremur.

Kjötumbúðir og mottubútar

Gæta þarf að mikilvægum þáttum eins og vatnsheldni og sýrustigi. Vatnsheldni er mælikvarði á hversu vel eða illa kjötvökvinn helst í kjötinu, þ.e. hversu góðir vatnsbindieiginleikar kjötsins eru. Kjöttvöðvi er um það bil 70–75% vatn og þar af leiðandi hefur hegðun þess gríðarleg áhrif á eiginleika kjötsins.

Sýrustig er ein einfaldasta mæling sem hægt er að gera á kjötskrokkum sem gefur vísbendingar um gæði. Óeðlilegt sýrustig getur verið sterk vísbending um að eitthvað í framleiðslu eða vinnsluferli er ekki eins og það á að vera. Dæmi um það gætu verið að kæling sé of hröð

eða að gripurinn hafi verið í slæmu ástandi fyrir slátrunina. Óeðlilegt sýrustig í kjöti getur einnig haft talsverð áhrif á geymsluþol.

Það er því ekki að ástæðulausu að rýrnun, eða drip, eins og það er stundum kallað, er mælt þegar skoðaðir eru gæðaeiginleikar kjöts. Ástæðan er ekki eingöngu áferð eða að halda í þyngd svo varan sé meira virði heldur skiptir útlitið einnig máli.

Eva tiltekur að umframvökvni í umbúðum kjötvara teljist óaðlaðandi í augum neytenda og því oft brugðið á það ráð að setja rakadrægan mottubút innan í umbúðirnar til þess að sjúga í sig safann. Mottubúturinn þjóni sínum tilgangi sem slíkur; að sjúga upp umfram safu upp að ákveðnu marki, en hann hafi einnig tvenna ókosti.

„Í fyrsta lagi þá er ekki jafn fýsilegt að elda steik í loftdregnum umbúðum með mottubút með tilliti til þess að mottan er kærkominn staður fyrir örveruvöxt. Í öðru lagi þá lítur mottan út eins og gamall notaður plástur þegar hún er fjarlægð úr pakknum við notkun á kjötbítanum. Almenn eykst umfram safi sem lekur úr kjötinu með hverjum degi í geymslu en drip er hlutfallslega hærri með hækkandi hitastigi. Því getur munað talsvert í rýrnun á kjöti sem geymt er við 2°C samanborið við kjöt sem geymt er við 0°C,“ segir hún.

Kjöraðstæður fyrir örveruvöxt

Hvað öryggisþáttum við kemur segir Eva að í heilbrigðum dýrum séu vöðvarnar svo til sótthreindir fyrir slátrun en húðin, hárin/fjadrirnar, meltingar- og þvagfæri séu það ekki.

„Þó svo að fyrir slátrun sé vöðvi í ákveðnum skilningi sótthreinn þá er kjöt í sjálfu sér kjöraðstæður fyrir örveruvöxt þar sem það er nóg af aðgengilegu vatni, næringarefni fyrir örverurnar og þar að auki hentugt sýrustig. Ef ekki er gætt nægilega vel að hreinlæti og mengun af völdum örvera getur fjöldi þeirra aukist gífurlega hratt. Ekki er einungis mikilvægt að gæta að hreinlæti við slátrun og vinnslu heldur þarf líka að tryggja að umbúðir eða pakkningar fyrir kjöttvöru séu algjörlega ómengaðar svo örveruvöxtur fari ekki af stað þar,“ segir Eva einnig.

Margt í gangi hjá Matís

Af þessu má sjá að kjötrannsóknir eru viðamiklar og hefur Matís lagt drjúga hönd að verki. Þar hefur undanfarið verið unnið að uppfærslu Ísgem-gagnagrunnsins um efnainnihald matvæla, og þá sérstaklega fyrir svínakjöt og kjúkling upp á síðkastið.

„Við höldum úti Íslensku kjötbókinni sem er fræðsluvefrit,“ útskýrir Eva. „Þessi tvö verkefni eru bæði í stöðugri þróun og þeim verður aldrei fullkomlega lokið. Við höfum mikið verið að skoða gæði, geymsluþol, nýtingu og komið að vörubrúun, sem og alls kyns ráðgjöf. Þar að auki erum við með rafrænt fræðsluefni, námskeið og fleira, fyrir bæði matvælaeignaðinn og neytendur.“

Hjá Matís hafa í kjötrannsóknaverkefnum verið BS-, MS- og Dr.-nemendur, sem nú í dag er víða lykilmál fyrir tækjum eins og kjötvinnslum og slátruhúsum.

Við höfum verið mikið í neytendarrannsóknnum, erum bæði með fullkomna skynmatsaðstöðu og þjálfaða skynmatsdómara en það skiptir gríðarlegu máli þegar verið er að sanna það að ákveðin vara hafi sérstöðu á markaði,“ segir hún enn fremur.

Rannsaka blóð til manneldis

Matís hefur verið í samstarfi með Kjarnafæði/Norðlenska um aukna nýtingu hliðarafurða frá slátruhúsum og kjötvinnslum. Þar hefur sérstaklega verið horft til nýtingar blóðs í vörur til manneldis en einnig almenns slátrurágangs til framleiðslu á gæludýrafóðri.

Í samstarfi við RML hefur verið unnið að þróun erfðafæðilegra aðferða til að efla kynbótastarf, þá sérstaklega í nautgripum. Unnið hefur verið að því að bæta riðugensgreiningar í sauðfé ásamt því að finna erfðabætti sem valda bóggreppu, en hvort tveggja eru arfgengir erfðagallar sem valda íslenskum bændum tjóni.

Þá hefur Matís verið að skoða hvort það að bæta ákveðnum þörungum við fóður nautgripa hafi áhrif á metanlosun, og svo samhliða hvaða áhrif slíkar fóðurbreytingar hafa á afurðir. „Það hefur verið mikið um að vera hvað varðar rannsóknir á lambakjöti núna undanfarið og við höfum verið að skoða áhrif fituflokka á innanvöðvafitu, meyrni, skurðkraft og bragðgæði. Samhliða því hefur verið horft sérstaklega á sýrustig eftir slátrun og hvaða sýrustigsbil getur gefið okkur vísbendingar um skurðfestu og bragðgæði,“ segir Eva Margrét að endingu

ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN **Icevet**

Dýraheilsa

LAMBOOST og FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og er með íslenskum leiðbeiningum.



FLORYBOOST

Floryboost stöðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Verndar þarmana – Viðarkol og leir sem draga í sig eiturefni.

Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans – Natriumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosföt.

Eykur orku – Dextrósi.

Styrkir erta slímhúð – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmarini, cajeput, tímóteí og thymol.

LAMBOOST

Lamboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og léttra lamba í huga.

Heilbrigð þarmaflóru – Mjólkursýrugerlar.

Eflir ónæmiskerfið – Broddur.

Örvandi – Jurtakraftur (kóla, gúarana).

Eykur líkamlegan styrk – Flókin samsetninga vitamína og járns.

Eykur orku – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þriglyseríðar.

Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðaðilla www.dyraheilsa.is.



EXIDE



Startaðu betur í vetur

Thomas A. Edison fann ekki bara upp ljósaperuna, hann kom einnig að þróun fyrstu rafgeymanna fyrir Exide. Allt frá því um aldamótin 1900 hefur Exide því verið í fararbroddi þegar kemur að traustum og áreiðanlegum rafgeymum fyrir allar tegundir bifreiða, landbúnaðartækja, lyftara og annarra farkosta.

Pantaðu á olis.is eða hafðu samband í síma 515 1100

olis

Flugvélarflak í Eyvindarholti

Við Eyvindarholt undir Eyjafjöllum hefur gömlu flugvélarflaki verið komið fyrir. Tómas Birgir Magnússon, sem rekur ferðaþjónustu í Eyvindarholti, vill með þessu byggja upp áfangastað fyrir ferðamenn.

Þessi flugvél er af gerðinni Douglas R4D-S, sem er mjög sambærileg Douglas DC-3. Hún var áður nýtt sem skýli fyrir búfénað við Sauðanes á Langanesi eftir að hafa hlekkst á í lendingu þar árið 1969. Tómas segir vin hans hafa vitað af því að þetta flugvélaflak væri falt og hugmyndin að því að flytja það í Eyvindarholt hafi vaknað yfir kaffibolla. „Í einhverju stundarbrjálæði datt mér í hug að hringja í fyrrverandi eiganda og kanna hvernig væri hægt að eignast þetta.“

Vegna mikils ágangs ferðafólks auglýsti Ágúst Marínó Ágústsson, bóndi á Sauðanesi, flugvélinu til sölu á Facebook og vakti það nokkra athygli í fjölmiðlum. „Ég held að Ágúst hafi verið búinn að reyna að selja vélinu á annað ár. Einhverjir voru áhugasamir, en enginn eins klikkaður og ég að kyla á þetta,“ segir Tómas.

Tómas hafði fyrst samband við Ágúst á Sauðanesi fyrir rétt um ári síðan og var flugvélinni komið fyrir á núverandi stað 17. júní síðasta sumar. Staðurinn sem flugvélinni var valinn sé skemmtilegur útsýnisstaður þar sem sjáist í Stóra-Dímon. Tómas hafði lengi viljað byggja þar upp eitthvert aðdráttarafl fyrir ferðamenn, en það hafi ekki endilega verið ætlunin að fá sér flugvél.

Nokkurt fyrirtæki var að flytja flugvélinu frá Sauðanesi. Tómas eyddi heilli helgi síðasta vor, ásamt þremur félögum, í að losa vængstykkið frá búknum, því annars hefði hún verið of breið fyrir flutning á þjóðvegum. Hún var sett á tvo flutningsvagna og vængstykkið upp á rönd. Síðarnefndi farmurinn hafi verið svo hár að flutningsaðilar þurftu að fara fyrir fram ákveðna leið til að forðast lágar raflínur og keyra yfir Almanskard við Hornafjörð, þar sem göngin voru of lág.

Þegar flakið var komið á áfangastað hafi verið auðvelt að koma því fyrir, en Tómas festi vængstykkið aftur við búkinn og kom fyrir jarðvegsankerum, þar sem vindasamt er á þessum slóðum. Aðspurður um sjálfa vængina segir



Tómas Birgir Magnússon ásamt Russ Sims, syni Russel W. Sims, sem var flugmaður vélarinnar þegar henni hlekkist á í lendingu á Langanesi.

Mynd / Aðsend

Tómas þá hafa verið fluttu í Fljótshlíðina upp úr 1990 og hafa eigendur þeirra sett sig í samband við hann. Tómas veit hins vegar ekki hver afdrif stélsins urðu, en myndi gjarnan vilja fá upplýsingar um það.

Ferðamenn séu farnir að gera sér leið að flugvélinni, en Tómas merkti hana inn á Google-Maps í lok sumars. Síðan sé búinn að vera stöðugur straumur sem sé alltaf að aukast. Hann er búinn að gera bílastæði með gjaldskyldu, upplýsingaskilti og göngustíg að flakinu. Markmiðið sé að byggja þetta upp sem fyrirmýndarferðamannastað og standi fyrst um sinn til að leggja vatn og rafmagn og setja upp salernisaðstöðu.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Tómas hefur var flugvélin fyrst tekin í notkun árið 1944. Hún var svo tekin í þjónustu varnarliðsins á sjötta áratugnum, en það voru fjórar Douglas-flugvélar af þessari gerð á sínum tíma í Keflavík. Eins og áður segir hlekkist henni á í lendingu í lok sjöunda áratugarins og þótti ekki svara kostnaði að sækja hana í Sauðanes og gera við hana. Tómas segir sögu vélarinnar merkilega og að fyrri eigandi hafi komist svo að orði að saga hennar héldi áfram þó hún sé komin í allt annan landshluta.

/ál



Flugvél af tegundinni Douglas sem var komið fyrir undir Eyjafjöllum síðasta sumar.

Mynd / ál

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

HONDA
Sölutengiliður
Gunnar Ólason

**HONDA SLÁTTUVÉLAR
SLÁTTUORF OG
SLÁTTUTRAKTORAR**

www.byko.is/honda | honda@byko.is | 821-4034



Starfsmenn Straumrásar, þeir (f.v.) Rúnar, Dóri, Binni, Guðni, Tóti og Hinni. „Sem sjá má erum við allir búnir að taka baksíðuauglýsingu Bændablaðsins á orðinu og maka á okkur fegurðarkremi og þar með orðinir alveg „ljómandi eins og best við getum“.

Myndir / Aðsendar

Lesendur:

„Hann gat ekki beðið“

Bændablaðið er mörgum ansi hjartfólgið enda nýtur blaðið mikils trausts meðal lesenda.

Samkvæmt nýjustu lestrarmælingum Gallup er Bændablaðið nú mest lesni prentmiðill landsins. Yngri lesendum hefur fjölgað hratt að undanförunu og öðlaðist blaðið óvænt hlutverk í menningarsögunni þegar það birtist nýlega í tónlistarmyndbandi hjá raphljómsveitinni Úlfur Úlfur.

Tryggustu lesendur blaðsins hafa þó ávallt sem endranær verið fólk með sterk tengsl við landbúnað, atvinnugrein sem leiðir af sér þúsundir afleiddra starfa. Þar má nefna störf við fullvinnslu búvara, byggingu og viðhald innviða, hin fjölbreyttu störf tengd landbúnaðartækjum og kaup og sölu á aðföngum. Straumrás er fyrirtæki á Akureyri sem sérhæfir sig í vökvabúnaði. Starfsmenn og viðskiptavinir fyrirtækisins eru dyggir lesendur Bændablaðsins eins og þessi stórskemmtilega frásögn Guðna Hermannssonar verslunarstjóra ber með sér:

„Við starfsmennirnir hér í Straumrás náum okkur gjarnan í Bændablaðið þangað sem það fæst og látum það liggja hér í búðinni á milli þess sem við erum sjálfir að lesa það, okkur og flestum gestum og gangandi til ánægju.

Hingað í verslunina koma nánast allir bændur og búalið á Norðurlandi meira eða minna allt árið, margir vikulega, sumir jafnvel daglega. Hér inni á gafla eru líka nánast allir sem þjónusta kjöt- og fiskigeirana, mjólkurheiminn og vinnuvélabransann í sinni víðustu mynd. Hingað inn slyst líka lygilega margt fólk af götunni.

Nánast hver og einn einasti viðskiptavinur sem rekt á Bændablaðið hjá okkur tekur það upp, gluggar í það meira eða minna og flest allir hafa bara gott um það að segja. Eðlilega finnst mér. Það eru að sönnu alls ekki allir sammála um innihald blaðsins en alveg allir eru sammála um þörfina á svona málgaðni.

Á dögunum átti við okkur erindi einn af göðvinum fyrirtækisins. Einn af ótalmörgum sem er hér allt að því eins og grár köttur. Vetur, sumar, vor og haust. Í áratugi.

Við sáum þegar hann lagði bílnum hér utan við búðina. En allöngu síðar fórum við að undrast



Hér má sjá grilla í viðskiptavin Straumrásar – önnur kafinn við lestur Bændablaðsins úti á bílastæði. Atvikio varð uppspretta erindis til Bændablaðsins.

að hann kom ekki inn, maðurinn virtist fastur undir stýri, það var enn árla morguns og skyggnið var ekki gott en við sáum að hann væri að lesa eitthvað.

Seint og um síðir hafði hann sig út úr bílnum og hingað inn og ástæðan kom í ljós, hann hafði nefnilega rekist á Bændablaðið á öðrum stað í bænum. Greip það með sér, hugsaði sér gott til glóðarinnar, lesefni inn í helgina.

Hér á bílastæðinu við Straumrás gat hann samt ekki beðið lengur. Alls ekki. Góðu áformin sem hann hafði sett sér um að líta ekki í blaðið fyrir en hann kæmi heim úr vinnu að kvöldi dags hrundu til grunna. Heilög kvöldstund uppi í sófa með tappa í eyrunum, malt í glasi og Bændablaðið í fanginu varð að engu á svipstundu. Hann gat ekki beðið. Nei, alls ekki. Honum leið, tjá, eins og súkkulaðifíkl í belgískri konfektbúð. Hann bara varð að renna yfir helstu fréttir úr bændaeimi, hér og nú, á þessu bílastæði á Eyrinni á Akureyri.

Maðurinn kvaddi okkur með þessum orðum: „Þið eigið auðvitað alltaf að vera með Bændablaðið liggjandi frammi í þessari búð, það er eitt af því fáa sem vantar á lagerinn hjá ykkur.“

Við Straumrásarmenn höfðum strax samband við ritstjórn Bændablaðsins eftir þessa brýningu viðskiptavinarins sem leiddi til þess að frá og með næsta útgáfudegi mun Bændablaðið verða til afgreiðslu í Straumrás.“

/ghp

Bændablaðið
kemur næst út
11. apríl



Bridgesamband Íslands er nú í átaki til að glæða spilamennsku á Íslandi. Myndir / Björn Þorláksson

Bridds:

Vilja sveitir landsins að iðandi spilamennsku á ný

Sveitir landsmanna iðuðu á árum áður af spilamennsku. Nú er unnið að því að glæða áhugann á ný.

Bæði var keppt í félagsvist og bridds víða um land á árum áður en spilamennska hefur vegna tækni- og menningarbreytinga átt undir högg að sækja. Bridgesamband Íslands hefur brugðist við með átaki og hafa spilaklúbbar nú verið endurvaktir á nokkrum stöðum úti á landi. Þá fór Austurlandsmót í sveitakeppni í bridds fram fyrir skemmstu í fyrsta skipti í nokkur ár.

Bridgesambandið hefur, til að auka líkur á nýliðun, ákveðið að bjóða ungu fólki upp á frjá briddskennslu í höfuðstöðvum Bridgesambandsins við Síðumúla í Reykjavík og er ekki ólíklegt að blásið verði til sambærilegs átaks úti á landi. Síðasta föstudag mættu nokkrar ungar manneskjur með

spilaglampa í augum og höfðu sumar farið á byrjendanámskeið í bridds. Hinir ungu spilarar sögðust njóta þess mjög að fá að taka í spil og væru ákveðin forréttindi að fá leiðsögn landsliðsmanna.

Þær Thelma Björt Fransdóttir og Amelía Björt Halldórsdóttir eru vinkonur sem mættu saman. „Okkur finnst mjög skemmtilegt að spila á spil,“ sagði Thelma. „Ég spila manna reglulega heima hjá ömmu,“ sagði Amelía.

Magnús Magnússon, landsliðsmaður í opnum flokki, tók á móti nýliðunum. Hann bjó fyrir nokkrum árum í Svíþjóð og sá þá hvernig Svíar unnu kerfisbundið að því að ná til nýrra og ungra spilara með opnu húsi. Má því segja að hugmyndin sé þaðan komin.

Það er því endurnýjaður sóknarhugur í briddsfólki. /bh



Frá kennslu í höfuðstöðvum briddsins í Síðumúla í Reykjavík. Ungu fólki var boðið upp á kennslu í spilamennsku og tók henni fagnandi.



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.900.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

Aktu á gæðum



MAXAM

—|—

KLETTUR

REYKJAVÍK
AKUREYRI
590 5100
klettur.is




AMMANN JARÐVEGSPJÖPPUR Í MIKLU ÚRVALI

GÆÐI SEM ENDAST



Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík / 551 5464 / wendel.is

Merk starfsemi við Bodenvatn

Í vestanverðu Bodenvatni á landamærum Sviss, Þýskalands og Austurríkis er eyja með áhugaverða og merka sögu og nefnist hún Reichenau.



Guðjón Jensson.

Þar var á miðöldum mjög þekkt klaustur sem stofnað var árið 724 og þar var starfandi klaustur lengur en tíu aldir, eða til ársins 1757, en þá var klaustrið leyst upp.

Byggingarnar hafa varðveist mjög vel og eru í dag undir vernd UNESCO.

Pílagrímar frá Norðurlöndum gistu oft í klaustrinu í pílagrímaferðum sínum til Vatíkansins í Róm. Í þessu gamla klaustri í Reichenau við Bodenvatnið höfðu munkar snemma komið þeirri góðu vinnu á að skrásetja nöfn pílagríma þeirra er gistu hjá þeim. Skrá yfir þá er enn til, og á henni eru nöfn 39 íslenskra pílagríma frá 11. öld og meðal þeirra eru ellefu konur. Má lesa nöfnin í 1. bindi Fornbréfasafns, bls. 170–172. Af þessu sést hversu tíðar þessar pílagrímsferðir hafa verið jafnvel svo snemma á miðöldum, því að íslenskir pílagrímar fóru einnig ýmsar aðrar leiðir til Rómaborgar er sjá má af ferðamannahandbók pílagríma eftir Nikulás, íslenskan ábóta (látinn 1159) sem enn er til.

Í dag er þetta gamla klaustur mjög fagur staður og að sama skapi vinsæll meðal ferðafólks. Í því voru lengi vel varðveitt ekki aðeins gestabækur heldur ýmis handrit önnur sem og munir frá miðöldum. Meðal þessara muna er uppdráttur um fyrirmyndarklaustrið sem aldrei var reist. Þessi uppdráttur hefur varðveist vel á pergamentskinni og er 77,5 x 112 cm að stærð. Handrit þetta er talið vera frá fyrri hluta 9. aldar og ekki yngra en 830 eftir Krist og er þar með elsti varðveitti uppdráttur sem tengist arkitektúr í Þýskalandi. Sýnir uppdrátturinn 52 byggingar og önnur mannvirki.

Fyrir allnokkrum árum kom hópur áhugamanna og fræðimanna saman og ákváðu að byggja þetta klaustur með þennan gamla uppdrátt í huga og töldu þeir að nokkra áratugi tæki að byggja



Kertagerð.

það, enda reynir mikið á þolinmæði og gott úthald. Sunnarlega í Þýskalandi, nokkru norðan við vesturenda Bodenvatn, við þorpið Messkirch var ákveðið að hefjast handa.

Í haust sem leið átti ég ásamt fjölskyldu minni leið um þetta áhugaverða byggingarsvæði sem eru nokkrir hektarar að stærð og er þar nægt landrymi.

Þetta starf er unnið í sjálfbodavinnu þar sem eldri iðnaðarmenn kenna þeim yngri sérsvið sitt. Þá er þeim sem eru á herskyldualdri gefinn kostur á að taka þátt í þessu starfi undir leiðsögn þeirra eldri og kemur þá þetta starf í stað herskyldu. Allir, bæði þeir sem eldri eru og þeir sem yngri eru, konur og karlar, klæðast klæðnaði eins og tíðkaðist á miðöldum og hafa handverkfæri eins og þá voru notuð. Nútíma rafmagnsvélar og önnur verkfæri sem þykja sjálfsgöð í dag eru hvergi sjáanleg, enda er til þess ætlast að þessi mannvirki séu eins eka í stíl við miðaldir og unnt er. Þarna má ganga á milli handverksfólksins og sjá gömul vinnubrögð unnin af handverksfólki sem hefur sett sig vel inn í þessa horfnu tíma. Þarna mátti sjá handverk af öllu mögulegu tagi þar sem framleidd voru byggingarefni af ýmsu tagi. Trésmiðir móta timburborð til húsagerðar, stórir trjábolir eru ýmist klofnir eða sagaðir og mótaðir eftir því sem þörf er á, hvort sem er í burðarstöðir, klæðningu utan húss sem innan eða í þök. Þakskífur úr timbri eru útbúnar sérstaklega og



Smíðaður kollur.

er það hlutverk kvenna að kljúfa og stílsniða úr vel völdum tilsniðnum timburbolum. Endingartími þakskífanna er allt að heilli öld en þá er þakið rífið en þakskífurnar má nota allt að fjórum sinnum við endurgerð þaksins. Áhugavert er hversu mikil natni er sýnd öllum þessum verkum og snyrtimennska höfð í hávegum.

Þarna mátti líta við í fatagerð þar sem ull var unnin og þráður spuninn. Og þarna var vefstóll sem minnti nokkuð á kljástainavefstólinn sem við þekkjum á Þjóðminjasafninu okkar. Matargerð miðast öll við daglegt fæði á miðöldum.

Við litum inn í járnsmíðu þar sem hörkuduglegir handverksmenn voru



Kryddjurtagarður.



Frumstæður rennibekkur.



Ungur nemur, gamall temur – kertagerð.



Handverkskonur að vinna við klæðagerð.



Þakskífugerð.

við smíðar áhalda og sitthvað annars sem þarfnast til bygginga. Og lítið var inn til bakarans og matargerðarfólks en í þessu þorpi er veitingastaður þar sem unnt var að fá rétti eins og þeir voru tilreiddir á miðöldum.

Þarna var unnt að gleyma sér heilan dag og fylgjast með vinnubrögðunum og auðvitað mátti inna spurninga sem svarað var jafnóðum og fólk rétti úr sér.

Eina sem minnti okkur á nútímann var afgreiðslan þar sem aðgöngumiðar eru seldir sem og hreinlætisaðstaða. Við innganginn er unnt að sjá heimildakvikmyndir um þetta starf í sérstakri byggingu.

Þeir lesendur Bændablaðsins sem vilja kynna sér þetta betur má vísa á vefsíðuna campus-galli.de.

Skammt frá þessari merku byggingarstarfsemi eru upptök Dónár sem á upptök sín í Þýskalandi og fellur um allmörg lönd Evrópu um þetta rómantíska fljót, sem hefur verið mörgum skáldum, rithöfundum og tónskáldum yrkisefni, fellur í Svartahaf.

Á einum stað fellur ein af efstu upptakavíslum þess um djúpt og hrikalegt gljúfur.

Höfundur er tómsundablaðamaður, staddur á heilsuhælinu í Hveragerði.

Sunnuhlíð, Svalbarðsstrandarhreppi – auglýsing skipulagstillögu vegna breytingar á aðalskipulagi



SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 30. janúar sl. að vísa skipulagstillögu, vegna breytingar á Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 í auglýsingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í því að skilgreint yrði um 3,2 ha svæði í landi Sunnuhlíðar (L152940) með landnotkuninni frístundabyggð (F12) sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L3).

Þegar eru tvö frístundahús á jörðinni en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi í fjögur.

Fyrirhuguð frístundahús yrðu í nánd við núverandi hús og myndu nýta sama aðkomuveg og fyrir er.

Skipulagstillagan er aðgengileg á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, Ráðhúsinu, 606 Akureyri, milli 22. mars og 3. maí 2024, á heimasíðu sveitarfélagsins, www.svalbardsstrond.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skiplagsgatt.is undir málnúmeri 702/2023.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri til 3. maí 2024.

Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málinu á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skiplags- og byggingarfulltrúi



Jón Kr. Ólafsson hvetur fólk eindregið til þess að sækja tónlistarsafnið heim á komandi vori og sumri enda ekki víst hve lengi það stendur til viðbótar.
Myndir / Einkaeign

Bíldudalur:

Melódíur minninganna

Fyrir tæpum aldarfjórðung, á þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga, lauk stórsöngvarinn Jón Kr. Ólafsson upp dyrum tónlistarsafnsins víðfræga, Melódíur minninganna.

Safnið er staðsett á Reynimel, heimili Jóns á Bíldudal, og þar má finna margar gersemar tónlistarsögunnar. Árið 1962 gekk hann til liðs við hljómsveitina Facon og söng m.a. hið vinsæla lag „Ég er frjáls“ sem allir kannast við.

Í framhaldinu stóð Jón á sviði Hótel Borgar og á Hótel Sögu ásamt tónlistarfólki á borð við Ragnar Bjarnason og Ellý Vilhjálms, Hauk Morthens svo lífár séu nefndir, en söngferill Jóns spannar yfir 60 ár.

Tónlistarsafnið Melódíur minninganna kveikir með gestum sínum elda og töfra tónlistarinnar. Þarna blasir við hugsjónastarf Jóns, sem setur taktinn fyrir því hvernig einstaklingur getur upp á sitt einsdæmi gætt mikilvægra menningarverðmæta án opinbers fjárstuðnings, þó ekki vaði hann í seðlum sjálfur. Fá gestir að líta augum ýmsa tónlistartengda muni



Fagurkerinn Jón hefur næmt auga fyrir tónlistinni svo og listum, auk þess að vera mikill ferðalangur. Hér er hann í óperuhúsinu Scala á Ítalíu.

gullára síðustu aldar auk aragrúa hljómplatna, öllu vel uppstilltu og aðgengilegu sem unun er á að líta.

Mætti segja að tilvera tónlistarsafnsins á Bíldudal sé áminning þess efnis, áskorun til þeirra sem ættu að telja það mikilvægt að varðveita sögu okkar Íslendinga – að líta til þeirra sem með ástríðu gæta menningarinnar og leggja þeim lið.

Hægt er að sækja tónlistarsafnið heim alla daga að Tjarnarbraut, Reynimel, á Bíldudal, hvenær sem hentar. Til viðbótar má ná í Jón í sínum 456 2186 /847 2542. Jón hvetur fólk eindregið til þess að mæta á komandi vori og sumri enda ekki víst hve safnið stendur lengi til viðbótar.
/sp



Rokksafnið í Keflavík hefur haft hluta af munum frá Jóni til sýnis.



**Grillhús
Garðhús
Sauna**

Eigum fjölda húsa á lager.
Bjóðum 12 mánaða vaxtalausar greiðslur.
Sími 454-0077
credoinvest@lts.is
WWW.LTS.IS





PÁSKAUNGARNIR OKKAR!
- FJÖLBREYTT ÚRVAL -




**G2700E
RAFMAGNSLIÐLÉTTINGUR**



Kynnið ykkur styrk til orkuskipta hjá Orkusjóði!



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Pantaðu í tæka tíð!

Er allt tilbúið fyrir páskaframkvæmdirnar?

Við bjóðum frábæra þjónustu, gott verð, sölu, leigu og allskonar fleira en vinnupalla!



VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 787 9933 - vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

Fagþing dönsku nautgriparæktarinnar 2024

– Fyrsti hluti

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Kvæggkongres 2024, árlegt og einkar áhugavert fagþing hinnar dönsku nautgriparæktar, var haldið í lok febrúar sl. og líkt og undanfarnir ár voru þar flutt ótal erindi sem eiga mörg hver erindi við íslenska bændur og annað fagfólk í nautgriparækt.

Fagþingið, sem er í senn bæði ársfundur félagsamtaka danskra nautgripabænda og fagfundur helsta vísindafólks í greininni, stóð í tvo daga og var skipt upp í 13 málstofur með tugum erinda.

Í þessari grein verður gripið niður í nokkur erindi sem voru flutt í málstofunum um hagfræði og bústjórn og holdabúskap.

1. Hagfræði og bústjórn

Þetta var önnur af tveimur stærstu málstofunum, enda rekstrarvandamál kúabúa mikið í umræðunni eins og gefur að skilja.

Alls voru flutt 10 fróðleg erindi í þessari málstofu og af þeim voru allnokkur sem eiga jafnt erindi við íslenska kúabændur sem danska eins og t.d. erindi Bruno Lyskjær Due og Rina Oldager Miehs, sem eru ráðunautar hjá tveimur sjálfstæðum ráðgjafarfyrirtækjum en vinna saman í gengum samstarfs- vettvanginum Ko-Viden.

Í erindi þeirra fóru þau yfir það hve mikið bændur geta sparað með því að skoða betur þörf búa sinna fyrir kjarnfóður, steinefni, vítamín og önnur fódurbætandi efni. En víkjum fyrst að samstarfs- vettvanginum Ko-Viden.

Ko-Viden

Ko-Viden er nýtt og náið samstarf allra stóru aðilanna í danskri nautgriparækt og er ætlað að bæta nautgriparáðgjöf í landinu.

Þessir aðilar eru sjálfstætt starfandi ráðgjafarfyrirtæki í landbúnaði, dönsku Bændasamtökin, SEGES, kynbótaafyrirtækið Viking-Genetics og fleiri mætti nefna. Allir þessir aðilar hafa ákveðið að starfa náið saman og með því tryggja að ný þekking komist hraðar en áður til nautgripabænda landsins.

Megintilgangurinn er að hraða framþróun danskra nautgripa- ræktar með því að aðlaga nýja þekkingu enn hraðar en áður var gert.



Víða í Danmörku eru nú komnar myndarlegar vinnslustöðvar fyrir hauggasframleiðslu þar sem mykja frá kúabúum er m.a. mikilvæg fyrir virkni stöðvanna.



Auk þess mun Ko-Viden samstarfið hraða þróun markvissra lausna fyrir búgreininna auk þess að sjá til þess að ráðgjafar séu vel endurmenntaðir og faglega með nýjustu þekkinguna á hverjum tíma. Þessir aðilar skuldbinda sig til að leggja sitt af mörkum bæði með þekkingu, mannauði og fjármálum, til dæmis í tengslum við þróunarverkefni og sérfræðingahópa.

Þessir sérfræðingahópar taka upp nýjustu þekkingu bæði heima og erlendis og sjá til þess að ráðgjafarnir hafi hana þegar þeir fara í heimsóknir á búin. Jafnframt ber sérfræðingahópunum að tryggja að málefni líðandi stundar sé beint inn í rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Þessir sérfræðingahópar Ko-Viden eru þegar starfandi og þetta erindi Bruno og Rina er afsprengi hagfræðihóps Ko-Viden svo dæmi sé tekið. Í erindinu komu þau inn á að allt of margir bændur kaupi inn á röngum eða gömlum forsendum.



Því hefur verið sett upp kerfi þar sem nautgripabændur geta látið reikna fyrir sig hver raunveruleg, og nákvæm, þörf er á búum sínum fyrir fóðurefni og aðstoðar sérfræðingahópurinn bændurnar við að fá tilboð söluaðila í ætluð árleg kaup búanna. Þjónustan sem bændurnir fá svo, auk sérhæfðrar fóðuráætlunar, er að farið er yfir tilboðin byggt á verði, gæðum og efnainnihaldi og fær bóndinn í hendur fullbúna

ráðgjöf um hvar sé hagstæðast að kaupa inn og hvernig nota eigi best fóðurefnið sem keypt eru.

Banki með landbúnaðar- og matvælasviði

Annað áhugavert erindi í málstofunni var erindi Morten Riget, sem er yfirmaður landbúnaðar- og matvælasviðs danska stórbankans Nordea. Þetta sérhæfða svið bankans var sett sérstaklega á fót til að efla enn frekar danskan landbúnað og þarlenda matvælaframleiðslu með því að safna saman sérfræðingum á þessu sviði til bankans. Forsvarsmenn Nordea ætla þessu sviði stóra hluti í framtíðinni og að fagsviðið verði kraftmikill valkostur fyrir bændur og aðra matvælaframleiðendur.

Í erindinu fór hann m.a. yfir stöðu þeirra dönsku kúabúa sem eru í viðskiptum við Nordea en bankinn tekur saman upplýsingar um sína eigin viðskiptavini. Fram kom að meðalbúið er með 377 kýr, þ.e. mun fleiri kýr en hefðbundið danskt kúabú sem er í kringum 230 kýr. Eftir afar gott gengi árið 2022 dró heldur af árið 2023 en þó voru flest búin rekin með ásættanlegum hagnaði.

Sagði hann að útlitið fyrir 2024 væri þó heldur dekkra vegna verðhækkana á aðföngum en á sama tíma væntinga um stöðugt afurðaverð. Þó mætti búast við því að flest hefðbundin kúabú landsins myndu standa sig vel á árinu en að aðeins myndi blása á móti fyrir þá sem eru í lífrænni framleiðslu en þau bú ættu þó einnig að jafnaði að skila hagnaði þó lítill yrði.

Bústjórnarráð

Nordea hefur á undanförunum árum, fyrir tilstuðlan Landbúnaðar- og matvælasviðsins, hvatt bændur til þess að koma sér upp svokölluðum bústjórnarráðum en þetta eru fagleg ráð hvers bús þar sem bóndinn hefur fengið fulltrúa viðskiptabankans síns, ráðgjafarfyrirtækis og oft fleiri aðila eins og tæknifyrirtækis eða sjálfstæðra ráðgjafa, til að aðstoða við að bæta reksturinn.

Í erindi Morten kom fram að þeir bændur sem hafa prófað þetta eru betur settir en aðrir og skila búin betri arðsemi, að líkindum vegna meiri faglegrar nálgunar við rekstrarákvarðanir. Einkar áhugavert framtak bankans!

Leiga á mykju

Framleiðsla á hauggasi er ört vaxandi víða um heim og er Danmörk þar engin undantekning, en gasið er langoftast notað til framleiðslu á rafmagni og vatni til húshitunar.

Um leið lækkar sótspor búanna sem senda búfjáraburð sinn í svona vinnsluferli. Um þetta fjallaði erindi þeirra Anders Andersen og Karl Jørgen Nielsen en báðir starfa þeir í ráðgjöf fyrir hauggasframleiðslu. Að afgangi búfjáraburð, þ.e. senda hann til hauggasframleiðslu, er orðið gríðarlega algengt nú orðið í Danmörku og er talið að um 27% af öllum búfjáraburði sem fellur til í landinu fari til hauggasframleiðslu.

Uppsetning þessara orkuvera er afar mismunandi en í raun má líta á þau öll sem einhvers konar leigutaka á búfjáraburði, þ.e. bændurnir senda frá sér búfjáraburð sem fer til afgösunar og svo fá bændurnir sama magn til baka af búfjáraburði, sem þá hefur verið notaður við framleiðslu á hauggasi. Fyrir þessi afnot fá bændurnir greitt frá orkuverinu.

Eignarhald orkuveranna er afar mismunandi. Áður fyrr voru bændur mikið að standa í þessu sjálfir en nú orðið er það mun óalgengara. Algengasta formið á þessum rekstri er annars vegar samvinnufélagarekstur eða hlutafélagarekstur.

Bændurnir geta þá annaðhvort verið eigendur í gegnum leigu á búfjáraburðinum, þ.e. bændurnir „leggja inn“ búfjáraburð og eru þar með með svipað eignarhald og oft er á afurðastöðvum í mjólk. Hins vegar er um hlutafélög að ræða sem þá gera langtímasamninga við bændur um afhendingu á búfjáraburði.



Á vegum hauggasvinnslustöðvanna sjá stærðarinnar tankbílur um að keyra mykju að þeim og fara með afgangið mykju til baka.



Bóndinn ákveður með sérstöku forriti hvar nautgripirnir mega vera á beit hverju sinni og sér kerfið svo um að vakta alla gripi innan svæðisins.



Nautgripirnir læra fljótt á kerfið og hvar þeir geta verið á beit hverju sinni.

Áð ýmsu er að huga þegar kemur að þessum málum og þar sem þessi „búgrein“ er enn frekar ný af nálinni eru enn margar ólíkar lausnir og leiðir sem eru farnar. Það væri þó mikilvægt að vernda vel hagsmuni bænda og mælti Anders t.d. með því að bændur stofnuðu afurðafélag sérstaklega fyrir þessi mál, svo hámarka mætti arðsemi framleiðslunnar og hag búanna sem leigja búfjáraburð frá sér til orkuveranna.

Greiðsla fyrir búfjáraburð fer eftir þurfnisinnihaldinu og ef hann er of vatnsríkur þá er raunar ekki greitt fyrir hann yfirhöfuð. Bændurnir fá þá bara til baka búfjáraburð sem hefur verið afgasaður en fá ekki greitt fyrir. Þurfnendi þarf að vera herra en 6,5% til þess að greiðsla komi fyrir búfjáraburðinn en sé þurfnendi 8% er hægt að framleiða um 13–15 rúmmetra af gasi úr tonni af mykju.

Tekið var dæmi frá einu hauggasveri en þar fá bændurnir greiddar 6 danskar krónur fyrir tonnið af búfjáraburðinum, um 120 íslenskar krónur, sé þurfnendi búfjáraburðarins 8%. Eins og áður segir skiptir miklu máli að vera með hátt þurfnendi og snarhækka greiðslurnar eftir auknu þurfnisinnihaldi. Þannig fá bændur t.d. borgaðar 14 danskar krónur, um 280 íslenskar krónur, á tonnið sé þurfnendi búfjáraburðarins 10% og sé það 12% eru greiddar 22 danskar krónur fyrir tonnið, eða um 440 íslenskar krónur.

2. Holdabúskapur

Þessi málstofa var smá í sniðum í ár með einungis 3 erindi og þar af var eitt þeirra tengt ársfundi nautgripabænda með holdagripum.

Annað hinna tveggja fjallaði um sótspor kjötrframleiðslu og hve afvegaleidd/röng umræðan er oftast. Í raun sé um hringrás kolefnis að ræða og því ekki um beina losun umfram upptöku gripanna að ræða.

Ósýnilegar girðingar

Hitt erindið fjallaði svo um hina nýstárlegu aðferð við að halda nautgripum í hagagöngu án þess að nota hefðbundnar girðingar!

„Megintilgangurinn er að hraða framþróun danskrar nautgriparæktar með því að aðlaga nýja þekkingu enn hraðar en áður var gert ...“

Þetta er kerfi, frá norska fyrirtækinu Nofence, sem byggir á sérstakri örgjörvatækni þar sem nautgripirnir eru með sérhannaðar hálsólur sem skynja staðsetningu gripanna. Bóndinn ákveður hvar „girðingin“ á að vera, með þar til gerðu forriti, og þegar nautgripirnir nálgast þann stað byrjar hálsólin að gefa frá sér viðvörðunarljóð. Hljóðið er til þess að kenna nautgripunum að forðast þessa staði en fari þeir enn lengra og nær þeim stað sem bóndinn hefur ákveðið að ekki megi fara, hækkar hljóðið og ef nautgripurinn lætur ekki segjast gefur hálsólin frá sér straumboð.

Þessi tegund „girðingar“ er ekki leyfð í öllum löndum en fleiri og fleiri lönd leyfa nú orðið þessa aðferð enda hefur verið sýnt fram á í mörgum tilraunum að nautgripirnir læra fljótt á þetta og að kerfið auðveldar verulega allt eftirlit með gripum. Þá sparar kerfið mikið magn girðinga og vinnu bænda. Á móti kemur að kerfið kostar sitt, en hver hálsól, sem inniheldur sólarknúna rafhleðslu, GPS staðsetningarbúnað og fleira, kostar um 40.000 íslenskar krónur en þess má vænta að kostnaðurinn lækki þegar frá líður enda um nýjung að ræða. Þá þarf bóndinn að borga áskriftargjald að þessu kerfi norska fyrirtækisins.

Í næsta tölublaði Bændablaðsins verður haldið áfram með umfjöllun um danska fagþingið. Fyrir áhugasama má benda á að flest erindi ráðstefnunnar eru aðgengileg á vefslóðinni: <https://www.kvaegkongres.dk/praesentationer/>.

Húsabakki Svarfaðardal



Hótel/gistihús til leigu til lengri tíma - Framtíðarráðstöfun - Tilbúið til rekstrar strax í sumar

- ✓ Allur búnaður til staðar, bókanir sumarsins og bókunarkerfi tengt við Booking.com og Expedia.com.
- ✓ Áður skóli og heimavist. Náttúruperla mitt í fuglafriðlandi Svarfdælinga.
- ✓ Tvö hús, samtals um 1300 fermetrar.
- ✓ Ný vönduð rúm og sængurfatnaður, þvottavélar og góð aðstaða.
- ✓ Möguleiki á heilsársrekstri og búsetu.
- ✓ Framtíðartækifæri fyrir fagaðila og áhugasama með metnað í hótél og gististarfsemi.

Fasteignamarkaðurinn ehf. – Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík – www.fastmark.is - fastmark@fastmark.is
Valhöll Fasteignasala ehf. - Síðumúla 27, 108 Reykjavík - www.valholl.is



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHUÐUM

ISHURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237



VILT ÞÚ AUKA FITUINNHALD Í MJÓLK?
Þú færð meiri fitu með Fatbooster fóðrinu!

FATBOOSTER

Fatbooster eykur fitu í mjólkinni ásamt því að innihalda mikið magn af sykkurófuhrati sem að stuðlar að aukinni mjólkurframleiðslu, sérstaklega fyrstu 100 dagana frá burði.

Þú finnur nánari upplýsingar um Fatbooster fóðrið ásamt fleiri fóðurtegundum inná landstolpi.is - Kynntu þér úrvalið!



FAGLEG
RÁÐGGJÖF



NÁIÐ
SAMSTARF



EFTIRLIT &
EFTIRFYLGNI



FRÁBÆR
ÁRANGUR



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Notkun á grastegundum og yrkjum síðustu fimm ára



Elena Westerhoff. Þórey Gylfadóttir.

Undanfarin ár hefur það verið hluti af lögbundnu skýrsluhaldi í jarðrækt að skrá ræktun í forritinu Jörð og það felur m.a. í sér skráningu á þeim tegundum sem sáð er ásamt yrkjum þeirra.

Ymist er verið að sá tilbúnum sáðblöndum eða að bændur blanda sjálfir þeim tegundum og yrkjum sem þeir kjósa að sá hverju sinni. Þær tegundir nytjagrasa sem mest eru notaðar eru vallarfoxgras, vallarrýgresi, vallarsveifgras og hávingull en eitthvað er notað af öðrum tegundum, mismikið eftir árum. Munur er á því hvort og hvað mikið þessar helstu tegundir eru notaðar í tilbúnum blöndum eða keyptar stakar.

Því miður er það ekki þannig hér á landi að skylda sé að prófa tegundir og yrki við íslenskar aðstæður áður en heimilt er að bjóða frá af þeim til sölu en slíkt þekkist erlendis frá. Með slíku fyrirkomulagi yrði að tryggja fjármagn til yrkjaprófana en ekki má gleymast að slíkar prófanir eru mjög mikilvægar og nauðsynlegt er að þær séu gerðar og þær fjármagnaðar. Gras er ekki bara gras og þau fóðurgrös sem verið er að sá hafa ólíka eiginleika auk þess sem yrki innan hversrar tegundar geta líka haft ólíka eiginleika. Mikilvægt er því að ígrunda vel val sitt þegar sáningar vorsins eru skipulagðar í samhengi við fræframboð fræsala. Í ritinu Nytjaplöntur á Íslandi, sem gefið er út af Landbúnaðarháskóla Íslands á hverju ári, er birtur listi yfir tegundir og yrki sem hafa verið prófuð hér á landi og jafnframt er hægt að finna umsögn um þau í samræmi við útkomu þeirra úr tilraunum. Í viðaukum ritanna má auk þess finna ráðlagt sáðmagn helstu tegunda ásamt lista yfir yrki þeirra túngrasa sem prófuð hafa verið í tilraunum frá árinu 1986. Mikilvægt er að sáðmenn kynni sér niðurstöður tilrauna, og reynslu af einstöku yrkjum, samhliða frækaupum.

Forritið Jörð geymir upplýsingar sem þar eru skráðar og hægt er að kalla fram ýmislegt sér til glöggvunar sem þangað hefur ratað. Hægt er að sjá hvort að tegundum og yrkjum hefur verið sáð sem hluta af blöndu eða ekki, en þar sem ekki skylt að skrá sáðmagn þegar ræktun er skráð eru þær upplýsingar ekki tiltækar í öllum tilfellum. Því var ákveðið að nota ráðlagt sáðmagn fyrir hverja tegund í samræmi við upplýsingar þar um í ritinu Nytjaplöntur á Íslandi og til að nálgast hlutfallslega notkun tegunda og yrkja var auk þess stuðst við fjölda hektara (ha) sem sáð var í. Grastegundir sem sáð var sem hluta af smáablöndum eru hér teknar með en belgjurtunum verða gerð sérstaklega skil hér í Bændablaðinu síðar í vor. Vert er að hafa í huga að gögnin verða aldrei betri en upprunalegu skráningarnar í Jörð. Mikilvægt er hafa í huga þessa fyrirvara, sem hér hafa verið nefndir þegar gögnin eru skoðuð.

Þegar skoðaðar eru tegundir og yrki




Þegar skoðaðar eru tegundir og yrki grasa sem skráð er notkun á síðustu fimm árin má sjá að vallarfoxgras hefur yfirburði yfir aðrar tegundir. Mynd / Borgar Páll


grasa sem skráð er notkun á síðustu fimm árin (2019-2023) má sjá að vallarfoxgras hefur yfirburði yfir aðrar tegundir og þessi fimm ár hefur hlutfall þess ekki farið undir 65% ef miðað er við sáningar grasa hvers árs (sjá töflu). Það er mjög ánægjulegt að sjá að þau yrki sem verið er að bjóða til sölu og nota af vallarfoxgrasi eru öll á lista sem mælt er með til notkunar á í ritinu Nytjaplöntur á Íslandi. Mikið stökk er frá vallarfoxgrasi yfir í þá tegund sem er næst mest notuð og ekki mikill munur á milli hinna þriggja megin tegunda öll árin. Tilhneigingin er samt sú að á eftir vallarfoxgrasinu komi vallarrýgresið en á síðust fimm árum hefur hlutfall vallarrýgresis mest farið upp í 12% af sáðum grastegundum, hvort sem er í tilbúnum blöndum eða sér. Hávingull og vallarsveifgras eru svo með mjög svipaða notkun en þó örlítið breytilegt milli ára hvor tegundin er minna notuð. Þegar horft er notkun á þessum þremur tegundum sem koma á eftir vallarfoxgrasi, eftir árum og hlutfall yrkja á lista yfir reynd yrki í Nytjaplöntum að þá er því miður ekki það sama upp á teningnum eins og með vallarfoxgrasið þó að nokkur breytileiki sé milli ára. Prófuð og ráðlögð yrki af vallarrýgresi hafa verið

milli 59 og 67 prósent síðust fimm árin og ekki sérstök tilhneiging til aukningar eða minnkunar. Sambærilegt hlutfall yrkja af vallarsveifgrasi hefur verið frá 11-42% en mest var notað af reyndum yrkjum árið 2021. Varðandi hávingullinn að þá er mjög athyglisvert að þróunin þar síðust fimm árin er mjög slæm hvað varðar notkun á reyndum yrkjum en hlutfallið var hæst 40% árið 2020 en var 3% árið 2022 og 6% á síðasta ári. Vert er að benda á að þó svo að yrki sé ekki á lista yfir reynd yrki í Nytjaplöntur á Íslandi að þá er það ekki þar með sagt að þau séu ónothæf. Hins vegar hafa þau ekki verið prófuð eða reynd hér á landi og því engin víska fyrir því hvernig þau reynast við íslenskar aðstæður en slíkt eru mjög mikilvægar upplýsingar fyrir bændur.


Hægt er að kaupa grasfræ bæði í tilbúnum blöndum og ein og sér og þá hægt að blanda sjálfur saman þeim tegundum og yrkjum sem menn kjósa helst. Blöndur ólíkra tegunda og yrkja geta gefið mjög góða raun ef meðvitað er horft á eiginleika plantanna og þær settar saman þannig að þær séu líklegar til að vege hvort aðra upp svo sem í tíma eða rúmi eða varðandi aðra sérstaka eiginleika. Þegar horft er á notkun á þessum




1. Kökuriði sýnir þau vallarfoxgrasyrki sem notuð voru árið 2019 sem hlutfall (%) af heildarnotkun á vallarfoxgrasi það árið. Yrki sem voru notuð í óverulegu magni eru sett saman í flokk.



2. Kökuriði sýnir þau vallarfoxgrasyrki sem notuð voru árið 2020 sem hlutfall (%) af heildarnotkun á vallarfoxgrasi það árið. Yrki sem voru notuð í óverulegu magni eru sett saman í flokk.




3. Kökuriði sýnir þau vallarfoxgrasyrki sem notuð voru árið 2021 sem hlutfall (%) af heildarnotkun á vallarfoxgrasi það árið. Yrki sem voru notuð í óverulegu magni eru sett saman í flokk.



4. Kökuriði sýnir þau vallarfoxgrasyrki sem notuð voru árið 2022 sem hlutfall (%) af heildarnotkun á vallarfoxgrasi það árið. Yrki sem voru notuð í óverulegu magni eru sett saman í flokk.

	Hávingull			Vallarsveifgras			Vallarfoxgras			Vallarrýgresi		
	% teg. af grasfræi	% úr blöndum	% yrkja á Nytjaplöntul.	% teg. af grasfræi	% úr blöndum	% yrkja á Nytjaplöntul.	% teg. af grasfræi	% úr blöndum	% yrkja á Nytjaplöntul.	% teg. af grasfræi	% úr blöndum	% yrkja á Nytjaplöntul.
2019	7	97	25	5	82	11	70	83	100	10	47	59
2020	6	90	40	6	81	25	73	84	100	9	52	66
2021	6	94	39	4	91	42	65	92	100	12	54	59
2022	5	96	3	6	91	30	70	86	100	9	73	64
2023	5	92	6	7	91	25	70	85	100	9	66	67

Taflan sýnir hlutfall (%) þeirra fjögurra tegunda sem mest eru notaðar, hávingull, vallarsveifgras, vallarfoxgras og vallarrýgresi, sem hlutfall af heildar notkun fyrir hvert ár fyrir sig. Fyrir hvert ár er tekið saman hlutfall tegundar sem var hluta af tilbúnum blöndum. Hlutfall yrkja af hverri tegund sem eru í Nytjaplöntur á Íslandi sama hvort að yrkið var í fyrirfram tilbúnum blöndum eða ekki.



5. Kökuritið sýnir þau vallarfoxgrasyrki sem notuð voru árið 2023 sem hlutfall (%) af heildarnotkun á vallarfoxgrasi það árið. Yrki sem voru notuð í óverulegu magni eru sett saman í flokk.

fjórum algengustu grastegundum þá sést að hávingull er lang mest aðeins notaður í tilbúna blöndur og svipað á við varðandi vallarsveifgrasið en notkun þess í tilbúnum blöndum hafði aðeins aukist í lok þessarar fimm ára tímabils samanborið við upphaf þess. Vallarýgresið var notað um það bil til helminga í tilbúnum blöndum á árunum 2019-2021 (47-54%) en árið 2022 var hlutfall þess í tilbúnum blöndum komið í 73% en í fyrra var það 66%.

Eins og hefur komið fram er langmest notað af vallarfoxgrasi, hvort sem er í tilbúnum blöndum eða selt sér. Þegar horft er á notkun á einstöku yrkjum á þessu fimm ára tímabili að þá sést að öll árin er það Snorri sem mest er nýttur og þar á eftir kemur Tuukka og svo Tenho nema árið 2022 var Rakel meira notuð en Tenho en notkun á yrkinu Rakel sveiflast mikið á þessum árum sem hér eru skoðuð. Hér þarf að hafa í huga að framboð hjá fræsölum til bændu getur verið að koma hér fram sem sveiflur í notkun á einstaka yrkjum. Auk þess getur framboð til birgja á Íslandi haft hér áhrif. Hægt er að sjá notkun á yrkjum af vallarfoxgrasi milli ára á kökuritunum en nokkrar sveiflur eru

milli ára á hlutdeild einstakra yrkja. Nokkur yrki eru mjög lítið notuð á hverju ári og þau sem eru allra minnst notuð voru sett saman í flokk til einföldunar en yrki í þeim flokki geta þó verið mismunandi milli ára en hægt er að lesa út úr kökuritunum hver þau eru.

Brýnt er að vera sér meðvitaður um val á fræi þar sem það er eitt af grunnþáttum endurræktunarinnar og er þáttur sem hægt er að stjórna. Mikilvægt er að fræsalar á Íslandi leggi sig alla fram um að bjóða fræ til bændu sem hefur verið prófað og reynst vel en þá er líka ekki síður mikilvægt að gerðar séu yrkjaprófanir hér á landi og að bændur séu meðvitaðir um mikilvægi þessa og að mikill munur geti verið á milli yrkja sömu tegundar. Frækostnaður einn og sér er mjög lítill hluti af kostnaði við endurræktun og bændur ættu ekki að horfa til ódýrasta kostsins, í sjálfu sér, nema að ljóst sé að hann sé betri eða jafngóður og annað sem í boði er. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir ráðgjöf varðandi val á sáðvöru og öðru sem lýtur að endurræktun.

Höfundar eru ráðunautar.

Við þrífum allar stærðir og gerðir af sótsíum

Vik verkstaedi ehf

Einhellu 6
221 Hafnarfirði
tel. +354 8961083

Lífraent hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTPRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS




Fagfundur nautgriparæktarinnar 2024

Fagfundur nautgriparæktarinnar 2024 verður haldinn í Ásgarði á Hvanneyri fimmtudaginn 11. apríl kl. 13:00 –17:00.

Fagfundurinn er haldinn af Fagráði í nautgriparækt í samstarfi við Bændasamtök Íslands, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Nautastöð BÍ og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Ýmis spennandi erindi verða á dagskránni. Tilgangur fundarins er m.a. að ræða strauma og stefnur í nautgriparæktinni og koma á framfæri nýrri þekkingu. Nánari upplýsingar munu birtast á Bondi.is og RML.is

Fundurinn er opin öllum og verður hann sendur út beint á netinu.



Hvaða áhrif hefur vikuleg blóðsöfnun á blóðhag hryssna?



Charlotta Oddsdóttir.



Erla Sturludóttir.



Hanna Kristrún Jónsdóttir.

voru 101 heilbrigð varmbloðshross með lægsta Hct 34% og 25 heilbrigð kaldblóðshross (þar innan um voru íslenskir hestar) með lægsta blóðfrumnahlutfall 27%. Einungis

voru 25 kaldblóðshross til grundvallar þeirri rannsókn en almennt er lítið svo á að eðlileg neðri viðmiðunarmörk blóðfrumnahlutfalls hjá kaldblóðshrossum séu 24% (Lording 2008).

Breytingar í meðalgildum blóðhags yfir tímabilið


Þegar meðalgildi blóðhagsmælinga voru skoðuð í báðum stóðum eftir því sem leið á blóðsöfnunartímabilið kom ýmislegt áhugavert í ljós. Í upphafi blóðsöfnunartímabilsins voru gildin svipuð milli stóðanna tveggja. Einni viku eftir fyrstu blóðtöku sást strax lækun í rauðfrumnagildum (RBC, Hct, Hgb) og lækunin í RBC hélt áfram í vikum 2-4. Áhugavert var að strax í viku 2 sást að Hct og Hgb í stóðinu á Norðurlandi lækkuðu ekki áfram og fóru frekar hækkandi upp úr viku 4. Sömu gildi fóru frekar lækandi allt tímabilið í stóðinu á Suðurlandi. Ekki er hægt að alháfa út frá þessum tveimur stóðum í hverju munurinn liggur og ekki er endilega um landslutunum að ræða. Það er þó nauðsynlegt að rannsaka þætti eins og snefilefni í jarðvegi, fódri og blóðsýnum fleiri blóðsöfnunartímála til þess að greina þetta betur.

Sýni voru einnig tekin vikulega tvisvar til þrisvar sinnum eftir að blóðsöfnun var lokið hjá hverri hryssu (endurheimtarvikum, vikur +2 og +3). Í viku +2 höfðu RBC, Hct og Hgb gildi beggja hópa hækkad talsvert og hækkðu áfram í viku +3. Meðalgildið fyrir viku +2 byggir á mælingum frá hryssum tveimur vikum eftir síðustu blóðtöku og skiptir þá ekki máli hvort safnað hafði verið tvisvar eða átta sinnum úr hryssunni en blóði var safnað sjö sinnum eða oftar úr flestum hryssum á Norðurlandi og úr um helming frá Suðurlandi. Fjöldi blóðsöfnunarskipta er einstaklingsbundinn og fer eftir því hversu lengi styrkur hormónsins eCG er yfir lágmarki til vinnslu.


Í báðum stóðum höfðu meðalgildi mælinga fyrir rauðfrumur náð lægstu eðlilegu viðmiðunargildum tveimur vikum eftir að síðasta blóðsöfnun var gerð en MCV og MCH gildi voru enn hækkad (stærri rauðfrumur sem innihéldu meiri blóðrauða). Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir á endurmyndun blóðþátta hjá hrossum sem telst hægvirki en hjá öðrum dýrategundum og getur tekið MCV allt að tólf vikur að ná grunnildum. Mótvægisviðbrögð í báðum hópum fólust á tímabilinu í því að rauðfrumur stækkuðu (hækkad MCV) og innihéldu meiri blóðrauða (hækkad MCH) og voru þessi viðbrögð meira áberandi í stóðinu á Norðurlandi. Hámark þessara gilda náðist í viku 5, en þau héldust þó há út blóðsöfnunartímabilið og endurheimtarvikum. Slík hækkun er algeng vísbending um að hross hafi á undanföllum vikum gengið í gegnum blóðtap og brugðist við því.

Blóðhagsmælingar einstaklinga sem benda til blóðleysis

Þegar einstaka mæligildi voru skoðuð hjá þeim 160 hryssum sem teknar voru inn í tölfraði-greininguna kom mikilvægur munur í ljós á milli blóðtökustóðanna tveggja. Engar hryssur á Norðurlandi flokkuðust undir miðlungs eða greinilegt blóðleysi, en fimm töldust vera með



Þróun í meðalblóðhagsgildum hjá hryssum sem safnað var blóði úr vikulega í allt að 8 skipti. Í viku 0 var tekið 0-sýni, áður en blóðsöfnun hófst, en síðan tekin vikuleg sýni áður en næsta blóðsöfnun var gerð. Þannig sýni vika 1 stóðuna einni viku eftir fyrstu blóðsöfnun. Vikur +2 til +3 sýna stóðuna 2-3 vikum eftir að síðasta blóðsöfnun var gerð.



Þróun í mæligildum einstakra hryssna sem fóru niður fyrir a) klínískt viðmið blóðkornahlutfalls fyrir vægt blóðleysi (Hct 24-26%) og b) klínískt viðmið blóðkornahlutfalls fyrir miðlungsblóðleysi (Hct 20-24%) og greinilegt blóðleysi (Hct < 20%).

vægt blóðleysi einu sinni eða oftar á tímabilinu. Í stóðinu á Suðurlandi voru 28 hryssur með vægt blóðleysi einu sinni eða oftar á tímabilinu. Tvær hryssur voru enn á þessu bili tveimur vikum eftir síðustu blóðtöku. Nokkuð var um miðlungsblóðleysi í stóðinu á Suðurlandi (tólf hryssur) og auk þess var ein rétt undir mörkunum um greinilegt blóðleysi í eitt skipti. Flestar hryssur sem flokkuðust undir miðlungsblóðleysi voru búnar með tvær til fjórar blóðsafnanir. Lægsta Hct sem mældist þegar tvær vikur voru liðnar frá síðustu blóðsöfnun, var 25,5%. Af 160 hryssum sem voru með í tölfraðigreiningunni greindust 7,5% með miðlungsblóðleysi og 0,6% með greinilegt blóðleysi. Auk þess voru tvær hryssur með miðlungsblóðleysi og ein með greinilegt blóðleysi af þeim níu sem ekki voru með í tölfraðigreiningunni. Því mætti segja að í heildina hefðu 8,6% verið með miðlungsblóðleysi og 1,2% með greinilegt blóðleysi.

Af þeim hryssum sem mældust með gildi sem samrýmdust blóðleysi var ein sem sýndi merki þess að halda ekki í við blóðtap, en það sýndi sig með vanlituðum dverggrauðfrumum í blóðstroki, sem annars sáust ekki í slíkum sýnum.

Hvað þýða niðurstöðurnar?

Annað stóðið sýndi að áhrif blóðsöfnunar geta verið mjög væg og skammvinn, þar sem lægsta Hct fór niður í 25-26% hjá alls fimm hryssum. Hct gildi tóku svo að hækka eftir fjórðu blóðsöfnun í því stóði. Allar hryssurnar voru með að minnsta kosti 30% Hct þegar tvær vikur voru liðnar frá síðustu blóðsöfnun.

Ályktanir

• Í báðum stóðum voru lægstu meðalgildi blóðsöfnunartímabilsins yfir blóðleysisviðmiðunum. Blóðfrumnahlutfall (Hct) og blóðrauði (Hgb) lækkuðu mest snemma á tímabilinu í stóðinu á Norðurlandi og hækkðu svo jafnt og þétt.

Í stóðinu á Suðurlandi var lækun sjáanleg fram eftir tímabilinu og héldust gildi lág þar til alveg í lokin. Í báðum stóðum náðu stærð og blóðrauðainnihald rauðfrumna hámarki í fimmtu viku en þau viðbrögð voru greinilegri í stóðinu á Norðurlandi.

• Engar hryssur á Norðurlandi mældust með gildi sem samrýmdust miðlungs- eða greinilegu blóðleysi. Á Suðurlandi voru 13 hryssur með miðlungs- eða greinilegt blóðleysi í eitt eða fleiri skipti. Í allt greindust 8,6% með miðlungsblóðleysi og 1,2% með greinilegt blóðleysi í einu eða fleiri sýnum. Ein af þessum hryssum sýndi merki þess að halda ekki í við blóðtapið.

• Það var munur á milli stóða hversu hratt og vel mótvægisviðbrögð þeirra unnu gegn blóðtapi en ekki er vitað í hverju munurinn liggur. Rannsóknin sýnir að það er full ástæða til þess að kanna áhrifaþætti á blóðhag, meðal annars áhrif næringar. Mögulega er þörf á að rannsaka sérstaklega styrk og hlutfall snefilefna og annarra þátta sem mikilvægir eru fyrir rauðfrumnamyndun, til þess að búa sem best að hryssum í blóðsöfnun.

• Ástæða er til að kanna frekar áhrif snefilefnastyrks í beitargróðri á blóðmyndun hjá folöldum og tryppum á Suðurlandi, þar sem ungvíði er einna viðkvæmast fyrir röskun á upptöku járns.

Áhrif blóðtaps

Blóðtap leiðir af sér nokkuð jafnt tap allra þátta blóðsins, þar á meðal frumur, prótín og önnur efni. Rauðfrumur (RBC) og blóðrauði (Hgb) gegna því hlutverki að taka upp súrefni í háraðnum lungnanna og flytja það til annarra vefja, en járn, kopar og fleiri snefilefni eru nauðsynleg til myndunar Hgb. Þó svo járnskortsblóðleysi sé mjög sjaldgæft hjá hrossum, getur mikið blóðtap tæmt járnbergðir líkamans í lifur og milta, en líkaminn bregst þá við með auknu frásogi á járninu úr fódri. Næringartengt járnskortsblóðleysi er sjaldgæft hjá hrossum og er Hgb almennt ekki notaður til þess að greina blóðleysi hjá þeim, heldur er notast við blóðfrumnahlutfall (Hct).

Blóðleysi er klínískt ástand en alvarleiki þess fer meðal annars eftir getu og þörf hrossins til þess að vinna súrefnisháða vöðvavinnu. Algengustu einkenni blóðleysis hjá hrossum eru úthaldsleysi í reið, mæði, slappleiki og fólur slímhúðir. Þau blóðleysisviðmið sem skilgreind hafa verið fyrir heitblóðshross taka mið af því að viðkomandi hross þurfi að afkasta súrefnisháðri vöðvavinnu.

Blóðleysi vegna blóðtaps er að jafnaði endurmyndandi ef ekki er annar sjúkdómur til staðar sem hamlar blóðmyndun, þ.e. hrossið hefur getuna til að mynda nýja blóðþætti í stað þeirra sem tapast en eftir því sem blóðtap stendur lengur, minnkar getan til endurmyndunar vegna þess að birgðir m.a. járns og prótína þrýtur.

Þegar RBC lækkar senda blóðmyndunarvefir út í blóðrásina stærri rauðfrumur, sem innihalda meiri Hgb. Ef allar aðstæður eru hagstæðar fyrir myndun Hgb og rauðfrumna, getur hrossið því viðhaldið Hct og Hgb gildum þó svo rauðfrumum fækki. Meðalrúmtak rauðfrumna eykst, sem mælist sem hækkad MCV.

Höfundar: Charlotta Oddsdóttir dýralæknir, deildarstjóri á Keldum og gestalektor LbhÍ, Erla Sturludóttir dósent, deildarforseti Ræktunar og fæðu LbhÍ, Hanna Kristrún Jónsdóttir líffræðingur og MSc nemi á meinafræðideild Keldna.



Guðrún Hildur Unnarsdóttir við mælingastörf á Hólum. Mynd / Aðsend

Hrossamælingar

– Þjónusta RML

Mælingamenn meðal starfsmanna RML bjóða hestaeyndum nú nýja þjónustu – mælingu þeirra hrossa sem óskað er. Öll venjubundin mál sem notuð eru við hrossadóma eru tekin, eða alls 11 skrokkmál, auk mælinga á hófalegd og holdastigunar. Niðurstöðurnar eru vistaðar í upprunaættbókinni WorldFeng og þar aðgengilegar og sýnilegar öllum notendum. Mælingar hafa sýnt sig að hafa ótvírætt gildi, þær eru leiðbeinandi við sköpulagsdóma og sýnt hefur verið fram á tengsl margra þeirra við hæfileika og aðaleinkunn í kynbótadómi.



Þjónustan hentar vel:

- Fyrir seljendur hrossa – sem hluti söluupplýsinga og staðlaðrar lýsingar.
- Fyrir eigendur keppnishrossa sem þurfa opinbera staðfestingu á hæð á herðar (M1) vegna þátttöku í keppni, í sambengi við reglur um leyfða hófalegd.
- Fyrir eigendur hrossa sem einfaldlega vilja afla og skrá gögn um sín hross í WorldFeng, utan kynbótasýninga.

Pétur Halldórsson. Að líkindum bjóða flest hesthús landsins góða aðstöðu til mælinga; steyptan og sléttan flöt. Önnur þjónusta ráðunautanna er og verður einnig í boði, s.s. DNA-stroksýnataka til staðfestingar ættfærslu eða staðfestingar skeiðgensarferðar (AA-CA-CC), mat á byggingarþáttum, eistnamæling og mat eistnaheilbrigðis. Athuga ber að þjónustumælingar hrossa koma ekki í stað – né eru þær til grundvallar við formlegan sköpulagsdóm á kynbótasýningu. Öll hross sem koma til kynbótadóms skulu mæld og metin á stað og stund.

Dæmi um þjónustumælingar og birtingu niðurstaðna í WorldFeng – utan kynbótasýninga, má m.a. sjá hjá þessum hrossum:

oIS2017187460 Áki frá Hurðarbaki
oIS2017225457 Sóla frá Hafnarfirði

Kostnaður við mælingar felst í föstu komugjaldi á hverja heimsókn eða viðkomustað, auk vinnutíma í heimsókn samkvæmt verðskrá (sjá verðskrá RML '24 / www.rml.is).

Hrossamælingar má panta í aðalnúmeri RML: 516-5000 og/eða með því að hafa samband við einhvern eftirtalinn ráðunauta:

Pétur Halldórsson, RML-Hvolsvelli: petur@rml.is
Halla Eygló Sveinsdóttir, RML-Selfossi: halla@rml.is
Friðrik Már Sigurðsson, RML-Hvammstanga: fridrik@rml.is
Eypór Einarsson, RML-Sauðárkróki: ee@rml.is
Kristján Óttar Eymundsson, RML-Sauðárkróki: koe@rml.is
Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, RML-Akureyri: gudrunhildur@rml.is
Linda Margrét Gunnarsdóttir, RML-Akureyri: linda@rml.is
Steinunn Anna Halldórsdóttir, RML-Þórshöfn: sah@rml.is

Höfundur ert fagstjóri á búfjárræktar- og þjónustusviði RML.

Skokkmál, meðaltöl 2020–2023 í cm

Byggt á mælingum á 3.409 hryssum og 1.699 stóðhestum

	Hryssur	Stóðhestar	Öll hross
M1 - Hæð á herðar	141,7	143,4	142,3
M2 - Hæð á bak	131,5	132,1	131,7
M3 - Hæð á lend	137,4	137,8	137,6
M4 - Brjóstdýpt	64,8	65,1	64,9
M5 - Bollengd	142,8	142,7	142,8
M6 - Brjóstbreidd	36,3	37,4	36,7
M7 - Breidd um mjaðmarhorn	48,6	47,2	48,1
M8 - Breidd um lærleggstoppa	44,3	43,1	43,9
M9 - Breidd framleggjar	6,2	6,6	6,3
M10 - Ummál framhnés	27,7	30,3	28,5
M11 - Ummál leggjar	17,6	18,8	18,0

Buglo 9103
klifurnet 4,5m kr. 1.290.000

Buglo 2901
Rennibraut með göngum, tilboð kr. 440.000

Buglo 00802
Kastali með rólu kr. 780.000

Buglo 00302
Róla, tilboð kr. 310.000

Buglo 5103 gormatæki
kr. 99.000

Buglo 2007
Klifurkofi, tilboð kr. 420.000

Buglo 5016
Gormatæki kr.177.000

Buglo 00114
Kastali ungbarna kr. 549.000

Gervigras á sparkvelli, leiksvæði og á garðinn þinn. Gúmmigrasmottur og gúmmihellur undir leiktæki. Korkur og gúmmíyfirborð, á leiksvæði og hlaupabrautir. Plast körfuboltavellir. Körfur, mörk, girðingar, hjólabogar og hlaupahjólstandar.

www.leiktæki.is og Buglo.pl
Austurmörk 19, Hveragerði, sími 545-0077
pósthólf lts@lts.is

ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn

Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

Lífræn hreinsistöð

- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



Fagrar froststillur í birtu skerpa sýn okkar á meginmálið.

Myndir / Kristján Friðbertsson

Beinin í garðinum

Kirkjugarðar, sérstaklega gamlir kirkjugarðar, eru áhugaverðir staðir. Við leggjum þar okkar nánustu til hinstu hvíldar. Treystum því að þar verði hvíldin friðsæl um komandi tíma. Fyrir vikið tengja þó sumir kirkjugarða við lífleysi, frekar en líf.



Kristján Friðbertsson.

En við tyllum okkur í kirkjugarðum og hugsum um lífna tíð, um það sem við deildum með þeim sem nú eru farnir. Um allt hitt fólkið sem þarna hefur líka fundið sinn síðasta

áfangastað og alla sem eiga um þá minningar. Jafnvel ef minningin er það eina sem eftir lifir, er hún ekki laus við líf. Minningarnar eru vitnisburður um líf sem var, samtímis því að vera hluti af lífi sem enn þá er. Lífinu sem við lifum. Við, sem tengjum okkur milli kynslóða og teygjum okkur heimshorna á milli með þeirra aðstoð. Minningar eru síður en svo eina lífið þarna. Af jörðu erum við jú komin. Það sem okkur var gefið, getum við gefið áfram. Ásamt því að bera vott um nýtni, er líffæragjöf að sjálfsögðu

mjög göfug. Það er þó ekki hún sem ég er að vísa til. Hringrás lífsins nýtur góðs af okkur jafnvel þegar ekkert er gert.

Við það eitt að verða aftur að jörðu getum við hjálpað öðru lífi, í áratugi. Allt frá örveruflóru og fungu, yfir í liðdýr og önnur smádýr, tré, blóm og aðrar plöntur. Allt þetta líf, sem styður svo við enn meira líf. Til dæmis alla smáfluglana sem við sjáum flögrandi um á góðum degi.

Fyrir þau okkar sem stunda þó ræktun í heimilisgarði fremur en kirkjugarði, getum við fengið beinlausan garð? Viljum við það?

Fegurðarsýn

Í huganum og á símanum sýnir sumargarðurinn grænn og blómstrandi alla sína fegurð. Frosinn í tíma, frekar en af kulda. Minningar um það sem nýlega var og það sem koma skal. Minningar sem í skammdeginu beina sjóninni frá myrkrinu, í átt að birtunni sem bíður.

Á þeim tíma sem ekkert vex megum við samt ekki alveg loka augunum. Fyrir utan að lokað augu hafa verið tengd við gríðarlega aukningu á slyshættu, missa þau einnig af sjónrænni fegurð. Ýmislegt

er nefnilega falið bakvið gróður að sumri og nýtur sín því jafnvel betur nú. Síblár gróður, jafnvel þótt gulur sé, sýnir okkur hve stórt hlutverk sígrænt spilar í því að lífga upp á hið grúa.

Þegar sólin er lágt á lofti og lýsir upp stofna og greinar tókum við oft best eftir fegurð lauflausra trjáa. Stór og stæðileg birkitré, næfurheggur og fleiri tegundir monta sig af íðilfögurum berki á meðan önnur taka á sig hlutverk myndarlegra skúlptúra. Ýmsar tegundir af víði og hynum (Cornus) státa svo af litríkum greinum sem geta verið skraut hið mesta.

Nýttum beinin

Síðvetrarsýn gefur okkur þó meira en fegurðina. Það er nefnilega á þessum tíma sem við sjáum hvað skýrast það sem stundum eru kölluð „beinin í garðinum“. Allt þetta helsta, sem rammar inn garðinn, skapar aðal strúktúrinn. Þetta er því góður tími til vangaveltna, til þess að horfa yfir garðinn, ganga um hann, þreifa á honum, skoða, hugsa, melta.

Sama ástand gerir það líka þægilegra að snyrta og klippa hin ýmsu tré og runna á þessum tíma. Jafnvel þau sem hentar síður að



Stéttin og girðingin eru bara hluti af því sem laufið vanalega hylur.



Sáðbakkar eru ekki ónæmir fyrir frostlyftingu. Munum að leita að slæmum beinbrotum sem gætu kallað á aflímanir.

skerða núna, er hægt að merkja með einhverjum hætti, til að einfalda verkið síðar.

Hvað með grasblettinn, hellulagnir og stíga? Er allt slétt og fínt, eða þarf eitthvað að laga til og jafna? Eru öll beði eins og best verður á kosið, eða helst til of mörg eða stór? Kannski væri bara skynsamlegast að stækka einhver þeirra, jafnvel bæta við beði?

Allt þetta breytist yfir árið, en þegar garðurinn birtist undan snjónum fáum við mikilvæga sýn. Áhrif frostlyftinga kannski augljós, ásamt því hvar í garðinum frost er hvað lengst að fara úr jörðu. Fulllaufgaður felur gróðurinn ýmsar myndir, en núna fer ekkert á milli mála ef kominn er tími á viðhald á girðingunni, pallinum eða öðru.

Endalaus tími sem hverfur samt svo hratt

Á sumrin er oftast nógu margt sem þarf að hugsa um og huga að jafnóðum. Þá viljum við líka njóta sumarsins, ferðast um landið, slaka á. En núna höfum við kannski smá tíma. Ef okkur klæjar jafnvel aðeins í puttana er um að gera að nýta þann kraft. Sumt má ganga strax í að framkvæma en þótt annað bíði þess að frost fari úr jörðu er hægt að undirbúa og forvinna. Stutt og kalt ræktunartímabil á Íslandi getur virkað takmarkandi, en við sjáum við því m.a. með því að forrækta sumt grænmeti og sumarblóm.

Réttur tími til að hefja forræktun fer eftir tegund, tilgangi og aðstæðum. Birta og hitastig verður t.d. að vera í samræmi hvort við annað, sem og þarfir plöntunnar.

Höfundur er plöntunörd.



Jafnvel frosinn nýtur sígræni gróðurinn sín. Hér eru kanadalífviður (Thuja occidentalis), Brabant og fjallafura. (Pinus mugo).



Rexton

lúxus ferðafélagi!

Verð 8.990 þús. kr.



Tryggðu þér alvöru jeppa á frábæru verði!

- Byggður á grind
- Millikassi með háu og lágu drifi
- 8 þrepa sjálfskipting
- 202 hestöfl
- Sparneytin dísel vél
- 3,5 t dráttargeta
- 5 ára ábyrgð
- Bakkmyndavél
- 7 manna*
- Sjálfstæð fjöðrun**
- Læst afturdrif**

* Premium, Adventure og Ultimate | ** Adventure og Ultimate | Bíll á mynd er með 33" hækkun



BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR SELDA BÍLA

Nánari upplýsingar á
benni.is

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum



Áburðartilraun á bygggi

Nokkuð langt er síðan áburðartilraunir voru gerðar með bygg hér á landi. Osennilegt er að eitthvað hafi breyst í lögmálum áburðarfræðinnar síðan þá annað en verðlag áburðar.

Engu að síður, í ljósi þess að nú eru aftur hafnar kynbætur á bygggi á Íslandi, er ástæða til að huga að áburðartilraunum með bygg. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Kynbæta má fyrir bættri áburðarnýtingu, fá nákvæmari áburðarskammta í byggjarkjatilraunum og þar með hámarka áburðarsvörum til þess að bera kennsl á afurðahæstu byggjarkin. Þar að auki munu slíkar tilraunir skila hagnýtum upplýsingum til bænda.

Fyrri tilraunir hafa sýnt fram á breytileika í uppskeru og gæðum eftir jarðvegsgerðum og áburðarskömmum. Bygg ræktað á mýrarjarðvegi við lægri áburðarskammta gefur alla jafnan meiri uppskeru samanborið við melajarðveg þrátt fyrir hærri áburðarskammta. Hins vegar hafa niðurstöður tilrauna sýnt hærri gæði korns á rýrari jarðvegsgerðum en þeim frjósamari.

Þann 6. maí 2023 var lögð út áburðartilraun í sandjarðvegi í Gunnarsholti. Markmiðið var að kanna áhrif mismunandi köfnunarefniskammta (N) á uppskeru og þroska byggs, nánar tiltekið tvíraða yrkisins Anneli og sexraða yrkisins Brage. Tilraunin var lögð út í þremur endurtekningum í hefðbundnu blokkarskipulagi og allur áburður var felldur niður með sáðinu. Bornir voru saman áburðarliðirnir 30, 60, 120, 150 og 180 kg N/ha, en allir reitir fengu jafn mikið magn af fosfór (20 kg/ha) og kalí (60 kg/ha). Ekki þótti ástæða til að vera með reit sem fékk engan áburð. Vaxtartímabilið var úrkomusamt ásamt því sem heldur kalt var í veðri, þó má taka fram að hæsti hiti í Árnesi í maí var 20,8°C, en hiti mældist ekki yfir 20°C í júní, júlí eða ágúst. Þegar leið á sumarið dróg talsvert úr úrkomu og mikið sólskin tók við. Meðalhiti vaxtartímabilsins var 9,5°C. Um miðjan júlí var þroskastig byggsins metið í tilraunum í Gunnarsholti og ekki sást munur eftir áburðarskömmum. Síðar um vaxtartímabilið, í ágúst, sást þurrkastress í plöntum. Tilraunin var uppskerin þann 2. október. Allir reitir sýndust fullþroskaðir en misgísir. Ekki sást merki um óþroskaða hliðarsprotu í tilrauninni og engin merki um legu eða áhrif áburðarskammta á strástyrk.

Niðurstöður uppskerumælinga leiddu í ljós marktækan uppskeru-

auka með hækkandi köfnunarefnismagni óháð því hvort um var að ræða tví- eða sexraða yrki.


Á meðfylgjandi mynd eru meðaltöl uppskeru og dreifni mælinga ásamt marktækni milli meðferðaliða sem táknuð eru með mismunandi bókstaf. Á myndinni sést að uppskera eykst eftir því sem N skammtur eykst. Hins vegar mælist hæsta uppskeran ekki nema tæp fjögur t/ha og lægsti N skammturinn gaf lægstu uppskeruna eða rúmlega eitt t/ha.

Þurrefnishlutfall við skurð er mikilvægur eiginleiki. Niðurstöður sýndu engan marktækan mun á þurrefnishlutfalli eftir meðferðarliðum þó að dreifnin hafi verið á bilinu 75-87% og 83% að meðaltali. Ekki hefur tekist að mæla gæði sýna sökum aðstöðuleysis en reitapreskivélin tekur rúmþyngdarmælingar við uppskeru. Niðurstöður sýndu engan marktækan mun eftir áburðarskömmum, að undanskildum lægsta skammti sem gaf lægstu rúmþyngd. Það er óhætt að segja að þessar niðurstöður komu á óvart. Hér hefði mátt búast við að uppskera færi lækandi við svo háa skammta, eða í það minnsta hætta að aukast. Einnig hefði mátt búast við að byggjið færi að leggjast og stórir áburðarskammtar tefðu þroska byggsins. Auknir áburðarskammtar geta líka leitt til óþroskaðra hliðarsprotu sem leiða til lægri rúmþyngdar en það sást ekki í tilrauninni.

Þótt uppskera hélt áfram að aukast eftir vaxandi áburðarskömmum er hagkvæmni þeirra ekki til staðar. Stærstur hluti áburðarins endaði ekki í uppskerunni og sennilega má gera ráð fyrir því að áburðurinn hafi ekki verið að fullu aðgengilegur plöntunum sökum veðurfars á fyrri hluta vaxtartímabilsins. Hugsanlegt er að skipting áburðar hefði skilað aukinni áburðarnýtingu í byggrekt við þessar aðstæður, sérstaklega á þessari jarðvegsgerð.

Þessi tilraun sýnir mikilvægi þess að halda áfram áburðartilraunum með bygg á Íslandi. Áburður er einn hæsti kostnaðarliðurinn þegar kemur að kornrekt. Því er mikilvægt að fjölga þessum tilraunum með hliðsjón af jarðvegs- og efnagreiningum til að meta jarðvegsgeði og áætla áburðarþörf til að hámarka nýtingu hans. Þannig má stuðla að auknum nákvæmnisbúskap og hagkvæmni ræktunar og hámarka skilvirkni kynbótaverkefnisins.

Sunna Skeggjadóttir mastersnemi og Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri í jarðrekt hjá LbhÍ.



Meðaluppskera byggs í Gunnarsholti eftir vaxandi áburðarskömmum. Mismunandi bókstafir tákna tölfraðilega marktækni, þar sem sami bókstafur táknar ómarktækan mun milli meðaltalna.



HAGKVÆM VÖKTUN

Fyrir allan iðnað og landbúnað

Auðvelt að vakta stöðu og ástand á öllum búnaði. Fáðu sms eða tölvupóst um leið og eitthvað fer úr skorðum. Auðveld uppsetning og allir skynjarar eru þráðlausir.

www.fjarvoktun.is

SERRALUX

Gróðurhús og yndisreitir í miklu úrvali

Sérstyrkt fyrir íslenskar aðstæður



Lágafell
verslun og byggingar

LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF
VÖLUTEIGUR 4, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
846 7014 - 895 4152

Lágafell verslun og byggingar

Gróðurhús og Garðhús

VARAHLUTIR Í KERRUR



KNOTT
AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER

Bílabúðin
Stál og stansar



Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is

Pistill formanns

Súrefni dagsins í dag

Þróttmikið Búnaðarþing í síðustu viku gaf okkur sem tókum við stjórnartæmum Bændasamtakanna skýr fyrirmæli um að blása til nýrrar sóknar. Og í raun voru það ekki einungis bændur sem eggjuðu okkur til dáða heldur líka fjölmargir ráðherrar og alþingismenn sem heiðruðu okkur með nærveru sinni við þingsetninguna.

Í ávarpi sínu endurómaði forsætisráðherra ríkan og kærkominn skilning stjórnvalda á aðstæðum landbúnaðarins og gaf góð fyrirheit um að nýir búvörusamningar myndu snúa rekstrarskilyrðum okkar til betri vegar. Forseti Íslands sagði mikilvægt að þingi myndi fylla bændur bjartsýni og kjarki og vissulega má segja að honum hafi að mörgu leyti orðið að ósk sinni. Umræðan á Búnaðarþingi var á framvirkum nótum enda margt í ytra umhverfi landbúnaðarins um þessar mundir sem gefur okkur byr undir báða vængi.

Um leið og ég þakka það traust sem mér var sýnt í formannskjörinu vil ég fagna því einvala liði sem Búnaðarþing valdi til þess að setjast með mér í stjórn Bændasamtakanna. Ég hlakka mikið til skoðanaskipta í stjórnarherberginu og sömuleiðis samstarfs við það fjölmarga góða starfsfólk sem skrifstofa Bændasamtakanna hefur innanborðs.

” Vinnan snýst um núíð, [...] og hún er upp á líf og dauða fyrir íslenskan landbúnað ...“

Sóknarfæri okkar blasa víða við og öll höfum við heyrt um mikilvægi þess að grípa gæsina meðan hún gefst. Þess vegna þurfum við að vinna hratt. Á meðal þeirra dyra sem smám saman eru að opnast vil ég fyrst nefna hið augljósa að innanlandsmarkaðurinn er að stækka umtalsvert vegna fólksfjölgunar og ferðamennsku. Á sama tíma höfum við náð augum og eyrum stjórnvalda bæði vegna afkomuvanda bændastéttarinnar og mikilvægi hennar fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar.

Aðgangur okkar að vistvænum auðlindum íslenskrar náttúru og sjálfbær nýting þeirra er gríðarlegt samkeppnisforskot. Jafnvel hitastig okkar norðlægu slóða getur talist til náttúruauðlinda í hlýnandi loftslagi jarðar. Aukin þekking og gervigreind skapar ný tækifæri til nákvæmnisbúskapar sem eykur afkrastur ræktunar, sparar vinnu og styður við vandaða nýtingu bænda á landgæðum sínum og sveitanna.

Fjölbreytileiki þeirra viðfangsefna, og ekki síður áskorana, sem bændur standa daglega frammi fyrir kallar auðvitað á vangaveltur um bæði víðfeðma grunnmenntun bænda og mögulega símenntun. Landbúnaðarhagfræði, landbúnaðartengd matvælaverkfræði, vísindastyrkir til rannsóknastarfa o.m.fl. til viðbótar við kennslu hinna eiginlegu bústarfa, sem við höfum kosið að helga okkur, er á meðal þess sem framsýn bændaforysta þarf að hafa sjónar á.


En okkur dugar ekki að sjá framtíðina í hillingum. Við þurfum súrefni frá degi til dags. Öðruvísi leggst allt okkar starf á hliðina. Stór hluti okkar særir vinnu utan búrekstursins og vinnur þannig langa vinnudaga. Flest okkar vinna sjö daga vikunnar og stytting vinnuvikunnar virðist fyrir alla aðra en okkur. Nú er stefnan sett á fjóra vinnudaga í viku fyrir utan frín alla rauðu dagana.

Lífið í sveitunum má á sama tíma ekki breytast í óyfirstíganlegan þrældóm. Við slíkar aðstæður verður engin endurnýjun í bændastéttinni og þannig blæðir henni einfaldlega út. Þess vegna er verk að vinna. Ekki í rómantísku ljósi gamalla tíma og sveitameningar. Heldur ekki í draumkenntri framtíðarsýn um alls kyns ný tækifæri handan við hornið. Vinnan snýst um núíð, daginn í dag, og hún er upp á líf og dauða fyrir íslenskan landbúnað.

Trausti Hjálmarsson,
formaður Bændasamtaka Íslands.



Trausti Hjálmarsson.



Sterkari til framtíðar

Sauðburður er handan við hornið og sauðfjárbændur þurfa að taka ákvarðanir um framtíðina.



Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

En ef við reynum að rýna inn í kristalskúlu framtíðarinnar þá vitum við að innanlands þurfa fleiri munnar að borða á hverjum degi samhliða auknum fjölda ferðamanna til Íslands. Út frá þeirri staðreynd og ef við gefum okkur að sauðfjárafurðir haldi sömu markaðshlutdeild innanlands þarf sauðfé að fjölga svo framleiðslan verði næg á innanlandsmarkað eftir mikinn samdrátt undanfarin ár.

Ég skynja bjartsýni meðal bænda og af samtölum við starfsmenn RML sem hafa verið að aðstoða við umsóknir um fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt er aukning í fjölda umsókna milli ára og eins eru að sjást umsóknir um viðbyggingar með það markmið að fjölga fé og bæta vinnuástandi – slíkar umsóknir hafa verið fátíðar undanfarin ár.

Ég las nýverið viðtal við eldri sauðfjárbónda í Bretlandi sem var að tala til sjálfs síns við upphaf búskapar. Þar segir hann að raunveruleikinn hvernig við búum með sauðfé hefur ekki breyst frá því sem var en í ytra umhverfinu er skynjun á störf okkar og hvatning til okkar oft brengluð. Hann hvatti því yngri sig til mikilvægis þess að ögra rangri skynjun og minnti yngri sig á mikilvægi aðlögunarhæfni og þess að breyta til.

En hvað á ég við með þessu? Það er undir okkur bændum sjálfum komið hvernig við skipuleggjum og tæklum okkar búskap. Við getum beðið langt fram á sumar eftir því að afurðastöðvar birti afurðaverð komandi hausts en við getum líka tekið ákvarðanir um eigin búskap. Sjálfur hef ég ræktað kjarngóða beit á eigin búi til að eiga fyrir léttari lömbin á haustin undanfarin ár. Með því móti er hægt að búa til talsverðan tekjuauka fyrir svo utan jákvæð áhrif á endurræktun og betra gróffóður árin á eftir. Ég veit matavel að það eru ekki allir sammála mér en hér gildir að við þurfum að vera móttækileg fyrir nýrri þekkingu og hafa aðlögunarhæfni til að breyta úr viðjum vanans.

Í mínum búskap hef ég síðustu ár verið að feta mig meira yfir í sölu eigin afurða milliðalaust til neytenda. Þar skynja ég mikinn velvilja neytenda og

þarna eru tækifæri. En af hverju nefni ég þetta? – Jú, þessi hópur sem vill kaupa milliðalaust af bændum vill kaupa íslenska vöru og treystir því að þeir séu að fá íslenska vöru vegna þess að ákveðinnar upplýsingaróreiðu gæti í verslunum varðandi upp- runa matvöru.

Af þeim sökum var hafin sú vinna að stofna vörumerkið „Íslenskt staðfest“ fyrir nokkrum árum. Eftir að hafa fylgst með umræðu um vörumerkið undanfarin misseri sýnist mér að ákveðinnar tortryggni gæti hjá stóru fyrirtækjunum sem eru í eigu okkar bænda að taka þetta vörumerki upp þó reynsla slíkra merkja erlendis sýni að þau bæði auka sölu og framleiðni þeirra vara sem merkið bera.

Ég er þess fullviss að innleiðing þessa vörumerkis verður skref í frekari leiðréttingu á afurðaverði og bættum kjörum okkar bænda. Ég skora því á stjórnarmenn stóru afurðafyrirtækjanna, sem jafnframt eru bændur, að skoða málið vandlega og taka samtalið við Bændasamtökin um hvort og hvað megi bæta í forsendum merkisins. Því þarna snýst þetta um að ögra rangri skynjun og minna sig á aðlögunarhæfni breytinga. Slíkt yrði íslenskum landbúnaði til heilla því saman eru við sterkari til framtíðar.

Höfundur er formaður deildar sauðfjárbænda hjá BÍ.



Víkingur páskaegg eða konfekt, hvað annað?

VÍKINGUR
VATNSSTÍG 11

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



Gamla myndin:

Páskaeggjaframleiðslan á fullu

Árið 1979 voru framleidd tæplega fjögur hundruð þúsund páskaegg héraðs, Íslendingar þá riflega 220 þúsund manns – á meðan að framleiðsla Nóa Sírius, Freyju og Góu er í dag vel yfir milljón eggjum samtals, ætluðum nú tæpum 390 þúsundum íbúa. Framleiddi sælgætisgerðin Víkingur hvað mest, eða um 230.000 egg, á meðan sælgætisgerð Nóa Sírius var næst í röðinni með í kringum 130.000 egg. Þá kom Freyja með framleiðslu á um 20.000 eggjum en í dag er Víkingur kominn undir hatt sælgætisgerðarinnar Freyju, sem er elsta sælgætisgerð landsins, stofnsett árið 1918. Voru eggir frá 20 g–900 g en í dag mælist hið almenna egg 25–1380 g að þyngd. Áætlað er að súkkulaðiegg á páskum hafi allra fyrst fengist keypt í Björnsbakarií árið 1920. /sp

Myndir / tímarit.is



Landbúnaðarandúð

Fjölpátta ógnir steðja að íslenskri matvælaframleiðslu sem þó koma flestar úr sömu átt.



Högni Elfar Gylfason.

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur, sem innheldur Vinstri græna, Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk, hefur á líftíma sínum itrekað unnið gegn íslenskum

landbúnaði og framleiðslu matvæla hér á landi. Þrátt fyrir endurtekinn fagurgala matvælaráðherra og annarra ráðherra og þingmanna ríkisstjórnarflokka hafa aðgerðir oft og tíðum verið þvert á fögru orðin. Slíkur framgangsmáti hefur gjarnan verið nefndur „að tala tungum tveim“ og má segja að það orðfæri eigi vel við.

Hvers vegna er staðan sú sem nefnd er hér að ofan? Sennilega má tengja aðgerðir og ekki síður aðgerðarleysi á fyrri kjörtímabili ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur við áhugaleysi þáverandi ráðherra landbúnaðar úr röðum Sjálfstæðisflokks. Þar kom nokkuð skýrt fram að áherslurnar snérist að öðrum hlutum en landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Skýrasta dæmið um það er ef til vill það að þá voru landbúnaðarmálin sett ofan í skúffu og aftast í forgangsröðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Kristjáns Þórs Júlíussonar. Á því kjörtímabili var velmegunartímabil innflytjenda matvara á kostnað innlendar framleiðslu. Skattar á innfluttar vörur voru ýmist felldir niður eða minnkaðir til muna og leyft var að stórauka innflutning í beinni samkeppni við framleiðslu íslenskra bænda. Þá var tollareglum er varða útboð tollkvóta breytt til samræmis við kröfur samtaka innflytjenda.

Með þessum breytingum var ekki gætt að því að einungis væru fluttar inn landbúnaðarafurðir sem stæðust innlendar kröfur um aðbúnað og velferð dýra, notkun hormóna eða sýklalyfja til að koma í veg fyrir veikindi og til aukningar vaxtarhraða dýranna. Þá er öllum ljóst að óheyrilegt magn kjöts er flutt inn til Evrópusambandsins frá löndum þar sem reglur um starfsemina eru í besta falli óljósar. Það kjöt er selt innan ESB sem framleiðsluvara þess lands sem pakkar vörinni í neytendaumbúðir án þess að geta upprunans og það er mjög líklega hluti þess sem flutt er til Íslands.

Á núverandi kjörtímabili ríkisstjórnarinnar hefur verið bætt í andstöðuna við íslenskan landbúnað og má jafnvel líkja henni við andúð á störfum þúsunda Íslendinga við framleiðslu heilnæmra matvæla fyrir landsmenn.

Á hvaða grunni landbúnaðarandúð ríkisstjórnarflokka byggist er rannsóknarefni, en þó má geta sér til um það með því að skoða aðgerðir og ekki síður aðgerðarleysi í málefnum greinarinnar.

Eitt er það sem virðist vera gegnumgangandi og nokkuð ljóst, en það er að matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, ásamt ríkisstjórnarflokkunum, telji framleiðslu matvæla á Íslandi valda hækkun hitastigs á jörðinni, en þeirri skoðun hafa ekki fylgt

nein skynsamleg rök eða sannanir á sekt greinarinnar. Í því skjóli hefur stefnan verið sett á að draga úr eða hætta framleiðslu kjöt- og mjólkurvara í landinu í því skyni að lækka hitastig og bæta veðurfar um heim allan. Það er ótrúleg staða að tiltölulega fámennur hópur fólks með öfgakenndar skoðanir geti þannig þvingað loftslagstrúmalum sínum upp á þjóðina og eyðilaggt um leið matvælaframleiðslu í landinu með því stórskerta fæðu- og matvælaöryggi sem fylgir.

Ekki er pláss hér til að þylja upp allar þær skaðlegu aðgerðir né enn skaðlegra aðgerðarleysi ríkisstjórnarflokka í málefnum íslenskrar matvælaframleiðslu og læt ég duga að benda hér á fáein atriði.

- Ástæðulaus skattahækkun á heyrulluplast á röngum forsendum
- Eyðilegging landbúnaðarlands með því að moka ofan í skurði
- Aðför að sauðfjárbændum með banni við beit á mjög stórum hluta landsins með tillögu að „reglugerð um sjálfbæra landnýtingu“ og í raun bann við sauðfjárbúskap í núverandi mynd. Komið hefur fram að engin vísindaleg rök standa að baki tillögnum.
- Aukin skattheimta, eftirlit og innleiðingar refsinga á hendur greininni með tillögu að breytingum á lögum um dýrasjúkdóma. Lagt er til að gera fyrirtækjum refsingu fyrir háttsemi sem ekki er hægt að komast hjá hérlendis.

Að endingu má segja að nýleg frétt á Vísi vakti furðu margra. Þar var starfandi matvælaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, sögð hafa látið bændur á Búnaðarþingi heyra það varðandi lélegar merkingar matvæla og að þeir yrðu að bæta úr því svo Íslendingar vissu hvað þeir keyptu. Undirritaður gat reyndar ekki séð við lestur fréttarinnar að athugasemdirnar snéru að bændum, enda er Katrín ekki svo grunnhyggin að halda að íslenskir bændur hafi eitthvað um merkingar matvæla í eigu annarra að segja. Þá hafa samtök bænda og bændur sjálfir árum saman reynt að fá stjórnvöld til að breyta reglum um merkingar til betri vegar, en á það hefur ekki verið hlustað. Gagnrýnin hlýtur því að hafa beinst að sjálfum ræðumanni og ríkisstjórn hans fyrir áhuga- og getuleysið í málaflóknum. Í kjölfari á þessari frétt í Vísi birtust reyndar önnur skrif frá þingmanni Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi um sama málefni. Þar gengur hann lengra en formaður flokksins og sakar bændur beint og krókalaust um að bera ábyrgð á lélegum merkingum matvæla. Það er sorglegt að horfa upp á það þegar fólk reyndir að kenna öðrum um eigin getuleysi. Það er nefnilega svo að ráðherra matvæla á Íslandi er meðlimur í flokki Vinstri grænna og því á hans ábyrgð að verið er að plata fólk alla daga með lélegum og villandi merkingum matvara á Íslandi.

„Árinni kennir illur ræðari.“

Höfundur er sauðfjárbóndi og varapingmaður Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi.

Erfðanefnd landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki

Meginhlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaaudlinda í landbúnaði. Í því skyni hefur nefndin ákveðið að verja fjármunum í að styrkja einstök afmörkuð verkefni sem falla að því hlutverki.

Visað er til stefnumörkunaráætlunar erfðanefndar varðandi nánari áherslur nefndarinnar. Sjá vefsíðu nefndarinnar www.agrogen.is.

Lögð er áhersla á að styrkja verkefni á eftirfarandi sviðum:

- Rannsóknir er lúta að varðveislu og viðhaldi á erfðaaudlindum í landbúnaði.
- Lokaverkefni til prófs á háskólastigi er tengjast varðveislu og/eða nýtingu á erfðaaudlindum í landbúnaði.
- Aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri varðveislu og/eða nýtingu erfðaaudlinda í landbúnaði.
- Kynning og fræðsla fyrir almenning um erfðaaudlindir í landbúnaði og gildi þeirra.

Einstaklingar og félagasamtök eru hvött til að sækja um styrki til verkefna sem hafa það að markmiði að stuðla að varðveislu og/eða sjálfbærri nýtingu innlendra erfðaaudlinda í landbúnaði.

Að jafnaði verða veittir styrkir á bilinu kr. 200.000 – 1.000.000 kr.

Sérstök eyðublöð má finna á heimasíðu erfðanefndar www.agrogen.is.

Umsóknum skal skilað fyrir 30. apríl 2024 til Birnu Kristínar

Baldursdóttur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarnes - birna@lbhi.is.



AUGLÝSING UM SKIPULAG

Sveitafélagið Borgarbyggð auglýsir eftirfarandi skipulagsáætlanir sem samþykktar hafa verið til auglýsingar.

Nánari upplýsingar um hvert mál eru á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is undir skipulagsauglýsingar og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is.

Í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 30. gr. sömu laga, er hér með auglýst tillaga að breytingu og vinnslutillaga breytingar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykktar voru til auglýsingar í sveitarstjórn.

Verzlunar- og þjónustuvæði í landi Signýjarstaða (L134512) í Borgarbyggð – Tillaga Samþykkt til auglýsingar 11. janúar. Mál nr. 245/2023 í skipulagsgátt með athugasemdafresti til og með 5. maí.

Íþróttasvæði O1, íbúðarsvæði Í4 og skólasvæði P3 í Borgarnesi – Vinnslutillaga Samþykkt til auglýsingar 14. mars. Mál nr. 31/2024 í skipulagsgátt með athugasemdafresti til og með 7. apríl.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 40. gr. sömu laga, eru hér með auglýstar tillögur að deiliskipulögum og lýsing á deiliskipulagi sem samþykktar voru til auglýsingar í skipulags- og byggingarnefnd sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar.

Miðgarður á Mýrum (L235969) – Tillaga að nýju deiliskipulagi Samþykkt til auglýsingar 5. janúar skv. 41. gr. Mál nr. 855/2023 í skipulagsgátt með athugasemdafresti til og með 5. maí.

Langárbyrgi, veiðihús í landi Jarðlangstaða (L177317) – Tillaga að nýju deiliskipulagi Samþykkt til auglýsingar 1. mars skv. 41.gr. Mál nr. 730/2023 í skipulagsgátt með athugasemdafresti til og með 5. maí.

Ásbrún í Borgarfjarðarsveit (L192394) – Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Samþykkt til auglýsingar 1. mars skv. 41. gr. Mál nr. 243/2024 í skipulagsgátt með athugasemdafresti til og með 5. maí.

Sigmundarstaðir (L134748) – Lýsing á nýju deiliskipulagi Samþykkt til auglýsingar 1. mars skv. 40. gr. Mál nr. 245/2024 í skipulagsgátt með athugasemdafresti til og með 5. maí.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingu/athugasemd við ofangreindar skipulagsáætlanir á kynningartíma í gegnum skipulagsgátta.

Ef óskað er nánari kynningu á málum, þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Borgarbyggð, 21. mars 2024.
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



BORGARBYGGÐ



Vorverkin í garðyrkjunni

Fram undan er páskahtíðin og dágott páskafrí hjá allflestum landsmönnum. Nú er orðið bjart frá morgni til kvölds og marga klæjar í fingurna að komast í garðverkin enda er tilvalið að nota þessa frídaga í garðastúss.

Garðyrkjustöðvar eru stútfullar af páskaþólum sem bíða þess að prýða híbýli landsmanna auk þess sem sumarblómnum eru á hraðri leið með að verða klár í sumarvertíðina. Skrúðgarðyrkjumenn landsins klippa tré og runna í gríð og erg þessa dagana, enda er vorið tími vaxtarmótandi trjáklippinga, áður en plönturnar hafa lafgast og ekki sést í greinarnar fyrir laufskróði.

Garðeigendur eru einnig komnir í vörgrínn og farnir að snyrta garða sína, klippa limgerði og trjáplöntur og sá fyrir þeim plöntum sem hugurinn girmist þetta árið. Þeir sem búa svo vel að eiga gróðurhús hafa þar forskot á hina en frést hefur að einstaka aðili fylli hreinlega stofur og eldhús af plöntum, öðru heimilisfólki til mismikillar gleði.

Páskablómin

Páskarnir eru einnig tími páska-skreytinganna. Blómaframleiðendur og blómaskreytingafólk vinna núna myrkraða á milli við páskaundirbúninginn því blóm eru ómissandi hluti páska. Guli liturinn er táknrænn fyrir páskana enda er sói að hækka á lofti og fátt minnir meira á hlýja og sólríka sumardaga en gullur litur. Gul blóm streyma í hillur blómaverslana, svo sem páskaaliljur, gulir túlpanar, gulur krýsi og ástareldur, allt í anda páska.

Náttúrulegt hraefni í páskaskreytingar

Fyrir þá sem vilja útbúa sínar eigin páska-skreytingar er tilvalið að hafa augun hjá sér þegar garðurinn er klipptur og

snyrtur. Birki- og víðigreinar sem falla til við vorklippingar er hægt að taka inn í hlýjuna, setja í vasa með vatni og jafnvel blómanæringu og viti menn, eftir nokkra daga fara brúmin að lifna, ljósgræn og ilmandi birkiblöð veita okkur forskot á sumarið og gulir víðikettlingar, blómbrum víðiplantanna líta út eins og órlitil páskaungar á greinum. Aðrar trjá- og runnategundir geta vissulega hentað vel í páska-skreytingar en einhverra hluta vegna hafa sígrænar plöntur ekki slegið í gegn sem páska-skraut, þær virðast frátekna fyrir aðra stórhátíð.

Mosi úr grasflötinni getur sett náttúrulegt yfirbragð á páska-skreytingarnar enda minnir mjúkur mosinn okkur á hreiðurgerð fugla og hægt að gera skemmtilegt undirlag undir páskaegg, einkum og sér í lagi af súkkulaðitaginu. Einnig getur komið vel út að sjóða egg og nota skurnina í skreytingarnar, egg eru jú nátengd páskaeggum, rétt eins og guli liturinn.

Vorið í Garðyrkjuskólanum

Nemendur blómaskreytinga-brautarar við Garðyrkjuskólann á Reykjum hafa unnið margvíslegar páska-skreytingar undanfarna daga og er skólinn óðum að komast í páska-búning, auk þess sem vorið er komið í garðskálann og fyrstu plönturnar í fullum blóma. Það minnir okkur á að háttíðardagur garðyrkjunnar, sumardagurinn fyrsti, er rétt handan við hornið. Starfsfólk og nemendur njóta þess svo sannarlega og óska landsmönnum gleðilegra páska og hlakka til að taka á móti gestum og gangandi á opnu húsi á sumardaginn fyrsta.

Guðríður Helgadóttir
garðyrkjufraeðingur

Við og sauðkindin

Sauðkindin hefur verið hluti af menningu okkar og gaf okkur margt af því sem þurfti til að þróa.



Gunnar Einarsson.

Það er algennt að kenna henni um að gróður hafi farið illa á Íslandi. Hún hjálpaði án efa til. Skógar voru brenndir til að búa til ræktunarland. Skógar voru högggnir til að byggja, til að hita hús, mat og til kolagerðar. Skógurinn og þær gróðurleifar, sem voru eftir voru síðan beittar allt árið. Það var vestrarbeiðin sem var verst. Einkum voru þegar gróðurteinar voru það eina sem einhverja næringu höfðu. Skógurinn náði ekki að endurnýja sig.

Breyttir búskaparhættir

Það hafa orðið algjör umskipti í búskap. Í dag er kindum gefið frá byrjun desember, út maí. Kindunum eru beitt á tón bæði vor og haust. Beitartíminn í úthaga er aðeins brot af því sem hann var. Þar fyrir utan hefur kindum fækkað um nærri helming.

Sumarbeið

Ég hef farið um landið reglulega í marga áratugi. Það leynir sér ekki að gróðurfar er að batna. Á landi sem áður var stífbeitt er núna að koma upp kjarr. Það er helst að sjá hrossahaga, sem ekki er að fara fram. Það þýðir ekki að allt sé í góðu lagi. Það eru gríðarlega miklir möguleikar á að bæta landið, auka frjósemi og með því væri hægt að stórauka framleiðslu bæði á kinda- og nautakjöti.

Áhrif á landbúnað annars staðar

Víða í heiminum hefur landbúnaður farið illa með land og skilið það eftir sem rústir einar. Dæmin eru endalaus. Það þýðir ekki að það eigi að hætta landbúnaði. Það eru líka mörg dæmi um að landbúnaður bæti landið. Því miður er enn mikið um að landbúnaður sé að rýra land. Það er vel hægt að búa þannig með sauðkindur að búskapurinn bæti landið, bindi kolefni.

Það tapaðist ekki bara gróður heldur líka frjósemi

Því miður var það ekki bara gróður sem tapaðist heldur tapaðist líka frjósemi úr moldinni, þótt gróður héldist áfram. Frjósemi moldarinnar hefur mikil áhrif á hvað vex í henni. Kræki- og beitilyng vex ekki í frjósum jarðvegi. Fyrst á eftir að skógur hverfur eru blómjurtir og gras ráðandi, en síðan tekur lyngmóinn smátt og smátt yfir. Þegar birkið og víðirinn taka aftur yfir móann, eykst frjósemin aftur, þá kemur grasið og blómjurtirnar og verða ráðandi. Þetta var mjög greinilega að gerast á Daðastöðum. Frjósamlegt land gefur af sér 5 til 10 sinnum meiri uppskeru.

Sýn á moldina

Á undanföllum árum hafa margir jarðvegsfræðingar verið að horfa meira á jarðvegin sem líffræðilega súpu, ekki efnasúpu eins var algengara hér áður. Það hefur verið mín reynsla að erfitt er að ná upp frjósemi með tilbúnum áburði. Skítur aftur á móti virkar allt öðruvísi og kemur líffræðilegum ferlum af stað.

Reynsla af ræktun móa

Við tókum nokkra sinnum mólendi



Mynd / smh

til túnræktar. Ef við bárum vel á af skít, ítrekað, náðum við upp frjósemi, þannig að gras hélst þó ekki væri borið á. Við unnum líka móa, ræktuðum kál í tvö ár. Bárum síðan ekkert á. Moldin virðist hálf dauð. Það eina sem lifnar í þessum fyrrum móatúni er mosi, beitilyng og eitthvað af krækilyngi. Ein af ástæðunum fyrir uppblæstrinum var að frjósemin hrundi, þannig að gróður endurnýjast afar hægt og það myndast rof í landið. Móinn vex víða hér á landi, þar sem hann er ekki náttúrulegur gróður, heldur hrundi vistkerfi. Þegar lúpína fer yfir móann verður hann að frjósmu landi.

Hvernig metum við beitarþol?

Þegar ég vann á Nýja-Sjálandi var notuð þar einföld og skilvirk leið til að meta beittina, sjónmat. Fulltrúi frá gróðureftirlitinu kom, keyrði um landið með bóndanum og gaf út hvort það mætti fjölga í bústofninum. Þetta væri góð aðferð hér á landi. Það eru nokkur atriði sem þarf að skoða. Til að taka dæmi um hvernig sjónmat virkar, hugsamur við okkur beittilandi, þar sem loðvíðir er greinilega í sókn. Þá er ekki ofbeitt á því svæði. Það eru víða á landinu ógróin svæði innan um gróin. Það hafa verið gerðar athugasemdir á framföllum gróðurs á melum á friðuðu og beittu landi, til dæmis á Hrunamannafrétt. Gróðurþekjan jókst ekkert hraðar á friðuðu reitunum.

Algróid land þar sem eru engar framfarir, kjarríð er ekki í sókn, er ekki betur stadd heldur en land, sem er bland af melum og móum þar sem gróður er í góðri framför.

Hvernig viljum við að landið verði?

Skógræktin hugsar áratugi fram í tímann, 80–100 ár. Það er eins með landbætur, þær skila fljótt einhverju en eftir 100 ár gæti beitarþolið hafa margfaldast. Við reyndum að hugsa bæði til lengri og skemri tíma. Að landið yrði algróid með frjósamri mold. Kjarr og opið land á milli. Gras, blómjurtir og loðvíðir taki við af mosa og lyngi. Beitarþolið margfalt. Barrskógarreitir til timburframleiðslu. Þessum árangri ná menn með búskap, ekki án hans.

Landbúnaður og náttúruvernd

Ég get ómögulega séð að friðun skilaði betra landi til útivistar, en sauðfjárbúskapur.

Praktískar aðferðir við að gera landið upp

Fyrst, melar gróa að lokum að sjálfsdáðum, bæði á friðuðu og

beittu landi, en það getur þurft að bíða lengi, allt of lengi. Landið grær oft þannig að fyrst kemur mosi, sem lyng kemur sér fyrir í. Ef móinn í hring er í góðu ástandi kemur fjalldrapinn og annað kjarr í kjölfarið. Þetta gerist svipað þegar borinn er á áburður með fræi. Þrátt fyrir að við berum á ítrekað hverfur grasið. Það gerir ekkert til ef annar gróður tekur við, en því miður gerist það ekki alltaf. Ef skítur er borinn á fara lífrænisferlar í gang, sem tryggja miklu betri árangur. Langbesti árangurinn var samt með lúpínunni. Við tókum fyrir svæði og friðuðu þau. Sáðum lúpínu, helst með grasfræi. Þegar lúpínan var komin vel af stað fórum við að beita hana, fyrstu árin á haustin. Grasið í lúpínuökrunum verður eins og áborið. Með því að beita þessa akra fengum við mjög góða frjósemi, án nokkurs fóðurbætis og án þess að hafa súperhey. Landgræðsla með lúpínu skilaði hagnaði á mörgum jörðum. Við fengum lúpínufrae hjá Landgræðslunni og er ég sannfærður um að ræktun á lúpínu hafi verið þeirra þarfasta verk.

Ræktun lúpínu virkar meðal annars þannig að uppskera til beitar stóreykst. Þetta minnkar álagið á annað land og er áfangi á leiðinni að ná upp loðvíðinum.

Rofaböð

Við létum ryðja niður tugum kílómetra af rofaböðum og ræktuðum þau upp, fyrst á eigin vegum, en fengum síðan góða styrki frá Landbótasjóði. Það stoppar rof úr börðum að bera á þau, en landið grær oftast ekki vel saman nema að ryðja þeim niður með jarðýtu, sérstaklega ef þau eru há.

Ræktun rofabarða ætti að vera í forgrunni. Hver hefði ræktað þessi börð ef ekki hefði verið sauðfjárbúskapur?

Skógrækt og sauðkindin

Við vorum í samvinnu við Skógræktina um að rækta beitar-skóga, barrskóga. Birkið er í mikilli sókn á Daðastöðum. Það er því miður enn í gangi sá misskilningur að skógar og sauðkindin eigi ekki samleið. Það er alveg öfugt, það þarf að búa þannig að skógar aukist, bæði barrskógar og þessi gamli góði. Það er best fyrir landið og sauðkindina.

Þetta er stuttur útdráttur úr lengri grein sem er á Facebook undir mínu nafni og Áhugasólk um landgræðslu.

Höfundur er bóndi til 40 ára á Daðastöðum í Núpasveit.



„Stórborgarelítan hefur hunsað bændur of lengi“

Pannig mæltist Camillu Cavendish, dálkahöfundur Financial Times (FT), þann 24. febrúar sl. Þá voru aðeins 19 dagar síðan annar kollegi hennar hafði birt grein undir fyrirsögninni „Uppgangur landbúnaðarþopúlisma“.



Erna Bjarnadóttir.

M ó t m æ l i bænda í fjölmörgum aðildarlöndum ESB á hækunum á aðfangaverði, lækunum á afurðaverði vegna afnáms ESB á tollum á landbúnaðarvörur frá Úkraínu, íþyngjandi regluverki, kolefnisgjöldum o.s.frv. höfðu leitt til umfangsmikilla mótmælaáðgerða. Samgöngur voru truflaðar í höfuðborgum tveggja stærstu aðildarlandanna, Berlín og París, og eggjum kastað í byggingar ESB í Póllandi svo dæmi séu nefnd. Skilaboðin til stórborgar-„elítunnar“ voru aldagömul og skýr: Ekki hunsa fólknið sem stritar á landinu til að framleiða matinn þinn.

Tengslarof við landsbyggðina?

Það er til vitnis um tengslarof stjórnmála leiðtoga og álitsgjafa að svo virðist sem aðeins fáir hafi séð þetta fyrir. En ríkisstjórnir sem vilja takast á við loftslagsbreytingar virðast ekki hafa hugsað til enda áhrif þeirra áðgerða sem gripið hefur verið til eða eru boðaðar á landbúnað sem stendur frammi fyrir hækandi framleiðslukostnaði á sama tíma og heimsmarkaðsverð á matvælum fer lækandi.

Afleiðingarnar hafa birst með ýmsum hætti rekur Cavendish síðan. Hollenska ríkisstjórnin varð að hætta við bann við notkun köfnunarefnisáburðar eftir að stofnaður var í skyndi nýr stjórnmálaflokkur, Mótmælaflokkur bænda, en hann fékk 16 þingsæti í kosningum í Hollandi. Hún segir einnig örvæntingu ríkja í Brussel

yfir því að róttækir hægrimmenn notfæri sér þessi mál í kosningum til Evrópuþingsins í júní. Í Bretlandi hefur Rishi Sunak orðið fyrsti forsætisráðherrann til að ávarpa ársfund National Farmers Union, NFU, (Búnaðarþing) síðan árið 2008. Nokkur sæti íhaldsmanna á landsbyggðinni hafa þegar fallið til Frjálslyndra demókrata í aukakosningum og kannanir benda til þess að mun fleiri fylgi í kjölfarið.

Samræma þarf ólíkar áskoranir

Stjórnvöld í Evrópu, líkt og hér á landi, standa andspænis áskoranum um að draga úr kolefnislosun samhliða væntingum um að viðhalda framleiðslu á ódýrum matvælum auk krafna frá borgaralegum náttúruverndarsinum sem vilja taka land úr framleiðslu og endurheimta vistkerfi eins og það er kallað hér á landi, eða planta í það trjám.

Ótinn við að lífsviðurværi fjölda fólks sé í hættu virðist djúpstæður. Smábú í Evrópu eru að verða gjaldþrota. Meðalaldur í dreifbýli fer hækandi og yngri kynslóðir velta því fyrir sér hvort þær ráði við sálrænt álag í atvinnugrein þar sem fjárhagsáhyggjur geta grafið undan andlegri heilsu. Í Frakklandi er tíðni sjálfsvíga 20% hærra meðal bænda en landsmeðaltalið.

Stríðið í Úkraínu hefur afhjúpað hversu mikilvæg eigin matvælaframleiðsla er. Er mögulega rétt að tala um aðgang að næringarríkum mat sem hluta af mikilvægum innviðum samfélaga okkar. Í ræðu fráfarandi forseta NFU á fyrrmefndum ársfundum, benti hún á að breskir landeigendur sem settu upp sólarorkuver fá vísitölutengdar greiðslur í 20 ár; en þeir sem rækta matvæli njóta ekki slíks munaðar.

Áskoranir af sama toga hér á landi

Allt eru þetta kunnugleg stef, ekki satt? Bændur og raunar sumir stjórnmálamenn líka vísa reglugerðar-

drögum um sjálfbæra landnýtingu í pappírstætarann og geðheilsa íslenskra bænda er komin í kastljós fjölmiðla. Dæmi af sama toga er áformuð Framkvæmdaáætlun náttúruvinnjaskrár – Norður – Mýrar og Álfanes-Álftárós-Langárós, sem kynnt var landeigendum á svæðinu í vetur. Nái hún fram að ganga verður sem dæmi óheimilt að vera með skeljasandsnámu í landi jarðar á umræddu svæði. Skeljasandur er hins vegar ódýr innlend auðlind sem nýtist til að hækka sýrustig (pH-gildi) í jarðvegi ræktunarlands og stuðla þannig að betri nýtingu á áburði, bæta skilyrði fyrir ræktun uppskeru meiri og næringarríkari plantna en ella og auka þannig framleiðni lands. Enginn skilur þörfina á þessu, allavega ekki þeir sem búa á svæðinu, enda fátt um svör. Er hér, eins og svo víða annars staðar, verið að haka í box á plöggum sem koma hingað til lands í flugvélum frá ráðstefnum í fjarlægum löndum þar sem samþykkt er að land eigi að endurheimta undir hinum ýmsu formerkjum en enginn athugaði hvort eða hvaða þörf var á því áður en stigið var upp í vélna á Keflavíkflugvelli.

Er landsbyggðin leikvöllur „stórborgarelítunnar“?

Það er bragð af þegar dálkahöfundur eins virtasta dagblaðs heims segir: „Í sífellt þéttbýlli heimi líta stórborgarstjórnmálástéttirnar á landsbyggðina sem leikvöll. Ferðahópar krefjast réttar til frjálsrar farar um land en um leið hefur aukning orðið á rusli á víð og dreif og stjórnlausir hundar ráðast á kindur.“ Og svo að lokum segir hún að efnaðir landeigendur taki land úr framleiðslu til að grænþvo þotu-lífsstíl sinn. Mögulega á það sama að einhverju leyti við hér á landi þar sem „borgarelítan“ fer margar ferðir utan á ári hverju og ætlast til að aflátsbréf þeirra séu framleidd í dreifbýlinu með fjölbreyttum kröfum og kvöðum á þau sem þar búa og yrkja landið.

Höfundur er hagfræðingur hjá MS.

BYR FASTEIGNASALA

483-5800
byr@byrfasteignasala.is
www.byrfasteignasala.is

ELÍN KÁRA
Lögiltur fasteignasali

GEIRMUNDARSTAÐIR, 371 BÚÐARDAL

Jörð 65.535 m² 90.000.000

BYR fasteignasala kynnir jörðina GEIRMUNDARSTADI til sölu ásamt íbúðarhúsi, útihúsum og ræktuðu landi. Eingöngu er verið að selja jörð og húsakost, möguleiki er á að kaupa vélar, bústofn og greiðslumark sérstaklega.


Jörðin býður upp á tækifæri í búskap og ferðamennsku. Gott aðgengi er að höfninni við Skarðstöð ásamt veiðitekjum í Krossá.

Nánari lýsingu og upplýsingar má finna á heimasíðu okkar www.byrfasteignasala.is



Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur limdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

Ferðapjónustusvæði við Akurbakkaveg, Grenivík – auglýsing aðal- og deiliskipulagstillögu

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti á fundum sínum 11. desember 2023 og 11. mars 2024 að vísa aðal- og deiliskipulagstillögu vegna uppbyggingar ferðapjónustu við Akurbakkaveg í auglýsingu skv. 31. gr. og 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps 2010-2022 felst að legu Akurbakkavegar er breytt og athafnasvæði 126A er breytt í verslunar- og þjónustusvæði 126VP.

Þá er afmarkað nýtt verslunar- og þjónustusvæði 118VP norðan Akurbakkavegar auk þess sem mörk hafnarsvæðis 120H og gatna flytjast lítillaga. Tillaga að deiliskipulagi snýr að uppbyggingu ferðapjónustusvæðis á reit 118VP við Akurbakkaveg þar sem gert yrði ráð fyrir fjórum gistiskálum og þjónustubyggingum á einni hæð á 2.981 m² lóð. Aðkoman að lóðinni yrði frá Akurbakkavegi við norðurhorn lóðar.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á skrifstofu sveitarfélagsins, Túngötu 3, 610 Grenivík frá 15. mars til 26. apríl 2024, á heimasíðu sveitarfélagsins, www.grenivik.is og á vef Skipulagsgáttar undir málnúmerum 643/2023 (aðalskipulag) 75/2024 (deiliskipulag).

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn frestur til 26. apríl 2024 til að gera athugasemdir við tillöguna.

Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málunum á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á [netfangið sbe@sbe.is](mailto:sbe@sbe.is).

Skipulags- og byggingarfulltrúi

MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

Varmadælar
Vörukaup ehf

516-2600
vorukaup@vorukaup.is

VÖRUKAUP



Á vorin eru bæði land og göngustígar sérstaklega blautir og viðkvæmir.

Förum varlega í votu landinu

Þegar daginn tekur að lengja og síðustu skafllarnir hverfa úr upplandinu er freistandi að fara út að ganga, hjóla eða gera eitthvað skemmtilegt í náttúrunni.



Davíð A. Stefánsson.

Eðlilega, útivist er heilsusamleg, skemmtileg og ódýr afþreying og tækifærin ótæmandi á Íslandi. Þó þarf að hafa í huga að á vorin eru bæði land og göngustígar sérstaklega blautir og viðkvæmir. Það er vegna þess að yfirborð stíganna þiðnar en undir er holklaki sem bráðnar mun hæggar. Það veldur því að vatn situr í yfirborðslagi jarðvegsins og nær ekki að síga niður í jörðina og þá er hættu á að stígarnir verði að drullusvaði, jafnvel ófærir.

Jafnframt skapast hættu á því að vatn, sem ekki er veitt af stígum með ræsum, taki að renna og hrífa með sér jarðveg og mögulega gróður. Þegar þannig er komið og umferð og álag á göngustígana er viðvarandi verður rof í landinu sem er auðvitað slæmt.

Þá freistast fólk gjarnan til að stíga til hliðar við stígana og ganga meðfram þeim.

Við það hliðrast þeir og breikka sem getur valdið enn frekari skemmdum í landinu og umfangsmeira rofi.

Þetta sjáum við því miður allt of víða þar sem ekkert hefur verið að gert. Bregðast þarf við með því að loka svæðum og beina fólki annað sem er auðvitað óskemmtilegt. Jafnframt þarf að laga göngu-leiðirnar, mögulega finna þeim annan stað þar sem minni hættu er á landskemmdum, og græða landið. Það getur í senn verið flókið og kostnaðarsamt og má hæglega forðast með því að bíða örlítið lengur með útivistina þar til frost er örugglega farið úr jörðu og landið orðið þurr.

Íslensk náttúra er sannkallað lífsgæðasetur sem togar í fólk sem beðið hefur eftir vorinu. Land og skógur hvetur fólk til þess að fara út að leika sér og rækta sál og líkama.

Um leið minnr stofnunin á að vernd náttúrunnar og umhverfisins er eitt mikilvægasta verkefni mannkyns og að öll getum við lagt lítið eitt af mörkum. Til dæmis með því að velja okkur þurrar göngu- og hjólaleiðir, og stíga varlega til jarðar í blautu landi.

Davíð A. Stefánsson,
sérfræðingur á sviði
sjálfbærrar landnýtingar.



„Nú þarf meira til en að einblína á bændur og beit. Bylting hefur orðið í landnýtingu á síðustu árum og sannarlega er hún ekki öll sjálfbær.“

Mynd / Aðsend

Bændur, norskir víkingar og sjálfbær landnýting

Eins langt aftur og Íslandssagan nær hefur landnýting og búskapur verið órofa heild. Bændur hafa nýtt landið, gætt landsins, þekkt landið og síðast en ekki síst átt landið að töluverðu leyti.

Nýtingin hefur valdið vanda sem er jarðvegs- og gróðureyðing og samkvæmt hefðinni ekki óeðlilegt að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu snúi að beitarmálum og ræktun. En nú eru aðrir þættir að verða miklu stærri í landnýtingu og eftirspurn eftir landi fyrir margt annað en hefðbundinn búskap. En þeim sem setja lög og reglur er oft tamara að horfa í baksvísingunni en fram á veginn.

Bændur eða baðlón

Nú þarf meira til en að einblína á bændur og beit. Bylting hefur orðið í landnýtingu á síðustu árum og sannarlega er hún ekki öll sjálfbær. Á mörgum stöðum er ferðamannaofbeitin slík að landeigendur hafa ekki undan að rúlla út pallaefninu og setja upp baðlón, gjaldmæla og bílastæði. Fáum hefur þó dottið í hug að setja skorður við ósjálfbærri landnotkun ferðamanna. Þeir koma með hagvöxt og skal tekið fagnandi og hvatt til frekari fjölgunar, jafnvel þótt innviði skorti á viðkvæmum svæðum sem þola áganginn illa.

Vindorkuspjöll

Á fimmta tug vindorkuvera, með vindmyllumöstrum upp í 200 metra hæð, eru á alls konar teikniborðum og ef bara brot af þeim ósköpum yrði að veruleika yrðu skemmdir miklar. Milli mastranna, sem hvíla á stórum steypuklumpum, liggja vegir sem þola þungaflutninga og mjög mikið land fer forgörðum. Mikið af því gróid heildaland. Er það sjálfbær landnýting? Bændur og annað heimafólk vara við en ekki er að sjá að það hafi sérstök áhrif á glæðbeita fjárfesta, né sveitarstjórnarfulltrúa sem sjá tekjur og vöxt í hillingum.

Náttúrutap í Noregi

Í Noregi var á dögunum gerð sláandi úttekt um land sem tapast á degi hverjum vegna framkvæmda. Niðurstaðan var ógnvænleg. Á hverri klukkustund tapast náttúra, sem nemur 60 áttatíu fermetra íbúðum. Hraðast er tapið vegna sumarhúsabygginga fólks sem vill



Björg Eva Erlendsdóttir.



Guðrún Schmidt.

njóta náttúrunnar með því að nýta hana í eigin þágu. Frístundahúsin fara stækkandi með bílastæðum og jafnvel þyrplupöllum. Verið er að skipuleggja ný slík svæði sem eru fjórum sinnum stærri en Mjösa, stærsta vatn Noregs. Reynsla sýnir svo að nýju sumarhúsin standa lengst af tóm og eru nýtt í örfáa daga á ári. Vegagerð hefur tekið stóran toll af norsku landi á síðustu árum, meðan almenningsamgöngur og lestir leggjast af. Norðmenn hafa áhyggjur, en ekki yfirsýn.

Náttúrutap á Íslandi

Við þekkjum þetta hér líka. Og svo er það skógræktin, kolefnisjöfnunarræktunin, landeldið, gagnageymslurnar, jöfnunarkjarnir, baðlónin, vegagerðin, hótélín, jarðvegsnámunar, frístundabúskapur og heilu byggðirnar fyrir fólk sem í raun býr annars staðar. Og ótalmargt fleira. Sjálfbær landnýting árið 2024 þarf að fjalla um fjölmarga aðra þætti en hefðbundinn landbúnað. Í umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu gagnrýndi Landvernd ósamræmi í kröfum vegna mismunandi nýtingar. Kröfur vegna beitarnýtingar eru ítarlegar á meðan kröfur til annarrar nýtingar eru lítið útfærðar, sérstaklega hvað varðar framkvæmdir. Leiðbeiningar og viðmið um umferð fólks og ökutækja og um hönnun og uppbyggingu innviða eru oft vinsamleg tilmæli frekar en ákveðnar kröfur.

Framkvæmdir og sjálfbær landnýting

Í byrjun á drögum að reglugerð segir að markmiðið sé að tryggja sjálfbæra landnýtingu í samræmi við markmið laga um landgræðslu. Í lögum um landgræðslu 2018 nr. 155 kemur m.a. fram í 2. gr. um markmið um vernd og sjálfbæra nýtingu lands c. Komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi og d. Hver sá sem veldur spjöllum á gróðri og jarðvegi bæti fyrir það tjón. Í 13. gr. í 4. kafla

„Á mörgum stöðum er ferðamannaofbeitin slík að landeigendur hafa ekki undan að rúlla út pallaefninu og setja upp baðlón, gjaldmæla og bílastæði ...“

um sjálfbæra landnýtingu stendur: „Framkvæmdir sem hafa áhrif á gróður og jarðveg. Við hvers kyns leyfisskyldar framkvæmdir sem geta haft áhrif á gróður og jarðveg skal sýna sérstaka aðgát til að lágmarka rask og leitast við að endurheimta vistkerfi sem verða fyrir raski.“ Það segir sig sjálft að reglugerð sem á að tryggja sjálfbæra landnýtingu í samræmi við landgræðslulögin verður að innihalda viðmið um alla landnýtingu og þar með talið framkvæmdir. Þótt vísað sé í umhverfismat skipulagsáætlana og/eða framkvæmda til að fjalla um áhrif framkvæmda á sjálfbæra landnýtingu skortir nánari útfærslu um það.

Stórframkvæmdir og nýtt landnám

Um beit búfjár er horft til þess að aðlaga núverandi nýtingu til að bæta hnignun á ástandi lands vegna ofnýtingar áður fyrr. Um aðra landnýtingu sem nú blasir við gildir að til að fyrirbyggja þarf að framkvæmdir valdi hnignun á landi sem er í góðu lagi í dag. Það dugir ekki að horfa í baksvísingunni og bæta það sem aflaga fór í fortíðinni. Mikilvægt er að horfa til framtíðar og fyrirbyggja að náttúra glattist vegna rányrkju af stórframkvæmdum sem fjárfestar hafa komið á Íslandskortið hvarvetna sem þeir sjá ónotað land og náttúru. Áformunum má líkja við nýtt landnám. Vissulega komu víkingar frá Noregi á söguöld og námu hér land, en þurfum við virkilega aðra umferð af norskum víkingum árið 2024?

Björg Eva Erlendsdóttir,
framkvæmdastjóri Landverndar,
og Guðrún Schmidt,
sjálfbærnisfræðingur
og sérfræðingur Grænánans
hjá Landvernd.

ER ALLT Í LAGI HJÁ PÉR?

[ELDVARNA] bandalagió

SIÖKKVITÆKI þarf að yfirfara og endurnýja í samræmi við ráðleggingar framleiðanda

Girðingar meðfram vegum

Oft eru gáfulegar umræður við kaffiborð í sveitum og þá sérstaklega ef kaffið er gott og jafnvel einhver búinn að rífa upp tóbakshorn.



Hjalti Þórðarson.

Slíkt gerðist á einum bæ rétt fyrir vorjafndægur þar sem girðingar við akvegi voru til umræðu og hvort frágangur þeirra sé stundum ekki nógu vel ígrundaður. Í ökuferð um Norðurland var girðingum gefið nokkuð auga. Þeir sem hafa brasað í girðingum allt sitt líf vita að undirbúningur og girðingarstæðið skipta öllu máli. Fylla í skurði og lægðir þar sem hægt er og slétta vel undir. Þegar vegagerð er í gangi er þetta sáralítið mál þar sem tæki og tól eru á staðnum til verksins. Að setja upp girðinguna er ekki nema hluti verksins og til lítils gagns ef hún er hrunin árið eftir eingöngu vegna þess að höndum var kastað til við undirbúninginn.

Girðingarefni er dýrt og er því krafan sú að fjármunum sem í það fer sé vel varið. Það ætti því að vera metnaðarmál þeirra sem leggja vegina að undirbúa almennilegt girðingarstæði og vinna það á sama tíma og vegurinn er lagður. Nú um stundir er mikilvægt að vanda alla þessa vinnu þar sem fækkun fólks í mörgum byggðum landsins er átakanleg og þar af leiðandi færri hendur en áður til að sinna viðhaldi á veggirðingunum.

Á mörgum stöðum eru girðingar lagðar í veghallanum eða neðst í honum og fara því alltaf á kaf í snjó á vetrum. Í einhverjum tilfellum verður reyndar ekki hjá því komist. Víða þurfa girðingar ekki að vera nema 5–10 metrum fjær veginum til að sleppa við mestu snjóalögin. Nokkrir hornstaurar í viðbót eða fáeinar skóflur af mól í dokkir skipta akkúrat engu máli í stóra samhenginu því tilgangurinn hlýtur að vera sá að girðingin standi sem lengst og þurfi sem minnst viðhald.

Girðingar á vondum stöðum sem fá lítið sem ekkert viðhald verða ónýtar um leið en slíkar girðingar eru bara til ógagns og miklu betra að rífa þær. Væntanlega eiga veggirðingar að þjóna þeim tilgangi að halda skepnum frá vegunum og þar af leiðandi minnka óþægindi fyrir bílaumferð og draga úr slyshættu hvort sem er á skepnum eða fólki.

Höfundur er áhugamaður um nothæfar girðingar.



Sáralítil snjór og nánast bara á veggirðingunni. Hér hefði ekki þurft nema einn vagn af mól og þá stæði girðingin betur upp úr snjónum.



Veggirðingin hálf á kafi og alveg á kafi nokkru fjær. Ekki þyrfti girðingin að vera nema ca. 10 metrum lengra til hægri til að sleppa nánast við allan snjó enda þar gamall vegslóði.



Nýlagður vegur og girðingin sett rétt við veginn þar sem er klaki og snjór þrátt fyrir hláku í marga daga. Örfáum metrum til hægri er bakki sem oftast er snjólítil eða snjólaus. Til hvers í fjáranum er verið að leggja girðinguna í lægðina?

30-60%

LAGERSALA

Handklæði og rúmföt

RÚMFÖT.IS

Nýbýlavegur 28 - Kópavogur - Sími 565-1025 - Email: rumfot@rumfot.is
Opíð 12-17.30 og 11-15.00 laugardaga.

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Þarftu að halda fuglum frá?

Fuglafælu búnaður frá Scarecrow

Er vistvæn og skilvirk lausn. Heldur gæsum frá ræktunarsvæðum og verndar niðurgöngu seiða í laxveiðiám frá ágangi máva.

Nánari upplýsingar
www.fuglavarnir.is
sala@fuglavarnir.is
Sími 896 1013

fuglavarnir.is

Hitaveitulagnir Kaldavatnslagnir Fráveitulagnir

ÍS RÖR

Hringhella 12 - Hafnarfirði - S. 565-1489 - isrör.is

Segðu BLESS við óværuna!

YKKAR pest control

ALLT TIL NAGDÝRAVARNA

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

Skyndibitar fyrir sálina

– Veitingar í vegasjoppum landið um kring



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Veitingar á vegum úti hafa í gegnum tíðina helst hljóðað upp á undirstöðugóðan alþýðumat. Smurbrauð, kjötsúpa, mjólkurglös, kaffisopi og ilmandi bakkelsi var selt á áningarstöðum í upphafi aldarinnar sem leið.

Einhverjir gæddu sér á brennivinstári, harðfiski og kexi með niðurskornum sjólaxi (reyktum ufsa), og enn aðrir minnst drykkju maltöls, rjúkandi kóteletta og kremkex frá Fróni sem gjarnan er kallað Sæmundur í sparifötunum. Yngri kynslóðir neyta helst hamburgara eða kjúklingavefja en allt á þetta sammerkt að fylla maga farandmanna.

Verðlagið óútreiknanlegt

Eitthvað þótti fólki verðlagið ekki alltaf til sóma en í dagblaðinu Vísi árið 1966 í greininni „Íslensk hótél: Verð og gæði“ kemur fram að „Hér á landi er nefnilega ekki gerður nægur greinarmunur á verði, með tilliti til gæða. Söluskáli við þjóðveginn selur kaffi og vinarbrauð á næstum því sama verði og beztu hótélin í Reykjavík. Það er eins og þeim, sem tjasla saman sódalegum veitingaskála úti á landi, þyki sjálfsagt að setja upp sömu þrúnað og mestir gerast í Reykjavík.“

Í tilkynningu Jóhannesar Gunnarssonar, fyrrum formanns Neytendasamtakanna, árið 2014 kemur hið sama fram, en haft er eftir honum að yfirgengilegt sé hversu hátt verðlag sé í vegasjoppum og mætti helst líkja því við að snæða á fimm stjórnun veitingahúsi.

En þetta var – og er – þó ekki alveg algilt hringinn í kringum landið. Á árum áður mátti vel fá sér ríflega af kjötsúpu fyrir nokkrar krónur og þegar kom að bakkelsi og kaffisopnum voru matseljur oft ósínkar á ábót.

Samkvæmt skoðanakönnun sem birtist í DV árið 2012 var verðlag þá nokkuð mismunandi ef tekið var mið af ódýrasta skyndibitanum. Pylsu í lægsta verðflokki var að finna í Víkurskála á 280 kr., stórt prins póló á 169 kr. í Staðarskála og ódýrasta hamburgaratilboðið var þá hjá Hamraborg á Ísafirði, sem hefur verið í rekstri í yfir hálfu öld, eða 699 kr. fyrir borgara og hálf lítra gos. Í dag hafa þessar tölur auðvitað aðeins hreyfst til. Söluskáli SJ selur einungis pitsu, brauðstangir og pylsur, hamburgari í Hamraborginni kostar 1.649 kr. og gosið 345 kr. Víkurskálinn býður upp á pylsur fyrir 545 kr. stykkið og stórt prins póló í Staðarskála kostar nú 199 kr.

Afram veginn á vagninum ...

Lífaldur vegasjoppanna er misjafn eins og getur nærri, en lífa þó í minningum ferðalanga um langt skeið þótt sumir séu ekki í rekstri lengur.

Litla kaffistofan er ein þeirra sem allir muna. Hún opnaði í júníbyrjun árið 1960 og þar hefur lengst af verið boðið upp á ilmandi kjötsúpu, smurbrauð og kjarngóðan bita. Í ágúst 2021 keyptu eigendur veitingastaðarins Hlöllabáta reksturinn og á meðan nýir eigendur hafa haldið í gamla matseðilinn að nokkru leyti, bjóða þeir einnig upp á hina vinsælu samloku „Hlöllabát“. Hana má fá af hinum ýmsu stærðum og gerðum, enda í hámmælum sem skyndibiti um langt skeið og samnefndur veitingastaður einn elsti íslenski skyndibitastaður landsins.

Hinn vinsæli Staðarskáli, sem í dag býður upp á heimilismat, grillrétti og skyndibita af ýmsu tagi, birti auglýsingu í Tímanum árið 1969 og auglýsti þar einstakt úrval til verslunar.



Sæmundur í sparifötunum hefur þótt vinsæll ferðafélagi í gegnum tíðina.

Select hraðverslunin við Vesturlandsveg hefur fengið frábærar viðtökur. Nú bætist við ný og glæsileg **Select** hraðverslun við Suðurfell.

Select NÝJUNG!! Franskar kartöflur, tilbúnar á 2 mínútum með aðeins 8% fitu!! Löttar, stökkar og bragðgóðar.

Nýja Select hraðverslunin á Shellstöðinni við Suðurfell

Pylsa m/kartöflusalati og 0,4 ltr af gosi 190kr.

Pylsa, fransk og 0,4 ltr af gosi 290kr.

Meira en 20.000 **Select** pylsur seldar!

Fripunktahappdrætti Þú getur unnið allt að 100.000 fripunkta.

Allir sem heimsækja **Select** hraðverslanirnar á föstudag og laugardag fá glaðning frá Skógrækt ríkisins.

SHELLSTÖÐVARNAR VIÐ VESTURLANDSVEG OG SUÐURFELL www.shell.is

Bensinstöðin Select tryllti lýðinn á tíunda áratugnum.

Myndir / tímarit.is

bæði matarkyns og annars. Var þar m.a. talið upp franskur kartöflur, beikon, skinka og egg, heitar pylsur, ávextir, ís, öl, tóbak og svo myndavélar, filmur, sölgleraugu, tjuöld, svefnpokar, gastæki og ýmislegt fleira. Hálfra aldar saga Staðarskála hefur haldið velli í gegnum árin en umskipti urðu á húsnæðinu árið 2008.

Var það vegna breytingar á veglínu að gamli skálinn fór úr alfaraleið og því byggður nýr þar sem mætast hringvegurinn og vegurinn norður á Hólmarvík og Strandir og til Norðurlands vestra.

Ferstikla, Tryggvaskáli, Hreðavatnsskáli, Botnsskáli og Bjarkarlundur eru í minnum margra en gaman er að geta þess að oft áttu ferðalangar það til að leggja leið sína í útibú Kaupfélags Skálaness. Var það aðallega vegna harðfisksins sem þar mátti versla og þótti einstaklega bragðgóður enda vel þekktur út fyrir Breiðafjörðinn. Vinsælt var að kaupa hann óbarinn og berja á steininum sem stóð fyrir framan verslunina með roðið snúið niður, þar sem hundar í nágrenninu sættu færís um að sleikja steininn. Sá Jón Einar Jónsson, bóndi á Skálanesi, lengst af og farsælega um reksturinn, dældi olíu og bensíni á bíla og seldi ferðafólki sælgæti og matvöru með bros á vör.

Minningar um mat

„Jú, mér þótti alltaf gott að fá mér pylsu á ferðum mínum um landið og þá allra best var að drekka með henni appelsínugosdrykkinn Valash,“ segir ljóðskáldið Einar Georg Einarsson, sem fæddur er árið 1941 og kann vel við sig bak við stýrið enn þann dag í dag.



Staðarskáli hefur haldið vinsældum sínum í tímann rás.

„Svo var nú skemmtilegt að einhvern tíma var elsti drengurinn minn með mér, hann Örvar, þá lítill snáði, sem lét nú aldeilis í sér heyra þegar kom að því að borga fyrir matinn í einhverri sjöppunni, rétt eins og þokulúður. Í boði var venjulegur heimilismatur eins og tíðkaðist og sá stutti hafði auðvitað aldrei vitað til þess að borga þyrfti fyrir slíkan mat. En við borguðum auðvitað.“ Einar segir annars sviðakjammanna hafa verið algengasta skyndibitann úr sjöppunum eftir böll og jafnvel eftir fiskveiðar sínar í Hafnarfirði er liðið var á nótt, var komið við þar sem opið var og borðaður kjammi.



Hér stendur hús útibús Kaupfélagsins á Skálanesi, en þar fékkst besti harðfiskur landsins. Hinum megin við veginn rétt glittir í stein sem gott þótti að berja fiskinn á.

Mynd / ál

sykurlaust VALASH

50

YTT ISLANDI

Gosið Valash var afar móðins í denn og þótti afskaplega hressandi.

Ferstikla

DANSLEIKUR Í KVÖLD.

ÓDMENN

LEIKA OG SYNGJA.

Einnig skemmtir nektardansmærin

Leslie Caroll

FERSTIKLA.

Áð hausti til árið 1967 nutu gestir Ferstiklu nærveru nektardansmæjarinnar Leslie Caroll, en óvíst er hvort þetta var fastur liður.

Aðspurður segir fyrrnefndur Örvar Einarsson í dag smurbrauð með hangikjöti sér efst í huga þegar hann stoppar á vegum úti en lítt fyrir að hækka róminn þegar gera þarf upp. Er Örvar hins vegar vel þekktur sem raddsterki söngvari hljómsveitarinnar Áþenu sem gerði garðinn frægan í Atlavík árið 1983 þegar hún var valin efnilegasta hljómsveitin, skrefi á undan kvennahljómsveitinni Dúkkulísunum.



Stórkostleg og vel þörf áningarstöð Kristins Kristmundssonar, betur þekktur sem Kiddi Vídeófluga. Mynd / ál



Steinunn Ásmundsdóttir.



Haraldur Jónasson.



Einar Georg Einarsson.

Fleiri eiga minningar af skyndibita sér hugleiknum, en á meðan eldri kynslóðin man helst eftir því að gæða sér á sviðakjömmum, tengir skáldið Steinunn Ásmundsdóttir vel við Bogarúllurnar salugu sem trylltu lýðinn í kringum 9. áratuginn. Var um að ræða asískt nýnæmi, vorrúllur í boði Boga Jónssonar, sem opnaði söluvagn með góðgætinu árið 1985 í Keflavík. Fleiri vagnar litu dagsins ljós, t.a.m. á Lækjartorginu í Reykjavík þar sem Steinunn kaus helst óheyrilegt magn chilisósu með sínum rúllum, en í boði voru bæði pítsa og kínarúllur auk kínerskra pönnukaka. Voru Bogarúllurnar afar vinsælar og þóttu exótískar og spennandi nýjung í skyndibitaflórana.

Kartöflusalat á Select

Bensínstöðvar hafa þjónað og gjarnan samtvinnast hlutverki vegasjoppa í gegnum árin, enda ófár sem hafa hámað í sig góðgæti innan þeirra veggja, jafnt á Kópaskeri og í Árbæjarhverfinu.

Þannig má segja að vegasjoppan teygji anga sína í gullaldarar kynslóðarinnar sem olli hvað helst umla tíunda áratugarins á höfuðborgarsvæðinu. Voru þetta um það bil síðustu unglíngarnir sem fóru um lífið tiltölulega eftirlitslausir enda fátt sem hafði gætur á stjórnleysi þeirra. Eftir útiveru að næturlagi um helgar komst það upp í vana hjá mörgum að fá sér snarl á heimleiðinni, þá helst á bensínstöðvum Select.

Í kringum 1990 varð nefnilega sú nýjung að boðið var þar upp á pylsur með rækjusalati annars vegar og kartöflusalati hins vegar. Uppi varð fótur og fit þessum kræsingum og á meðan færri skelltu í sig rækjusalatspylsum hóf pylsa með kartöflusalati vegferð sína, enda unaður þeirra vandfundinn eftir langt næturbrölt.

Lýsir matgæðingurinn Haraldur Jónasson, fæddur 1976, upplifun sinni sem byltingarkenndri er hann setti fyrst pylsu með kartöflusalati inn fyrir sínar varir. Átti hann gjarnan leið um Select í Asparfelli og þróaði þar persónulegan matseðil sem hann átti eftir að grípa til á síðkvöldum næstu árin. „Ég er mikill pylsumaður og er í sannleika sagt gráti næst vegna þróunar pylsa sem finna má í vegasjoppum nú til dags. Hér fyrir á tímum fékk maður volga soðna pylsu umvafða meðlæti í mjúku brauði, en í dag er nær undantekningarlaust boðið upp á brauð sem er pressað í grilli, pylsan bragðlaus og vond auk þess sem meðlætið er á sérstakri ásetningarstöð. Þetta er raunin á öllum stöðvum N1 sem yfirtekið hafa landið og mjög miður enda skemmir það steminguna að sama skapi. Haraldur bendir einnig á að kjötinnihald SS pylsanna vinsælu séu í dag rétt yfir helmingis prósentum (65%) en þess í stað bætta sojapróteini o.fl.



Hljómsveitin Apena frá Egilstöðum; t. frá v.: Björn Hallgrímsson, bassaleikari; Valgeir Skúlason, trommari; Tómas Tómasson, gítarleikari; Örvar Einarsson, hljómborðleikari og söngvari; Kjartan Einarsson, rötari hljómsveitarinnar.

Örvar, fjórði til hægri, ásamt hljómsveit sinni Apenu, gerði garðinn frægan á níunda áratugnum.

Hann minnst Select-stöðvar Asparfellsins með ljóma í augum. „Ég er eiginlega viss um að þarna í Asparfellinu hafi Select verið með það sem hægt væri að kalla fyrsta „air-fryerinn“. Það voru seldar þarna ótrúlega vondar franskar, hitaðar í einhverju loftshitajúniti, einkennilega gular að lit og skrýtnar, en samt – eins og kemur stundum fyrir, á sinn hátt góðar. Góð-vondar og pössuðu ótrúlega vel með pylsum með kartöflusalati. Þar ofan á kaus ég franskt sinnep og kannski smá lauk. Þetta var minn matseðill í langan tíma.“

Sölustaðurinn Fröken Reykjavík var annars minn staður í denn þegar kom að pylsu sem skyndibita en þar var hægt að finna SS pylsur gerðar eftir séruppskrift fyrir staðinn. Náttúrulegt hylki var utan um pylsurnar þannig þær poppuðu þegar bitið var í ... segir hann dreyminn enda virðist bæði himinn og haf á milli þess sem boðið er upp á í dag og var þá.

Skyndibitinn mun lifa en metti fara aftur í heimilisgrínn

Skyndibiti vegasjoppunnar lifir enn og er þáttur í ferðalögum margra. Sammælast þó flestir um að gaman væri að endurlífga minni staði með persónulegri þjónustu, mismunandi úrvali og heimilislegri upplifun matgæða á næstkomandi áratugum.

Eitt verður að minnast á í lokin sem kemur ferðalögum skemmtilega á óvart, en það er sjálfbær kók-sjálfsali í eigu Kristins nokkurs Kristmundssonar sem staðsettur er á heiðinni á Bóndastaðahálsi í Hjaltastaðarþingá. Sjálfsalinn, sem er stórkostleg áningarstöð, er bæði sólarorku- og vindknúinn og um að gera að koma þar við, enda framtak hugsjónamanns en ekki stórfyrirtækja.

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN
 Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
 fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

KOMDU SKIPULAGI Á HJÓLAGEYMSLUNA

Hjólarekkarnir frá Falco hámarka nýtingu á gólfplássi.

HJÓLALAUSNIR
 hjolalausnir.is

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði
 Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.

KAUPLAND www.kaupland.is sími 8449484

OSO HOT WATER

OSO Hitakútar Vörukaup ehf
 Lausnir fyrir iðnað og heimili

516-2600
 www.vorukaup.is
 vorukaup@vorukaup.is

VK vörukaup



„Maka þá í floti og súru sméri“

Orðsins list kemur að þessu sinni úr Þjóðsagnabók Ásgríms Jónssonar listmálara. Hann fæddist í Rútsstaðahjáleigu (Suðurkoti) í Flóa árið 1876.

Í æsku „lífði hann því lífi sem alþýða manna lífði til sveita hér á landi á þeirri tíð, við störf hennar og hætti“. Hann nam við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn á árunum 1900–1903 og ferðaðist víða að námi loknu. Hann varð fyrstur íslenskra málara til að gera myndlistina að aðalstarfi og er hvað þekktastur fyrir landslagsmyndir sínar þó svo að á löngum ferli hafi stefnur og áherslur hjá honum breyst. Síðustu misserin sem Ásgrímur lifði vann hann að nýjum flokki mynda úr íslenskum þjóðsögum. Allt frá unga aldri höfðu þjóðsögurnar verið honum hugleiknar og á langri ævi gerði hann margar myndir út af þjóðsagnaefni, blýants- og pennateikningar, vatnslitamyndir og olíumálverk. Skömmu fyrir andlátinu fól hann Bókaútgáfu menningarsjóðs handrit að úrvali nýrra þjóðsagnamynda og nokkurra eldri, um 40 talsins, ásamt tilheyrandi sögum.

Ásgrímur lést árið 1958 og hvílir í Gaulverjabæjarkirkjugarði. Séra Skúli Gíslason (1825–1888) var ótull þjóðsagnasafnari og eru margar sögur frá honum prentaðar m.a. í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Skúli var ættaður úr Vesturhópshólum í V-Hún., nam við Reykjavíkurskóla og Hafnarháskóla, amtráðsmaður Suðurráms í áratug, prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð í þrjú áratugi og prófastur í Rangárfingum síðustu átta ár ævinnar. /sá

Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum

Einu sinni voru tveir menn á grasafjalli. Eina nótt lágu þeir báðir í tjaldi saman. Svaf annar, en hinn vakti. Sá þá hinn, er vakti, að sá, sem svaf, skreið út. Hann fór á eftir og fylgdi honum, en gat naumast hlaupið svo, að



Ásgrímur Jónsson.

ekki drægi sundur með þeim. Maðurinn stefndi upp til jökla. Hinn sá þá, hvar skessa mikil sat uppi á jökulgnípu einni. Hafði hún það atferli, að hún rétti hendurnar fram á víxl og dró þær svo upp að brjóstinu, og var hún með þessu að heilla manninn til sín. Maðurinn hljóp beint í fang henni, og hljóp hún þá burt með hann. Ári síðar var fólk úr sveit hans á grasafjalli á sama stað; kom hann þá til þess og var fálátur og ábúðarmikill, svo varla fékkst orð af honum. Fólk spurði hann, á hvern hann tryði og sagðist hann þá trú á guð. Á öðru ári kom hann aftur til sama grasafólks. Var hann þá svo tröllslegur, að því stóð ótti af honum. Þó var hann spurður, á hvern hann tryði, en hann svaraði því engu. Í þetta sinn dvaldi hann skemur hjá fólkinu en fyrr. Á þriðja ári kom hann enn til fólksins; var hann þá orðinn hið mesta tröll og illilegur mjög. Einhver áráddi þó að spyrja hann að, á hvern hann tryði, en hann sagðist trú á „trunt, trunt og tröllin í fjöllunum“ og hvarf síðan. Eftir þetta sást hann aldrei, enda þorðu menn ekki að vera til grasa á þessum stað nokkur ár eftir.*

Frá séra Skúla Gíslasyni, eftir sögn nyrðra.

*Þegar tröll eru að magna og trylla þá menn, er þau hafa heillað til sín, eru þau vön að maka þá í floti og súru sméri þannig, að tvö tröll baka og toga þá yfir glæðum, og heldur þá annað í höfuðið og hitt í fæturna. Bls. 136-7, Þjóðsagnabók Ásgríms Jónssonar, Bókaútgáfa menningarsjóðs, 1959.

Verðlaun:

Mold ert þú hlaut viðurkenningu Hagþenkis

Ólafur G. Arnalds, prófessor emeritus við Landbúnaðarháskóla Íslands, hlaut á dögunum Viðurkenningu Hagþenkis fyrir bók sína *Mold ert þú – jarðvegur og íslensk náttúra*.

Hagþenkir, félag höfunda fræðiritra og kennslugagna, hefur frá árinu 1986 veitt viðurkenningu fyrir fræðirit, námsgögn eða aðra miðlun fræðilegs efnis til almennings. Viðurkenning Hagþenkis felst í sérstöku viðurkenningarskjali og verðlaunafé sem nemur 1,5 m.kr. Segir í umsögn dómnefndar að ritid sé stórvirki á sviði náttúru- og umhverfisfræði, með áherslu á sérstöðu íslensks jarðvegs. Fjallað sé ítarlega um mikilvægi moldarinnar í vistkerfum þjóðsins, með ríkulegum gögnum og myndefni.

Ólafur sagði við móttöku viðurkenningarinnar að stórkostlegt væri að hljóta hana við lok formlegrar starfsævi, það yljaði um hjartarætur. Jafnframt að „ákaflega mikilvægt er að vísindamenn setji fram staðreyndir á skiljanlegu máli – forsendurnar – og taki þátt í að móta samfélagið. Þekking náttúrufræðinga verður æ mikilvægari eftir því sem gengur á náttúruauðlindir jarðar. Tæpinguna getur verið skadleg – og ekki síst þegar kemur að kerfishrni manna og vistkerfa á jörðinni nú á tímum,“ sagði hann. /sá



Mikil leikgleði og kraftur einkennir félagsmenn Leikklúbbs Laxdæla en félagið sem slíkt er á stöðugri uppleið eftir nokkurn tíma í dvala.

Leiklist:

Blessað barnalán

Leikklúbbur Laxdæla setur nú á svið verkið *Blessað barnalán* eftir Kjartan Ragnarsson, en félagið fagnaði hálfri aldar afmæli árið 2021 með pomp og prakt.

Hefur leikfélagið verið starfandi síðan í mars 1971, stofnað að tilhlutan Kvenfélagsins Þorgerðar Egilsdóttur og Ungmennafélagsins Ólafs Pá, en þessi tvö félög höfðu áður staðið fyrir leiklistarstarfsemi í Dalasýslu. Fyrsta verk Leikklúbbs Laxdæla á sviði hét Skóarakanon dæmalaus sem aldrei áður hafði verið til sýninga hérlandis. Var það verk einnig sýnt á fertugsafmæli félagsins árið 2011.

Eftir nokkur ár mikillar virkni lagðist starfsemi þess í nokkurn dvala þar til í fyrra, en þá hlaut leikfélagið bæði styrk úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs og Uppbyggingarsjóði Vesturlands með það fyrir augum að koma verki á

svið, og efla leikfélagið sem skyldi. Var verkið *Vodkakúrinn* sýnt fyrir fullu húsi og hélt þrjár sýningar í Dalabúð í apríl 2023.

Velgengnin var svo sannarlega innblástur til að halda áfram og hefur félagið nú ráðið Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóra til starfa við að koma á svið gamanleikritinu *Blessað barnalán* eftir Kjartan Ragnarsson. Fjallar það um aldraða fimm barna móður sem grípur til hvítrar lygi til þess að fá börnin sín öll í heimsókn, eftir að þau afboða komu sína hvert af öðru.

Uppselt er á frumsýninguna þann 27. mars en önnur og þriðja sýning verða dagana 30. mars og 1. apríl – allar klukkan 20. Miða- og mat – má panta á netfanginu leikklubburinn@gmail.com og miðaverð er 3.500 kr. en 3.000 kr. fyrir eldri borgara og öryrkja, en einnig er hægt að kaupa smáréttaplatta og drykki. /sp



Leiklist:

Spamalot í Eyjum

Leikfélag Vestmannaeyja hefur verið að æfa af krafti undanfarnar vikur söngleikinn *Spamalot* sem frumsýndur verður á skírdag, þann 28. mars nk.

Fjallar verkið um leit Arthúrs konungs og riddara hringborðsins að hinu helga grali, en breska tón- og leikskáldið Eric Idle vann söngleikinn upp úr kvikmyndinni *Monty Python and the Holy Grail* árið 2004. (Þá mynd gerði Eric einmitt árið 1975 ásamt félögum sínum í *Monty Python*-hópnum sem margir kannast við.)

Er þráður söngleiksins gæddur einu víðfeðmasta hugarflugi sem um getur, þar sem miðaldamenningu er blandað við alls kyns vitleysigang. Segir í erlendum ritdómi frá árum áður að „Kvikmyndin *Monty Python and the Holy Grail* not[ti] óvænta rökfræði sem og óvænta atburði til að afhjúpa fáfræði mannkyns á miðöldum“. Hvort sem það stent nú eða ekki. Annars, til gamans má geta þess að nafnið *Spamalot* kemur úr bíómyndinni þegar einn karakterinn segir: „I eat ham and jam and Spam a lot.“ Þrátt fyrir ýmis furðulegheit hefur *Spamalot* verið sýnt við miklar vinsældir víða um heim og hlotið bæði Tony-verðlaunin og Drama Desk-verðlaunin sem besti söngleikur ársins 2005.

Eitt er víst að án efa verður mikið hlegið á sýningunni. Haft er eftir leikstjóra verksins, Stefáni B. Vilhelmssyni, að líklegast sé sýningin síður barnvæn enda nokkuð um svartan og klúran fullorðinshumor. Þetta er þó líflegur og afar skemmtilegur söngleikur sem börn getu vel haft gaman af. Alls taka um 40 manns þátt í sýningunni, um 20 á sviði en einnig vinna margar hendur á bak við tjöldin. Í áhugaleiksum geta nefnilega nánast allir fundið sér starf innan síns áhugasviðs, hvort sem um ræðir leik, stjórnun ljósa, gerð búninga eða leikmyndar, sjá um tónlist og þar fram eftir götunum.

Stefán, sem er mikill áhugamaður um byggingu leikmynda, hrósar samstarfinu milli leikdeildarinnar og Fab Lab (Fabrication Laboratory) smiðjunnar sem staðsett er í Vestmannaeyjum. Fyrir þá sem ekki vita er þar hægt að fá aðgang að smiðju með tækjum og tólum til þess að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd auk aðstoðar fagmanna.



Þeir eru vígalegir á sviði, leikarar Leikfélags Vestmannaeyja.

„Svo er einn vinkill sem er svolítið skemmtilegur. Við erum að vinna mjög mikið af leikmynd og propsi í samstarfi við Fab Lab í Vestmannaeyjum þar sem við fáum aðstoðu og ekki síst aðstoð við að koma hugmyndum frá blaði til veruleika. Ég hef, kannski meira en góðu hófi gegnir, gaman af því að byggja viðamiklar og flottar leikmyndir og fæ héra tækifæri, en í Fab Lab er aðstoða sem er algjörlega stórkostleg þegar kemur að hönnun og frumsíði á alls konar leikmunum og leikmyndatengdum hlutum. Bæði geta allir fengið að koma og nýta aðstöðuna en þar er líka til staðar þekking og kunnátta sem fólki býðst að nota. Og það er hægt að gera svo rosalega margt þar að þegar fólk með hugmyndir mætir þarna inn líður manni eins og allt sé hægt,“ segir Stefán að lokum.

Sýnt verður í Heiðarvegi 19, Vestmannaeyjum. Frumsýning er 28. mars og næstu sýningar: 29. mars, 30. mars, 5. apríl, 6. apríl og 12. apríl – allar sýningar kl. 20. Lokasýningarnar eru svo þann 13. apríl klukkan 18 og 21.00 og miðasala milli 16–20 alla daga frá 26. mars í síma 852-1940. /sp



Albert Baldursson Fergussonfélagi, hér að störfum við traktor.



Frá grunnsýningu.

Landbúnaðarsafnið:

Viðburðaríkt ár framundan

Landbúnaðarsafn Íslands rekur sögu sína til ársins 1940, þegar komið var upp safni af landbúnaðarverkfærum við Bændaskólann á Hvanneyri, samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu landbúnaðarins.

Til varð Búvélasafnið sem lengi vel var lítið gert með þar til árið 1987 þegar það var opnað í smáum stíl. Safnið fékk dálitla geymslu og sýningaraðstöðu í húsnæði Bændaskólans þar sem nokkrar vélar voru til sýnis. Með átaki nokkurra einstaklinga, eins og Bjarna Guðmundssonar, fyrrum safnstjóra, óx safninu fiskur um hrygg næstu áratugina. Árið 2007 varð Búvélasafnið að Landbúnaðarsafni Íslands þar sem við tóku nýjar áherslur, þar sem lítið var til landbúnaðar í heild sinni í stað einungis búvéla og verkfæra.

Safnið varð svo viðurkennt safn árið 2014 sem þýddi aukna ábyrgð og skyldur á sviði varðveislu, rannsókna og miðlunar á sögu landbúnaðar. Það sama ár flutti safnið ásamt Ullarselinu yfir í Halldórsfjós þar sem ný grunnsýning var opnuð og stendur enn. Flutningarnir gjörbyltu sýningarmálum og aðstöðu safnsins til að taka á móti gestum en fjöldi þeirra sem sækja safnið heim hefur verið vaxandi. Þróunin síðustu ár hefur verið sú að safnið hefur bætt við faglega þætti starfseminnar með auknum rannsóknum og miðlun þeirra. Dæmi um þetta er umfjöllun Bjarna Guðmundssonar um meðal annars heyverkun, jarðrækt og sögu Mjólkurskólans á Hvanneyri. Enn fremur hefur verið gert átak í skráningu safnkostsins til að gera hann aðgengilegan almenningi á menningarsögulega gagnagrunninum Sarpur. Að lokum má einnig nefna sýninguna Konur í landbúnaði í 100 ár (2018) og opnun Gestastofu fyrir friðland fugla í safninu (2019), sem dæmi í fjölbreyttari miðlun safnsins.

Í dag er nóg um að vera á Landbúnaðarsafninu. Síðustu tvö ár hefur safnið unnið að verkefninu Saga laxveiða í Borgarfirði sem hlaut öndvegisstyrk frá Safnasjóði Íslands sem og aðra styrki frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands og nokkrum borgfirskum veiðifélögum.

Verkefnið er viðamikil og snýr að því að safna, varðveita, rannsaka og miðla sögu laxveiða í héraðinu. Unnið er að því að afla muna, ljósmynda, frásagna og annarra gagna sem mun vera miðlað í gegnum meðal annars útgáfu greinasafns, viðtala, kennsluefnis og að lokum sýningu



Feðgar frá Ferjukoti með lax.

sem fyrirhugað er að opni í upphafi ársins 2025. Árið í ár verður því viðburðaríkt í undirbúningi nýrrar sýningar en einnig er stefnt að því að hafa nokkra aðra viðburði á vegum Landbúnaðarsafnsins. Þar má nefna að nú í sumar mun safnið, í samstarfi við Fergussonfélagið, hafa þrjú opna daga þar sem Fergussonfélagar sinna viðhaldi véla og miðla fræðslu til gesta safnsins. Tilgangurinn er að auka upplifun fólks á safninu með því að hafa á svæðinu sérfróða menn sem geta miðlað af reynslu og þekkingu sinni á vélunum. Með þessu er einnig hugmyndin að auka við tengingu safnsins við Fergussonfélagið sem hefur sinnt viðhaldi safnkostsins í sjálfboðaliðastarfi sem er gríðarlega mikilvæg búbot fyrir safnið og safnkost þess.

Landbúnaðarsafn Íslands er opið fimmtudaga–laugardaga á milli kl. 13–17 en á sumrin (15. maí til 15. september) er safnið opið alla daga kl. 11–17. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu safnsins (www.landbunadarsafn.is).

Verið velkomin á Hvanneyri!

Anna Heiða Baldursdóttir, sérfræðingur á Landbúnaðarsafni Íslands.

Út er komin ljóðabókin Orðaglingur eftir Magnús J. Jóhannsson

Ljóðin eru um margvísleg efni og bera vott um listfengi og fljúgandi hagamælsku auk víðtækrar þekkingar á íslenskrri tungu, bragformi og skáldamáli að fornu og nýju. Það einkennir ljóðagerð Magnúsar hversu óvenju, margvíslegum bragarháttum hann yrkir undir.

Bókin fæst í Pennanum Eymundsson og Bókakaffi.

BÆNDAGED
Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlíðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lung
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína ræstast

baendaged.bondi.is

AÐALFUNDUR LANDSSAMBANDS VEIÐIFÉLAGA 2024

Landssamband veiðifélaga minnir á áður boðaðan aðalfund sem haldinn verður **19. og 20. apríl 2024 að Hótel Húsafelli, og hefst dagskrá kl. 11:30 þann 19. apríl.**

Óskað er eftir því að aðildarfélög sendi framkvæmdastjóra Landssambandsins tilkynningu um þátttöku á aðalfundinum eigi síðar en 1. apríl nk. Vinsamlegast sendið tilkynninguna á netfangið gunnar@angling.is.

Nánari upplýsingar um dagskrá og þátttöku á fundinum er að finna á vef Landssambandsins á www.angling.is.

Er þín velta rétt skráð?

Við hvetjum alla félagsmenn til að fara inn á Bændatorgið og uppfæra sínar veltutölur fyrir árið 2023 vegna innheimtu félagsgjalda.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

EYJALIND Varahlutir i VOLVO Vinnutæki

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ýmsar bátavörur á hagstæðu verði

Lensidælur og rofar, ljóskastarar, siglingaljós, sæti og standar, ryðfrí handföng, pollar og kefar, rofabretti og rafmagnsvörur, stýrisbúnaður og ýmislegt fleira.

S. 666 6012 / batavorur.is

Vélabásinn:

Allt sem margir þurfa

– Prufuakstur á Solis 90 XL

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Bændablaðið fékk til prufu nýjasta útspil indverska dráttarvéla-framleiðandans Solis, sem er full-vaxinn nútíu hestafla traktor sem kæmi til greina við landbúnaðarstörf. Hér er komið gerðarlegt tæki sem ætti að ráða við flest verk og er án flókins tölvubúnaðar.

Framleiðandinn hefur greinilega lagst í mikla vinnu þegar kemur að hönnun á ytra útliti 90 XL, því nú er loksins komin Solis dráttarvél sem er sannarlega aðlaðandi. Þegar traktorinn er skoðaður að utan er ekkert sem gefur til kynna að hér sé um ódýra vél að ræða. Þessi tiltekni traktor er blár að lit, þó Solis traktorar hafi sést í öðrum litum, eins og svörtum. Þá eru felgurnar kolsvartar sem er ekki alengt í heimi dráttarvéla.

Lítill en ekki agnarsmár

Eitt helsta einkenni Solis 90 XL er hversu lítill hann er. Þetta er alls ekki smátraktor eins og sveitarfélög nota í snjómokstur á gangstéttum, heldur er hann frekar á stærð við þær hefðbundnu 80 til 90 hestafla dráttarvélar sem voru algengar í kringum aldamótin.

Helsti aukahluturinn á vélinni sem blaðamaður fékk að reyna voru ámokstursteiki að framan. Vallarbraut mun flytja þessa traktora inn með tveimur dekkjastærðum og var vélin í þessum prufuakstri á þeim stærri. Þau eru frá framleiðandanum BTK, sem hefur getið sér gott orðspor. Þá er búnaðurinn að aftan ósköp hefðbundinn. Þessi vél er ekki útbúin útskjótanlegum krók, þó það sé aukabúnaður sem stendur til boða. Helder er vélin með svokallaðan þýskan krók sem situr ofar ásamt einföldu vagnabeisli neðst sem auðvelt er að fjarlægja. Þá eru þrjár vökvásneidar og þrítengibeisli með opnum beislisendum ásamt úrtaki fyrir vagnbremsur. Það helsta sem vantar eru takkar á brettunum til að stjórna aflúrtaki og hæð beislisins.

Allt mekanískt

Hið hagstæða verð vélarinnar skilst ágætlega þegar stigið er um borð. Umhverfið er hrátt og einkennist af þykku og gráu plasti, stöngum með björtum litum og tökkum sem gerðir eru fyrir mikla vinnu. Fyrir utan útvarp, loftkælingu og sæti á gormafjöðrun er ekkert sem hægt er að telja sem lúxus. Þá er ökumannshúsið það lítið að ekki er hægt að koma fyrir farþega.

Þrengslin finnast þegar gengið er inn og út úr vélinni, en beint fyrir innan dýrnar er stöng fyrir aflúrtakshraðann og andspænis henni er stöngin fyrir vendigirinn. Auðvelt er að reka sig í þær, sérstaklega ef stýrinu hefur ekki verið ýtt upp.

Þegar kemur að notandanum er enginn tölvubúnaður inni í vélinni, fyrir utan litla aksturstölvu í mælaborðinu. Hér er öllu stjórnað með mekanískum stöngum eða einföldum on/off rofum. Þeir sem hafa kynnst tækjum frá gamalli tíð ættu að rata um þetta umhverfi án mikillar umhugsunar.

Vökvásneidarnar að aftan eru allar stangarstýrðar og kemur rafmagn ekkert þar við sögu. Stýripinninn fyrir ámokstursteikina er barkastýrður og með hnappa til að virkja þriðja sviðið. Stöngin er stíf og staðsett nokkuð langt frá



Solis 90 XL er ný dráttarvél á afar hagstæðu verði. Hún er búin öllum þeim helsta útbúnaði sem dráttarvélar þurfa í flest verk. Þú færð hins vegar það sem þú borgar fyrir og í þessu tilfalli fara fáar krónur í lúxus.



Ytra útlit Solis 90 XL er aðlaðandi og mikil framför frá því sem áður var hjá þessum framleiðanda.

ökumanninum og má því reikna með að hægrri höndin verði þreytt eftir langa notkun.

Einfaldur vendigir

Solis 90 XL er með vendigir við stýrið sem er ekki kúplingsfrír. Til að skaða ekki girkassann þarf vélin að vera svo gott sem kyrr áður en skipt er um akstursteftu. Stöngin er staðsett heldur langt frá ökumanninum, sérstaklega ef sætið er aftarlega, en þá þarf að teygja sig nokkuð til að venda stönginni fram. Allt virkar þetta samt eins og það á að gera. Notkunin á girkassanum er ekki ólík því sem fylgir að keyra beinskiptan fólksbíl, en til að skipta um gir þarf að stíga á kúplinguna og hreyfa gírstöng. Aðalgírarnir eru fjórir, en með annari stöng er hægt að velja hátt, miðlungs eða lágt drif. Í fyrsta gir í lága drifinu hreyfist vélin varla, en samkvæmt framleiðanda er lágmarkshraðinn 1,22 kílómetrar á klukkustund.

Svart tauáklæði er á sætinu og armpúðar beggja vegna. Fyrir utan að bjóða upp á nokkrar grunnstillingar, þá myndi sætið teljast afar einfalt. Í þann stutta tíma

sem undirritaður sat í þessu sæti var ekkert sem gaf til kynna annað en að það væri þægilegt, fyrir utan einfaldan fjöðrunarbúnaðinn.

Hér er á ferðinni gormafjöðrun og virkinn því ekki eins fágud og loftpúðafjöðrun í dýrari sætum. Það er eflaust hægt að fínstilla sætið eitthvað, en þeim sem þetta ritar fannst hreyfingar þess full kvikar, sérstaklega þegar ekið var á hámarkshraða (rúmlega 30 kílómetrar á klukkustund) á holóttum vegi.

Engin fjöðrun er á vélinni og finnst það í akstri. Við eitt tilfalli í þessum prufuakstri lyftist ökumadurinn úr sætinu þegar ekið var ofan í djúpa holu á miklum hraða. Því er ekki hægt að gera væntingar til þess að geta brunað yfir ójöfnur á þessum traktor án mikils hamagangs.

Takmörkuð hljóðeinangrun

Annað atriði sem hugsanlegir kaupendur Solis 90 XL þurfa að hafa í huga er að hljóðeinangrunin er merkjanlega minni en á stærri og dýrari dráttarvélum. Vélar og dekkjahljóð berst býsna vel inn í



Útsýnið er nánast óskert í allar áttir nema upp.

ökumannshúsið, en það ætti ekki að skipta miklu máli ef unnið er í styttri lotum. Standi til að fara í harða vinnu í lengri tíma gæti Peltorinn komið í veg fyrir þreytu í eyrunum.

Útsýnið fram fyrir húddið er þrýðilegt og er lítið mál að átta sig á hvað er í gangi þegar ámokstursteikinn eru í lægstu stöðu. Öðru gegnir þegar ámokstursteikjunum er lyft alla leið upp í topp, en þá þarf að beygja sig nokkuð fram til að fá þau í sjónlínu. Annars eru gluggabogarnir þunnir og er lítið um blinda punkta.

Niðurstaða

Þeir sem lesa þennan dóm gætu álitnið að undirritaður hafi ekki kunnað að meta Solis 90 XL. Því fer hins vegar fjarri lagi, því þetta er mikilhæfur traktor sem er uppfullur af karakter og vegna hins hagstæða verðs er auðvelt að fyrirgefa gallana. Ekki skemmir fyrir að dráttarvélin kemur með fimm ára verksmiðjuábyrgð. Þeir sem þurfa að sitja heilu dægirnir í traktor við mikla vinnu ættu kannski að skoða aðra kosti, en fyrir alla aðra er þetta hið fínasta tæki með öllum þeim búnaði sem dráttarvélar þurfa til að sinna sínum helstu skyldum.



Að aftan er allt mjög hefðbundið fyrir utan að þessi vél var útbúin þýskum krók.



Ökumannshúsið er nógu stórt fyrir einn. Tölvubúnaður er svo gott sem enginn.

Vélin í þessum prufuakstri er fjórhjóladrifin og með 90 hestafla, fjögurra strokka, 4.087 rúmsentímetra mótör. Helstu mál án ámokstursteikja eru: Hæð, 2.720 millímetrar; breidd, 2.050 millímetrar; lengd, 4.205 millímetrar. Eigin þyngd er 4.035 kílógrömm. Umrædd vél með ámokstursteikjum og skóflum fæst á 7.980.000 krónur (öll verð án vsk.) hjá Vallarbraut ehf. í Hafnarfirði. Bændablaðið gerði örlitla verðkönnun hjá öðrum vélasölum og virðast sambærilegir traktorar frá þekktari dráttarvélaframleiðendum kosta í kringum níu milljónir króna. Ódýrasta útgáfan á Solis 90 XL án ámokstursteikja er á 6.700.000.



Ættarjörð Halldóru var landlítill, því var ákveðið að skjóta fleiri stoðum undir búreksturinn og varð eggjaframleiðsla fyrir valinu.

Bóndinn:

Verðmæti til í öllu

Grænegg eiga sér tæplega 70 ára fjölskyldusögu í hæsnarækt auk þess sem Sveinbjarnargerði I á Svalbarðsströnd, þar sem Halldóra er fædd og uppalin, hefur verið í eigu sömu ættar í meira en 150 ár. Afí hennar og amma ráku þar hefðbundið bú á árunum 1930 til 1960. Samhliða því stofnaði afí hennar til félagsbúsrekstrar ásamt sonum sínum. Byrjað var með 1.000 varphænur, sem er býsna mikið enda gaf þá hver hæna af sér svipaðar tekjur og kind. Um 1970 skiptu bræðurnir upp búrekstrinum. Jónas, föðurbróðir Halldóru, fór alfarið í alifuglarækt en foreldrar hennar í hefðbundinn búskap og stækkuðu kúabúíð verulega.

Býli, staðsetning og stærð jarðar? Eggjabúíð Grænegg, Værðarhvammi, 606 Akureyri (dreifbýli).

Ábúendur, fjölskyldustærð og gæludýr? Halldóra Kristín Hauksdóttir, Eggert Sæmundsson, þrjár stelpur, Beta, Berglind og Sunna, og tveir strákar, Haukur og Hrafn. Er fjölskyldan búsett á Akureyri eða í um 15 km frá jörðinni. Daglegur rekstur er í höndum Péturs Jónatans Kelley, mágs Halldóru, ásamt frábæru starfsfólki. Byr Pétur ásamt konu sinni, Heiðu Hauksdóttur, á Svalbarðsströnd auk barnanna, þeim Bjarneyju, Veru og Kára og hundsins Brúnó.

Gerð bús og fjöldi búfjár? Eggjabú, 12.000 varphænur.

Hvers vegna velur þú þessa búgrein?

Við „lentum“ í þessu, eða pabbi kannski öllu frekar, segir Halldóra. Þau mamma voru kúabúendur, en árið 1996 þegar pabbi hættir sem formaður Stéttarsambands bænda, tekur hann yfir eggjaframleiðsluna í Sveinbjarnargerði ásamt Jóhannesi bróður sínum.

Árið 2012 vildu foreldrar Halldóru hætta búskap og tóku fyrrverandi maður hennar og mágur við rekstrinum en haustið 2012 var Grænegg ehf. stofnað.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Fyrst er mætt í eggin. Kveikt á færiböndum og vatn sett í eggjapvottavélina, en eggin koma þannig úr varphúsinu og yfir í pökkunarhúsið, þar sem þau eru sett í umbúðir. Þegar eggin rúlla inn í pökkunarhúsið eru þvottavélin og blásaramir sett af stað, eggin sett í sturtu og svo blásara til að þorna.

Næst eru þau gegnumlýst og sprungin eða gölluð egg fjarlægð. Hin eru vigtuð, rúlla áfram í hólf eftir meðalþyngd og pakkað í tilheyrandi umbúðir. Merkt með framleiðsludegi og best fyrir dagsetningu, sett í kassa og þá klárar í verslanir. Á meðan verið er að vinna á eggjavélinni þá þarf að fara inn í varphúsin og uppeldishúsið, kanna hvort allt sé eins og það á að vera og bregðast við eftir atvikum. Reglulega eru tekin bæði saursýni og eggjasýni til rannsóknar. Þegar búíð er að pakka eggjunum þarf að þrifa allt vel og vandlega inni í pökkunarhúsinu, en þrífnaður skiptir miklu máli.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Ég held í hreinskilni sagt að það sé ekkert sem heitir leiðinlegasta starfið og erfitt er að segja hvað er skemmtilegast. Ég verð þó að nefna gleðina við að ná í dagsgamla unga, og sjá þá koma sér fyrir í uppeldishúsinu. Það vekur alveg sérstakan áhuga hjá yngstu kynslóðinni.

Hvað er það jákvæða við að vera bóndi? Að geta boðið íslenskum neytendum upp á heilbrigða og heilnæma íslenska afurð. Sveitin. Fjölskyldan, en þetta eru stundir þar sem við vinnum saman. Börn okkar systra vinna hjá okkur. Mamma og pabbi grípa enn í fyrir okkur, bróðir okkar systra og mágkona og börn þeirra hafa einnig unnið hjá okkur og aðstoðar sonur þeirra okkur reglulega. Þetta kallar á meiri samskipti og samveru sem er dásamlegt. Það er einnig gaman að fræða börn um bústörf, en vinir barna okkar eru viljug að koma og aðstoða þegar mikið liggur fyrir eins og að flytja fugla á milli húsa.

Hverjar eru áskoranirnar? Að greinin fái eðlileg starfskilyrði frá hendi opinberra aðila.



Hjónin Eggert Sæmundsson og Halldóra Kristín Hauksdóttir á góðum degi.



Systradæturnar Sunna og Vera að störfum.



Systurnar Dóra og Heiða í essinu sínu.

Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari? Með því að fylgjast ávallt sem best með öllu því sem að búskapnum snýr og gera verðmæti úr öllu því sem til fellur við búskapinn. Þar með talið að nýta úrgang (hæsnaskítinn) sem best, til dæmis með því að hefja framleiðslu á blómaáburði.

Hvernig sjáid þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin? Í ljósi þekkingar, velferðar, tækni og með sjálfbærni að leiðarljósi.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar vedrið er sem verst og maður þarf að moka sig inn í húsin og frá daglegu lífi að eigin hentugleik.

Instagram-síða: @dorahauks

Sérniðin þjónusta
að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

CFMOTO

Fjór hjólin fást
hjá okkur

Umboðsaðilar:
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkröki,
Lyngás, Hellu. Bikevik, Reykjanesbæ,
AB varahlutir, Egilsstöðum.

NITRO

Nitro - Urðarharvi 4 - 557 4848 - nitro.is

Byggingarstjóri

Ertu í byggingarhugleiðingum
eða kominn af stað með framkvæmdir?
Tek að mér að vera byggingarstjóri
á öllum byggingarstigum og
vera tengiliður við byggingarfulltrúa
fyrir þig.
Hafið samband í síma 852-3222
eða á netfang: asgeirvil@gmail.com

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI
OG VINNUM ÚR ÞEIM
LAUSNIR

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Matarhornið:

Hryggur um páskana

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com



Það er nánast samofið páskunum að borða lambakjöt af einhverju tagi. Læri, hryggur, lundur; allt er þetta jafngott. Hryggurinn hefur þó svolítið gleymst undanfarin ár en saman bætum við úr því þessa páskahelgina.

Sem þjóð erum við ekki ein um það að borða lambakjöt. Það er sérlega vinsælt í Norður-Afríku og Mið-Asíu. Reyndar nokkuð sennilega líka í Nýja-Sjálandi og Ástralíu, en látum andfætlingana eiga sig að þessu sinni. Í Afríku og miðaustrinu er mikil kryddhefð og þar borðar fólk lambakjötið sitt jafnan umlukid kryddhjúpum og sterkum soðsósom. Það ætlum við að leika eftir. En þar sem við erum enn bara nýbyrjuð að þjálfa bragðlaukana höldum við ró okkar og notum krydd sem fást í öllum súperörkuðum landsins.

Broddkúmen, eða cummin á ensku, er t.d. krydd sem umsvifalaust gefur íslenskum sveitamat útlenskan blá. Sé það notað í hóflegu magni má læða því inn í rétti án þess að jafnvel matvandasta fólk kvarti.

Eins má brúka mismunandi kryddblöndur til að fá fjölbreyttara bragð í matinn. Þær eru mýmargar og auðvitað má nota hvaða blöndu sem er en Herbs de Provence blandan inniheldur t.d. næstum allar þurraðar kryddjurtir undir sólinni og við nýtum okkur það hér. Í þessari uppskrift er líka chiliduft og það gerir matinn, eða aðallega sósuna, örflítið sterka og má að sjálfsgöðu sleppa eða takmarka magnið. Nú eða auka það.



Vinsamlega fullleiddi hrygginn. Það langar engan í rauða bita á páskunum.

Mynd / Hari

Steikingin

Til að búa til kryddhjúp á hrygginn þarf að gera eittvað til að hann festist og þá er gott að grípa í mæjóneskrukkuna – já, mæjónes! Það er að megninu til bara olía og egg og hentar fullkomlega til verksins. Að þessu sinni fer smá sletta af tómátþúru út í. Fyrir lit og smá úmamíbragð. Kryddinu, mæjóninu og þúrrunni er blandað saman og herlegheitunum smurt á kjötið. Allar hliðar.

Muna eftir lundunum sem eru undir hryggnum. Salta örflítið yfir hjúpinn. Passa saltmagnið svo soðið verði ekki of salt.

Talandi um soðið þá fer kjötið í steikarpott eða fat og vatn út í. Að minnst kosti hálfur lítri en magnið fer svolítið eftir hversu mikla og kraftmikla sósu á að gera með steikinni. Lítri er sirka maxið en 750 ml svona flottur millivegur. Ofninn þarf að hita í 160 gráður og þá fer steikin inn í ofn undir loki eða vel tjölduðum álpappír. Elda þangað til að kjötið er fullsteikt.

Síðasta hálf tímann eða svo er lokið tekið af og hitinn aukinn í 175 gráður. Þannig er steikin látin brúnast örflítið. Passa að kryddjurtirnar og tómátþúrran geta dökknad hratt. Hvíla steikina í að minnsta kosti korter, helst hálf tíma.

Hasselbakksmælki

Hasselbakkartöflur eru kartöflur, yfirleitt sæmilega stórar kartöflur sem í eru skornar rendur nánast í gegn en ekki alveg.

Kartöflur eru góðar en litlar kartöflur eru bestar og það á líka við um þessar kartöflur. Þannig að við notum smælki þessa páskana.

Það eru til sérhönnuð tól til að koma í veg fyrir að rendurnar sem skornar eru í kartöflurnar nái alla leið í gegn en það er líka hægt að nota tvo einnota kínaprjóna. Stilla þeim upp eins og járnbrautateinum sitt hvoru megin við kartöfluna og skera með hníf.

Kryddhjúpur

- 2 matskeiðar mæjónes
- 1 matskeið tómátþúrra
- 2 teskeiðar Herbs de Provence
- 2 teskeiðar paprikuduft
- 1½ teskeið nýmulinn pipar
- 1 teskeið cummin
- 1 teskeið hvítlauchsduft
- 1 teskeið laukduft
- 1 teskeið chiliduft
- 1 teskeið milligróft salt
- dreift yfir í lokin

Þannig fer hnífurinn ekki alla leið í gegn.


Næst er að bræða smjör, sirka þrjár matskeiðar fyrir hvert kíló af kartöflum og bæta út í það tveimur matskeiðum af matarolíu og fjórum teskeiðum af t.d. Herbs de Provence kryddjurtum út í.

Velta kartöflunum upp úr blöndunni og raða á fat. Pensla svo kartöflurnar og reyna að koma eins miklu ofan í skorurnar og hægt er. Salta örflítið með milligrófu salti.

Þegar komið er að því að hækka hitann á kjötinu fer fatið með smælkinu inn. Fínt að setja það fyrst á skúffu undir steikarpottinum. Þegar steikin fer úr ofninum að hvíla fara kartöflurnar ofar í ofninn og hækka upp í 185 gráður eða svo. Þannig verða þær stökkar utan á en mjúkar og ljúffengar innan í eftir tæpan klukkutíma í ofninum. Gott að pensla með smjörolíunni einu sinni eða tvisvar á eldunartímanum.

Sósan er svo hefðbundin soðsósá þykkt með smjörbollu. Það er ekki pláss fyrir uppskriftina hér en treystið mér, hún er góð. Muna að smakka til með salti og pipar og bjóða upp á eitthvað smá sýrt með. T.d. súrar gúrkur eða jafnvel asíur.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	216	PAKKHÚS	MEIRI GLUND- RÓÐI	STERKA	BOLUR	SKVAMPA SEMINGI	HUGLÍTIL
	FALL- BEINN						VALDI
	HRIKTA				ÁSTÆDA		
	GÍMALD				HJÓL- GJÖRD HNETUR		
	EKKI		PRÚTTA				MIKLU
	SÝRING		SEINKAÐI				
	FJARRITI	GRAS- BÖLLI	MÁLTÆKI GINNA			AFBRIGÐI	TVEIR EINS MOKA
			TVEIR EINS				RÁDRÍKIS
			BULLA		RANGT		
FALLEGGUR				ÁÐUR		STILLA RÁÐ	
ÍLÁTI					RÆKI- LEGAR TVÖ		
PARTA			TVEIR EINS				
			LJÓMI TOR- TRYGGJA		HEIMASÍDA STÖKUM		
		NAFN	STAFUR FIKT		SVEIFLA TEGUND		ESPAR
VADA					FYRIR- BÓÐI SKRUDDA		RÁS IDKA
KREMJA				FORBÖÐ		MÁSI ÁTT	
							HISMI
GÓÐGÆTI				HÖTUN			
UPPÁTÆKI					GER- SIGRAR		

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	215	LÓD	YFIR- BRAGD ÖRUVÍSI	S	BLEKKA	FLUGA	R	SVART- LIST	BÍÓLA FUGL	F	
	KOLEFNIS- DUFT BLÖKK	S	O	T	F	L	Y	G	S	A	
	T	A	L	I	A	DÜLLA	K	R	Ú	T	
	SÍKI	K	I	L	L	MASAR NÁTTURU- VETTUR	M	A	L	A	R
	TVEIR EINS BLEPILL	K	K		STÖP KK NAFN	S	T	Y	F	A	BERJA
	KUPUNGUR	↓	IPRÖTT	SKORVÝR PANTA	M	A	U	R	A	R	ÁTT
				NÓTA VARKÁRNI	R	E	Ö	S	K	R	A
DROLLARA	S	L	Ó	Ð	A	G	E	L	T	ANGRA NÓTRA	
HAND- FESTAN ATELJA	T	A	K	I	Ð	FRUMÖGN	I	L	E	T	
	S	A	K	A	RANGALI HLUTA	G	Ö	N	G	TRUFLUN ÓVISS	
	S	R	E	K	HRAFNA- SPARK UMRÖT	P	Á	R	A	ARBUR	
IPRÖTT	K	A	R	A	T	E	ÖLMUR ANDMÉLI	Æ	F	U	
FYLGSNI	F	E	L	U	R	GERI	I	N	N	I	
	R	Ú	S	T	ATORKA	N	E	N	N	A	
TÓFT	I	Ð	K	A	N	D	I	HANGA	S	L	
KEPPANDI											

Hannyrðir:

Kaðlahúfa

– Ein stærð, fullorðins

Efni:
100 g tvíband úr lambsull spunnið í Uppspuna fyrir Þingborg. Eins má nota 100 g Dóru-band (Þingborgarband), sem er tvíband úr lambsull. Það fæst einnig jurtaletað. Einnig má blanda saman 100 g einföldum lopa og 25 g Lovestory einbandi frá Helene Magnusson.

Allt þetta band og lopinn fæst í Ullarversluninni Þingborg. Svo má nota hvaða band sem er, sem passer við þá prjónfestu sem gefin er upp.

Prjónastærð:
Hringprjónar 3.5mm og 4 mm, 40 eða 50 sm langir
Sokkprjónar 4 mm

Prjónfesta:
21 lykkja og 27 umferðir = 10 sm

Húfan:
Fitjið upp 112 lykkjur á minni hringprjóninn. Prjónið stroff, 1 slétta lykkju og eina brugðna 8-10 umferðir.

Eins er hægt að hafa aðra gerð af stroffi: Prjónið 2 lykkjur brugðnar og 2 lykkjur sléttar 14 umferðir. Prjónið eina umferð með sléttu prjóni og síðan 14 umferðir í viðbót stroffi. Slétta umferðin er fyrir uppabrotið á stroffinu.

Skriptið yfir á stærri prjóninn. Prjónið nú eftir mynsturblaði. Mynstrið endurtekur sig sjö sinnum.

Úrtaka:

Takið úr samkvæmt mynsturblaði og notið sokkprjónana þegar lykkjum hefur fækkað það mikið að ekki er lengur hægt að nota hringprjóninn. Þegar prjóninu er lokið slítið frá og skiljið eftir 40 sm langan spotta.

Notið stóra saumnál og þræðið bandið í gegnum innri kaðallykkjurnar (sjá mynd), geymið hinar lykkjurnar á prjónunum á meðan. Þræðið síðan í gegnum ytri lykkjurnar, herðið aðeins og gangið svo vel frá endanum að innanverðu.

Með þessari aðferð við frágang verður falleg stjarna í toppnum á húfunni.

Gangið frá hinum endanum. Þvoið húfuna í volgu vatni með mildri sápu, skolið og kreistið vatnið úr og leggið til þerris.

Hönnun: Margrét Jónsdóttir



Haldið áfram með tvöfalda perluprjónið og kaðlana, sá hluti er samtals 42 umferðir fram að úrtöku.

Kaðall, 3 lykkjur settar á hjálparprjón, næstu 3 lykkjur prjónaðar og síðan þær 3 fyrri.

Úrtaka, takið eina lykkju óprjónaða, prjónið eina og steypið hinni yfir.

Prjónið tvær lykkjur saman.

● Brugðin lykkja. □ Slétt lykkja.
■ Endurtekið. ■ Endurtekið.

Mynstur

s. 846 9287,
482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Það fæst alls konar band og lopi sem passar í húfuna sem uppskrifin er að hér í blaðinu. Tvíband beint frá býli, Þingborgarband/Dóru-band bæði sauðalitir og jurtaletað í mörgum gullfalegum litum. Lovestory einband frá Helene Magnusson og Þingborgarlopi. Póstsendum bæði innanlands og utan. Verslunin er staðsett í Gömlu Þingborg sem er 8 km fyrir austan Selfoss. Opið alla daga nema sunnudaga kl. 10:00-17:00.

SUDOKUPRAUTIR Bændablaðsins

Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Létt

4	3	5	2			7	6
	1	8		6			2
		6	4		8		9
		2	8	1			6
	3	5				4	1
1			3	4	6	5	
			6	8	9		4
	6	1				7	3
8	2				3		

Miðlungs

				5		6	9
		7	8				3
2							
7		1	9	8			
	3	2				6	
	8	5				2	
							2
		3		7	4		1
			5		8	3	

Pung

		9		6			
5			4			7	3
		3			2	4	
			8	1			
	1			9		5	6
					6		7
9		5					
	2	4	6				1 8
							7

Þyngst

				1	2	3	
	1			8			
		4			7	1	
			8			5	
	1	4		9	6		7
				1	3	6	
		8	2				
9				8			5
6	3						

Erfinginn: Upprennandi fótboltastjarna

Jakob Bjarni er hress og skemmtilegur strákur sem býr í miðbæ Reykjavíkur. Honum finnst skemmtilegast að vera í fótbolta og er mikill KR- og Liverpoolmaður.

Nafn: Jakob Bjarni Sverrisson.

Aldur: 10 ára

Stjörnumerki: Steingeit.

Búseta: Reykjavík.

Skóli: Vesturbæjarskóli.

Skemmtilegast í skólanum: Íþróttir.

Áhugamál: Fótbolti og handbolti.

Tómstundaiðkun: Fótbolti og handbolti.

Uppáhaldsdýrið: Hundar.

Uppáhaldsmatur: Tortillas með hakki, osti og sýrðum rjóma.

Uppáhaldslag: There is nothing holding me back með Shawn Mendes.

Uppáhaldslitur: Gulur.

Uppáhaldsmynd: Ace Ventura.

Fyrsta minningin: Þegar afi Gunnar hélt á mér í stól heima hjá mér.



Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Að leiða inn á völlinn í landsleik Íslands og Bosníu Hersegóvínu í fótbolta. Ég fékk að leiða fyrirliða Bosníu, Edin Dzeko.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Atvinnumaður í fótbolta.

Við hvetjum alla til að hafa samband sem langar að taka þátt! sigrunpeturs@bondi.is

Stjörnuspá

Vatsberinn hefur lengi verið að velta því fyrir sér að flytja sig um set og jafnvel fara í frekara nám. Honum eru hæg heimatökin þessa dagana því stjörnurnar bera með sér greiða leið til þess að láta þá drauma rætast. Örlítil veikindi eru í kortunum. Hlappatölur 69, 15, 32.

Fiskurinn reynir nú af öllum mætti að gera sem flesta ánægða. Hann ætti frekar að líta inn á við og vekja þar drauga og dísir hamingjunnar auk þess að æfa sig í að vera sjálfum sér nógur. Fjármálin halda áfram jákvæðu gengi sínu og má fiskurinn gjarnan láta eitthvað eftir sér. Hlappatölur 1, 45, 16.

Hrúturinn ætti að leyfa sér að njóta lífsins frá hjartarótum og að sama skapi tryggja og hlúa vel að þeim rótum sem hann hefur fest frá frumbersku. Ekki endilega vera á sífelldu vafri um heim tilfinninganna og búast við að geta sáð fræjum sínum í þurran svörð. Hlappatölur 8, 15, 32.

Nautið er sífellt að verða rórra í sjálfu sér og ætti að hafa í huga máltækið svo uppsker sem sáir því nú er svo sannarlega komið að uppskerudögum. Því sem nautið varpar fram fær hann margfalt til baka þessa dagana þannig nú er um að gera að sýna sínar bestu hliðar. Hlappatölur 8, 24, 69.

Tvíburinn er óró. Það er ekki beinlínis óvanalegt enda á hann það til að sveiflast tilfinningahliða á milli með meiri krafti en margur. Hann hefur hins vegar á bakinu stóra ákvörðun sem hann þarf að vinna úr. Gott er að hreinsa hugann og skrifa niður kosti og galla. Hlappatölur 3, 48, 79.

Krabbinn hefur nýlega leitt hugann að málum hjartans og þá einkum sem áttu sér stað fyrir allmörgum árum síðan. Einhver löngun er til þess að endurvekja gömul kynni en hafa skal í huga að ef svo verður raunin er um óafturkallanleg skref að ræða hvort sem eru til góðs eða ekki. Hlappatölur 7, 21, 78.

Ljónið situr sem fastast á rússíbanareid tilfinninganna þessar vikurnar. Hann getur ekki með nokkru móti ákveðið sig hvort hann eigi að halda áfram að kynda undir löngunum sínum eða slökkva eldinn – sem hann þó veit að væri bæði sér og sínum nákomnustu til góða. Hlappatölur 67, 13, 24.

Meyjan hlakkar til sumarsins og ætti að hefja undirbúning alls þess skemmtilega sem verða vill með hækkandi sól. Þau plön sem lögð eru niður núna munu fá fullan meðbyr og er meyjan í hviðvetna hvött til þess að deila löngunum sínum og sýn með öðrum. Hlappatölur 12, 56, 82.

Vogin þarf að gæta þess að vinna ekki of mikið og halda hvíldardaginn heilagan. Hún er öðum að stíga skref til betri tíma og með hverju spori verður hún styrkari í sjálfri sér. Sjálfstraust og sjálfstæði í hávegum og rétt að geyma innra með sér þær tilfinningar til að nýta síðar. Hlappatölur 4, 69, 37.

Sporðdrekin hefur verið að hlaupa í hringi finnst honum og elta skottið á sjálfum sér, óráðinn með hver stefna hans er í lífinu. En hvað vill hann? Hvað gleður hann? Hvað er honum ekki að skapi? Þessu mætti hann velta fyrir sér og taka vel ígrundaðar ákvarðanir að því loknu. Hlappatölur 9, 13, 43.

Bogmaðurinn hefur sjaldan eða aldrei verið á betri stað í lífinu. Ekki er víst að hann geri sér fulla grein fyrir því þó, en ætti að veita smáatriðunum athygli og þá mun renna upp fyrir honum ljós. Einhver veikindi eru í kortunum en þó ekki illvægileg. Hlappatölur 10, 77, 96.

Steingeitin finnur að hún er að mildast með vorinu og gæti jafnvel hugsað sér að hafa samband við gamla ástvinu. Einhvern veginn er lundin léttari og góðar hugmyndir kvikna sem ætti ekki að hika við að virkja. Eitthvert skarð verður í vinahópnum. Hlappatölur 2, 15, 11.



Sefgoði er flækjngur af goðaætt og fannst nýverið við Þorlákshöfn. Það er einungis einn fugl af goðaættinni sem verpir á Íslandi og er það flórgoði. Það eru nokkrar aðrar tegundir af goðum sem finnast í Evrópu en þeir eru allir fremur sjaldgæfir flækjngar hér á Íslandi en af þeim goðum sem hingað flækjast er sefgoði líklega algengastur. Goðar eru margir hverjir nokkuð litskrúðugir þegar þeir fara í sumarþúning en sefgoðinn sem er á myndinni er í vetrarþúning sem er nokkuð minna áberandi. Goðar eru sundfuglar sem sækja í strandir, vötn og mýrar. Þeir kafa mikið eftir smáfiskum, hornsílum eða litlum krabbadrym. Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

Tíska:

Mót hraða ljóssins

Í gegnum árin hefur mannkynið verið óþarflega hrifð af því að hraða öllum mögu- og ómögu- legum hlutum, hvort sem er að hafa kvöldverðinn tilbúinn á tveimur mínútum með aðstoð örbylgjurétta eða því sem er að kaffæra heiminn þessa dagana, hraðtískunni.

Í dag eru þó einhverjir að spyrna við fótunum og gera sér grein fyrir jákvæðninni sem felst í því að anda hæg. Uppátækjasamir matgæðingar og vísindamenn tóku sig til dæmis til og hófu ræktun á hamburgara undir því gripandi nafni „The Impossible Burger“. Þar er ekki verið að stíla borgarann sérstaklega inn á grænmetisætur heldur á hinn almenna markað því þó ekkert kjöt sé að finna í borgaranum þá þykir hann smakkast sem slíkur.

Á meðan flestir grænmetis-borgarar eru búnir til úr svörtum baunum, soja, sveppum eða korni, og smakkast á þá leið, er hráefnið sem gefur The Impossible Burger bragðið af kjöti hemóglóbín, efnasamband

sem inniheldur járn, og í kjöti, kemur úr vöðvum eða vefjum dýra.

Við gerð borgarans er þetta efni byggt á soja og kemur frá gergerjun.

Komin á bragðið

Með hamburgararæktun í huga mætti halda að framúrsteftnulegir tiskuhönnuðir hafi komist á bragðið, því nú hafa fyrstu ræktuðu flíkurnar litið dagsins ljós. Samstarf hönnuða við verkfræðinga og lífefnafræðinga hefur knúð fram nýjungar sem standa vart á fótum í hugarflugi flestra. Þarna er um svokallaða „Biocouture Fashion“ að ræða, eða lífefnalega hátísku sem er akkúrat á þar við hina sjálfbærar framtíð tiskuiðnaðarins sem óskað er.

Forsvarsmenn tiskuveldanna hafa æ oftast velt fyrir sér hvort möguleiki sé á að breyta framleiðsluferlinu algjörlega? Hvað ef við gætum ræktað fót, í stað þess að búa til fataefni úr dauðum dýrum sem endar með því að rotna í urðum, eða flýtir fyrir loftslagsbreytingum með útblæstri frá brennsluofni? Jú, þetta virðist vera í þróun undir nafninu Biofabricate sem má lauslega þýða sem lífefnaframleiðsla.

Auðvitað hafa ýmsar tilraunir hönnunar rannsóknastofa náð að halda velli. Þar er sjálfsagt efst á baugi sveppaleðrið Mylo, hugarfóstur hönnunarstofunnar Bolt Threads, sem tiskuveldi á borð við Stelli McCartney, Ganna, Adidas og Lululemon hafa nýtt í fatnað sinn. Sífellt fleiri tiskunillingar hafa síðan – með samvinnu við efnafraðinga – tekið til við tilraunir á blöndun lífefna með það fyrir augum að skapa textíl.

Vinsældir þessa kjötlausa hamburgara hefur fengið hörðustu kjötætur til að prófa.



Hönnuðurinn Susan Lee er ein þeirra sem stendur í ræktun baktería til þess að vinna textíl. Fatnað úr lífefnum má sjá að ofanverðu, en til hliðar fyrsta stig í ræktun þess. Myndir / Úr myndbandi.

Nýtt líf kviknar

Ekki er langt síðan fyrsti fundur áhugamanna um framleiðsluferli lífefna var haldinn. Var hann vel sóttur af hinum ýmsu hönnuðum tiskunnar sem eiga það sameiginlegt að vilja kynna sér hvaða möguleika er að fá úr náttúrunni. Meðal hápunkta var garn úr smokkfisk-DNA, litarefni sem byggir á þörungum og auðvitað risastór sýnishorn af sveppaleðri. En til viðbótar er nú hafin ræktun lífefna sem nota má í klæðisstranga.

Í því ferli er einungis notast við plöntuúrgang og efnið framleitt af bakteríum í vökvatangi sem framleiðir síðan bakteríusellulósa – sem síðan er mótad í fatnað. Með öðrum orðum er um lífefnafræðilegt fatagerðarferli að ræða sem byggir hvorki á því að vinna úr auðlindum sem trufla fæðukeðjur náttúrunnar eða aðfangakeðjum samfélagsins, heldur eru efnin unnin úr lifandi örverum sem bókstaflega býður upp á ferskt loft í fataskápnunum þínum.



Ef vitnað er í vísindamanninn Matt Scullin, núverandi forstjóra MycoWorks, rannsóknarstofu sveppaleðurs og brautryðjanda lífefna, þá segir hann mannkynssögunni gjarnan lýst með efnun sem eiga við hverja öld, t.a.m. steinöld, bronsöld og þar fram eftir götunum – en að nú séum við mannkynið á upphafsdögum lífefnaaldar.

... og vindar blása

Það er vel hægt að taka undir þessi orð þó nokkuð sé í að byltingin sé alger, en í það minnsta megum við eiga von á að „nýju lífi“ verði blásið í fataskápnun áður en varir.

Að rækta bakteríur til að búa til fatnað býður upp á allt aðra, mjög náttúrulega lausn á fataframleiðslu og alger endurskoðun á því klæði sem hægt er að vinna úr uppsprettum heimsins okkar. Í dag teljum við sjálfsagt að fötin okkar verði úr bómull eða borðin okkar úr tré, en með nýrri uppsprettu efnis opnast dyr óteljandi möguleika. /sp





2ja manna infrarauður saunaklefi
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



Rafmagnspotturinn HYDRO
Stærð 200x200x95 cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is


Jesús sagði:
„Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn heldur til þess að frelsa hann.“
Jóh. 3.17

biblian.is

Notaðir bílar | benni



Tesla Model 3 Long Range AWD, rafmagn, árgerð 2022, sjálfstjórn, ekin 45.000 km. Verð kr. 5.490.000 notadir.benni.is – s. 590-2035.



Til sölu, ef viðunandi verð fæst, lítil eignarhluti í jarðeigninni Firði 1 í Mjóafirði, Fjarðabyggð. Jörðin er í óskiptri eign 6 einstaklinga. Jón Baldur, jb@isfar.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Vinnustofur/skrifstofur Bíldshöfða 18. Stærðir: 14-17 fm. Hentar fyrir margs konar rekstur. Upplýsingar í s. 692-0022.



Náttúruperlan Ástjörn! Sumarbúðadvöl fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð um kr. 10.000/sólarhring. Systkinaafsláttur. Ástjörn er í Kelduhverfi, nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum. Bátar og leiksvæði. Upplýsingar í s. 462-3980. Vefsíða - astjorn.is facebook.com/astjorn - instagram.com/astjorn - youtube.com/astjorn



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandi yfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgreinu þe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Veitingarekstur og vinnuástaða Gamla barnaskólans, Skógum, Fnjóskadal er til leigu næsta sumar. Um er að ræða tvo sali er henta fyrir kaffihúsarekstur, listsýningar, handverkssölu o.fl. Þá er hægt að samnýta rýmið sem vinnuástöðu og matsölu. Staðsetningin er frábær, við munna Vaðlaheiðarganga. Nánari upplýsingar í s. 849-8902.



Kranabíll til sölu. Haukur. S. 772-0030.



Hús fæst gefins til flutnings. Gamla húsið að Kleifum á Selströnd (F2128324) fæst gefins til flutnings. Skráð byggingarár er 1901. Um er að ræða tvílyft timburhús sem þarfnast talsverðs viðhalds. Sökum aldurs er húsið friðað skv. 29. grein laga um menningarmínjar. Nánari upplýsingar: stala-hus@lv.is



Ný rafstöð, 100 kva. Cummins 5.9 l.turbo diesel. Verð kr. 2.480.000 +vsk. S. 696-9468.



Til sölu hæsnakofi, einangraður í hólf og gólf, 8 varpkassar, breidd 130 cm hæð, 175 cm, goitt að þrifa, einfalt að flytja. Verð kr. 300.000, s. 895-7928.



Orkutækni ehf
Maschio hnifataetarar fyrir 90-170 hö. Með tvöföldum hnifafestingum, CAM öryggis-kúplingu og ýmsum aukabúnaði, til afgreiðslu strax á hagstæðu verði. Upplýsingar í nýju símanúmeri, s. 793-0116.



Vatnsdælur sem tengjast beint á PTO-tengi. Ýmsar útfærslur í boði ásamt þvoita- og eða vökvunarsettum. Mjög hagstæð verð. vokvataeki.is vt@vokvataeki.is Vökvataeki ehf. s. 861-4401.



HÚSASMÍÐI
SINNIR ÞÍNU VIÐHALDI

Kjartan Benediktsson
Húsasmiður - Akureyri

☎ 846 7999
✉ kb@kbhusasmidi.com



SANDBLÁSTUR
WWW.BLASTUR.IS

- Sandblástur
- Glerblástur
- Ryðvarnir
- Málun

Margra áratuga reynsla í sandblæstri á öllu milli himins og jarðar. Blásu nýju lífi í hlutina!

S: 555-6005 Helluhrauni 6, 220 Hafnarfirði

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta. Úrvalið hefur aldrei verið meira.



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kirtu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

BRIMCO EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Límtré-Timbureiningar






STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |




FOSSBERG

Ný staðsetning
Nethylur 3

KH VINNUFÖT

Verslun KH Vinnufata er flutt í nýtt húsnæði, rétt yfir götuna, í Nethyl 3

Alltaf heitt á könnunni



NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirsurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far



Ofnþurrkaður hlynur prime til sölu. Þ. 26 mm L 2,1 m 65 m². Sendið skilaboð á e-mail: snotra1950@gmail.com



Manitou mlt 627 turbo compact jf-0602. Keyrður 4.000-5.000 klst. Skófla og gafflar fylgja með. Gangfær og á nýlegum dekkjum. Parfnast viðhalds. Er á Selfossi. Verð kr. 1.800.000 +vsk. Uppl. Júlíus Arnar s. 852-7210.



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Til sölu. Ford Transit 2003, dísel húsbíll, ekinn 400.000 km. Beinskíptur, afturhjóladrif, 6 ný dekk. Skráður 5 manna, svefnpláss fyrir 2. Eldavél, vaskur, ísskápur, wc. 3 sólarcellur, 285 w. Tveir 250 ah geymar. 100 lítra vatnstankur. Verð kr. 3.100.000. Upplýsingar í s. 848-4130.



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Land Rover Defender D250 HSE Black Edition, 4x4, árgerð 2021, sjálfskíptur. Ekinn 51.000 km. Verð kr. 14.990.000 Verð áður kr. 15.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Jeep Compass, 4x4, árgerð 2022, sjálfskíptur. Ekinn 70.000 km. Verð kr. 5.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Eigendur Fjallasýnar óska eftir með-eiganda í ferðaþjónustuhlutla fyrirtækisins með yfirtöku á komandi árum í huga. Fjallasýn er eitt virtasta hópferða-fyrirtæki (með meiru) síðustu áratuginna og er enn! Áhugasamir sendi póst á fjallasyn@fjallasyn.is eða heyr í Rúnari í s. 894-8540.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Girðingastaurar 4 mm (galv.) 40 mm x 40 mm x 4 mm. L: 1.800 mm. Við erum að gera pöntun. Verðin verða mjög góð, takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Ýmis skógartæki fyrir traktorinn eða grófuna: klíppur, klær, kljúfar, kurlarar, tætarar, vagnar og ýmsar greipar. www.hardskafi.is - s. 555 6520.



Brettagafflar með vökvafærslu. Burðargeta 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 - m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Varmadætur til sölu (2 stk), Meeting-MDS30D, vatn í vatn. Hitagildi 12KW. Verð kr. 400.000. Frekari upplýsingar - vilhjalmur_gudlaugsson@hotmail.com



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is

ÁSCO

FLJÓT OG VINALEG ÞJÓNUSTA

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —




ÓKEYPIS RAFGEYMAMÆLING!

Eigum allar stærðir rafgeyma á lager

ÁSCO
BILARAFMAGN

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is




Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600




Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



PÚLSINN

Raf & kælipjónusta

Sími: 760-5670
pulsinn@pulsinn.com

Kæli & Frystikerfi

- Viðgerðir
- Þjónusta
- Nýsmíði
- Rafmagn



Bruggtæki til sölu, sett upp í ársbyrjun 2019 og eru í góðu standi. Tegund sem flest craft-íslensku brugghúsin eru með. 600 lítra suða, mesking og heitvatnspottur, knúð áfram á mjög öflugum gufukatli. Hræra á bæði meskingu og suðu. Tvær mjög öflugar dælur. Fimm gerjunartankar (4x600 l og 1x 1200 l), EU vottaðir fyrir 2 bór. Hitastýrt með glycol kerfi. Glycol tankur (1000 lítra) með dælu og kæliunit. Varmaskiptir sem tekur bæði glycol og vatn. 100 lítra þvottavél fyrir tanka og bruggtæki. Malari fyrir korn. Rafmagnsstýring fyrir hita og fleira, er með pláss fyrir 8 tanka í heild. Allt rafmagn í stokkum fylgir sem gæti gert enduruppsetningu mun kostnaðarminni. Einnig allar lagnir fyrir gufuketil sem Metal sérsmiðaði + öryggisventill sem liggur út. Allskonar tengi, mælar og fleira sem fylgir framleiðslunni. Afkastamikil 2,5 ára Flying Goose Gosling dósavél með ýmsum aukahlutum. Verðhugmynd á þessum pakka er kr. 30.000.000 m/vsk. upplýsingar á netfangi: raxel@islandshollusta.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakk. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Timbur í fjárhúsgólf. Stærðir í boði: 32x100. Verð kr. 390 LM m/vsk | 38x100. Verð kr. 470 LM m/vsk H. Hauksson ehf. | www.hauksson.is s. 588-1130 hauksson@hauksson.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhjól úr kopar og óxull úr ryðfriú stáli. 24 l eða 60 l tankur úr ryðfriú stáli. Stíllanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðapjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Glussadrifnar haughræur á ámoksturstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir úti-tanka, útilón og víðar. Lengdir: 4 m, 5 m, 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m. Rótor og sknúfa eru sambyggð, enginn óxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fjölflegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is – www.hak.is – S. 892-4163.



Klósettadælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m-4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtura. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Rúllu- og vélavagnar með vökvastýrðum rampi. Burðargeta/hlassþyngd 18 tonn. Lengd á palli 9,0 m. Dekk 650/50-22,5. Verð kr. 4.488.000 m/vsk (kr. 3.619.000 án vsk). H. Hauksson ehf. www.hauksson.is s. 588-1130 hauksson@hauksson.is



Ýmis skógartæki fyrir traktorinn eða gröfuna: klippur, klær, kjúfar, kurlarar, tætarar, vagnar og ýmsar greipar. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is - s. 555-6520.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is s. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitara fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Við erum með sláttuvélar fyrir hvers kyns rudda og graslúða og líka fyrir heimatúnið svo að það verði falllegt. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is



Sumarstarf í ferðapjónustu

Southcoast Adventure ferðapjónustufyrirtæki, staðsett á Hvolsvelli, leitast að metnaðarfullum einstaklingum til að starfa sem atvinnubílstjóri/ leiðsögumaður með ríka þjónustulund. Í boði er sumarstarf með möguleika á framtíðarstarfi hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki í ferðapjónustu.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á info@southadventure.is eða í síma 867-3535 (mánudaga-föstudaga kl. 08:00-16:00)



WWW.SOUTHADVENTURE.IS

AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á kerruna?

Skoðunarmánuður hestakerra fylgir endastaf á númer hennar.



Eyravegur 51,
800 Selfoss
Sími 590-6996



ECOSLIDER GRÖÐURHÚS

- Margar týpur og stærðir.
- Einfalt í uppsetningu.
- Prófuð fyrir mikið snjó- og vindálag.
- Standast allar kröfur til slíkra bygginga á Íslandi.



HEITIR POTTAR

- Hágæða heitir og kaldir pottar.
- Fjölbreytt úrval.
- Með og án nuddi.
- Hentar íslenskum aðstæðum.
- Hægt að kaupa viðarkyndingu.



GLUGGAR OG HURÐIR

- Vandaðir ágluggar og hurðir.
- Timburgluggar.
- Standast kröfur varðandi þéttleika og slagregnspröfun.
- Stuttur afhendingartími.



3xt@3xt.dk

3xt.dk


869-0700

3XT
Export

ADALVELAR - GIRAR - STJORNBUAÐUR - LJOSAVELAR - SKRUFUBUAÐUR - ASPETTI - OXULLEGUR - DELUR - SINK - BATAKRANAR - STODUGLEIKABUAÐUR

VIÐ HÖFUM ALLT Í BÁTINN

VINNUVÉLAR & ÁSAFL



Scam Kubota
13,3 – 140 hö



HD Hyundai
Infracore
176 – 1235 hö



FPT
85 – 1000 hö

Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær - Iceland - www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400



MAN TGL 10.250 BL 2018, sjálfskiptur, akstur 110.000 km. Hliðaropnun, olíumiðstöð, 10-11 bretta kassi, palfinder lyfta, 2,5 tonn. Gullfallægur og góður bíll. Verð kr. 8.500.000 +vsk. Engin skipti. Upplýsingar í s. 661-3166.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhrein vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smuruliúryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Dieselitari 5kw með 4l tank. Sama tæki fyrir 12 v, 24 v og 220 v. Öll þjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Gólfhiti, gólfraesing fyrir 16 mm rör. Ryklaug gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætun hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréarum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is s. 892-4163.



Stór og öflug háþrýstidæla fyrir verktaka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 L /min og max þrýstingur er 520 Bar. Vél - 26 hestöfl, Kohler, diesel, KDW 1003. Vélin er vatnskæld og með rafstarti. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is.



Glussadrifnar gólfhæru. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/min. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki heitgalf. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.

Atvinna

Starfskraftur, helst vanur bústörfum, óskast sem fyrst á kúabú í Eyjafirði. Upplýsingar í s. 864-0049 /861-1328.

Leiga

Óska eftir að leigja sveitabæ með úti-húsum. Email: Zitara_85@yahoo.com

Óska eftir

Framsæti órfin b/m óskast í Ford Ranger dísel 2000 árgærd. Einnig gráur hurðir ef þökkalegar. S. 869-5289.

Óska eftir body-varahlutum o.fl. í Isuzu dmax 2007-2008. Helst á Norðurlandi. Vinsamlegast hafið samband á e-mail arnar.arna@gmail.com eða í s. 893-6098. Arnar.

Kaupi vinyllötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur, s. 784-2410, olisigur@gmail.com

Mig vantar notaða hjólagrófu, helst af minni gerðinni. Uppl. í s. 863-3110.

Til leigu

Íbúð til leigu á Selfossi. 61 fermetra íbúð til leigu á jarðhæð, í nýlegu fjölbýlishúsi á Selfossi. Gæti losnað 1. maí. s. 895-5869 / dimarjons@gmail.com

Til sölu

Innflutningsfyrirtæki í heilsugeiranum með heildverslun og vefverslun til sölu. Góður lager og hagstæður leigusamningur á skrifstofu fylgir. Áhugasamir hafið samband við Unni Svövu hjá Allt fasteignasölu. unnur@allt.is

Til sölu er Land Cruiser 120 VX árgærd 2004, ekinn 280.000. 7 manna. Leðursæti. Skoðaður 2024. Bíll í góðu ástandi. Sigurður, s. 897-9210.

Til sölu tvær kvígur, burðartími júlí-ágúst 2024. Upplýsingar í s. 894-0283.

Súluborvél JDR áföst á góðu og sterku hjólaborði, þriggja ára. Record Power bandpússvél með límskífu á hjólum, þriggja ára. Bosh geirungssög 300 mm. blað, á borði fyrir bútsögun, þriggja ára. Hammer spónsög, þriggja ára. Öflug De Walt sög á borði, mesta ristun 800 mm. blað 250 mm. eins árs. Fræsari á hjólaborði til að rúnna. Tífsög ónotuð. Upplýsingar í s. 665-1247 eða á netfangið: solmundur47@gmail.com.

Þjónusta

Ég kem á staðinn og geri við tölvuna eða snjalltækið. Tek að mér verk í Árnassýslu, Rangárvallasýslu og Mýrdalshreppi. Nánari upplýsingar á kynngi.is

Byggingarstjóri. Ertu í byggingarhugleiðingum eða ertu kominn á stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í s. 852-3222 eða asgeirvil@gmail.com

Búnaðarþing í myndum

Þann 14. og 15. mars síðastliðinn stóð Búnaðarþing yfir í Reykjavík. Fór það fram á Berjaya Reykjavík Natura Hotel, sem áður hét Hótel Loftleiðir. Þar voru línurnar í starfi Bændasamtaka Íslands lagðar. /ál



Á setningu Búnaðarþings mættu helstu ráðamenn þjóðarinnar. Myndir / ál



Þingmenn og annað áhrifafólk lét sig ekki vanta á setninguna. Hér er Tómas A. Tómasson frá Flokki fólksins.



Séð var til þess að búnaðarþingsfulltrúar fengju nóg að borða. Á föstudeginum var hlaðborð á hótelinu.



Hluti nýrrar stjórnar Bændasamtaka Íslands ræðir málin óformlega í lok Búnaðarþings.



Gamla myndin:

Verðlaunagripir á kúasýningu

Þann 31. ágúst 2002 var haldin kúasýningin Kýr 2002 í Ölfushöllinni. Þangað streymdu á annað þúsund gesta og var fjöldi gripa mættur til leiks. Keppt var í flokkunum: Kálfar, sýnendur 12 ára og eldri; kálfar, sýnendur yngri en 12 ára; fyrsta kálfs kvígur; holdagripir; og mjólkurkúr. Hér sést verðlaunaafhending í flokki mjólkurkúu. Lengst til hægri er Sigurlaug Leifsdóttir frá Nýjabæ undir Eyjafjöllum, ásamt kúnni Hettu sem lenti í fyrsta sæti. Í miðjunni er Bergur Ólafsson frá Hróarsholti í Villingaholtshreppi með kúna Fífu, sem hafnaði í öðru sæti. Til vinstri stendur Þórir Jónsson frá Selalæk á Rangárvöllum, með kúna Snotru, sem hreppi þriðja sætið. Úr stafrænu myndasafni Bændablaðsins. Ljósmyndari Áskell Þórisson. /ál

STEINN

FRÁ STÍGHÚSI

IS2018182122 / Blup 124



Kynbótadómur vorið 2023 á Hellu: Aðaleinkunn: **8.34**. Sköpulag: **8.53**. Hæfleikar: **8.24**

9.5
Brokk

9.0
Tölt
Greitt stökk
Samstarfsvilji
Fegurð í reið
Háls/herðar/bógar
Samræmi

8.5
Hægt stökk
Fótagerð
Hófar

8.0
Höfuð
Bak og lend
Prúðleiki

Vegna mikillar eftirspurnar síðasta sumar verður Steinn í sæðingum að Hemlu II hjá Vigni og Lovísu. Einnig verður hægt að fá merar sæddar hjá Ingunni Reynisdóttur dýralækni að Syðri-Völlum í Húnavatnssýslu.


Allar upplýsingar varðandi Hemlu II gefur Vignir í síma 894 3106 og einnig er hægt að senda póst á netfangið, lovisa@hvolsskoli.is

Allar upplýsingar varðandi Syðri-Velli gefur Ingunn í síma 893 2835 og netfang er ingunnr@simnet.is, einnig hjá Pálma í síma 849 0752.

Verð kr. 250.000.- + Vsk.

Innifalið: Folatollur, dýralæknaþjónusta og girðingargjald.





NIVEA

NÝTT

DREGUR ÚR SÝNILEIKA HÚÐSLITA Á 2 VIKUM



FYRIR



EFTIR

9 AF **10**
MÆLA MEÐ
PESSARI VÖRU

